




TÍMARIT HÁSKÓLA ÍSLANDS





Skoraðu á þig og taktu skrefið!

MBA-nám við Háskóla Íslands

MBA-námið við Háskóla Íslands er hagnýtt nám sem miðar að því að efla frumkvæði, færni og forystueiginleika

MBA-námið í Háskóla Íslands er:

- tækifæri fyrir þig til að efla persónulega færni á sviði rekstrar og stjórnunar
- sérstaklega miðað að íslensku atvinnulífi
- nám með alþjóðlegum blæ þar sem horft er á Ísland í alþjóðasamhengi
- tveggja ára metnaðarfullt og starfsmiðað meistaranám fyrir stjórnendur
- skipulagt samhliða starfi, kennt er á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi

Opið fyrir umsóknir

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Í HÓPI 300 BESTU HÁSKÓLA HEIMS

Að loknu vel heppnuðu aldarafmælisári Háskóla Íslands líta starfsfólk og stúdentar fram á veginn og einsetja sér að efla íslenskt samfélag með auknum árangri í kennslu, rannsóknum, nýsköpun og sem bestum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Háskóli Íslands þjónar íslensku samfélagi ótvírætt best með því að vera í senn öflugur alþjóðlegur háskóli og leiðandi íslensk menntastofnun þar sem stundaðar eru kraftmiklar rannsóknir á íslenskrri menningu, tungu, samfélagi og náttúru. Árangur í kennslu og rannsóknum gefur skólanum færi á að vinna náið með leiðandi mennta- og rannsóknastofnunum

„SÁ MEÐBYR SEM HÁSKÓLI ÍSLANDS FANN FYRIR Á ALDARAFMÆLINU VERÐUR NÝTTUR TIL ÁFRAMHALDANDI SÓKNAR“

í öllum heimshlutum í enn meira mæli en áður. Þannig skapar skólinn ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Nemendur við skólann geta í vaxandi mæli tekið hluta af námi sínu við virta erlenda háskóla. Jafnframt tekur Háskóli Íslands árlega á móti ríflega 1.000 stúdentum frá tæplega 90 þjóðlöndum.

Sá meðbyr sem Háskóli Íslands fann fyrir á aldarafmælinu verður nýttur til áframhaldandi sóknar. Nú stunda um 14.000 nemendur grunn- og framhaldsnám við skólann. Hvergi má finna hér á landi fjölbreyttara námsframboð enda eru hátt á fjórða hundrad námsleiðir í boði við skólann. Hlutverk Háskóla Íslands er að veita nemendum góða menntun, veita þeim prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð, veita þeim aðgang að

nýrri þekkingu og kveðja þá sjálförugga og vel búna til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Þær ánægjulegu fréttir að Háskóli Íslands sé kominn í hóp 300 bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings eru sannarlega mikil viðurkenning á kennslu- og vísindastarfi hans og samstarfsaðila. Skólinn kappkostar að halda þessum árangri og við gæðamat á öllu starfi skólans er notast við alþjóðlega viðurkennda mælikvarða. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks.

Við gerum líka miklar kröfur til nemenda okkar því að við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskóla Íslands verður

styrkur þinn í framtíðinni.

Tímarit Háskóla Íslands kemur nú út í fimmta sinn í aðdraganda háskóladagsins þegar allar deildir skólans kynna námsframboð sitt stúdents-efnum, þeim sem hyggja á framhaldsnám og öðrum sem áhuga hafa á að kynnast starfsemi skólans.

Árangur Háskóla Íslands á undanförunum árum sýnir að raunhæft er að stefna að því metnaðarfulla langtíamarkmiði Háskóla Íslands að komast í hóp fremstu háskóla. Með stofnun Aldarafmælis-sjóðs Háskóla Íslands í tilefni aldarafmælis skólans hafa stjórnvöld lagt verulega af mörkum við að gera Háskóla Íslands kleift að stefna enn hærra þar sem markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun til uppbyggingar atvinnulífs og



verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar.

Lærdómurinn sem við drögum af hundrad ára starfi Háskóla Íslands er að fjárfesting í menntun og rannsóknum er ein meginforsenda þróttmikils samfélags sem er grundvallað á öflugum atvinnulífi, lýðræði, jafnrétti og velferð borgaranna. Skylda Háskóla Íslands gagnvart íslensku samfélagi og umheiminum er að mennta ábyrgt ungt fólk sem er fært um að taka virkan þátt í uppbyggingu okkar eigin samfélags og alþjóðasamfélagsins og fást við ný og ögrandi viðfangsefni 21. aldar.

Vertu velkomin(n) í Háskóla Íslands.

Kristín Ingólfssdóttir rektor



Háskóli í fremstu röð

Háskóli Íslands er kominn í hóp 300 bestu háskóla í heiminum að mati Times Higher Educational Supplement, sem er annar af tveimur helstu matslistum á þessu sviði. Í heiminum eru nú rúmlega 17.000 háskólar.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir þetta mat mikil gleðitíðindi fyrir Háskóla Íslands en nýr listi Times Higher Education Supplement var birtur á sama tíma og Háskóli Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu.

„Það er í raun ótrúlegt að 330 þúsund manna samfélag hafi byggt upp vísinda- og menntastofnun

sem nær þessum árangri. Hin alþjóðlega samkeppni er geysihörð. Við, hér í háskólanum, erum að vinna eftir mjög metnaðarfullri stefnu um að koma skólanum í fremstu röð þannig að hann geti sem best þjónað íslensku samfélagi. Vísindastarfi hefur fleygt fram á undanförunum árum, bæði að magni og gæðum. Tilvitnunum vísindamanna annars staðar í heiminum í verk vísindamanna við Háskóla Íslands hefur fjölgað um meira en 100 prósent á fimm árum.“

Kristín segir að árangur háskólans megi fyrst og fremst rekja til þess frábæra starfsfólks og

nemenda sem fylkt hafi sér um stefnu skólans á undanförunum árum og einnig skipti miklu þau öflugtu tengsl og samstarfsverkefni sem skólinn eigi með innlendum og erlendum fyrirtækjum og stofnunum.

„Það er merkilegt að þessum árangri nær skólinn þrátt fyrir að fjárframlög til hans á hvern nemanda séu langt undir því sem gerist að jafnaði hjá ríkjum OECD. Starfsemi skólans er því mjög hagkvæm fyrir þjóðina en það er augljóst að til að ná nýjum áföngum á þessari leið verður meira fjármagn að koma til skólans.“

Skóli með sögu og sál

Háskóli Íslands hefur verið hornsteinn þekkingaruppbyggingar á Íslandi í meira en 100 ár. Stöðug framþróun og sterk framtíðarsýn er og verður styrkur Háskóla Íslands.

Alþjóðlegur háskóli

Alþjóðleg tengsl kennara Háskóla Íslands eru mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í fræðum sínum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Þá á háskólinn samstarf við fjölmarga framúrskarandi erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir og fleira. Allir nemendur háskólans eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlendan háskóla og á hverju ári tekur Háskóli Íslands á móti hundruðum erlendra nemenda.

Skóli í stöðugri mótun

Háskóli Íslands er sífellt að stækka, nemendum fjölgar og kennarar skólans afla sér stöðugt nýrrar þekkingar og reynslu sem kemur þeim til góða við kennslu og rannsóknir. Á hverjum degi vinna kennarar, nemendur og annað starfsfólk Háskóla Íslands að því að gera skólann betri – samfélaginu öllu til góðs.

Nýsköpun og rannsóknir

Kennarar háskólans og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi stunda fjölbættar rannsóknir í nánnum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má með sanni segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í háskólanum.





ALLT TIL ALLS

Háskóli Íslands er lifandi samfélag sem teygir anga sína um allt land og út fyrir landsteinana þótt hjarta hans slái í Reykjavík. Innan þessa samfélags starfa þúsundir kennara, annarra starfsmanna og nemenda sem vinna að því að efla vísindi og fræði. Fjölpætta þjónusta er að finna innan háskólasamfélagsins, svo sem húsnæðisþjónustu fyrir stúdenta, leikskólaláss, atvinnumiðlun, námsráðgjöf, matsölustaði og bókaverslun. Háskóli Íslands kappkostar að veita nemendum sínum fyrirmyndar- aðstöðu og -þjónustu.

Stærsta bókasafn landsins

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkornasta bókasafni landsins í Þjóðarbókhöfðinu og fá þeir bókasafnskort sér að kostnaðarlausu meðan á námi stendur. Á bókasafninu hafa nemendur meðal annars aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda við háskólann. Í Þjóðarbókhöfðinu eru mörg hundruð sæti í lesaðstöðu safnsins, tölvuver, hópvinnuherbergi og litlar skrifstofur sem hægt er að taka á leigu gegn vægu gjaldi.

Allt til námsins

Markvisst er unnið að því að bæta námsaðstöðu nemenda og þjónustu þeim til handa. Innra vefkerfi skólans er í stöðugri þróun og nýttist það

nemendum bæði við námið sjálft og skipulag þess. Lesaðstaða, bókasöfn og tölvuver eru í nær öllum byggingum háskólans.

Háskólatorg hýsir þjónustuna

Á Háskólatorgi er aðgangur að öllu sem máli skiptir varðandi þjónustu við nemendur. Þar er þjónustuborðið, Alþjóðaskrifstofa, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Nemendaskrá, Reiknistofnun og Náms- og starfsráðgjöf. Bóksala stúdenta og veitingastaðurinn Háma eru einnig til húsa á Háskólatorgi ásamt tölvuverum, kennslustofum, lesrymum, skrifstofum og fundarherbergjum. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

Getum við aðstoðað?

Á þjónustuborðinu á Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru á torginu. Þar eru afgreidd ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og þar má fá upplýsingar um nám, námsval, stúdentaskipti, húsnæði, réttindamál og margt fleira. Einnig eru þar afgreiddir prentkvótar og lykilorð að innra netinu. Reiknistofnun háskólans er einnig með útibú á þjónustuborðinu.

Námsráðgjafar HÍ standa með þér

Námsráðgjafar háskólans eru brautryðjendur

í starfi sínu og þeir sinna nemendum af mikilli alúð. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, námsval, starfsferilskrá, um persónulega og félagslega þætti og úrræði vegna fatlana eða hamlana. Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölmörg námskeið fyrir nemendur, s.s. um námstækni, sjálfsstyrkingu, ferlið við skrif loka- verkefna, markmiðssetningu og tímastjórnun.

Þú skiptir máli!

Nemendur skipta höfuðmáli við Háskóla Íslands og þeir hafa alltaf átt sterk ítök í starfsemi skólans. Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan skólans. Stúdentar geta því tekið ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi hans. Auk Stúdentaráðs starfa fjölmörg hagsmunafélög og nemendafélög innan Háskóla Íslands.

Út í heim

Samstarf Háskóla Íslands við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir o.fl. er viðamikil og þar gegnir Alþjóðaskrifstofan víðtæku hlutverki. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins aðstoðar þá stúdenta sem ætla utan til náms og þá erlendu stúdenta sem hingað koma.

Ágústa Pálsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild

VANDI ÁN TÖLVULÆSIS



„Aldraðir og aðstandendur þeirra rekast oft óvænt á upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir þá,“ segir Ágústa Pálsdóttir, prófessor í bókasafns- og upplýsingafræði, um niðurstöður rannsóknar á upplýsingaöflun aldraðra sem búa í eigin húsnæði og hvernig aðstandendur þeirra aðstoða þá við að afla sér upplýsinga.

Ágústa segir rannsóknina tímabæra því að lítið sem ekkert er vitað á heimsvísu um hvernig aldraðir afla sér upplýsinga og hvernig aðstandendur þeirra styðja þá við það. Þeir sem tóku þátt í rannsókninni voru á aldrinum 70-90 ára. „Þessi

hópur rekst gjarnan á upplýsingar af tilviljun. Upplýsingarnar ganga mikið manna á milli þegar fólk spjallar saman en það sem skiptir auðvitað mestu máli er að þetta virkar. Fólk bendir hvert öðru á gagnlegar upplýsingar, t.d. um stuðning opinberra aðila við aldraða, heilsutengdar upplýsingar, upplýsingar um fjármál sem og upplýsingar um affreygingu og hvert hægt er að snúa sér til að finna ýmsa nauðsynlega þjónustu.“

Ágústa segir að þeir sem kunni ekki á tölvur séu í vanda. Það séu ný sannindi og gömul að aldraðir noti tölvur miklu minna en yngri fólk

þótt undantekningar séu vissulega á því. Þrátt fyrir grófar tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands sé lítið vitað um hvernig og í hvaða tilgangi fólk almennt noti tölvur og samfélagsnet til að leita sér upplýsinga. „Fólk um áttætt og eldra kann oftast lítið á tölvur enda komu þær ekki almennilega til sögunnar fyrr en um það leyti sem þessi hópur hvarf af vinnumarkaði. Af því leiðir að hann þarf meiri stuðning frá aðstandendum við að nota tölvur en þeir sem yngri eru.“

Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild

Afstaða dómara harðari en almennings

„Ólíkar skoðanir eru uppi meðal almennings um hvaða refsingar eru tilhlýðilegar í málum er varða kynferðisbrot gegn börnum og efnahagsbrot,“ segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, sem hefur rannsakað hvort afstaða almennings sé harðari en dómara í fyrrnefndum málaflokkum.

Rannsókn Helga ber heitið „Vilja Íslendingar harðari refsingar en dómara fyrir efnahagsbrot og kynferðisbrot gegn börnum?“ Rannsóknin er unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun. „Í henni voru þessar tvær tegundir brota teknar fyrir í sex rýnihópum í lok maí 2011, þ.e. efnahagsbrot í banka og kynferðisbrot fullorðins karlmanns gagnvart stúlkubarni. Er afstaða þátttakenda í rýnihópunum harðari en dómara?“ spyr Helgi.

Helgi segir að rúmlega helmingur þátttakenda í rýnihópunum hafi valið lengri fangelsisrefsingu í kynferðisbrotamálinu en dómarnir og um

þriðjungur í efnahagsbrotinu. „Jafnframt valdi um þriðjungur þátttakenda í báðum málunum ekki fangelsi heldur meðferð, sekt eða miskabætur,“ útskýrir Helgi.

Helgi bendir á að viðhorfsmælingar sem byggjast á símakönnunum hafi sýnt að Íslendingar telji refsingar almennt of vægar. „Rannsóknir sem byggjast á fleiri aðferðum benda þó til þess að afstaðan sé ekki jafn eindregin og símakannanirnar gefa til kynna. Í rannsókn Norræna sakfræðiráðsins á afstöðu borgaranna til refsinga, sem ég tók þátt í, var byggt á nokkrum aðferðum. Í fyrsta lagi var settur saman hópur dómara sem tók afstöðu til sjö afbrotamála út frá atvikslýsingu. Í öðru lagi fór fram póstkönnun þar sem svarendur tóku afstöðu til sömu afbrotamála og dómarnir. Í þriðja lagi voru settir saman tólf rýnihópar þar sem þátttakendur tóku afstöðu til eins tiltekins afbrotamáls



úr póstkönnuninni. Í ljós kom að bæði svarendur í póstkönnuninni og þátttakendur í rýnihópunum höfðu tilhneigingu til að vanmeta refsíakvarðanir dómara og völdu sjálfir dóma sem að jafnaði voru vægari en dómara,“ bendir Helgi á.



Helga Lind Pálsdóttir, MA-nemi við Félagsráðgjafardeild

Einelti í netheimum

Einelti á sér margar birtingarmyndir. Ein sú nýjasta er svokallað rafrænt einelti sem m.a. hefur verið skilgreint sem einelti þar sem Netíð og GSM-símar eru notaðir til að koma á framfæri niðrandi og ærumeiðandi upplýsingum um einstakling. Rafrænt einelti er viðfangsefni Helgu Lindar Pálsdóttur, MA-nema í félagsráðgjöf, í lokaverkefni hennar.

„Markmiðið í rannsókninni var að skoða skilning og þekkingu unglinga á rafrænu einelti og hvernig rafrænt einelti birtist unglingum í daglegu lífi,” segir Helga en rannsóknin er sú fyrsta hér á landi sem gerð er út frá sjónarhorni unglinga.

Helga bendir á að rafrænt einelti sé oft sett undir sama hatt og hefðbundið einelti og að nauðsynlegt sé að gera greinarmun þar á. Sem dæmi nefnir Helga: „Í hefðbundnu einelti er nokkuð auðvelt að telja hversu oft atvik á sér stað og þannig skilgreina það sem endurtekið. Í rafrænu einelti er það ekki svo auðvelt. Netíð er þess eðils að efni sem fer þar inn er aðgengilegt mörgum og dreifist mjög hratt á milli fólks. Þannig getur atvik, sem átti aðeins að vera einu sinni af hálfu geranda, orðið að margendurteknum skaða eða áreitni fyrir þolanda.”

Í rannsókninni heimsótti Helga tvo grunnskóla og tók hópviðtöl við nemendur á unglíngastigi. Hún komst meðal annars að því að rafrænt einelti fer helst í gegnum miðla þar sem gerandi getur verið nafnlaus, eins og samskiptavéfinn Formspring.me og nafnlaus smáskilaboð. „Niðurstöður benda auk þess til þess að unglingar hafi takmarkaðan skilning og þekkingu á rafrænu einelti og að þörf sé á aukinni fræðslu. Rannsóknin sýnir einnig að nafnleyndin sem oft fylgir rafrænu einelti kunni að vera stór áhrifaþáttur og ein helsta ástæða þess að unglingar lenda í eða taka þátt í rafrænu einelti. Nafnleyndin hefur einnig í för með sér að erfitt er að takast á við rafrænt einelti og afleiðingar þess,” segir Helga.

„Ég tel mikilvægt fyrir foreldra, skólustjórnendur, kennara, félagsráðgjafa og annað fagfólk sem vinnur með börnum og unglingum að kynna sér betur efni um rafrænt einelti og finna leiðir til að vinna markvisst gegn því,” segir Helga að lokum.

Leiðbeinendur: Halldór S. Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild, og Krístrún Birgisdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Sabit Veselaj, MS frá Viðskiptafræðideild

Menningarleg aðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hversu vel pólskum innflytjendum hefur tekist að aðlagast íslensku samfélagi og greina þætti sem hafa áhrif á aðlögun þeirra. Rannsókninni var enn fremur ætlað að kanna hvað hvatti pólska innflytjendur til að yfirgefa heimaland sitt og velja Ísland sem áfangastað,“ segir Sabit Veselaj, sem lauk í fyrra meistaraþrófi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Þar rannsakaði hann menningarlega aðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi.

Erlendum ríkisborgurum sem hingað koma til að vinna hefur fjölgað mjög á síðustu 15 árum. Pólverjar eru langstærsti hópurinn. Þeir voru 765 árið 1996 en voru orðnir rúmlega níu þúsund árið 2011.

Spurningalisti var lagður fyrir Pólverja á Íslandi á aldrinum 17 til 65 ára og náðust svör frá 236 manns. „Rannsóknin leiddi í ljós að færni í tungumálinu hefur mest áhrif á menningarlega aðlögun Pólverja á Íslandi en íslenskukunnáttu þeirra var almennt fremur takmörkuð,” segir Sabit.

Rannsóknin sýndi einnig að tekjumöguleikar voru helsti hvatinn að því að Pólverjar yfirgáfu heimaland sitt og héldu til Íslands. „Fyrir utan aukna tekjumöguleika voru góð lífsskilyrði, fjölskylda, góðir atvinnumöguleikar og lítið atvinnuleysi helstu ástæður þess að Ísland varð fyrir valinu,” bendir Sabit enn fremur á.

Hann segir rannsóknina mikilvægt framlag til þekkingar á málefnum innflytjenda og menningarlegri aðlögun þeirra. „Með því að greina þætti sem hindra menningarlega aðlögun geta niðurstöður rannsóknarinnar komið að notum fyrir stjórnálmenn, þá sem fást við stefnumörkun í málefnum innflytjenda og fyrir mannaútsjóra, sem gætu nýtt þær til að bæta nýtingu á erlendu vinnuafli í starfseminni. Síðast en ekki síst gagnast niðurstöður rannsóknarinnar innflytjendum sjálfum við að undirbúa sig fyrir aðlögun að nýrri menningu og til að ná áframhaldandi árangri í íslensku umhverfi,” segir Sabit.

Leiðbeinandi: Gunnar Óskarsson, aðjunktur við Viðskiptafræðideild.



Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild,
og **Andemariam Teklesenbet Beyene**, MS-nemi við Jarðvísindadeild

TÓKU ÞÁTT Í TÍMAMÓTAÐGERÐ

Það vakti heimsathygli í júní í fyrra þegar greint var frá tímamótaðgerð á Karolinska-sjúkrahúsinu í Svíþjóð þar sem ætli var fjarlægð úr barka manns og plastbarki græddur á hann í staðinn. Háskóli Íslands kom þar töluvert við sögu því að einn af þremur skurðlæknum við aðgerðina er prófessor við Háskóla Íslands og barkaþeginn stundar nám við skólann.

Andemariam Teklesenbet Beyene, 36 ára Eritreubúi, stundar meistaranám í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. „Ég kom hingað fyrst árið 2007 og nam við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Ég fékk svo styrk frá Jarðhitaskólanum til meistaranáms í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands árið 2009,“ segir Andemariam. Sama haust greindist hann hins vegar með krabbamein í barka og komst þá í kynni við Tómas Guðbjartsson, prófessor í skurðlækningum við Háskóla Íslands og yfirlækni á Landspítalanum.

Tugir manna komu að aðgerðinni

Um sjaldsæð krabbamein í barka var að ræða og reyndist erfitt að hemja það með geislameðferð, að sögn Tómasar. Hann hafði þá samband við Paulo Macchiarini, sem þá var nýráðinn prófessor á Karolinska-sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. „Hann hafði um nokkurt skeið unnið með vísindamönnum í Boston og London að gerð gervibarka úr plasti sem hugmyndin var að græða í manneskju. Hann tók erindi mínu vel,“ segir Tómas.

Nákvæmt plasmót var gert af barka Andemariams og plastbarkinn baðaður stofnfrumum úr Andemariam. Samhliða var aðgerðin undirbúin en

skipulagningin tók margar vikur. „Að henni komu tugir manna frá Svíþjóð, Boston, London og Íslandi. Það reyndist mjög flókið að komast fyrir ætlið þar sem það hafði vaxið út í nærliggjandi líffæri en það gekk vel að koma nýja barkanum fyrir,“ rifjar Tómas upp.

Lítur framtíðina björtum augum

Andemariam segir að sér hafi vegnað vel eftir aðgerðina og hafi að undanfögnu getað einbeitt sér að lokaverkefni sínu í jarðeðlisfræði. Lokaverkefni hans snýr að rannsóknum á jarðhitasvæði í austur- og suðausturhluta heimalandsins, Eritreu. „Ég stefni að því að ljúka verkefninu fljótlega,“ sagði Andemariam þegar Tímarit háskólans ræddi við hann seint á síðasta ári.

Andemariam lítur framtíðina björtum augum. Hann býst við að dvelja áfram á Íslandi á meðan fylgst er með hvernig líkaminn bregst við gervibarkanum. „Ég er óendanlega þakklátur öllum þeim sem gerðu þetta mögulegt,“ segir hann enn fremur.

Aðgerðin aðeins eitt skref á langri leið

Tómas segir aðgerðina afar þýðingarmikla og bendir á að mikil þörf sé fyrir líffæri en líffæragjafir séu af skornum skammti. „Gervilíffæri þar sem notast er við stofnfrumur úr sjúklingnum eru því spennandi lausn og ótvíræður kostur er að ekki þarf að beita ónæmisbælandi meðferð. Sýkingar geta hins vegar verið vandamál. Þessi aðgerð er því aðeins eitt skref á langri leið og vonandi mikilvægt skref,“ segir Tómas enn fremur.



Aðgerðin hefur vakið mikla athygli meðal rannsóknahópa um allan heim sem vinna með svipuð vandamál. „Í gangi eru rannsóknir á gervipvagnblöðrum en einnig hafa verið stigin mikilvæg skref í að búa til flóknari líffæri úr stofnfrumum eins og lungu, nýru og hjórtu. Slíkar grunnrannsóknir hafa meðal annars verið stundaðar við Háskóla Íslands um nokkurra ára skeið og þar er um að ræða samvinnuverkefni Magnúsar Karls Magnússonar, prófessors og Þórarins Guðjónssonar, dósents við Lífvísindasetur Háskóla Íslands og okkar á skurðeild Landspítalans,“ bætir Tómas við.



Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild og hjartaskurðlæknir

Lækna hjörtu

„Fyrsta opna hjartaskurðaðgerðin var gerð á Íslandi þann 14. júní 1986. Síðan hafa rúmlega 5.300 hjartaaðgerðir verið framkvæmdar hér á landi en á hverju ári eru gerðar í kringum 200 til 250 hjartaaðgerðir á fullorðnum og 10 til 15 aðgerðir á börnum,“ segir Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild og hjarta- og lungnaskurðlæknir.

Fyrir sex árum hófst á Landspítala umfangsmikil rannsókn á árangri opinna hjartaskurðaðgerða sem fjöldi lækna, læknanema og hjúkrunarfræðinga hefur tekið þátt í. Tómas segir að um brýnt verkefni sé að ræða þar sem fáar rannsóknir voru áður til um árangur opinna hjartaaðgerða hér á landi.

Hátt í þúsund hjartaaðgerðir hafa þegar verið skráðar í rafrænan gagnagrunn og upplýsingar úr

**„TÓMAS SEGIR AÐ
ALVARLEGAR SÝKINGAR,
T.D. Í BRINGUBEINI,
SÉU SJALDGÆFARI HÉR Á
LANDI EN VÍÐA ERLENDIS“**

honum notaðar til að meta árangur aðgerðanna. „Afdrif sjúklinganna og fylgikvillar sem komið hafa upp eftir aðgerðirnar voru kannaðir. Sérstök áhersla var lögð á að skrá sýkingar í skurðsárum en tíðni nýrnabilunar, alvarlegra blæðinga og þörf fyrir blóðgjafir var einnig könnuð. Loks hefur langtímaárangur eftir lokuskipti og kransæðahjáveituaðgerðir verið rannsakaður og bormar saman aðgerðir á sláandi hjarta og þær sem voru gerðar með aðstoð hjarta- og lungnavélar,“ segir Tómas.

Tvær greinar um árangur ósæðarlokuaðgerða hafa nýlega birst í Læknablaðinu og í sama blaði

birtist einnig í fyrra grein um árangur kransæðahjáveituaðgerða á of þungum sjúklingum. Nokkrar greinar bíða birtingar í erlendum vísindaritum, m.a. grein um algengi nýrnaskaða, grein um meðferð hjartsláttaróreglu eftir hjartaaðgerðir og grein um meðferð flókinnna sárasykinga í bringubeini.

Tómas segir að alvarlegar sýkingar, t.d. í bringubeini, séu sjaldgæfari hér á landi en víða erlendis „en þessar sýkingar eru meðal hættulegustu fylgikvilla eftir opnar hjartaaðgerðir. Rannsóknir okkar hafa sýnt að árangur meðferðar með nýrri tækni, þar sem notast er við svokallaðan sogsvamp, er mjög góður við þessar sýkingar en við tókum þessa aðferð upp þegar árið 2005.“

Tómas segir að í grófum dráttum megi skipta hjartaaðgerðum hér á landi í þrennt: kransæðahjáveituaðgerðir, aðgerðir á hjartalokum og

viðgerðir á meðfæddum hjartagöllum. Aðgerðir á ósæð eru hins vegar sjaldgæfari og einnig aðgerðir vegna hjartsláttartruflana.

„Kransæðahjáveituaðgerðir eru langalgengastar eða um 70% aðgerðanna. Blóðflæði til hjartans er bætt með því að tengja fram hjá stíflum í kransæðum.

Yfirleitt er notast við hjarta- og lungnavél og hjartað stöðvað tímabundið í aðgerðinni en einnig er hægt að veita blóði fram hjá kransæðum þótt hjartað slái. Við hjartalokuaðgerðir er annaðhvort skipt um loku eða lokan lagfærð. Þegar skipt er um loku er annaðhvort komið fyrir gerviloku úr hertu kolefni eða loku úr svíni eða kálfi,“ segir Tómas.

„Hjá nýburum er lokun á fósturæð, sem ekki lokast af sjálfu sér eftir fæðingu, algengasta hjartaaðgerðin, en hjá eldri börnum er algengara að loka þurfi opum á milli hjartahólfa eða lagfæra meðfædd þrengsli á ósæð,“ segir Tómas.



Fríða Bogadóttir, kandidateitnemi við Tannlæknadeild

Almenningi boðið upp á tannlækningar

„Nemendur á Íslandi útskrifast úr náminu með mjög góða og mikla klíníska reynslu í samannburði við aðra tannlæknanema á Norðurlöndunum. Því má þakka mjög góðri aðstöðu við skólann, góðu aðgengi að kennurum og svo auðvitað góðri aðsókn almennings í skoðun hjá okkur,“ segir Fríða Bogadóttir, tannlæknanemi á sjötta ári.

Hún kemur, ásamt öðrum tannlæknanemum, að tannlækningum sem Tannlæknadeild býður almenningi upp á gegn vægu gjaldi. „Fyrstu kynni okkar af klíníkinni eru á öðru ári í námi. Þá aðstoðar annars árs nemi sjötta árs nema við skoðun nýrra skjólstaðinga. Það er svo á fjórða ári sem verknámið byrjar samhlíða bóknáminu. Þá fáum við stól á klíníkinni og erum með skjólstaðinga fyrir og eftir hádegi fimm daga vikunnar,“ útskýrir Fríða.

Tuttugu og einn tannlæknastóll er á stofunni. „Nemendur vinna á klíníkinni alla virka daga. Fyrsta skoðun fólks fer fram á miðvikudögum eftir hádegi. Þá er ástand tanna og meðferðarúrræði skráð,“ segir Fríða.

Ef ráðast þarf í viðgerð á tönnum eða annars konar aðgerðir í munnholi er kannað hvort slíkt verkefni sé á döfinni hjá nemendum. „Þetta eru t.d. rótfyllingar, tannviðgerðir, endajaxlatökur, smíði tanngerva og tannhreinsun svo að eitthvað sé nefnt. Verkefni eru mjög margþætt,“ segir Fríða og tekur fram að kennarar við Tannlæknadeild þurfi ætíð að gefa samþykki sitt áður en hafist er handa við verkefni.

Fríða lýkur námi í vor reynslunni ríkari. „Eftir prófin tek ég mér sumarfrí í nokkrar vikur og síðan tekur við lífið sem tannlæknir,“ segir hún brosandi.

Anna Jeeves, doktorsnemi við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

ENSKAN STYRKIR SJÁLFSMYNDINA

Viðmælendur mínir telja ensku fremur skemmtilega námsgrein. Hún styrkir sjálfsmýnd nemenda sem oft fá góðar einkunnir með lítilli fyrirhöfn. Það bendir til þess að námskröfur séu of litlar.“ Þetta segir Anna Jeeves, doktorsnemi í ensku, sem rannsakar viðhorf tungumálanema á efri skólastigum til ensku, gildis enskunámsins og hvernig það nýtist þeim í skóla og atvinnulífi. Anna Jeeves er íslenskur ríkisborgari en fædd og uppalin í London og því er enska móðurmál hennar. Foreldrar hennar voru báðir enskir en Anna flutti hingað til lands árið 1978 og talar nú íslensku sem innfædd. Hún lauk háskólanámi frá Trinity College í Dublin og er nú enskukennari við Fjölbautaskólann í Garðabæ.

„Flestir þátttakendur í rannsókninni telja sig hafa öðlast betri málfræni í framhaldsskóla, bæði

í ritun og tali, en einhverjir segjast ekkert gagn hafa haft af enskunáminu,“ segir Anna og bætir við: „Hugsanlegt er að tengsl skorti milli þess sem verið er að kenna og raunverulegra þarfa og notkunar. Langflestir eldri þátttakendur segjast nota ensku í mun víðara samhengi en þá óraði fyrir á skólaárunum.“

Að sögn Önnu lýsir doktorsrannsókn hennar viðhorfum ungra Íslendinga til enskunáms á framhaldsskólastigi. Viðtöl við 39 ungmenni á aldrinum 18 til 28 ára gefi innsýn í hvaða gildi enskunám í framhaldsskóla hafi fyrir þennan hóp og hvernig hann noti ensku í daglegu lífi, háskólanámi og starfi.

„Lítið hefur verið fjallað um gildi tungumálanáms og verður rannsóknin innlegg í alþjóðlega umræðu um viðhorf og sjálfsmýnd nemenda og notenda erlendra tungumála. Ungmenni á Íslandi telja ensku

vera lykil að heiminum og að líf á Íslandi án ensku sé næstum óhugsandi. Niðurstöðurnar lýsa sérstöðu enskunnar á Íslandi. Hana nota sumir þátttakendur daglega og jafnvel meira en íslensku.“

Anna segir að kveikjan að rannsókninni sé í meistaraverkefni hennar þar sem borin var saman lestrarfræni nemenda á íslensku og á ensku. „Í framhaldi af því vildi ég kanna betur enskunotkun ungra Íslendinga og þarfir þeirra fyrir ensku í námi og atvinnulífi og hvaða þýðingu enskunámið hefði fyrir þá. Von mín er að rannsóknin geti leitt til markvissari kennslu svo að nemendur verði sem færastir að nota málið að skólagöngu lokinni.“

Leiðbeinandi: Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild

Skógarvörður orðanna

„Verkefnið snýst um að greina setningagerð íslensku allt frá forn máli til nútímans og byggja upp svokallaðan trjábanka sem er setningarlega greint orðasafn,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði.

Hann vinnur nú að því að rækta þennan trjábanka sem hefur þá eftirsóttu náttúru að allir geta fengið lánað úr honum vaxtalaust. Bankinn er opinn á vefnum og hver sem er getur hlaðið honum niður ásamt leitarforriti, án greiðslu. Því má segja að Eiríkur geti hvort tveggja í senn kallast bankastjóri og skógarvörður orðanna. Hann segir að bankinn sé ómetanlegt hjálpartæki við rannsóknir á íslenskri setningagerð og þróun hennar undanfarin 800 ár.

„Þegar er farið að nýta bankann til margvíslegra

setningafræðilegra athugana, t.d. á breytingum á orðaröð frá forn máli til nútímamáls. Trjábankinn nýtist bæði íslenskum og erlendum fræðimönnum en hann er einnig mjög mikilvægur fyrir þróun íslensks máltækniúnaðar, til dæmis fyrir þýðingarforrit og leiðréttingarforrit,“ segir Eiríkur.

Trjábankinn er ekki smár því að hann hefur að geyma eina milljón orða sem hafa verið setningagreind. Í bankanum eru bútar úr 60 textum frá því um 1200 fram í byrjun 21. aldar, allt að 20 þúsund orð úr hverjum búa.

Eiríkur segir að kveikjan að verkefninu hafi verið vinna við uppbyggingu gagnasafna fyrir íslenska máltækni.

„Trjábanki er ein grundvallarforsenda þess að hægt sé að koma upp góðum máltækniúnaði fyrir



íslensku. Trjábankinn sameinar viðfangsefni mín í rannsóknum undanfarin þrjátíu ár: annars vegar íslenska setningagerð og breytingar á henni frá forn máli til nútímans og hins vegar uppbyggingu íslenskrar máltækni.“

Hvers vegna valdir þú Háskóla Íslands?



Sumon Das, MA-nemi í alþjóðlegum mennta- og vísindum

Það eru forréttindi að stunda nám í háskóla á Norðurlöndum sem hafa á að skipa einu skilvirkasta menntakerfi í heimi. Ég er frá Banglades og þetta nám opnar mér nýjar gáttir sem ég kem til með að nýta í framtíðinni.



Ólöf Katrín Þórarinsdóttir, B.Ed.-nemi í grunnskólakennslu

Ég valdi mér Háskóla Íslands vegna þess að hugur minn og áhugi bar mig þangað. Kennaranámið heillaði mig mest. Ég læri einnig tónlist fyrir utan skólann og langaði að sameina áhuga minn á tónlist og kennslu og setja undir einn hatt.



Árni Björn Björnsson, BA-nemi í félagsfræði

Vegna óumdeilanlegs styrks þeirrar deildar sem ég stunda nú nám við.



Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður RIKK og framkvæmdastjóri EDDU – öndvegisseturs

Hrunið afhjúpað

Rannsóknin snýst að miklu leyti um greiningu hugtakanna lýðræði, siðfræði og sannleikur, ekki síst eins og þau birtast okkur í krísum,” segir Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri EDDU – öndvegisseturs.

Hún byggir rannsóknir sínar m.a. á menningarfræðilegri greiningu og gagnrýni og notar kennningar ýmissa fræðimanna til að afhjúpa tilbúinn veruleika hrunsins. „Tilgangurinn er að greina orðræðu sem uppi var fyrir og eftir hið svokallaða hrun á Íslandi og benda á þörfina á róttækari samfélagsrýni svo að unnt sé að „sættast við fortíðina.“ Ef til vill mætti segja að mannkynsagan verði „margsaga“ og þar með (skáld) saga í meðferð afbyggingar. Í þessum tilgangi er ekki eingöngu vísað til svokallaðrar afbyggingarheimspeki heldur einnig skáldskapar eða skáldskrif tiltekinna fræðimanna og rithöfundu,” bendir Irma á.

Hún segir að kveikjan að rannsókninni hafi verið rannsóknaráherslur EDDU – öndvegisseturs. „Í rannsóknaráætlun setursins fyrir árið 2009 til 2010 var lögð áhersla á að rannsaka áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar og íslenska bankahrunsins sem fylgdi í kjölfarið. Í framhaldinu verður lögð rækt við rannsóknir á pólitísku, samfélagslegu og hugarfarslegu endurmati og uppbyggingu innan lands og utan,” segir Irma.



Markmiðið er, að sögn Irmu, að afhjúpa menningarlega einsleitni íslensks samfélags og bera íslenska orðræðu um hugtök eins og réttlæti, lýðræði, sannleika og ábyrgð saman við orðræðu og reynslu annarra þjóða sem hafa upplifað „svarta kafla“ í sögu sinni. „Miklu skiptir að hafa áhrif á akademíska og opinbera umræðu um lýðræðis-, efnahags- og stjórnlagaþrengingar. Rannsóknin snertir umræðuna um samfélagsábyrgð, ekki síst ábyrgð háskóla, í samhengi við „hrunið.“ Eins og svo oft áður tók hún á sig ýmsar myndir sem birtust meðal annars í veikri andstöðu gegn ráðandi hugmyndafræði, afskiptaleysi og þöggun,” segir Irma að lokum.



Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor við Kennaradeild

SÖNGÞROSKI ÍSLENSKRA BARNNA

Greining gagnanna mun gefa mynd af söngþroska íslenskra fimm ára barna í samanburði við jafnaldra þeirra erlendis,” segir Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor í tónmennt, sem hefur undanfarin ár tekið þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni um söngþroska barna, AIRS (Advancing Interdisciplinary Research in Singing).

„Áhugi minn á tónlistarþroska annars vegar og söng hins vegar urðu til þess að ég gerðist þátttakandi í AIRS-verkefninu á forstigum þess árið 2007 en styrkur hlaust til að hrinda því af stað árið 2009. Hér á landi höfum við safnað gögnum

meðal fimm ára barna í nokkrum leikskólum og er nú unnið að því að ganga frá gögnunum til frekari greiningar,” segir Helga Rut.

„Börnin sem tóku þátt í rannsókninni eru úr leikskólum sem eru ýmist með mikið skipulagt tónlistarstarf eða ekki. Eitt af því sem við munum skoða meðal íslensku barnanna er hvort munur á þessum tveimur hópum mælist með söngþroska-prófi hvað söngfærni varðar,” segir Helga Rut.

Verkefnið er styrkt af kanadískum rannsóknar-sjóðum og leiðir saman fjölmarga rannsakendur á ólíkum fræðasviðum sem eiga það sameiginlegt

að rannsaka söng með einhverjum hætti. „Hluti verkefnisins felst í því að leggja söngþroskaþróf fyrir í mörgum löndum með það fyrir augum að þróa betri alþjóðleg próf en nú eru fyrir hendi,” bendir hún á.

Helga Rut segir að gögnum með söng barna sé safnað í alþjóðlegan gagnagrunn sem rannsakendur hafi aðgang að á Netinu. „Þannig geta rannsakendur deilt gögnum og aukið möguleika á samanburði milli ólíkra aldurshópa í mörgum löndum.”

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild

Íslandsmeistari í að sitja í tíma!

Eitt af framlögum Kennaradeildar Menntavísinda-sviðs á aldarafmæli háskólans var fyrirlestur Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors í kennslufræði, undir yfirskriftinni „Hvernig kenna góðir kennarar?“. Fyrirlesturinn byggði Ingvar á efni úr vettvangsathugunum sem hann hefur gert í skólum þar sem hann hefur fylgst með öðrum kennurum kenna.

„Ég byrjaði að fylgjast með kennslu í tengslum við námsefnisgerð upp úr 1970 en þá vann ég um skeið í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins og heimsótti kennara sem voru að prófa nýtt námsefni. Mikil áhersla var lögð á að prófa efnið áður en það var gefið út og fór ég í skóla víða um land til að sjá með eigin augum hvernig námsefnið nýttist,” segir Ingvar. Það má því sjálfsagt fullyrða að enginn hafi setið oftar og lengur í kennslustundum en Ingvar sem hefur fylgst með kennslu í áratugi.

„Það var síðan árið 1986 að ég hóf að rannsaka kennsluhætti, í tengslum við doktorsnám mitt, og varði t.d. tveimur skólaárum í að fylgjast með kennslu í tuttugu bekkjardeildum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi. Kynnti ég mér einkum kennsluhætti og hlutverk útgefins náms-efnis,” segir Ingvar.

„Einnig hef ég fengist við ytra mat á skóla-starfi og fylgst með kennslu í tengslum við það. Þá rannsakaði ég háskólakennslu fyrir aldamótin og tók upp á myndband tæplega 100 fyrirlestra sem ég skoðaði og greindi í leit að megineinkennum góðra fyrirlestra. Loks hef ég undanfarin þrjú ár tekið þátt í einhverri umfangsmestu rannsókn sem gerð hefur verið í grunnskólum hér á landi en það er rannsóknin „Starfshættir í grunnskólum,” segir Ingvar og tekur fram að rannsóknin nái til tuttugu skóla og að hann hafi farið í fimmtán þeirra og fylgst með rúmlega 90 kennslustundum.



Aðspurður hvað lýsingarorðið „góður“ feli í sér í sambandi við kennslu segir Ingvar: „Það kemur vonandi ekki á óvart að svarið við þessari spurningu er ekki einhlítt – en svörin engu að síður mörg og áhugaverð! Góðir kennarar eru eitthvað það dýrmætasta sem hver þjóð á!”



Sigrún Aðalbjarnardóttir,
prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild



Guðrún Geirsdóttir,
dósent við Kennaradeild
Dýrmætar raddir
nemenda

Seigla ungs fólks

Áhugi minn á þroska og velferð barna og ungmenna leiddi mig í rannsóknir á áhættuhegðun ungs fólks í leit að svörum við því hvernig styrkja megi unga fólk í glímu við ögrandi viðfangsefni lífsins.

Þetta segir Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, en hún hefur hluta vísindaferils síns rannsakað áhrif ólíkra uppeldisaðferða á þroska ungmenna og hegðun fram á fullorðinsár.

Sigrún vinnur að langtímarannsókn með það að markmiði að kanna áhættuþætti í lífi ungs fólks, sérstaklega í tengslum við vímuefnaneyslu og námsgengi. Við rannsóknir sínar beinir Sigrún sjónum að ýmsum félagslegum, uppeldislegum og sálfræðilegum þáttum.

„Ég hef sérstakan áhuga á hugmyndum ungmenna um áhættuhegðun, hvernig þau líta á samskipti við sína nánustu og hvernig styrkleiki þeirra kemur fram.“

Sigrún segir það einnig meginmarkmið rannsóknarinnar að hanna þroskalíkan til að greina sálfélagslegan þroska ungmenna og nota síðan líkanið til að skoða tengsl þroska við vímuefnaneyslu. Síðarnefndi þáttur rannsóknarinnar er unninn í samstarfi við Robert L. Selman, prófessor við Harvard-háskóla.

„Eftir að fyrri rannsóknir mínar bentu til að hægt væri að efla samskiptahæfni grunnskólánemenda með markvissum kennsluáðferðum vildi ég skoða hvort samskiptahæfni ungs fólks tengdist áhættuhegðun þess,“ segir Sigrún.

Sigrún segir að spurningalistar hafi verið lagðir fyrir fjórum sinnum á árunum 1994 til 2002 fyrir fólk sem var fætt 1979 og búsett í Reykjavík. Einnig hafi verið tekin djúpvíðtöl við



sum ungmennanna allt frá því að þau voru á sextánda ári.

„Ég er einmitt þessa dagana að taka viðtöl og það er mjög áhugavert að fylgja eftir hugsun unga fólksins á þessu 16 ára tímabili. Niðurstöðurnar gefa ýmsar gagnlegar visbendingar,“ segir Sigrún, „til dæmis að unglingar foreldra, sem nota leiðandi uppeldisaðferðir, eru líklegri til að stilla vímuefnaneyslu sinni í hóf en hinir. Þeir sýna meiri samskiptahæfni, hafa meira sjálfstraust og meiri trú á eigin getu til að hafa áhrif á líf sitt, jafnvel þegar lítið er fram í tímann.“

Sigrún segir að þessir unglingar sýni jafnframt betri námsárangur en hinir og séu líklegri til að ljúka framhaldsskólaláranum eins og fram komi í doktorsverkefni sem Kristjana Stella Blöndal lektor vinnur að úr gögnum langtímarannsóknarinnar.

„Margt annað nýtt er í þessari rannsókn sem hefur visindagildi almennt. Sem dæmi má nefna hönnun líkansins um sálfélagslegan þroska en með því má sjá hvernig sá þroski getur spáð fyrir um vímuefnaneyslu.“

„Upphaflega hafði ég sérstakan áhuga á að kanna viðhorf fyrsta árs nema til háskólanáms því að ég veit að mörgum nemendum reynist erfitt að fóta sig til að byrja með í háskólum,“ segir Guðrún Geirsdóttir, dósent við Kennaradeild, um rannsóknarverkefni sitt sem nefnist einfaldlega „Að hefja nám við Háskóla Íslands.“

„Vorið 2008 lauk ég rannsókn á námskrá Háskóla Íslands þar sem ég skoðaði m.a. hvernig háskólakennarar í þremur háskólagreinum taka ákvarðanir um nám og kennslu nemenda sinna. Við þá gagnaoöflun var ég oft spurð að því hvers vegna ég talaði ekki við nemendur líka. Ég ákvað að það yrði næsta rannsóknarefni,“ útskýrir Guðrún.

Hún bendir á að erlendar rannsóknir sýni að háskólar geti gert margt til að styðja nýnema. „Í rannsókninni fylgist ég með því hvernig tólf nemendur í þremur háskólagreinum takast á við nám sitt, hvernig þeir völdu sína grein, viðhorf þeirra til hennar, hvaða leiðir þeir fara í námi, hvað þeir telja að styðji þá og hindri. Ég hóf rannsóknina með viðtölum við nemendur haustið 2009 og hef tekið viðtöl við þá reglulega síðan. Nemendurnir eru nú á þriðja ári í háskólanum og ég ætla að fylgja þeim eftir fram yfir útskrift úr grunnnámi,“ segir Guðrún.

Hún segist vona að rannsóknin hafi margþætt gildi. „Hún veitir skilning á sjónarmiðum nemenda til náms og kennslu en sú þekking er mér sem háskólakennara og kennslufræðingi og vonandi háskólasamfélaginu öllu dýrmæt. Á alþjóðavísu gætu niðurstöðurnar veitt áhugaverðan samannburð á námsaðstæðum nemenda í ólíkum löndum og langtímasnið hennar dregið fram sjónarhorn sem ekki eru alþekkt í fyrri rannsóknum. Þá er samannburður nemendasjónarmiða við niðurstöður rannsókna minna á viðhorfum kennara nýlunda,“ segir Guðrún að lokum.



Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði og starfsmaður við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

KANNAR ÚTBREIÐSLU BOTNDÝRA

Sögu við ætlum að segja í kvöld um sæfarann Jörund hinn knáa,” segir í frægum dægur-lagatexta Jónasar Árnasonar um Jörund hundadagakonung. Ofangreindar línur gætu þó vel átt við Jörund Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði.

Hann tók í haust þátt í mánaðarlöngum leiðangri þýska rannsóknaskipsins Meteor í kringum Ísland og aflaði gagna um botndýr við Íslandsstrendur fyrir fjölþjóðlegt rannsóknarverkefni, IceAGE (Icelandic Animals, Genetics and Ecology). „Markmiðið er að kanna erfðafræði og vistfræði botndýra við Ísland, bæði á djúp- og grunnslóð. Vistfræðirannsóknirnar beinast m.a. að því að kanna útbreiðslu tegunda

og beita líkönum til að meta þá umhverfisþætti sem móta útbreiðsluna. Þegar ljóst er hvaða umhverfisþættir eru mest mótandi er m.a. unnt að nota gögn sem þessi til að spá fyrir um breytingar á útbreiðslu tegunda af völdum breytinga á hitastigi sjávar á norðurslóðum,” segir Jörundur.

Fyrri samstarf Jörundar við sjávarlíffræðinga við háskólana í Hamborg og Björgvin varð kveikjan að rannsókninni. „Fyrri rannsóknir leiddu m.a. í ljós að margir dýrahópar á Íslandsmiðum eru enn ákaflega illa þekktir og í ljósi þess að miklar breytingar eru í vændum á norðurslóðum er nauðsynlegt að afla sem mestra grunnupplýsinga um þessa dýrahópa,

svo sem um tegundasamsetningu og útbreiðslu tegundanna,” segir Jörundur enn fremur.

Talsverðan tíma tekur að vinna úr sýnum sem safnað var í Meteor-leiðangrinum svo að nokkur tími mun líða þar til niðurstöður liggja fyrir. „Sýnin voru hins vegar ákaflega vel heppnuð og því er óhætt að fullyrða að fjölmargt forvitnilegt muni koma út úr þessum rannsóknum. Í leiðangrinum fundust m.a. margar sjaldgæfar tegundir og erfðafræði þeirra verður nú unnt að rannsaka,” segir Jörundur að lokum.

Fjóla Jónsdóttir, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Aukin lífsgæði með aðferðum verkfræði

Fjóla Jónsdóttir, dósent í vélaverkfræði, vinnur nú að rannsókn sem felur í sér hönnun á sérhæfðu reiknilíkani sem lýsir stýrðri losun lyfs úr svokölluðu sílikonburðarkerfi. Sílikon-fjölliða er lífsamræmanlegt efni sem má nota í lækningatæki sem geta losað lyf á stýranlegan hátt í blóðrás eða húð sjúklings. Fjóla segir að mikill áhugi sé á slíkum lækningatækjum og það sé vel gerlegt að framleiða þau. „Fyrir hámarks-notagildi þurfa lækningatæki, sem eru framleidd úr slíkum burðarkerfum, að losa lyfið á ákveðnum hraða. Sömuleiðis þarf fjölliðan að viðhalda réttri lögun og efniseiginleikum til að þjóna megin-tilgangi lækningatækisins. Það getur verið erfitt og tímafrekt að ná slíku fram eingöngu með prófunum,” segir Fjóla.

Hún segir að hugmyndin hafi komið fram í Lyfjafræðideild háskólans þar sem Már Másson

prófessor og nemendur hans hafa rannsakað sílikonburðarkerfi í samstarfi við framleiðslufyrirtækið Össur. Fjóla bætir því við að Lyfjafræðideildin hanni og smíði frumgerðir að burðarkerfunum, auk þess að framkvæma mælingar á losunareiginleikum þeirra. „Við höfum unnið með Lyfjafræðideild að þróun reiknilíkansins þar sem við beitum verkfræðilegum aðferðum til að lýsa eiginleikum þess.”

Fjóla segir að verkefnið sé krefjandi og hafi líka raunverulegt notagildi. „Þarna er tækifæri til að byggja upp þverfaglegt samstarf milli lyfjafræði og verkfræði innan háskólans. Mér finnst spennandi að beita verkfræðilegum lausnum á verkefni á öðrum sviðum.”

Fjóla segir að fyrstu niðurstöður fyrir einföld kerfi liggi fyrir „og við erum að skrifa tímaritsgrein sem verður send til birtingar á árinu. Næsti áfangi í verkefninu er að búa til líkan fyrir flóknari og



raunveruleg lækningatæki í framtíðinni. Við erum bjartsýn á að það takist.”

Fjóla segir að nýjar aðferðir sem þessar við lyfjagjöf séu líklegar til að auka lífsgæði margra sjúklinga, sem er mikilvægt, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið í heild. „Líkön af flóknum kerfum af þessu tagi eru sem stendur ekki til en þau eru að sama skapi mikilvæg tæki til að flýta fyrir þróun þessara kerfa.”



Andri Gunnarsson,
MS frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild
Tillögur að bestu
hönnun virkjana

„Líkanið sjálft er um 200 fermetrar og er byggt af mikilli nákvæmni. Meginmarkmiðið er að rýna í hönnun straumfræðilegra mannvirkja, sannreyna hana og leggja til breytingar á henni vegna fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana í Neðri-Þjórsá,“ segir Andri Gunnarsson, meistaranemi í umhverfis- og byggingarverkfræði, um líkan sem hann hefur hannað í tengslum við meistaraverkefni sitt.

Kveikjan að rannsókn Andra var verkefni sem hann vann í grunnnámi við Háskólann í Reykjavík. Í samvinnu við Gunnar G. Tómasson verkfræðing gerði hann straumfræðilegt líkan til svokallaðrar kvörðunar á rennislismannvirki í Hraunaveitu við Kárahnjúka. Í framhaldi af því fór Andri að huga að meistaraverkefni og fékk til liðs við sig Sigurð M. Garðarsson hjá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og Gunnar G. Tómasson. Úr varð verkefni sem Andri vinnur nú að fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Siglingastofnun Íslands. „Helstu atriði sem við erum að skoða eru m.a. flöðvirki, þ.e.

mannvirki sem takast á við flóð, inntaksmannvirki og ýmis smærri mannvirki sem snúa að fiskigeng og seiðafleytingu um ána,“ segir Andri.

Það mun taka um tvö ár að vinna verkið og eru tilraunir gerðar hjá Siglingastofnun sem er með aðstöðu fyrir verklegar tilraunir. „Það má segja að niðurstöður verkefnisins séu tillögur að bestu hönnun mannvirkjana enda eru þær unnar í nánu samstarfi við hönnuði virkjananna í Neðri-Þjórsá, verkfræðistofnurnar Mannvit og Verkís,“ segir Andri.

Sams konar verkefni vegna virkjana héraendis hafa hingað til verið unnin við háskóla erlendis, m.a. í Noregi, Svíþjóð og Sviss. Andri segist vonast til þess að í framhaldi af þessu verkefni verði önnur slík verkefni unnin hér heima því að það tryggi að þekking og hugvit verði eftir í landinu.

Leiðbeinendur: Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og Gunnar Guðni Tómasson, HRV Engineering.



Kristín Vala Ragnarsdóttir,
forseti Verkfræði- og náttúru-
vísindasviðs

Eigum bara eina jörð

„Rannsóknin snýst um að finna ramma utan um sjálfbær samfélög innan marka jarðarinnar,“ segir Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, um rannsókn sem hún vinnur að í samstarfi háskóla og frjálsra félagasamtaka í fimm löndum. „Í sjálfbærum samfélögum hafa allir sama rétt til náttúruauðlinda og við erum að kanna þessa háleitu sýn á þann máta að við á Vesturlöndum drögum úr neyslu til þess að þróunarlöndin geti fengið aðgang að hærra hlutfalli náttúruauðlinda heimsins.“

Kristín Vala segir að dæmi finnst um náttúruvísindalega sjálfbært samfélag á edo-tímabilinu í Japan frá 17. til 19. aldar. „En hins vegar var þar mikil stéttaskipting og langt frá því að þegnarnir hafi allir verið jafn rétt háir. Í nútímanum eru dæmi um tilraunasamfélög sem hafa unnið að því að búa á sjálfbæran máta og má þar nefna Findhorn í Skotlandi, Damanhur á Ítalíu og Sieben Linden í Þýskalandi,“ segir Kristín Vala.

Hún segist hafa valið viðfangsefnið í ljósi þess hversu mikilvægt það er. „Eins og er lífum við eins og við eigum margar jarðir. Við ofnýtum vistkerfi og auðlindir umfram endurnýjunargetu jarðarinnar. Þess vegna eru mörg vistkerfi að falla saman og auðlindir að þrjóta,“ bendir Kristín Vala á.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar veita yfirsýn yfir hve lengi auðlindir eins og jarðeldsneyti og málmar endast. „Það hefur komið í ljós að meirihluti þeirra auðlinda sem við reidum okkur á í nútímaþjóðfélögum mun þverra á fyrri hluta þessarar aldar. Það mun hafa gifurleg áhrif á efnahagskerfi heimsins og við erum nú þegar að sjá bresti í þeim kerfum vegna auðlindarýrnunar,“ segir Kristín Vala.

Gildi rannsóknarinnar fyrir vísindi og samfélagið í heild er ótvírætt. „Án rannsókna eins og okkar geta komandi kynslóðir ekki lifað af á jörðinni,“ segir hún að lokum.

Háskóli Íslands tekur þátt í Biophiliu-verkefni Bjarkar

UNDUR NÁTTÚRU OG TÓNA Í TÓNVÍSINDASMIÐJU



Vísindamenn frá Háskóla Íslands tóku í fyrrihaust þátt í tónvísindasmiðju fyrir börn sem söngkonan Björk Guðmundsdóttir stóð að í tengslum við útkomu hljómpötunnar Biophilia og samnefnda tónleikaferð. Biophilia Bjarkar hefur vakið heimsathygli og telst stórvirki á mörgum sviðum, tilraun til nýstárlegrar, heildrænnar sýnar á tengsl manns og náttúru, tækni og tónlistar.

Tónvísindasmiðjan var samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og Bjarkar Guðmundsdóttur og þar tóku um 50 reykvískir grunnskólanemendur á aldrinum 10-12 ára þátt í að þróa nýja tónvísindasýn. Í verkefninu eru notaðar nýjar leiðir við kennslu barna þar sem tvinnuð er saman náttúruvísindum, tónfræði og nýjustu tækni. Þar geta börn virkjað sköpunargáfu sína með gagnvirkum og örvandi hætti, jafnframt því að kynna veröld vísinda og tónlistar.

Í Biophiliu Bjarkar er að finna ýmis undur náttúrunnar, svo sem hulduheima svarthola, kristalla, tungl, stjörnur, eldingar, jarðrek, þyngdarkraft, vírusa, möndulhalla, litninga og margt fleira. Þar komu vísindamenn og kennarar frá Háskóla Íslands að verkinu og gáfu nemendum innsýn í þessi vísindi. Í undraheimi Biophiliu-verkefnisins lærðu nemendur jafnframt á smáforrit (app) og sköpuðu í framhaldinu sínar eigin útsetningar og tónsmíðar.

Verkefnið þótti takast einkar vel og hefur Reykjavíkurborg nú ákveðið að bjóða í tilraunaskyni upp á tónvísindasmiðjur í grunnskólum borgarinnar á næstu þremur árum. Markmiðið með verkefninu er að samþætta á nýstárlegan

hátt tónlist, vísindi, tölvutækni, móðurmál og jafnvel fleiri námsgreinar. Með Biophiliu í skólum gefst grunnskólunum einstakt tækifæri til að þróa kennsluáferðir á nýjum grunni og þar munu vísindamenn Háskóla Íslands halda áfram að miðla vísindunum til ungu kynslóðarinnar.

Ýmis áform eru í deiglu um áframhald þessa samstarfsverkefnis. Má meðal annars nefna að boðnar verða tónvísindasmiðjur fyrir fjölskyldur í tengslum við barnamenningarhátíð í Reykjavík í apríl.





Rúnar Reynisson,
umsjónarmaður hlaupahóps Háskóla Íslands

Fá kraft til að ljúka deginum með stæl

Götuþlaup njóta vaxandi vinsælda á Íslandi og víða um land hafa sprottið upp hlaupahópar í tengslum við íþróttafélög, fyrirtæki og stofnanir. Háskóli Íslands er þar engin undantekning. Tvisvar í viku hittist vaskur hópur hlaupara og æfir undir styrki leiðsögn Rúnars Reynissonar sem hefur allmikla reynslu bæði af hlaupum og hlaupaþjálfun.

Hlaupið er í hádeginu á þriðjudögum og fimmtudögum. „Það hefur lengi verið til hópur við háskólann sem hlaupið hefur á þessum tíma. Í fyrravor ákvað starfsmannasvið skólans svo að bjóða upp á hlaupaþjálfun á þessum tíma og þá fór boltinn að rúlla,“ segir Rúnar.

Um 20 manna kjarni kennara og stúdenta hefur mætt reglulega til æfinga frá því í fyrravor en allt að 30 manns þegar mest er.

Rúnar segir fólk ekki þurfa að hafa reynslu af hlaupum til að vera með. Hann fræðir bæði byrjendur og lengra koma um grunnatriði í hlaupum. „Ég hef reynt að hafa æfingar fjölbreyttar og sniðnar eftir getu sem flestra. Á þriðjudögum hefur fólk hlaupið rólega og reynt að lengja hlaupin smátt og smátt en á fimmtudögum höfum við tekið hraðaaefingar,“ útskýrir Rúnar og leggur áherslu á að hópurinn sé mjög blandaður þannig að flestir ættu að finna einhvern til að hlaupa með.

Og markmið hlaupara eru misjöfn. „Sumir setja stefnuna á götuþlaup en aðrir að halda sér í æfingu, njóta útiveru og félagsskapar í hádeginu og fá kraft til að ljúka deginum með stæl. Við setjum þó stefnuna á að sem flestir hlaupi í háskólahlaupinu núna í vor og svo 10 eða 21 km í Reykjavíkumaraþoni í lok sumars,“ segir Rúnar.



Nína Sæunn Sveinsdóttir, prófvörður við Háskóla Íslands Lánsöm að eignast trúnað nemenda

Þeir sem þreytt hafa próf við Háskóla Íslands hafa flestir haft kynni af því vingjarnlega fólki sem sinnir prófvörslu. Það gæti þess að nemendur fari að prófreglum og að þeim líði sem best í prófi. Nína Sæunn Sveinsdóttir, fyrrverandi framhaldsskólakennari, hefur starfað sem prófvörður í rúman áratug. Tilviljun réð því að hún fór að sinna starfinu. „Á haustönn 2000 fóru framhaldsskólakennarar í verkfall sem stóð í margar vikur. Ég átti erindi við Hrein prófstjóra á þessum tíma og kom þar í spjalli okkar að hann býður mér prófgæslu í desemberprófunum, sem ég þáði, þar sem mér þótti fullvist að ekki yrði samið við okkur kennara fyrr en eftir áramót, enda varð það raunin,“ segir Nína.

Nína segir aðspurð að starfið hafi breyst nokkuð á þeim tíma sem hún hefur sinnt því „einkum vegna gífurlegrar fjölgunar stúdenta við skólann. Ég hef annast prófgæslu svonefndra sérþarfa-stúdenta og það hefur orðið hrein sprenging í fjölda þeirra auk fjölbreyttara námsframboðs á öllum sviðum,“ segir Nína og nefnir einnig þá jákvæðu breytingu fyrir stúdenta og starfsfólk að hætt var að prófa á laugardögum.

Þegar spjallið berst að því hvað einkenni góðan prófvörð stendur ekki á svari. „Prófvörður þarf að bera umhyggju fyrir fólki og búa yfir rósemi hugans. Margir próftakar koma með kvíðahnút í maga, svefnvana og oft með áhyggjur af afkomunni vegna þess að námslán fæst ekki misserið á eftir ef þeir standast ekki prófið. Ég hef verið svo lánsöm að eignast trúnað margra próftaka sem sumir lenda í tímabundnum áföllum. Við slíkar aðstæður er dýrmætt að geta sýnt skilning og stuðning. Umfram allt er létt lund ákaflega gott veganesti til þessa starfs,“ segir hún.

Augljóst er að Nína kann vel við starfið. „Skemmtilegast af öllu er að fá að kynnast öllu þessu yndislega fólki sem fyllir „flokinn minn.“ Sem fyrrverandi framhaldsskólakennari er ég ákaflega glöð að fá að umgangast ungt fólk og ekki síður eldra fólk, sem fær tækifæri til þess að láta menntunardrauma sína rætast eftir að hafa komið börnum sínum upp. Heiður sé þeim öllum,“ segir Nína að lokum.



FJÖR OG FRÆÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Háskóladagurinn var að vanda í febrúar. Í boði voru ótal viðburðir, kynningar og uppákomur sem sýndu vísindin í litríku og lifandi ljósi. Gestir gátu kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans auk þess að skoða rannsóknastofur, tól og tæki. Sprengjugengið, djarfur hópur efnafræðinema, sló í gegn að venju.



Hugvísindasvið Háskóla Íslands veitti þremur fræðimönnum heiðursdoktorsnafnbót á aldarafmælisárinu 2011. Heiðursdoktorsnafnbætur hlutu þau Jóhann Páll Árnason í heimspeki, Marianne E. Kalinke í íslenskum miðaldabókmenntum og Kari Elisabeth Børresen í guðfræði.



Háskóli Íslands veitir árlega styrki úr Afreks- og hvatningsrjóði til nýstúdenta sem náð hafa framúrskarandi árangri á stúdentsprófi en að auki er lítið til virkni í félagsstörfum og á öðrum sviðum. Að venju var úthlutað úr sjóðnum í júní. Á aldarafmælinu veitti Happraðtti Háskóla Íslands rausnarlegan styrk til að tryggja úthlutun úr sjóðnum.



Fræðin víkja fyrir fjörunu í árlegu Háskólahlaupi. Metþátttaka var í hlaupinu á aldarafmælinu en um 300 manns mættu í skeifuna framán við Aðalbygginguna.



Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg tóku höndum saman á aldarafmæli háskólans um endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýrinni. Með endurbótunum er ætlunin að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland og gefa vísbendingu um þann gróður sem einkenndi svæðið fyrr á tímum. Þá er markmiðið að endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu og gera það að fyrirmynd fyrir endurheimt votlendis.



Haraldur Sigurðsson, jarðfræðingur og prófessor emerítus, var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót frá Jarðvísindadeild Háskóla Íslands á aldarafmælisári skólans. Haraldur hefur vakið heimsathygli fyrir rannsóknir sínar í eldfjallafræði.



Brautskráning kandidata úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroska-hömlun fór fram á Menntavísindasviði á aldarafmæli HÍ. Um er að ræða námsleið á þroskaþjálfabraut og er námið einstaklingsmiðað starfstengt nám þar sem nemendur fá stuðning í bóklegu námi og á vettvangi. Árið 2007 var fyrst boðið upp á þetta nám hér á landi.



Veitt var úr Watanabe-styrktarsjóðnum í fyrra en sjóðurinn var stofnaður við Háskóla Íslands árið 2008. Sjóðurinn styrkir gagnkvæm fræðileg tengsl Íslands og Japans. Stofnandi sjóðsins, Toshizo Watanabe, kom sérstaklega til landsins til að vera viðstaddur fyrstu úthlutun úr sjóðnum.

Álfrún Sigurgeirsdóttir,
MA-nemi við Félags- og mannvísindadeild

SAMSKIPTI PÓLVERJA OG ÍSLENDINGA Í BYGGINGARIÐNAÐI

Á góðæristímanum fjölgaði farandverkamönnum mikið í byggingariðnaðinum og Pólverjar voru þar í miklum meirihluta. Í lokaritgerð minni fjalla ég um vinnutengda fólksflutninga til Íslands með áherslu á byggingariðnaðinn,“ segir Álfrún Sigurgeirsdóttir, meistaranemi í mannfræði. „Ég skoða samskipti Íslendinga og Pólverja innan byggingariðnaðarins, hvernig þeir skapa ímyndir hver af öðrum, ólík viðhorf þeirra og stöðu,“ segir Álfrún, sem hefur komist að ákveðnum niðurstöðum.

„Úrvinnsla gagna bendir til þess að þrátt fyrir yfirlýstan velvilja og jafnréttisviðmið hafi misrétti innan geirans viðgengist. Hún bendir enn fremur til ákveðins hroka í garð Pólverja, að lítið hafi verið á þá sem ódýrt vinnuafli og að þeim hafi ekki boðist að vinna á sömu kjörum og íslenskum starfsbræðrum þeirra. Jafnframt má ráða af gögnunum að Íslendingar hafi reynt að skapa ímynd af pólsku verkamönnum sem gæti, að einhverju leyti, réttlætt þessa mismunun. Pólverjarnir hafi hins vegar andmælt þeirri ímynd með staðhæfingum um eigin yfirburði í vinnu

og óvandvirkni og leti Íslendinga. Gögnin benda enn fremur til þess að ímyndarsköpunin hafi verið gagnkvæm þó að samningsstaða hópanna hafi vissulega verið gerólik,“ segir Álfrún.

Hún segir að kveikjan að rannsókninni hafi verið þátttaka hennar í samstarfsverkefni á vegum háskólans Collegium Civitas í Varsjá, Háskóla Íslands og Rannsóknaseturs um fólksflutninga og fjölmenningu. Afrakstur samstarfsverkefnisins er bókin „Integration or assimilation? Polish immigrants in Iceland“ en verkefnið var fjármagnað af styrktarsjóði á vegum EFTA-landanna þriggja, Noregs, Íslands og Liechtensteins. Álfrún segir lokaverkefni sitt hafa þrjúþætt gildi. „Það er framlag til rannsókna á sviði fólksflutninga og tekur á fræðilegum spurningum á sviðinu. Það varpar einnig ljósi á mikilvægar breytingar í íslensku samfélagi sem urðu samfara auknum fjölda innflytjenda.“

Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir,
prófessor við Félags- og mannvísindadeild.





Orator er elsta nemendafélagið

Laganemar eru mögulega, hugsanlega, þó ekki alfarið, hispurslaust án undantekninga, vel uppalið, kurteist og notalegt fólk ef það væri þá um sannanlega staðreynd að ræða á téðum tímamarki sem ég myndi kjósa að gefa upp slíkar upplýsingar eða ekki," segir Sigurður Gústavsson, formaður Orators. Orator er nemendafélag laganema og það elsta innan Háskóla Íslands, stofnað 1928.

„Orator er latína og merkir ræðumaður en upprunalegur tilgangur félagsins var að þjálfra félagsmenn sína í ræðumennsku," segir Sigurður.

Engan bilbug er að finna á Orator þrátt fyrir háan aldur og stendur félagið fyrir öflugum fræðastarfi með málþingum um lögfræðileg efni og líflegu félagslífi. Orator er í nánú samstarfi við systurfélög sín á Norðurlöndum og bjóðast félagsmönnum átta mismunandi fræðslu- og menningarferðir í norræna samstarfinu á hverju skólaári.

Laganemar halda uppi þeim sið að fara í svokallaðar vísindaferðir en að álitni Sigurðar stendur sú upp úr sem farin var á réttarsöguslóðir Þingvalla. Draumaferðin væri hins vegar heimsókn í lagadeild Harvard.

Merki Orators er grágæs sem stendur á Grágás, elstu lögbók Íslendinga. „Lukkudýrið er grágæsinn," segir Sigurður, en margar skemmtilegar hefðir hafa skapast í Orator í tímans rás eins og það að ávarpa háæruverðuga grágæsina, sem er, eins og fyrr segir, merki félagsins.

Um gildi Orators segir Sigurður þetta:



Sumir fara ljótum sögum um menn sem taka próf í lögum og dæma oss sem eina heild ég auðmjúkur vil undan kvarta ég þekki að vísu sauði svarta en engan hér í Lagadeild.



Eva Rún Michelsen, MS frá Viðskiptafræðideild Konur gefa meira en karlar

„Kveikjan að rannsókninni voru fræðigreinar sem ég hafði lesið þar sem fram kom að konur væru áhættufælnari en karlmenn og að þær væru ekki eins sjálfseskar og þeir," segir Eva Rún Michelsen sem kannaði nýverið hvort konur væru gjafmildari en karlar.

Eva Rún, sem nýverið lauk meistaraþrófi í stjórnun og stefnumótun frá Viðskiptafræðideild, lagði spurningar fyrir nemendur í viðskiptafræði við fjóra háskóla á Íslandi: Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst. Þar kannaði hún hvort munur væri á framlagi kynjanna til góðgerðamála.

„Niðurstöður voru þær að konur virðast gefa meira til góðgerðamála en karlmenn. Munurinn var ekki mikill en tilgátan var engu að síður staðfest með 95% vikmörkum. Einnig athugaði ég hvort munur væri á gjafmildi nemenda eftir skólum en svo reyndist ekki vera," segir Eva Rún og vekur athygli á því að rannsóknin hafi aðeins náð til ákveðins hóps háskólanema.

„Rannsóknin er viðbót við þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á muninum á kynjunum. Líkur eru á að konur gefi almennt meira af sér en karlmenn þegar kemur að góðgerðamálum. Þetta gæti einnig tengst áhættufælni og launamun kynjanna en miðað við þessar niðurstöður og aðrar rannsóknir eru líkur á að launamunur kynjanna sé að hluta til kominn til vegna gjafmildi og áhættufælni kvenna. Á ég þá við að þær gefi mikið af sér en geri ekki jafnmiklar kröfur og karlmenn, til dæmis um laun," segir Eva Rún enn fremur.

Leiðbeinandi: Kári Kristinsson, lektor við Viðskiptafræðideild.



Engilbert Sigurðsson, dósent við Læknadeild, og
Hafrún Kristjánsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild

SAMRÆÐUR Í STAÐ LYFJA

Punglyndi er alvarlegt vandamál sem mikið er á sig leggjandi til að ráða á bót. Nú er unnið að rannsókn innan Háskóla Íslands og Landspítalans sem miðar að því að beita hugrænni atferlismeðferð til að létta undir með því fólki sem leitar til heilsugæslustöðva vegna depurðar og kvíðaraskana. Hugræn atferlismeðferð snýst m.a. um að styðja þetta fólk við að koma auga á ógagnlegar hugsanir, skoða hvaða áhrif þær hafa á líðan og endurmeta svo hugsanirnar í kjölfarið ef ástæða er til.

„Depurð og kvíðaraskanir eru afar algeng vandamál hjá fólki á öllum aldri sem leitar til heilsugæslunnar og þau valda oft mikilli lífs-gæðaskerðingu og fötlun til skemmri eða lengri tíma. Því er mjög þýðingarmikið að leita gagnreyndra meðferðarúrræða í heilsugæslunni sem eru jafnframt ódýr og geta nýst mörgum.“ Þetta segir Engilbert Sigurðsson, dósent í geðlæknisfræði við Háskóla Íslands og geðlæknir á Landspítala, en hann er einn þeirra sem stýrir rannsókninni.

Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og doktors-

nemi við Læknadeild, tekur í svipaðan streng en hún vinnur að verkefninu með Engilbert. Hún segir að mikilvægt sé að finna önnur úrræði en lyfjameðferð fyrir þá sem leita sér hjálpar á heilsugæslustöðvum.

Hafrún segir að með rannsókninni sé metið hversu vel meðferðin gagnist fólki með vægan eða miðlungsalvarlegan tilfinningavanda en einnig sé skoðað hvort meðferðin virki jafnvel eða betur en hefðbundin meðferð í heilsugæslu.

Engilbert tekur undir þetta: „Í rannsókninni er lagt mat á hvort hægt sé að ná sama eða meiri árangri með ósérhæfðri hugrænni atferlismeðferð til að ráða bót á þunglyndi og kvíðaröskunum í 15 til 25 manna hópi vikulega í sex vikur en þegar beitt er lyfjameðferð og eða einstaklingsamtöllum við heilsugæslulækni.“

„Árið 2003 fóru sálfræðingar á geðsviði Landspítalans að veita ósérhæfða hugræna atferlismeðferð í hópum og töldu hana eiga heima í heilsugæslunni því þangað leitar fólk fyrst með vanda sinn. Áður en ný meðferðarúrræði eru fest í



sessi er nauðsynlegt að meta virkni þeirra,” segir Hafrún.

Hún segist alltaf hafa haft áhuga á að bæta aðgang almennings að gagnreyndri sálfræðimeðferð „og þegar mér var boðið að rannsaka þessa tilteknu meðferð greip ég tækifærið.“ Hún segir að fyrstu niðurstöður úr rannsókninni lofi góðu og bendi til þess að meðferðin virki vel og gagnist mörgum.

Helga Jónsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild

Lífsgæðabót og sparnaður með sjálfsumönnun

„Helsti tilgangur rannsóknarinnar er að styrkja sjálfsumönnun fólks með langvinna lungnateppu og fjölskyldna þeirra, ásamt því að gefa vísbendingar um hvernig hægt er að efla heilbrigðisþjónustu fyrir þennan stækkandi hóp einstaklinga,” segir Helga Jónsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði, en hún er einnig forstöðumaður fræðasviðs hjúkrunar langveikra fullorðinna hjá Landspítala.

Helga vinnur ásamt hópi samstarfsmanna að yfirgripsmiklu verkefni þar sem langvinn lungnateppa er rannsökuð. Langvinn lungnateppa er stórt og vangreint heilsufarsvandamál á Íslandi og á alþjóðavísu. Lítil hluti þeirra sem glíma við langvinna lungnateppu veit að hann er með sjúkdóminn og leitar sér því ekki aðstoðar fyrr en sjúkdómurinn er kominn á alvarlegt stig. Að sögn Helgu eru reykingar helsta orsök sjúkdómsins og reykleysi mikilvægasti þátturinn í að sporna við framgangi hans.

„Langvinn lungnateppa er mjög alvarlegur sjúkdómur og markmið okkar með rannsókninni er að auka sem mest möguleika sjúklinga til að beita sjálfsumönnun. Við leggjum ríka áherslu á þátttöku fjölskyldunnar og forðumst að predika yfir þeim sem leita aðstoðar.“

Rannsóknin felur í sér að þátttakendum er raðað tilviljunarkennt í meðferðar- og samburðarhópa. Meðferðin samanstendur af fræðslu og samræðum um sjúkdóminn og meðferð við honum, auk reykleysismeðferðar. Í lok meðferðar verður síðan skoðað hvort munur sé á þeim sem fengu tilraunameðferðina og þeim sem ekki fengu hana.

„Rannsóknin kemur til vegna áhuga okkar á að ná fyrr til þeirra sem glíma við sjúkdóminn og hindra þannig framgang hans. Við gerum okkur miklar vonir um að vinna okkar verði til þess að hægt verði að þróa nýja þjónustu, líklega innan heilsugæslunnar,



fyrir fólk með langvinna lungnateppu á frumstigum hennar,” segir Helga.

Þó svo að meginmarkmiðið sé að auka lífsgæði fólks eru fleiri þættir mikilvægir. „Langvinn lungnateppa er gríðarlega kostnaðarsamur sjúkdómur fyrir heilbrigðiskerfið og betri meðferðarúrræði eru því líka mikilvæg fyrir samfélagið,” segir Helga að lokum.



Dagný Yrsa Eypórsdóttir, BS-nemi við Matvæla- og næringarfræðideild Þorskurinn í sókn á borðum landsmanna

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig fiskneysla Íslendinga hefur breyst frá árinu 2006, en niðurstöður rannsókna sem gerð var þá leiddi í ljós að dregið hafði úr fiskneyslu, einkum hjá ungu fólki. Jafnframt átti að greina viðhorf neytenda á aldrinum 18 til 80 ára, og ákvarðandi þætti á viðhorf,“ segir Dagný Yrsa Eypórsdóttir, nemandi í næringarfræði. Í fyrrasumar rannsakaði hún á vegum Matís fiskneyslu íslensku þjóðarinnar og viðhorf til hennar og naut til þess stuðnings frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Dagný bar niðurstöður sínar saman við niðurstöður sambærilegrar rannsóknar sem leiðbeinendur hennar gerðu árið 2006. Niðurstöður Dagnýjar sýndu að fólk á aldrinum 18-80 ára borðar fisk að meðaltali 7,9 sinnum í mánuði eða u.þ.b. tvisvar í viku. Er það smávægileg aukning á fiskneyslu frá árinu 2006. „Neyslan er ekki í samræmi við manneldismarkmið en þó skref í rétta átt. Sjá mátti að nýjar fisktegundir eru að koma sterkar inn þótt ýsa sé enn vinsælasta tegundin á borðum landsmanna. Neysla þorsks hefur t.d. tvöfaldast frá 2006,“ bendir Dagný á.

Hún segir minnkandi fiskneyslu slæma þróun, þótt bót sé í máli að hún hafi tekið eilítið við sér frá 2006, „þar sem margar rannsóknir hafa sýnt að regluleg neysla fiskis getur haft jákvæð áhrif á heilsufar enda inniheldur fiskur m.a. lífsnauðsynlegar fitusýrur.“

Við framkvæmd rannsóknarinnar studdist Dagný



við úrtak fólks frá 18 til 80 ára úr þjóðskrá og aflaði gríðarlegra gagna og upplýsinga. „Því er ekki búið að vinna úr öllum þeim upplýsingum sem verkefnið býður upp á,“ segir hún enn fremur.

Leiðbeinendur: Kolbrún Sveinsdóttir, Gunnþórunn Einarsdóttir og Emillía Martinsdóttir, starfsmenn Matís.



Einar Stefánsson, augnlæknir og prófessor við Læknadeild

Útrýma sprautunálum með lyfjaferjum

„Sjónhimnubjúgur er algengasta orsök sjóntaps hjá sykursjúkum og þar með ein af meginorsökum sjóntaps í heiminum. Rannsóknir okkar snúast um að meðhöndla sjónhimnubjúg vegna sykursýki með augndropum, frekar en að stinga nál inn í augað til að koma lyfjum inn,“ segir Einar Stefánsson, augnlæknir og prófessor í augnlækningum.

Hann á hér við rannsókn sem þeir Þorsteinn Loftsson, prófessor í lyfjafræði við háskólann, vinna að. Rannsóknin snýst um að leita leiða til að gera lyfjagjöf skilvirkari í auga.

„Í dag sprautum við lyfjum inn í augu sjúklinga með sprautunál og það er augljóslega ekki viðunandi tækni,“ segir Einar en hann hefur unnið markvisst að rannsóknum á blindu vegna gláku og sykursýkiskemmda og er mjög kunnur á alþjóðavettvangi fyrir störf sín. Einar er margverðlaunaður fyrir rannsóknastörf sín og hann var valinn heiðursvísindamaður á Landspítala í fyrra.

Hugmyndir þeirra Einars og Þorsteins snúast um að losna við sprauturnar og óþægindin og áhættuna sem þeim fylgja. „Venjulegir augndropar skila aðeins þremur til fimm prósentum af lyfi inn í augað. Við reynum að auka hlutfallið í helming með því að nota svokallaðar syklódextrín-nanóagnir sem ferjur fyrir lyfið,“ segir Einar. Nanótæknin felst í því að nanóagnirnar, sem eru ósýnilegar með berum augum, ferja lyfin í augað.

Niðurstöðurnar úr rannsóknum þeirra félaga hafa nú þegar vakið heimsathygli en nýlega var birt grein í virtu vísindatímariti sem er byggð á klínískum rannsóknum á tækninni. „Japanskir samstarfsmenn gerðu rannsókn á augndropunum okkar sem sýnir fram á að þeir bæta sjón og minnka bjúg úr sjónhimnu hjá sykursjúkum,“ segir Einar. Hann bætir því við að tækni njóti nú einkaleyfis í Bandaríkjunum.

Einar vonast til að tækni bæti heilsu og líðan sjúklinga með sjónhimnusjúkdóma. Hægt sé að meðhöndla sjónhimnusjúkdóma með augndropum þannig að sjúklingar geti losnað undan nálarstungum í auga og fengið augndropa í staðinn. Ekki þarf að fjölyrða um lífsgæðin sem þessu fylgja.

„Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að sprotafyrirtækið Oculis ehf., sem á einkaleyfið og er meðal annars í eigu Landspítalans og háskólans, geti haft verulegar tekjur í framtíðinni af einkaleyfisvarinni tækni til lyfjagjafar í auga.“

KUNGFÚ, KONFÚSÍUS OG KÍNVERSKA





Jón Egill Eyþórsson, verkefnisstjóri við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós og aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Nemendum í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands fjölga hæg og bitandi. „Áhuginn er að vakna hjá fólki. Kínverskan er vinsæl hjá mörgum í viðskiptageiranum, enda er Kína annað stærsta hagkerfi heims,“ segir Jón Egill Eyþórsson, aðjunkt í kínverskum fræðum og verkefnisstjóri við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós. „Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 2008 og við bjóðum BA-nám hér við háskólann í kínverskum fræðum ásamt því að kynna menningu Kínverja, samfélag og tungu.“

Mörg hundruð Konfúsíusarstofnana eru starfandi um allan heim og er nafn þeirra rakið til heimspekingsins Konfúsíusar, sem er talinn hafa verið uppi í Kína um 500 fyrir Krist. „Hann var upphafsmaður heimspekistefnunnar konfúsíusar, sem hefur sannarlega sett mark sitt á kínverska menningu,“ segir Jón Egill.

Í hverri viku stendur stofnunin hér fyrir kvikmyndasýningum. Sýningarnar eru ágæt leið til að kynna sér kínverska menningu og eru þær opnar almenningi. Sýndar eru afar fjölbreyttar myndir, allt frá kungfúmyndum með miklum hasartilþrifum upp í súrrealískar bíómyndir af listrænum toga. Auk vikulegra kvikmyndasýninga býður stofnunin upp

á fjölbreytta viðburði eins og fyrirlestra sem haldnir eru reglulega.

Hjá Konfúsíusarstofnuninni er mikil áhersla lögð á tungumálið sjálft en þar fyrir utan er kennd kínversk saga, samfélagsfræði, heimspeki og trúarbrögð, svo að eitthvað sé nefnt. „Nemendur læra kínversk tákni strax í upphafi náms en það er ekki eins erfitt að læra þau og lítur út fyrir. Hvert tákni er uppbyggt með ákveðnum táknhlutum og áður en langt um liður verða þau að merkingarbærum myndum,“ segir Jón Egill.

Miklir möguleikar bjóðast í skiptinámi í kínversku og margir skólar í Kína standa opnir nemendum við Háskóla Íslands. Meðal samstarfsskóla Háskóla Íslands í Kína má nefna Peking-háskóla í Beijing og Fudan-háskóla í Shanghai, sem báðir eru í röð fremstu menntastofnana í heimi.

„Hér kennum við fyrst og fremst grunninn og þar sem námið er á háskólastigi ætluð til að fólk fari út í skiptinám. Það er æskilegt að fara í eitt ár og flestir gera það. Þannig fær fólk meira út úr náminu og hvað er ævintýralegra en að búa í ár í hinu leyndardómsfulla og dulmagnaða Kínavelði? Það er ómetanleg reynsla og flott á ferilskrána!“ segir Jón Egill.



Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Hvernig er góð tvímála orðabók uppbyggð?

„Rannsóknin beinist að aðferðafræði við gerð tvímála orðabóka. Markmiðið er að kanna hvernig megi gera íslensk-erlenda orðabók best úr garði með því að byggja hana á því nýjasta í orðabókarfræðum, þróa hugmyndir og setja fram nýjar,“ segir Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í frönsku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Í rannsókninni verður sjónum einkum beint að því hvernig best fari á að setja fram orðasambönd, föst og laustengd, í tvímála orðabók. Rósa segir að rannsóknir á því sviði séu af skornum skammti. Kannað verður hvar eigi að setja orðasambönd í innskipan uppflöttiorða í tvímála orðabók og hvernig best sé að útskýra merkingu fastra orðasambanda, eins og til dæmis „að fara í hundana,“ og laustengdari orðasambanda, svo sem orðastæður á borð við „bursta tennur“ og „fallast í faðma.“

Rósa hyggst setja niðurstöður og tillögur fram með dæmum um innskipan uppflöttiorða fyrir íslensk-franska orðabók ásamt skýringum og rökstuðningi og gengið verður ítarlegar til verks í umfjöllun um orðasambönd en tíðkast hefur í tvímála orðabókum. „Ég mun reyna að sýna fram á hvernig hægt væri að byggja upp góða tvímála orðabók til að hún gagnist almennum notanda sem leggur stund á tungumálanám og jafnframt standist akademískar og vísindalegar kröfur,“ segir Rósa. Hún vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar komi að gagni við gerð íslensk-franskrar orðabókar í náinni framtíð.

Rósa bendir á að mikilvægt sé að tungumálanemendur hafi aðgang að vönduðum orðabókum á móðurmáli sínu „og rannsóknin er því mikilvæg til að efla frönskukennslu og frönskunám á Íslandi. Rannsóknin er jafnframt framlag til orðabókarfræða almennt og kemur að notum við gerð og þróun tvímála orðabóka.“

Leiðbeinendur: André Thibault, prófessor í frönsku við Sorbonne-háskóla, og Erla Erlendsdóttir, dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.



Magnús Þorkelsson, doktorsnemi við Menntavísindasvið

Brottfall er samfélagslegt vandamál

Lýkillinn að því að geta valið um framhaldsskóla er búseta á höfuðborgarsvæðinu og góðar einkunnir úr grunnskóla," segir Magnús Þorkelsson, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræðum. Hann rannsakar brotthvarf frá námi í framhaldsskólum landsins og leitir að ástæðum sem kunna að vera innbyggðar í kerfið, jafnvel bundnar í námskrá.

Magnús segir vandamálið bæði menningar- og samfélagslegt. Lífskjör, heilsa og líðan fólks með litla menntun sé að jafnaði lakari en þeirra sem betur eru menntaðir. Þegar börnar eru saman innritunartölur og tölur um brautskráða sést vel að brottfall er mikið. Hversu mikið það er er þó

túlkunaratriði en almennt mat er að 25-30% innritaðra útskrifast aldrei úr framhaldsskóla. Löng leið er frá 10. bekk grunnskóla til útskriftar úr framhaldsskóla og fáir raunhæfir styttri valkostir eru á leiðinni. „Engu að síður hefur ekki verið kortlagt hvenær fólk hættir námi eða reynt að meta hvaða samfélagsleg áhrif skólaganga þess hefur haft þegar það hættir," segir Magnús.

Vísbendingar eru um að stærsti hópur nemenda í 10. bekk hafi í raun næsta lítið val þegar kemur að því að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir nemendur sem ýmist eru með lágur einkunnir úr grunnskóla eða með einhvers konar námshamlanir virðast í raun helst eiga kost á skólum sem næstir

eru heimili þeirra og gildir þá einu hvort tekið er tillit til reglna um hverfisskóla eða ekki.

„Ég vildi kanna hvort nemendur sæju allt það sem er í boði," segir Magnús sem áður hafði kannað hvað réð vali nemenda í Flensborgarskóla á þeim skóla. Í ljós kom að ákveðnir valkostir réðu nokkru, s.s. íþróttafrek skólans og fjölmíðlabraut, en mestu réð staðsetning. Hann vonast til að rannsóknin leiði til einhverra lausna á því mikla vandamáli sem brotthvarf er og að skýrari mynd komist á hugtakið „skóli fyrir alla."

Leiðbeinandi: Börkur Hansen, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Ólafur Páll Jónsson, dósent við Uppeldis- og menntunarfræðideild Hvað gerir skóla lýðræðislegan?

„Ég hef reynt að átta mig á því hvernig skólar geti verið lýðræðislegir, hvernig líf í skóla geti verið þátttaka í lýðræðislegu samfélagi og hvernig skólaganga geti undirbúið nemendur fyrir áframhaldandi líf í lýðræðissamfélagi," segir Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki við Menntavísindasvið, um rannsókn sína sem fjallar um menntun til lýðræðis.

Rannsóknin er byggð á hugmyndum sem hafa verið þróaðar undir yfirskriftinni rökræðulýðræði. Þær hugmyndir byggjast öðru fremur á lýðræðislegri samræðu í formi opinnar rökræðu þar sem forsendur taka mið af því sem viðmælendur geta fallist á frekar en einungis sannfæringu þess sem talar.

„Auðvelt er að segja margt almennt um

samband menntunar og lýðræðis en flóknara er að benda á hvernig kennsla í einstökum greinum getur verið lýðræðisleg, hvers konar nám sé eiginlegt lýðræðislegt nám og hvernig það býr nemendur undir áframhaldandi líf í lýðræðislegu samfélagi," segir Ólafur Páll.

Hann segist hafa fengið tækifæri til að skoða hugmyndir um hvað geri skóla lýðræðislegan með þessum hætti þegar honum bauðst að starfa með doktorsnemum á sviði listgreinamenntunar og stærðfræðimenntunar. „Þetta var einfaldlega of gott tækifæri til að láta það fram hjá sér fara."

Ólafur Páll segir að niðurstöður liggi ekki enn fyrir en rannsóknin miði að því að skilja betur hvað lýðræðislegur skóli er og skoða ákveðna möguleika á því að vinna lýðræðislega í stærð-



fræðimenntun og listgreinakenntu. „Þessi rannsókn getur vonandi orðið eitt skref í þá átt að skilja hvað lýðræði er og gera það að veruleika í samfélaginu," segir Ólafur Páll.



Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt við Kennaradeild Orðaforði aukinn með aðferðum leiklistar

„Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort aðferðir leiklistar séu hentugar til að auka orðaforða nemenda á yngsta stigi grunnskóla,” segir Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt við Kennaradeild, um rannsókn sem hún hefur unnið að ásamt Rannveigu Björk Þorkelsdóttur að undanfögnu.

Ása segir að rannsóknin hafi þróast út frá annarri rannsókn þeirra Rannveigar sem nefnist „Skapandi nám í gegnum leiklist.“ „Markmið þeirrar rannsóknar var að kanna hvort leiklist sem kennsluáferð hefði áhrif á nám barna. Niðurstöður benda til þess að aðferðir leiklistar henti almennt vel í námi þeirra sem eiga við námsörðugleika að stríða og þær virðast einnig gagnlegar fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál,” bendir Ása á. Því hafi þeim leikið forvitni á að vita hvort aðferðir leiklistar gætu aukið orðaforða barna.

Farið var í fjóra grunnskóla og þar skoðaðir átta bekkir sjö ára barna. „Allir þátttakendur unnu með

sömu sögur. Annar bekkurinn notaði aðferðir leiklistar í kennslu en hinn ekki. Í framhaldinu var svo metið hvort marktækur munur væri á því hversu orðaforði hefði aukist í bekkjunum,” útskýrir Ása, sem sjálf er leiklistarmentuð.

Frumniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennsluáferðin auki orðaforða nemenda umfram hefðbundnar kennsluáferðir en Ása segir þær stöllur ekki hafa lokið endanlegri úrvinnslu gagna.

Ása segir aðspuð að rannsóknin muni auka almenna þekkingu á áhrifum mismunandi kennsluáferða á nám barna. „Gildi rannsókna í skólasterfi felst í að hafa áhrif á kennslu og bæta námsumhverfi með hagsmuni og þarfir nemenda að leiðarljósi. Niðurstöður rannsóknarinnar verða vonandi til að auka þekkingu kennara á því hvort gagnlegt sé að nota aðferðir leiklistar í skólasterfi til þess að auka orðaforða og þroska nemenda.“



Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Kannar viðhorf til jafnréttisfræðslu í kennaramenntun

Ísland og hin norrænu ríkin eru framarlega á flestum mælikvörðum um jafnréttismál en margt bendir til að gera megi betur. Jafnréttislögin hafa kveðið á um jafnréttisfræðslu í skólum í yfir 30 ár en það var fyrst árið 2008 að jafnréttismál urðu lögbundin kennslugreini í grunnskólum. Með nýjum námskrám frá 2011 er jafnrétti ein af grunnstöðum menntunar á öllum skólastigum.

Á alþjóðadegi kennara í fyrra var áhersla lögð á kynjajafnrétti, ekki síst á hlutverk kennara og skóla í að kveða niður staðalímyndir kynjanna. Samkvæmt reglum Háskóla Íslands er það Kennaradeild á Menntavísindasviði sem ákveður hvernig kennaranám er samsett. Því eru þeir sem mennta kennara og viðhorf þeirra í brennidepli í rannsókn sem Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, og fleiri vinna að á vegum Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKyn).

„Markmiðið er að kanna viðhorf ráðandi aðila til fræðslu um jafnréttismál í fimm ára kennaramenntun á Menntavísindasviði. Þar er sérstök áhersla lögð á að rannsaka kynjajafnrétti, hvort breytingar á fræðslu um jafnréttismál séu æskilegar og þá hverjar. Athyglinni verður síðar beint að kennaranemum og viðhorfum þeirra til jafnréttismála, því næst að verkefnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum og loks að alþjóðlegum samanburði,” segir Guðný. Gagnrýnt hefur verið að ekki sé farið að gildandi lögum að þessu leyti og því fól Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, Guðnýju að kanna stöðu mála.

Allt frá árinu 1990 hafa jafnréttismál verið eitt af rannsóknarsviðum Guðnýjar. Hún er nú í samstarfi við háskóla í Finnlandi og Bandaríkjunum á þessu sviði og hún telur því góða möguleika á alþjóðlegum samanburði og fræðiskrifum í tengslum við rannsóknina.

Hvers vegna valdir þú Háskóla Íslands?



Lilja Sigurbjörg Harðardóttir, BA-nemi í stjórnmálafræði

Ég valdi Háskóla Íslands vegna þess að þar er að finna fjölbreytt námsframboð, góða kennara og öflugt félagslíf. Háskólinn býður upp á ýmsa möguleika í námi innan míns áhugasviðs sem bjóðast ekki í öðrum háskólum hér á landi.



Melkorka Rut Bjarnadóttir, BS-nemi í hjúkrunarfræði

Það lá eiginlega bara beint við. Hjúkrunarfræðin er kennð þar og ég hafði reyndar alltaf hugsað mér að fara í Háskóla Íslands þó að ég hefði ekki valið þetta nám.



Páll Hersteinsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild

FRUMKVÖÐULL Í RANNSÓKNUM Á REFNUM

Íslenski refurinn er án vafa eitt umdeildasta dýr landsins. Þótt hann hafi lifað hér fyrir landnám og sé eina landspendýrið sem hefur borist til Íslands án aðstoðar manna nýtur hann ekki virðingar í samræmi við það. Refurinn er víðast hvar rétttræpur nema á Hornströndum. Fátt á Íslandi hefur jafnmörg heiti og þetta harðgerða spendýr af hundætt og sjálfsagt má það rekja til þess að menn viku sér undan því að nefna hið illa í heyranda hljóði. Flestir kannast við orðin refur og tófa en til viðbótar má nefna heitin dratthali, gortanni, lágfóta, melrakki, skaufhali, skolli og vemma.

Enginn hefur rannsakað melrakkann betur hér á landi en Páll Hersteinsson sem lést langt fyrir aldur fram í haust en hann starfaði sem prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands til dauðadags. Páli þótti eðlilegast að nota heitið melrakki á tegundina enda gekk tófan ekki undir öðru heiti fyrstu aldir Íslandsbyggðar.

Páll Hersteinsson var fæddur árið 1951 og lauk BS-gráðu í lífeðlisfræði frá háskólanum í Dundee í Skotlandi árið 1975. Hann hlaut doktorsgráðu frá háskólanum í Oxford í Englandi árið 1984 fyrir rannsóknir sínar á íslenska refnum. Páll rannsakaði refinn allan sinn vísindaferil en undir það síðasta snerust rannsóknirnar aðallega um stofnvistfræði refsins, t.d. lífssögulega þætti, svo sem viðkomu og vanhöld. „Undanfarna áratugi hef ég hins vegar rannsakað ferðir og félagskerfi tegundarinnar, stofnerfðafræði, litaerfðir og samkeppni svo að eitthvað sé nefnt,“ sagði Páll í spjalli við Tímarit Háskóla Íslands snemma í haust.

Páll sagði þá að fyrir fáeinum áratugum hefði mikið skort á vitneskju um íslenska refinn og það



hefði verið honum hvatning til að ráðast í langtímarannsóknir. „Þetta var óplægður akur. Það var einnig spennandi að ráðast í rannsóknir á íslenska refnum vegna þess hve erfiðar þær eru. Þetta er dýr sem er á kreiki allt árið og margt af því merki- legasta í lífi hans gerist einmitt á veturna, t.d. á fengitímanum.“

Páll var mikill frumkvöðull við að nýta sér nýja tækni við rannsóknirnar til að afla betri gagna um hegðun dýrsins á stórum svæðum. Um leið og notkun radiótækja var möguleg til að fylgjast með villtum dýrum hóf Páll að nýta sér slíkt. „Ég var fyrstur til að nota þetta á tófuna. Alaskamenn fylgdu í kjölfarið þegar miklum fjármunum var veitt þar til vistfræðirannsóknna í tengslum við olíuleit og olíunýtingu.“

Páll var afkastamikill vísindamaður. Hann skrifaði mikið um íslensk spendýr og riststýrði einnig bók um Þingvallavatn ásamt Péttri M. Jónassyni, prófessor í Kaupmannahöfn. Sú bók vakti mikla

athygli og fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiritna árið 2002. Þekktar eru einnig bækur hans um refarannsóknir í Ófeigsfirði og á Hornströndum. Ýmsar niðurstöður liggja fyrir úr rannsóknum Páls sem hafa verið birtar í alþjóðlegum vísindaritum, auk birtinga hérlandis. „Ég hef t.d. fært rök fyrir því að norðurmörk útbreiðslu rauðrefs ráðist af fæðuframboði en að suðurmörk útbreiðslu tófunnar takmarkist af samkeppni við rauðref. Nýlegar rannsóknir í Skandinavíu hafa síðan fært fram sterkar vísendingar um að tilgátan sé rétt.“ Þess má geta að rauðrefir eru algengir í Evrópu en þeir eru ekki hérlandis.

Páll vann einnig með erlendum vísindamönnum og sýndi ásamt þeim fram á að tófan hér hafi að mestu verið einangruð frá lokum síðasta jökulskeiðs og sé mjög fjarskyld öðrum stofnum tegundarinnar.

Umdeilt hefur verið hvort ástæða sé til að hlífa refnum við veiði á tilteknum svæðum þar sem hann er verndaður, eins og á Hornströndum. Sumir hafa þá skoðun að sú vernd kunni að hafa neikvæð áhrif á vistkerfið á svæðinu.

„Markmiðið með flestum friðlöndum er að þar fái náttúran að hafa sinn gang,“ sagði Páll um þetta. „Því miður var ástand fuglastofna á Hornströndum ekki rannsakað fyrir friðun refa þann 1. júlí 1994 og því vitum við ekki hvort friðunin hefur haft afgerandi áhrif á einhverjar fuglategundir. Svo er alltaf spurning hvað séu neikvæð og hvað séu jákvæð áhrif á vistkerfi. Sumir mundu eflaust halda því fram að það væru neikvæð áhrif þegar maðurinn breytir tegundasamsetningu á tilteknu



Rannveig Magnúsdóttir,
doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild

Minkurinn hrynur með sandsílinu

Minkurinn er rándýr af marðarætt og virðist spjara sig nokkuð vel í íslensku náttúru þótt almennt sé hann afar illa liðinn og flokkaður sem meindýr. Minkurinn, sem er upprunninn frá Norður-Ameríku, nam hér land upp úr 1931 en það ár var hann fyrst fluttur hingað vegna loðdýraræktar. Þetta harðgerða dýr slapp hins vegar fljótlega úr búrum sínum og hefur dreifst býsna hratt um landið.

„Minkurinn hefur verið hluti af íslensku lífríki í næstum 80 ár og útbreiðsla ýmissa tegunda hefur minnkað eða breyst vegna þessa nýja afræningja. Þótt minkur valdi alltaf usla af og til þá eru sem betur fer fáar tegundir sem hafa orðið fyrir miklum skaða vegna hans eingöngu,“ segir Rannveig Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði, sem vinnur nú að rannsóknum á þessum óæskilega landnema.

Miklar sögur fara af grimmd minksins en Rannveig segir það mikinn misskilning að minkurinn drepi alltaf sér til skemmtunar. „Minkar eru greindari en kettir og staðbundnir minkar fara yfirleitt vel með auðlindir á sínum heimasvæðum en þegar ungur og vitlaus aðkomuminkur kemst í stórt fuglavarþ getur hann stundum valdið miklum skaða á stuttum tíma. Svona hegðun þekkist hjá mjög mörgum tegundum. Þegar læðurnar gjóta í maí geta þær ekki farið frá hvolpum sínum því þá deyja þeir úr kulda. Þess vegna er nauðsynlegt að þær hafi safnað nægum matarbirgðum í bæli sín svo þær þurfi ekki að fara út að veiða meðan hvolparnir eru litlir.“

„Kveikjan að rannsókninni var sú að samstarfsfélagar mínir á Náttúrustofu Vesturlands sýndu fram á hrun í minkastofninum á Snæfellsnesi frá árinu 2002 til ársins 2006. Á sama tíma og minkum fækkaði varð hrun í ýmsum sjávardýrastofnum eins og sandsílis- og hörpudisksstofninum ásamt varþbresti hjá lunda og kríu,“ segir Rannveig.

„Ég stundaði lundarannsóknir í Vestmannaeyjum sumarið 2006 og horfði upp á gifurlegan pysjudauða og fannst áhugavert að tengja hann við minkarann-



sóknir. Minkurinn er ósérhæfður í fæðuvali og ég nota hann sem tæki til að meta breytingar í íslensku vistkerfi.“

Rannveig segir að komnar séu ýmsar niðurstöður þótt hún sé enn að vinna úr gögnunum. „Niðurstöðurnar eru að mestu í samræmi við fyrrnefnt hrun í sjávardýrastofnum,“ segir hún og bendir á að við hrun í sandsílisstofninum hafi orðið hrun í sjófuglastofnum og að sömu öfl hafi ef til vill leitt til þess að minkastofninn hafi fengið á sig þung högg.

„Gögnin sem notuð eru í verkefninu eru einstæð því þau ná langt aftur í tímann og um mörg dýr er að ræða. Þetta gefur rannsókninni mikið gildi og er einn kubbur í þúsulspilið til að svara spurningum um áhrif loftslagsbreytinga á íslenskt lífríki.“

Leiðbeinendur: Árni Einarsson, gestaprófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og David W. Macdonald, prófessor við Oxford-háskóla. Páll Hersteinsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, var leiðbeinandi Rannveigar til dauðadags.



svæði og að slíkt geti alls ekki samrýmst friðlöndum.“

Þótt Páll hefði rannsakað refinn lengi sagðist hann ekki hafa sterkari tengsl við lágfótuna en aðrar tegundir í villtri náttúru.

„Mér finnst hins vegar slæmt að menn skuli vera að fódra refi að vetrarlagi, undir því yfirskini að þeir ætli að veiða þá, og hafa þannig jákvæð áhrif á frjósemi dýranna og í framhaldi af því viðkomu og stofnstærð. Þannig virðast menn hafa lokast inni í vítahring. Þá fer líka allt haturstal um íslenska náttúru, þ.á m. refinn, ákaflega í taugarnar á mér.“

Aðspurður um hvernig refurinn færi að því að lifa af kaldan íslenskan vetur svaraði Páll eld-snögg: „Refurinn er ekki matvandur!“



FRÆÐASVIÐIN FAGNA EINNI ÖLD

Á afmælisári Háskóla Íslands var einn mánuður tileinkaður hverju fræðasviði háskólans þar sem vísindin voru kynnt almenningi

Heillandi heimur heilbrigðisvísindanna

Janúar var mánuður Heilbrigðisvísindasviðs. Einn af stærri viðburðum fræðasviðsins var ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands sem haldin var 5. til 6. janúar. Ráðstefnan var á vegum allra deilda og námsbrauta Heilbrigðisvísindasviðs auk Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þá voru nemendafélög sviðsins með opið hús á Háskólatorgi 15. janúar. Þar var m.a. hinn sívinsæli Bangaspítali og vakti hann mikla gleði meðal yngstu gestanna.

Enn fremur efndi Heilbrigðisvísindasvið til sex áhugaverðra hádegisfyrirlestra, eins frá hverri deild sviðsins, sem voru ætlaðir almenningi. Fyrsti fyrirlesturinn var á vegum námsbrautar í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild 10. janúar og var umfjöllunarefnið: Að eiga von á barni. Hinar deildirnar fylgdu í kjölfarið og lauk fyrirlestraröðinni 31. janúar

með erindi frá Sálfræðideild um athyglisbrest með ofvirkni (ADHD).

Ýmsir viðburðir voru auk þess í boði á vegum sviðsins út afmælisárið, s.s. málþing, málstofur og fyrirlestrar erlendra gesta.

Opið hús á vegum nemendafélaga á Heilbrigðisvísindasviði var í janúar. Forvarnafélög hjúkrunarfræði- og læknanema kynntu starfsemi sína. Tannlæknar kenndu góða tannhirðu og Ungmennadeild Blóðgjafafélags Íslands fræddi gesti og gangandi um mikilvægi blóðgjafa. Boðið var upp á blóðþrýstingsmælingar og margt fleira. Þá var hinn sívinsæli Bangaspítali á staðnum og vakti mikla gleði meðal yngstu gestanna.

Taktfastur hugvísindamars

Marsmánuður var tileinkaður hugvísindum og var boðið upp á fjölbreytta dagskrá allan mánuðinn.

Nemendur buðu til að mynda upp á skemmti- og fræðsludagskrá alla miðvikudaga í mars. Þá voru haldin örnámskeið fyrir almenning sem voru fjölbreytt og vel sótt. Á Hugvísindapingi var boðið upp á málstofuþing dagana 25. og 26. mars og hefur dagskráin aldrei verið eins viðamikil og þá hvað fjöldi fyrirlesara og málstofa varðar. Einnig var boðið upp á svokallað fyrirlestrahlaðborð undir merkjum Hugvísindapings 11. og 12. mars.

Laugardaginn 19. mars var blásið til stefnumóts við almenning úti um borg og bý. Í Kringlunni voru veitt verðlaun í textasamkeppni sem Hugvísindasvið efndi til en 25 textar sem komust í úrslit voru þar

til sýnis. Þennan dag var fólki enn fremur boðin leiðsögn sérfræðinga á Þjóðminjasafni, Listasafni Íslands og Minjasafni Reykjavíkur. Auk þessa var opið hús í Þjóðskjalasafni, argentískar kvikmyndir voru sýndar í Bíói Paradís, eftt var til Lorca-ljóðadags og skipulögð gönguferð í Árbæjarhverfi með leiðsögn sagnfræðings.

Veffyrirlestrar Hugvísindasviðs voru einnig nýjung í tilefni aldarafmælisins. Fyrirlestrararnir eru um 30 mínútur að lengd og fjalla um mjög fjölbreytt efni og eru aðgengilegir á slóðinni: www.hugras.is.

Vor með Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Starfsfólk Verkfræði- og náttúruvísindasviðs opnaði dyr sínar í apríl. Þannig var opinn dagur hjá Raunvísindadeild og Raunvísindastofnun 2. apríl en þar bauðst almenningi að skoða húsakynni og rannsóknir í byggingunum VR-I, VR-II, VR-III og Tæknigarði. Meðal þess sem fólk gat skoðað var stjörnuver, tilraunastofur og kaftábur á þurru landi. Verkfræðideildir buðu svo grunnskólanemum í heimsókn 18. apríl þar sem þeir fengu meðal annars að fylgjast með líkani af brú, sem var brotin með miklum þrýstingi, og tilraunum í straumfræði.

Jarðvísindadeild og Líf- og umhverfsvísindadeild stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum vikuna 9. – 16. apríl. Boðið var upp á skoðunarferð á Reykjanes 9. apríl þar sem jarðfræði og fuglalífi voru gerð góð skil með leiðsögn fræðimanna. Sömu helgi var boðið upp á jarðfræðistrætó. Einnig var dagskrá til





að minnst þess að í apríl var eitt ár liðið frá því að gosið í Eyjafjallajökli hófst. Þar fjölluðu fyrirlesarar úr hópi vísindamanna skólans um gosið og áhrif þess. Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hélt einnig alþjóðlega ráðstefnu í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið í lok apríl.

Metnaðarfullur menntavísindamánuður

Á afmælisári Háskóla Íslands var september mánuður tileinkaður Menntavísindasviði.

Í mánuðinum lögðu fulltrúar sviðsins áherslu á að efla enn frekar tengsl við vettvanginn, m.a. með heimsóknnum kennara á Menntavísindasviði í skóla og stofnanir sem tengjast fræðasviðinu. Laugardaginn 3. september tóku nemendur og kennarar á Laugarvatni á móti gestum og buðu m.a. upp á fræðslu og ráðgjöf. Menntavísindasvið stóð svo fyrir opnu húsi laugardaginn 17. september þar sem leik-, grunn- og framhaldsskólar kynntu áhugaverð verkefni sem unnið er að í skólunum og var dagskráin afar líflæg og fjölbreytt.

Fræðasviðið bauð enn fremur foreldrum upp á örnámskeið öll miðvikudagskvöld í afmælis mánuðinum, þar sem fjallað var um uppeldisáferðir, næringu barna og sjálfbærni í menntun og tónlist. Allnokkrir íslenskir og erlendir fyrirlesarar héldu erindi í mánuðinum. Boðið var upp á gönguferð um slóðir menntunar og fræðslu í Reykjavík og haldin árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika, þar sem rannsóknir í menntavísindum voru kynntar.

Fjölbreyttur félagsvísindamánuður

Félagsvísindasvið sló botninn í afmælisdagskrá fræðasviðanna með fjölbreyttum viðburðum í október. Félags- og mannvísindadeild bauð upp á tjaldspjall á Austurvelli þar sem gestum og gangandi var boðið að kynna sér nám við deildina. Félagsráðgjafardeild hélt upp á 30 ára kennsluafmæli félagsráðgjafara á Íslandi og efndi af því tilefni til málþings. Lagadeild bauð upp á opið hús þar sem gefin var innsýn í grunngreinar lögfræðinnar og laganemar voru með sýndarréttarhöld í Lögbergsdómi.



Hagfræðideild bauð upp á fyrirlestur um hagfræði fjölskyldunnar þar sem fjallað var um samskipti mismunandi kynslóða sem og birtingarmyndir ýmissa mældra hagstærða. Þá tóku Hagfræðideild og Lagadeild þátt í ráðstefnu um Jón Sigurðsson forseta og Viðskiptafræðideild hélt þrjár málstofur, um markaðsfræði í fortíð, nútíð og framtíð, umhverfi nýsköpunar á Íslandi og um framtíð íslensks fjármálamarkaðar.

Stjórnmálafræðideild hélt málþing í samvinnu við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna í tilefni af 15 ára afmæli námsbrautar í kynjafræði. Á málþinginu tóku þjóðþekktir stjórnmálamenn þátt í pallborðsumræðum og ræddu við gesti. Mánuðinum lauk með hinum árlega Þjóðarspegli þar sem fræðimenn innan og utan Háskóla Íslands komu saman og kynntu nýjustu rannsóknir sínar í félagsvísindum.

Lovísa Árnadóttir, MA frá Félags- og mannvísindadeild

HÁSKÓLANEMAR DUGLEGIR AÐ DREIFA FRÉTTAEFNI Á FACEBOOK

Rannsóknin er innlegg í umræðu um stöðu Facebook sem markaðstækis fyrir fjölmiðla, hvernig háskólanemar nota Facebook til að dreifa fréttum og hvaða áhrif þetta gæti haft á fréttamennsku og þróun fjölmiðla á Íslandi," segir Lovísa Árnadóttir, um meistaraverkefni sitt í blaða- og fréttamennsku, sem hún vann á síðasta ári.

MA-ritgerð Lovísu ber titilinn „Ég frétti það á Facebook: Vinsældir fréttar á stærsta samfélagsvef heims.“ Aðspurð um tilurð verkefnisins segir hún að henni hafi fundist vanta rannsóknir og umræðu um fréttir og samfélagsvefi á Íslandi. „Hugmyndin að ritgerðinni var sú staðreynd að fimmtungur þeirra sem heimsækja mbl.is á degi hverjum koma beint

af Facebook. Þetta háa hlutfall kom mér á óvart og í kjölfarið fór hugurinn að leita í allar áttir. Vefir sem fjármagna sig með auglýsingasölu hljóta að reyna að höfða til Facebook-notenda svo að heimsóknir á vefinn og flettingar verði sem flestar. Það gæti haft áhrif á ritstjórnarstefnu," bendir Lovísa á.

Í rannsókn sinni bar Lovísa saman þær fréttir mbl.is sem fengu flestar tilvísanir af Facebook og mest lesnu fréttir lesenda mbl.is sem ekki komu af Facebook. Skoðuð voru tvö mismunandi tímabil, fyrir og eftir tilkomu „Líkar“-takkans. Einnig var m.a. kannað hvers konar fréttum háskólanemar deildu, af hverju þeir deildu þeim og hvort þeir skoðuðu fréttir sem aðrir deila.

Niðurstöðurnar sýna að með tilkomu „Líkar“-takkans hefur tilvísunum frá Facebook fjölgað mikið og háskólanemar eru duglegir við að dreifa fréttaeftir. Einnig eru yfirgnæfandi líkur á að þeir lesi það sem vinir þeirra deila á Facebook. Afþreyingarefni er það efni sem mest er lesið á mbl.is og mest dreift á Facebook.

„Samt er mikill munur á því hvaða fréttir fólk les og hvaða fréttum það deilir á Facebook, þó að fréttirnar séu innan sama efnisflokks. Svo virðist sem stærsti þátturinn í þeirri ákvörðun að deila frétt á Facebook sé sá félagslegi," segir Lovísa.

Leiðbeinandi: Valgerður Jóhannsdóttir, aðjunkt við Félags- og mannvísindadeild.

Terry Gunnell, prófessor við Félags- og mannvísindadeild

Siggi séní var fyrsti pönkarinn

Við Háskóla Íslands er verið að safna og skrá heimildir sem varða áhrif Sigurðar Guðmundssonar málara og Kveldfélagsins svokallaða á menningarsköpun á Íslandi á árunum 1857 til 1874. „Sigurður var gjarnan kallaður Siggi séní en hann var einn ötulasti hvatamaðurinn að mótun íslenskrar þjóðmenningar," segir Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, um þetta viðamikla verkefni sem hann leiðir með Karli Aspelund, lektor við háskólann í Rhode Island. Frá Háskóla Íslands taka þeir Sigurjón Baldur Hafsteinsson, dósent í safnafræði, og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslensku, þátt í rannsókninni, auk Terrys. Auk þeirra vinnur Sveinn Einarsson leikhúsfraeðingur sem ráðgjafi við verkefnið en það hlaut þriggja ára styrk frá Rannís og er einnig unnið í náninni samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn, Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafn. „Sigurður málari leiddi endurreisn og nýsköpun þjóðlegra kvenbúninga og var hvatamaður að

stofnun Þjóðminjasafnsins. Hann veitti innblástur að stofnun Þjóðleikhússins og var einn stofnenda Kveldfélagsins og áhrifamikill meðlimur en félagið var starfrækt í Reykjavík með leynd á árunum 1861 til 1874."

Terry segir að Kveldfélagið hafi stuðlað að söfnun á þjóðlegum fróðleik og leikritun og hvatt til innlendir listsköpunar og þannig lagt grunninn að sérstöðu íslenskrar menningar.

Terry segir að í tengslum við rannsóknina verði haldnar tvær ráðstefnur um viðfangsefnið á næstu árum en að auki verði, að verkefninu loknu, almenningi opnaður aðgangur að vefsvæði þar sem hýstar verða grunnheimildir sem snerta bæði félags- og menningarlegan bakgrunn Sigurðar málara og Kveldfélagsins. „Á því vefsvæði verður unnt að skoða bréf, minnispunkta, dagbókarfærslur, kennsluefni, greinar og teikningar, auk upplýsinga um lífshlaup og lífssýn þeirra sem þarna komu við sögu. Einnig verða upplýsingar



á vefsvæðinu um hvaða alþjóðlegu stefnur og straumar höfðu áhrif á fremur róttækar skoðanir Kveldfélagsmanna," segir Terry.

Hann bætir því við að Sigurður málari hafi í raun verið einstakur maður og hafi gjarnan vakið ótvíræða athygli þeirra framhaldsnema sem komið hafa að verkefninu. „Einn af þeim sem hefur unnið með okkur að skráningu gagnanna varð svo heillaður af Sigurði og róttækni hans að hann sagði hreinlega að Siggi séní hefði án efa verið fyrsti pönkarinn."



Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Þóra Magnúsdóttir,
doktorsnemar við Félags- og mannvísindadeild

Ímynd bónda upphafin á kostnað útrásarvíkinga

„Eftir efnahagshrunið hefur verið talað um að ráðandi karlmennskuhugmyndir tengdar útrásinni hafi fengið skell. Við skoðuðum hvort og hvernig væri reynt að endurskapa ráðandi karlmennskuhugmyndir í umræðum íslenskra karla í netheiminum,” segir Guðbjört Guðjónsdóttir, doktorsnemi í mannfræði. Hún hefur ásamt Júlíönu Þóru Magnúsdóttur, doktorsnema í þjóðfræði, unnið rannsókn undir því athyglisverða heiti „Ingólfur Arnarson, Björgólfur Thor og Ólafur bóndi á Þorvaldseyri – Karlmennska, kynjakerfi og þjóðernissjálfsmynd eftir hrun.”

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að á blogg- og fréttasiðum eftir hrun hafi mátt sjá tilraunir karla til þess að máta nýjar karlmennskuhugmyndir „í það skarð sem karlmennska útrásarinnar skildi eftir sig,” útskýrir Guðbjört. Þær lásu blogg færslur, athugasemdir við fréttir á vefmiðlum og önnur persónuleg skrif. „Við takmörkuðum leit okkar við skrif eftir hrun og notuðumst við yfirgripsmikil leitarorð í byrjun,

s.s. víkingar, landnámsmenn, karlmennska og karlmannlegur. Síðan þrændum við leitina niður í sértækari þemu sem birtust oft í skrifunum. Ekki er um að ræða tæmandi greiningu á umræðunni heldur er rannsókninni fremur ætlað að veita innsýn í hana,” segir Guðbjört.

Hún segir að í umræðunum sé „bóndinn” meðal annars settur fram sem æskileg fyrirmynd Íslendinga og karlmennskueiginleikar hans tíundaðir. Honum sé lýst sem greinilegri andstöðu við útrásarvíkinga. „Til dæmis er talað um bóndann sem „rólyndan, yfirvegaðan, heiðarlegan framkvæmdamann og sóma sinnar stéttar sem myndi aldrei gera þjóð sinni skráveifu með ósæmilegum hætti og siðleysi í viðskiptum né á nokkurn annan hátt.” Þessa upphafningu bóndans og framsetningu á honum sem æskilegri fyrirmynd þjóðarinnar má túlka sem viðleitni til að reisa við á einu bretti ráðandi karlmennsku og sjálfsmynd þjóðarinnar eftir hrun,” bendir Guðbjört enn fremur á.



Gylfi Magnússon,
dósent við Viðskiptafræðideild

Hrunið breytir námsefninu

„Rannsóknin snýr að því að greina að hvaða marki kennsla og kennsluefni í fjármálum og hagfræði á háskólastigi þarfnist endurskoðunar í ljósi sviptinga undanfarinna missera á fjármálamörkuðum heimsins. Jafnframt er skoðuð ýmis gagnrýni sem komin var fram áður,” segir Gylfi Magnússon, dósent í fjármálum við Viðskiptafræðideild, um rannsókn sem hann vinnur að þessi misserin.

Málið er Gylfa skylt þar sem hann hefur kennt bæði fjármál og hagfræði í Háskóla Íslands, skrifað kennslubækur í báðum greinum og komið að málaflökkunum með ýmsum öðrum hætti, m.a. gegnt stöðu efnahags- og viðskiptaráðherra um tíma eftir hrun. „Mér þykir blasa við að háskólakennarar í þessum greinum geta ekki haldið áfram að miðla óbreyttu námsefni,” segir hann.

Ákveðnar niðurstöður í rannsókninni liggja fyrir. „Það liggur að mínu mati meðal annars fyrir að ein helsta forsenda hagfræði og fjármála um að þátttakendur á mörkuðum taki almennt skynsamur ákvarðanir á réttum forsendum er röng. Það hefur margvíslegar afleiðingar fyrir greinarnar. Því fer hins vegar fjarri að málið sé fullrannsakað,” bætir Gylfi við.

Hann segir að allar fræðigreinar þurfi sífella endurnýjun „því að ný þekking ryður burt því sem áður þóttu viðurkennd sannindi. Þörfin er óvenjubrýn nú í fjármálum og hagfræði enda hriktir í sumum grundvallarstöðum þessara fræðigreina,” segir Gylfi. Viðbrögð við þeirri stöðu eru að hans mati ekki einungis mikilvæg fyrir fræðasamfélög heldur hafi þau hagnýta þýðingu fyrir vestræn samfélög. „Þau byggja fjármálakerfi sín og að einhverju marki ákvarðanir t.d. í ríkisfjármálum á niðurstöðum þessara greina.”

Árni Árnason, dósent við Læknadeild og Stefán H. Stefánsson, MS-nemi í hreyfivísindum

NÝ AÐFERÐ VIÐ MEÐHÖNDLUN ÁLAGSEINKENNA FRÁ HÁSIN



Álagseinkenni frá hásin eru algeng bæði hjá íþróttafólki og almenningi. Slík einkenni eru oft langvinn og geta haft veruleg áhrif á árangur þeirra sem stunda íþróttir, auk þess sem þetta getur takmarkað getu fólks almennt til göngu og annarrar hreyfingar," segir Stefán H. Stefánsson sjúkraþjálfari um þann vanda sem reynt er að ráða bót á í meistarárannsókn hans í hreyfivísindum.

„Meðhöndlun slíkra einkenna getur tekið nokkra mánuði og því er mikilvægt að finna meðferð sem getur stýtt meðferðartímann og skilað betri árangri," bætir hann við.

Árni Árnason, dósent í sjúkraþjálfun, er leiðbeinandi Stefáns. Hann segir að markmið rannsóknarinnar sé að prófa þrýstinudd, sem er ný aðferð sem þróuð hefur verið til þess að meðhöndla álagseinkenni frá hásin, og bera það saman við þá meðferð sem algengust er í dag.

Stefán segir að sjúkraþjálfarar fái oft fólk til sín

í meðferð sem er með álagseinkenni frá hásin en rannsóknir hafi sýnt að árangursríkt sé að nota sérstaka æfingameðferð til að draga úr þessum einkennum. „Gallinn við æfingameðferðina er sá að til að ná viðunandi árangri þarf að gera þessar æfingar mjög oft, helst tvisvar sinnum á dag, og halda áfram í allt að 12 vikur. Þetta krefst því mikillar ástundunar og eftirfylgni sem ekki hentar öllum. Því er mikilvægt að finna aðra aðferð sem er að minnsta kosti eins áhrifarík og æfingameðferðin og nota má eina og sér eða með æfingameðferðinni til að bæta heildarárangur," segir Stefán.

Rannsóknin er nýlega farin af stað og því eru ekki enn komnar niðurstöður: „En væntingar okkar um árangur eru byggðar á klínískri reynslu af notkun þessarar nýju aðferðar, sem lofar góðu," segir Árni.

Hann bætir við að ef þessi nýja aðferð reynist árangursrík gæti það breytt meðferð við álagsein-



kennum frá hásin og ef til vill fleiri sínum. „Einnig gæti þessi nýja aðferð aukið skilning okkar á orsökum þessara meiðsla og jafnvel stuðlað að forvörnum og þar með dregið úr þessum meiðslum í framtíðinni."

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild

Skype-ráðgjöf viðheldur færni í dreifbýli

„Verið er að skoða áhrif fjarlækninga, s.s. með Skype, og aðferða atferlisgreiningar á kennslufærni foreldra og boðskiptafærni barna þeirra með þroskaraskanir," segir Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent í atferlisgreiningu og atferlismeðferð, um rannsókn sem hún vinnur að.

Þátttakendur eru fjölskyldur sem búa í dreifbýli og hafa takmarkaðan aðgang að sérhæfðri meðferð. „Foreldrum og börnum verður kennt að „dansa saman" kennsludans sem dr. Shahla Ala'i-Rosales, dósent við University of North Texas, hefur þróað. Hann byggist á kennsluáðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar og rannsókn Hart og Risley á máltöku barna. Hart og Risley líktu því ferli við dans þar sem samskipti barna og foreldra breytast smám saman úr því að vera samhliða í að vera gagnkvæm. Sum börn með þroskaraskanir eiga

erfiðara en önnur með að læra sporin og taka þátt í dansinum með foreldrum," útskýrir Zuilma.

Rannsóknina vinnur Zuilma í samstarfi við Kristínu Guðmundsdóttur, doktorsnema í sálfræði, og fyrrnefnda Ala'i-Rosales. Hugmyndin að rannsókninni, sem miðar að auknum lífsgæðum barnanna og fjölskyldna þeirra, kviknaði hjá Kristínu þegar hún var ráðgjafi við leik- og grunnskóla í dreifbýli á Austurlandi. „Í ráðgjöfinni var erfitt að setja af stað og fylgja eftir markvissri og sérhæfðri íhlutun hjá börnum sem bjuggu afskekkt. Verkfæri voru til staðar, svo sem sérfræðibekking og myndfundarbúnaður, en aðferðir og gagnreyndar upplýsingar um árangur af slíkum verkfærum skorti," segir Zuilma.

Þótt heildarniðurstöður hafi ekki verið birtar benda niðurstöður forprófunar á einni fjölskyldu



til þess að Skype-ráðgjöf viðhaldi færni foreldris og barns. „Niðurstöður fjölmargra rannsókna staðfesta að hægt er að bæta færni barna með þroskaraskanir með markvissri íhlutun sem er byggð á aðferðum atferlisgreiningar," segir Zuilma að lokum.



Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor við Læknadeild og yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala

Geðheilsa kvenna á meðgöngu

„Þegar rannsóknarhópurinn kom upphaflega saman og skoðaði hvaða þekking væri til staðar um geðheilsu kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð kom í ljós að töluverður skortur var á upplýsingum um íslenskar konur,“ segir Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor við Læknadeild. Hann leiðir langtímarannsókn sem unnið er að á geðheilsu kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð. „Ásamt því að rannsaka líðan kvennanna á meðgöngu og eftir barnsburð eru áhrif fjölmargra sálfélagslegra þátta skoðuð,“ segir Jón Friðrik enn fremur.

Hann segir að kveikjan að rannsókninni hafi komið frá Halldóru Ólafsdóttur yfirlækni og rannsóknin hafi það að markmiði að þróa úrræði fyrir konur í áhættu á þunglyndi á meðgöngu og eftir barnsburð. Hann segir að erlendar rannsóknir á sviðinu hafi aðallega beinst að þunglyndi og þá sérstaklega fæðingarþunglyndi. „Lítið var fjallað um aðrar lyndis- og kvíðaraskanir. Einnig voru takmarkaðar upplýsingar til um geðheilsu á meðgöngu,“ bætir hann við.

Jón Friðrik segir að verið sé að vinna úr niður-



stöðum sem teymið hefur aflað en fyrir síðustu jól var lokið við að taka inn nýja þátttakendur í rannsóknina. Rannsóknin er að hluta til doktorsverkefni Lindu Báru Lýðsdóttur, doktorsnema við Læknadeild Háskóla Íslands. „Með rannsókninni munu fást upplýsingar um þörf á þjónustu fyrir konur með kvíða og þunglyndi á meðgöngu og eftir barnsburð og mótaðar verða skimunar- og greiningaraðferðir sem ættu að koma að góðum notum í mæðravernd í framtíðinni,“ segir hann að lokum.



Auðbjörg Þóra Óskarsdóttir, MS-nemi við Sálfræðideild

Mælir vinnustreitu á Íslandi

„Þessi rannsókn leggur til nýtt mælitæki sem metur vinnustreitu í íslensku starfsumhverfi. Lokaafurðin verður áreiðanlegt og réttmætt mælitæki sem verður hægt að nota bæði í rannsóknum og á hinum almenna vinnumarkaði,“ segir Auðbjörg Þóra Óskarsdóttir, um gagnsemi rannsóknar sem hún vinnur nú að.

Þegar Auðbjörg hóf meistaranám í sálfræði vakti hugtakið streita og þá sérstaklega vinnustreita strax áhuga hennar. Hún segir eitthvað dulið og flókið við hugtakið og að fræðimenn séu ekki sammála um hvernig beri að skilgreina og mæla það.

Auðbjörg viðurkennir að hún eigi til að sökkva sér í flókna hluti. Lokaverkefni hennar í meistaranámi í sálfræði er að hanna og forprófa mælitæki, í formi spurningalista, sem notað er til að meta vinnustreitu í íslensku starfsumhverfi.

Hér á landi hefur verið notast við atriði úr erlendum spurningalistum til að mæla vinnustreitu og hafa þau ekki alltaf átt við íslenskar aðstæður. Í rannsókn Auðbjargar er öðruvísi nálgun beitt við smíði spurninganna. Í stað þess að semja spurningar eftir öðrum listum lagði hún fyrir þátttakendur ákveðnar dæmisögur sem innihéldu lýsingar á aðstæðum á vinnustað. Þeir lýstu svo þeim hugsunum, tilfinningum og hegðun sem væri líkleg til að eiga sér stað við slíkar aðstæður. Svör þátttakenda voru síðan notuð til að útbúa spurningarnar.

Niðurstöður fyrstu forprófana liggja fyrir þar sem áreiðanleiki mælitækisins var skoðaður. Næsta skref er að gera réttmætisprófanir á því. Auðbjörg segir þróun spurningalista sem mælitækis vera langt og breytilegt ferli og að enn sé mikil vinna eftir.

Auðbjörg bendir á að niðurstöður geti einungis orðið eins góðar og mælitækin sem stuðst er við og því sé mikið í húfi. Mikilvægt sé að huga vandlega að rannsóknartækjum, hvort sem það eru spurningalistar eða önnur tól.

Leiðbeinendur: Fanney Þórsdóttir, lektor við Sálfræðideild, og Daniel Þór Ólason, dósent við Sálfræðideild.

Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

RÚSSNESKA STAFRÓFIÐ ENGIN HINDRUN

Margir halda að kyrillíska stafrófið sé stærsta hindrunin vilji menn læra rússnesku,” segir Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands, en rússneska er eitt af fjölmörgum erlendum tungumálum sem kennu eru við skólann. „Svo er í raun alls ekki,” bætir Rebekka ákveðið við, „þótt ef til vill séu s-hljóðin heldur mörg að sumra mati. Reyndar hefur Rússum sjálfum þótt ástæða til þess oftar en einu sinni að einfalda stafrófið við misjafnar undirtektir!”

Rebekka segir að rússneska sé eitt af útbreiddustu tungumálum veraldar. Um 145 milljónir manna hafi rússnesku að móðurmáli. Það sé vissulega ekki ofsagt að kunnátta í rússnesku sé mikilvæg fyrir menningarleg og efnahagsleg samskipti við Rússland og Austur-Evrópu.

Rebekka segir að tengsl Íslendinga og Rússa séu á afar mörgum og ólíkum sviðum. „Það er varla ofsög-

um sagt að íslenska síldin sé það fyrsta sem kemur upp í hugum margra Rússa þegar Ísland ber á góma. Í búðarhillum í Rússlandi má sjá netta síldardós sem ber heitið „Íslandka“ og þykir innihaldið lostæti. Segja má að hér á landi ríki ótáblandin virðing fyrir mörgu sem tengist rússneskri menningu. Kannski er það vegna þess að hún er af þeirri stærðargráðu, rétt eins og landið sjálft, að það er nánast handan þess skiljanlega. Ef til vill felst leyndardómur Rússlands einmitt í því. Og er nokkuð svo slæmt að fá að skipa heiðursess í búðarhillu í leyndardómnum miðjum? Er ekki full ástæða til að hlúa að slíku sambandi?“ spyr Rebekka og brosir.

Úr síldinni fer Rebekka beint yfir í menninguna og talar um að rússnesk leiklist og kvikmyndagerð hafi ávallt notið virðingar á Íslandi, auk þess sem samstarf okkar við Rússa á tónlistarsviðinu hafi verið mikið og fjölbreytt. „Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur

verið dugleg við að flytja rússneska tónlist. Jónas Ingimundarson og Diddú hafa farið í fjölmargar tónleikaferðir til Rússlands og hingað hefur fjöldinn allur af rússneskum tónlistarmönnum komið undanfarin ár. Einnig hafa popptónlistarmenn beggja landa verið í samstarfi,” segir Rebekka.

Hún bætir því við að það sé alkunna að öflugir þýðendur, eins og Ingibjörg Haraldsdóttir, Árni Bergmann, Áslaug Agnarsdóttir og Geir Kristjánsson hafi snúið fjölda verka rússneskra skálda yfir á íslensku og að á undanförunum árum hafi okkur áskotnast þýðingar á sögum eftir Gogol, Túrgenev og Tolstoj. Einnig komi verk íslenskra höfunda fyrir sjónir lesenda í Rússlandi. „Sífelld fleiri íslenskar skáldsögur eru nú þýddar á rússnesku og má þar t.d. nefna 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason og Storm eftir Einar Kárason.”

Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Bókmenntir og jaðarsamfélög

Dvöl Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku, á Kyrrahafsströnd Kostaríku fyrir margt löngu er kveikja að rannsókn hennar á sjálfsmynd og bókmenntum Mið-Ameríkúríkja. „Rannsóknarspurningarnar hafa mallað í undirmeðvitundinni allar götur frá því að ég dvaldist þar. Ég undraðist hvernig íbúnum tækist að lifa saman í sátt og samlyndi þrátt fyrir, að því er virtist, óendanlegan fjölbreytileika kynþátta, menningar og tungumála,” segir Hólmfríður.

Rannsókn Hólmfríðar er tvíþætt. „Annars vegar snýr hún að greiningu á fyrirliggjandi kenningum um mótun sjálfsmýndar. Spurt er hvort og þá hvernig hún fellur að fjölmenningsamfélögum Karíbahafsstrandar Mið-Ameríkúríkja. Hins vegar snýr hún að greiningu á bókmenntaverkum frá strandhéruðum Hondúras, Níkaragva, Kostaríku og Panama. Ég velti fyrir mér hvernig þau endurspeglu

samfélögin sem þau eru sprottin úr og hvaða myndir eru þar dregnar upp af minnihlutahópum strandhéraðanna,” segir Hólmfríður, sem leggur sérstaka áherslu á verk og birtingarmyndir kvenna.

„Fyrstu niðurstöður staðfesta að í verkum rithöfunda og skálda frá Karíbahafsströnd Mið-Ameríkúríkja er myndun sjálfsmýndar algengt umræðuefni. Það á ekki hvað síst við um rithöfunda af blönduðum uppruna eða þá sem yfirgefið hafa heimaslóðirnar og sest að í höfuðborgum landanna sem um ræðir. Menningaraðlögunin sem það krefst vekur áleitnar spurningar sem rithöfundarnir taka til umfjöllunar í skáldverkum sínum,” segir Hólmfríður.

Rannsóknin hefur margþætt gildi og tengir á nýstárlegan hátt fræðaheim hug- og félagsvísinda. „Í rannsókninni er sjónum beint að blómstrandi menningarlífi jaðarsamfélaga og að samfélags-



hópum sem gjarnan eru beittir þöggun. Hún bregður um leið ljósi á menningarlega fjölbreytni landanna í Mið-Ameríku og þegar haft er í huga að bókmenntir eru mikilvægur skrásetningarmiðill sögunnar er augljóst að þær auka þekkingu og skilning á jaðarsamfélögum í Mið-Ameríkúríkjum,” segir Hólmfríður.



Magnús Sveinn Helgason, sagnfræðingur hjá Miðstöð munnlegrar sögu

Kreppusögur yfir 100 Íslendinga

„Í rannsókninni, sem byggist á því að safna viðtölum við meira en 100 Íslendinga hvaðanæva af landinu úr ólíkum hópum og stéttum, er kannað hvernig Íslendingar upplifðu og glímdu við efnahagshrunið 2008, aðdraganda þess og eftirmál og hvaða pólitíska skilning þeir hafa lagt í þessa atburði. Markmiðið er að leita svara við því á hvaða hátt atburðir vetrarins 2008-2009 hafi markað söguleg kaflaskil í persónulegu lífi Íslendinga,“ segir Magnús Sveinn Helgason.

Rannsókn hans ber heitið „Kreppusögur: Reynsla Íslendinga af efnahagskreppunni 2008-2009 og hugmyndir þeirra um áhrif hennar á fjölskyldu, stjórnmal og samfélag.“ Rannsóknin er unnin á vegum Miðstöðvar munnlegrar sögu og veitir Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, henni forstöðu.

Magnús Sveinn segir kveikju vinnunnar hafa verið atburðina haustið 2008 þegar ljóst var að Íslendingar væru að verða vitni að stórsögulegum atburðum sem ættu eftir að hafa mikil og langvarandi áhrif á daglegt líf og samfélagsþróun.

„Hér urðu söguleg kaflaskil. Okkur þótti því mikilvægt að öðlast dýpri skilning, bæði á því hvernig þessir atburðir birtust í daglegu lífi fólks en ekki síður hvernig þeir mótuðu skilning fólks á samfélaginu. Þá þótti okkur mikilvægt að rannsaka upplifun almennings á þessum atburðum, meðan afleiðingar hrunsins og kreppunnar eru ekki fyllilega ljósar,“ segir Magnús Sveinn.

Niðurstöður eru komnar fram að hluta. „Það er margt sem hefur komið okkur á óvart. Eitt af því sem er hvað mest sláandi er hversu lítið traust almenningur hefur til stjórnmalamanna. Á sama tíma er athyglisvert að fólk hefur ekki misst trú á lýðræðið sem slíkt, það eru jafnvel merki um aukinn áhuga á lýðræðislegri þátttöku. Fólk hefur til dæmis orðið mun jákvæðara í garð mótmælaaðgerða en áður. Nokkrir viðmælendur okkar töluðu í þessu sambandi um mikilvægi þess að veita stjórnmalamönnum beint aðhald, ella gleymi þeir fyrir hverja þeir vinna,“ segir Magnús Sveinn.



VEL HEPPNUÐ JAPANSHÁTÍÐ

Fjölmenni lagði leið sína á Háskólatorg í lok janúar til þess að taka þátt í árlegri Japanshátíð sem sendiráð Japans á Íslandi og nemendur í japönsku máli og menningu á Hugvísindasviði stóðu fyrir. Þetta var í áttunda sinn sem hátíðin er haldin en meðal sérstöðu hennar er að flest allt það sem gestum og gangandi er boðið upp á að skoða er unnið og fram borið af nemendum í japönsku máli og menningu við Háskóla Íslands.

Um 60 nemendur leggja nú stund á japönsku við skólann og lögðu þeir mikinn metnað í dagskrána. Þá kom félagsskapur fólks af japönskum uppruna á Íslandi einnig að hátíðinni og stóð meðal annars fyrir japanskri teathöfn og japönskum blómaskreytingum (ikebana).

Á meðal þess sem gestir hátíðarinnar gátu kynnt sér voru japönsk tunga og dægurmenning, matargerðarlist og skrautritun og nýttu margir tækifærið og fengu nafn sitt ritað með þeim hætti. Auk þess gátu gestir spreytt sig í karóki og á borðspilinu igo. Þá vakti sýning ýmissa félaga á japönskum baradagaíþróttum mikla athygli.



Kristján Þór Magnússon, aðjunkt við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

ÞARF AÐ SAMÞÆTTA HREYFINGU OG ALMENNT SKÓLASTARF

Það er mikilvægt að auka og viðhalda því mikilvægasta í lífinu, heilsunni, á mikilvægasta æviskeiðinu, bernskunni," segir Kristján Þór Magnússon, aðjunkt við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, sem á síðasta ári varði fyrstur manna doktorsritgerð í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands.

Doktorsverkefnið hans byggðist m.a. á íhlutunarrannsókninni „Lífsstíll 7 til 9 ára barna“ sem snerist um að þróa leiðir til að auka hreyfingu og stuðla að hollara mataræði hjá börnum á þessum aldri. „Kveikjan að rannsókninni voru ekki síst niðurstöður rannsókna á heilsu 9 og 15 ára barna á árunum 2003 og 2004. Þar kom í ljós

að of fá börn hreyfðu sig samkvæmt ráðlögðum viðmiðum alla daga vikunnar," segir Kristján Þór og bendir einnig á að of þungum börnum fjölgaði ört í upphafi þessarar aldar.

Í rannsókninni var gripið til íhlutunar í þremur grunnskólum á árunum 2006-2008 til að sporna gegn kyrrsetu og óhollustu. Meginniðurstöður eftir íhlutunina voru þær að hún hafði lítil eða takmörkuð áhrif á hreyfingu, þrek eða holdafar barnanna á þessu tveggja ára tímabili þótt aðgerðirnar hafi skilað aukinni hreyfingu meðal þeirra á skólatíma. Meira þarf til. Kristján Þór bendir þó á að niðurstöðurnar sýni að vel sé hægt að samþætta hreyfingu betur almennu skólastarfi í

grunnskólum án þess að það komi niður á öðru námsefni.

„Það er sannarlega verðugt verkefni að finna og þróa leiðir sem auka hreyfingu og bæta lífsstíl yngstu kynslóðarinnar. Við búum við svipaðar aðstæður og aðrar vestrænar þjóðir þar sem kyrrseta og aukið framboð af ódýrum orkuríkum mat blandast í slæmum lífsstílskokteil. Því er ekki ólíklegt að aðferðir þróaðar hér, sem leiða til aukinnar hreyfingar og hollara mataræðis, nýtist ekki bara í okkar samfélagi heldur einnig í löndunum í kringum okkur," segir Kristján Þór.

Kristján Kristjánsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild

Kemur skikki á sjálfíð

„Rannsóknin snýst um eðli sjálsins, rétta afmörkun og tengsl ýmissa algengra sjálfshugtaka, s.s. sjálfsmyndar, sjálfssálts, sjálfsvirðingar og sjálfstrausts, og ekki síst um afleiðingar þessara fyrirbæra fyrir hamingju og árangur fólks í námi, lífi og starfi," segir Kristján Kristjánsson, prófessor í heimspeki menntunar, um rannsókn sína „Sjálfíð og menntunarfræðilegar afleiðingar þess.“

Hann segist hafa orðið var við að ýmiss konar ósamræmi og ranghugmyndir hafi einkennt umræðu, bæði við eldhúsbörðin og í fræðasamfélaginu, um sjálf og sjálfshugtök. „Einkum fór í taugarnar á mér hve sparir fræðimenn á ólíkum sviðum, eins og heimspeki, sálfræði og menntunarfræði, hafa verið á að bera saman bækur sínar um þessi efni og læra hverjir af öðrum," segir Kristján.

Kristján segist hafa valið rannsóknarefnið í von um að koma einhverjum sameiginlegum skikk á þessar annars ólíku umræðuhefðir. „Einnig valdi ég

það í von um að draga mætti einhverjar hagnýtar menntunarfræðilegar afleiðingar af niðurstöðum mínum.“

Meginniðurstöðurnar hafa birst í bók Kristjáns, "The Self and Its Emotions", sem kom út hjá Cambridge University Press árið 2010. „Ég hef svo haldið áfram að þróa ýmsar hugmyndir síðan þá á ráðstefnum og málstofum í Englandi, Skotlandi, Wales, Þýskalandi og Taívan.“

Rannsóknarvinna Kristjáns hefur að hans dómi gildi fyrir vísindi og íslenskt samfélag. „Heimspeilegt gildi rannsóknarinnar felst í því að færa rök að tiltekinni vægri hluthyggjuhugmynd, þ.e. hugmynd um sjálfíð sem raunverulegan hlutlægan veruleika, ekki bara hugarsmið, þar sem gerður er skýr greinarmunur á sjálfí annars vegar og sjálfsmynd hins vegar. Annað fræðilegt gildi felst í tengingum milli ólíkra umræðuhefða um sjálfíð og hversdagsumræðunnar. Hagnýtt gildi



rannsóknarinnar byggist á ýmiss konar hugtakatengingum og reynslurannsóknum sem varpa ljósi á samband sjálf og sjálfsmyndar og þýðingu þessara fyrirbæra, t.d. fyrir uppeldismál, árangur í skólafunni, siðferðilegan og sálrænan styrk okkar og „lífsleikni“ í víðustu merkingu," segir Kristján að lokum.



Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið Tengsl andlegrar líðanar og hreyfingar

„Við viljum kanna breytingar sem orðið hafa á holdafari, hreyfingu, þreki, andlegri líðan og félagslegum þáttum hjá íslenskum ungmennum. Það þverfaglega teymi sem kemur að vinnunni er mikilvægur þáttur rannsóknarinnar og stuðlar að fjölbreyttri nálgun ólíkra fræðasviða. Ég legg áherslu á að kanna andlega líðan þátttakenda og rannsaka tengsl hennar við holdafar og hreyfingu,“ segir Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi í íþrótt- og heilsufræði, um rannsóknina „Atgervi ungra Íslendinga.“

Sunna tengist rannsókninni sterkum böndum þar sem hún helgaði líf sitt afreksíþróttamennsku í 15 ár. „Á fyrri námsstigum rannsakaði ég áhrif hreyfingar á líðan ungmenna og síðar andlega reynslu afreksíþróttafólks af afreksmennskunni,“ segir Sunna.

„Atgervi ungra Íslendinga“ er framhald rannsóknarinnar „Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga“ sem fór fram á árunum 2003 til 2004. Þátttakendur eru þeir sömu og í fyrri rannsókninni, nærri þúsund talsins, en eru nú orðnir 17 og 23 ára. Þetta er í fyrsta sinn sem þróun og breytingar á umræddum heilsufarsþáttum eru kannaðar jafnhliða í tveimur landsúrtökum á Íslandi. Niðurstöður fyrri rannsóknarinnar sýndu að þátt-

takendur hreyfðu sig of lítið og voru of þungir í samburði við aðrar þjóðir.

„Það verður spennandi að sjá hvernig málin hafa þróast hjá þátttakendum nú átta árum síðar. Niðurstöðurnar munu vonandi ekki aðeins geta varpað ljósi á þær sálfélagslegu breytingar sem eiga sér stað frá unglingsárum til fullorðinsára Íslendinga heldur einnig leiðbeint stjórnáráðgjafum og heilbrigðisyfirvöldum varðandi úrræði og bjargir til að hamla gegn einni almestu lýðheilsuvá sem jarðarbúar standa nú andspænis, þ.e.a.s. offitunni,“ segir Sunna að lokum.

Rannsóknin er hluti af evrópskri rannsókn, European Youth Heart Study (EYHS).

Þrjú doktorsnemar og þrjú meistaranemar vinna að rannsókninni. Auk Sunnu eru það Sandra Jónasdóttir, íþróttfræðingur og doktorsnemi, Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi, Margrét H. Indriðadóttir, sjúkráþjálfari og meistaranemi, Eygló Traustadóttir, sjúkráþjálfari og meistaranemi, og Elvar Sævarsson, íþróttfræðingur og meistaranemi.

Verkefnisstjóri rannsóknarinnar: Erlingur S. Jóhannsson, prófessor við Íþrótt-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild.

Hvaða máli skiptir Háskóli Íslands fyrir íslenskt samfélag?



Mýa Ýrr Sveinrúnardóttir,
BA-nemi í tólmstunda- og félagsmálafræði

Háskóli Íslands veitir öllum jafnan aðgang að góðri menntun óháð fjárhag og stöðu. Við höfum líka öll jafnan aðgang að menntastofnuninni hvort sem við erum fótluð eða ófótluð.



Matthías Leifsson, BS-nemi í hagfræði

Háskóli Íslands er tákinn sem stendur fyrir menntun og framfarir á Íslandi. Skólinn er vel þekktur á erlendri grundu og leitað er til fjölda vísindamanna sem starfa við skólann þegar samfélaginu liggur mikið við að greina viðfangsefni, eins og til dæmis nú Vaðlaheiðargöngi.



Magnús Karl Gylfason,
BS-nemi í byggingarverkfræði

Háskóli Íslands er gríðarlega mikilvægur íslensku samfélagi vegna þess að hann stuðlar að aukinni framþróun og menntun þjóðarinnar.



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ í Bolungarvík

SAMSPIL MANNNS OG ÞORSKS

Þegar við komum til Bolungarvíkur í gegnum nýju göngin kastar sólin geislum sínum yfir okkur og bærinn blasir við; yfir vakir mögnuð Traðarhyrna og skýlir víkinni og erilsamri höfninni. Þetta er góð höfn og stutt á miðin, logn í henni og nokkrir strákar að veiða af bryggjusporðinum. Af honum er útsýni yfir Djúpið til Jökulfjarða í norðri og inn til Snæfjallastrandar. Ef horft er inn Djúpið blasir Óshlíðin við sem var áður hættulegur

„ÞORSKUR HEFUR ALLTAF VERIÐ HELSTA ÚTFLUTNINGSVARA ÍSLENDINGA – ÞANNIG HAFA ÖRLÖG ÞORSKS OG MANNNS VERIÐ SAMTVINNUÐ FRÁ LANDNÁMI“

farartálmi og nær er Ósvörin þaðan sem í aldir var róid til fiskjar. Bærinn hefur vaxið af veiðum á þorski.

Í Bolungarvík er rannsóknasetur Háskóla Íslands, eitt af sjö slíkum. Þar sinnir starfsfólk vísindastörfum og kennslu og nú er verið að rannsaka þar samspil þorsks og manns. Það fer vel á því þar sem Bolungarvík var ein helsta verstöðin í Ísafjarðardjúpi allt fram á síðustu öld. Þar eru enn miklir sjósóknarar og þegar við Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir erum að spóka okkur á bryggjunni er verið að beita í skúrum við höfnina og strákararnir eru að landa þyrsklingi.

„Rannsóknin er þverfræðileg,“ segir Guðbjörg

Ásta. „Annars vegar miðar hún að því að kortleggja sveiflur í stofnsamsetningu þorsks við Ísland frá landnámi til nútíma og hins vegar að meta áhrif af þessum sveiflum á búsetu í sjávarbyggðum og á efnahag Íslendinga á miðöldum.“ Guðbjörg Ásta er forstöðumaður Rannsóknasetursins í Bolungarvík. Hún lítur snöggvast út á víkina og yfir Djúpið sem er enn gjöfult á þorskinn.

Hún heldur áfram og segir að maðurinn hafi alltaf reynt að skilja sveiflur í náttúrunni. „Þekking á okkar helstu auðlindum er enn þá forsenda sjálfbærrar nýtingar. Þorskur hefur alltaf verið helsta útflutningsvara Íslendinga – þannig hafa örlög þorsks og manns verið samtvinnuð frá landnámi,“ segir hún.

„Við hófumst handa í fyrra þannig að rannsóknin er enn stutt á veg komin. Þó hefur miklu magni af beinum af gömlum verstöðvum verið safnað á mismunandi landsvæðum og beinin ná allt aftur að landnámi. Nú er unnið að því að kortleggja erfðabreytileika í beinum. Þannig má meta líklegar stofnstærðarsveiflur og kanna hvort sú skipting sem nú er í þorskstofninum, sem t.d. tengist breiddargráðu og dýpi, hafi verið stöðug í langan tíma.“

Að sögn Guðbjargar munu niðurstöður rannsóknarinnar hugsanlega gefa innsýn í það hve miklar náttúrulegar sveiflur hafi verið í þorsk-



stofninum og hvernig þær sveiflur tengist t.d. sjávarhita. Hún segir að líffræðilegi hluti verk-efnisins miði að því að tengja stofnsveiflur við breytingar í umhverfinu, þar á meðal við sjávarhita og fæðuframboð. Unnið sé með breytileika í tíma en einnig landfræðilega, þ.e. hvernig stofnstærðin tengist breiddargráðu og dýpt miðanna þar sem þorskurinn er veiddur. Hún segir að sýnt hafi verið fram á að breytileiki í þorskstofninum nú á tímum tengist þessum þáttum.

„Niðurstöðurnar gefa mikilvægar stofnvistfræðilegar upplýsingar og bæta forsendur fyrir ákvörðunum um vernd og nýtingu fiskistofna. Þá geta beinar stofnvistfræðilegar upplýsingar um þorskinn aukið umtalsvert skilning á efnahagslegum og umhverfislegum forsendum búsetu á norðurlóðum og þróun sjávarbyggða.“



Karl Skírnisson, dýrafræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum


Sníkjudýr í villtum fuglum

Pekkingu á sníkjudýrategundum í villtum fuglum, sem jafnvel geta borist í menn, hefur fleygt fram á undanfönum árum og áratugum. Það er ekki síst fyrir tilstilli rannsókna við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Karl Skírnisson, dýrafræðingur við tilraunastöðina, hefur um árabíl stundað slíkar rannsóknir í samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga. Kveikjan að rannsóknunum var mikill æðarkolludauði sem rakinn var til þörungablóma á Húnaflóa vorið 1992. „Rannsóknir á dauðu fuglum leiddu í ljós mikið smit af völdum fjölmargra sníkjudýrategunda. Í framhaldinu var gerð sérstök rannsókn á sníkjudýrabyrði æðarfugla og nú eru þekktar ríflega 40 tegundir í stofninum hér við land,” segir Karl.

Rannsóknirnar hafa beinst að fleiri fuglategundum, til dæmis flórgoða, álft, gæsuum og öndum en einnig vaðfuglum, máfum og fálka. „Tugir sníkjudýra hafa verið greindir og greinar ritaðar um þau í erlend fagttímarit. Þar eru oft á ferðinni áður óþekktar tegundir í vísindaheiminum,” segir Karl.

Lirfur sumra sníkjudýranna geta valdið mönnum skaða. „Þegar sundmannakláði var greindur á Íslandi í fyrsta sinn árið 1997 hófust rannsóknir á



blóðögðutegundunum sem hér lifa í fuglum. Í ljós kom að ýmsir andfuglar eru lokahýslar þessara sníkjudýra sem lifa sem lirfur í ferskvatnssniglum hér á landi. Þessar lirfur geta borað sig inn í gegnum húð manna sem baða sig eða vaða þar sem lirfurnar lifa í vatninu. Fólk getur í framhaldinu fengið heiftarleg útbrot,” segir Karl enn fremur.

Á síðustu árum hefur Karl beint sjónum sínum að sníkjudýrum í rjúpum. „Þær rannsóknir hafa leitt í ljós 17 tegundir sníkjudýra sem tekið hafa sér bólfestu á ýmsum stöðum á rjúpunni. Sjö tegundanna voru áður óþekktar í vísindaheiminum og fjórar til viðbótar höfðu aldrei áður fundist í rjúpu þannig að rannsóknirnar á Keldum hafa gjörbreytt þekkingu manna á sníkjudýrasýkingum í rjúpum,” segir Karl að lokum.



Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Óréttlátt að kenna eldri öikumönnum um alvarleg slys

Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði, hefur kannað áhrif mismunandi sjúkdóma á alvarleika og fjölda umferðarslysa. „Dæmi eru um alvarleg slys sem heilsuskertir öikumenn hafa valdið. Það hefur verið tilhneiging í óformlegri umræðu að kenna „eldri“ öikumönnum sem hóp um slík slys en það er óréttlátt. Stundum heyrst sagt að skerða beri ökuréttindi eldri borgara enn frekar en nú er gert. Þó eru eldri öikumenn sem hópur einn sá öruggasti í umferðinni. Þrátt fyrir það geta tilteknir sjúkdómar sem hrjá einstaklinga, og verða vissulega algengari með aldrinum, valdið aukinni slyshættu í umferðinni,” segir Guðmundur.

Rannsóknir á umferðaröryggi eru aðalrannsóknasvið Guðmundar Freys. „Ein stærsta opna spurningin er hvernig hægt er að aðgreina örugga öikumenn frá þeim sem eru hættulegir í umferðinni. Tilgangurinn er að skerða ökuréttindi hættulegra, heilskuskertra öikumanna án þess að skerða ökuréttindi annarra. Heilskuskerðing er einn af áhættuþáttunum og því mikilvægt rannsóknar efni,” segir Guðmundur.

Rannsókn Guðmundar stendur enn yfir en niðurstöður úr hluta hennar sýna að heilabilun og annar heilaskaði eru þeir þættir heilsunnar sem skerða umferðaröryggi hvað mest. „Við vonum að með rannsóknum sem þessum verði unnt að þróa réttlátara matskerfi fyrir ökuhæfni sem getur aukið umferðaröryggi og jafnframt dregið úr einfaldri flokkun fólks eftir aldri sem veldur vissri aldursmismunun. Við vonum að hægt verði að nýta niðurstöðurnar til að fækka slysum, ekki síst alvarlegum slysum, sem tengjast heilsuskertum öikumönnum,” segir Guðmundur. Þess má geta að m.a. hefur fengist stuðningur frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til ákveðinna verkefna sem tengjast rannsókninni.

Í tengslum við eitt þeirra ritaði teymi sérfræðinga (m.a. frá Háskóla Íslands, Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, Umferðarstofu og Rannsóknarnefnd umferðarslysa) bækling ætlaðan öikumönnum um tengsl heilsu og umferðaröryggi.



BÓKSALAN ÞJÓNAR ÞÉR



Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda

„Ég versla við Bóksölu vegna úrvalsins. Þar er fjöldi bóka, einkum erlendra, sem hvergi annars staðar er að finna og starfsmenn hennar hafa lengi sýnt talsverða hugkvæmni í að þefa uppi áhugaverðar bækur. Þá hafa kjörin lengi verið hagstæð og þessi fasti afsláttur safnast þegar saman kemur þó að raunar hafi gengi erlendra gjaldmiðla verið heldur óblítt upp á síðkastið.

Það besta við Bóksölu eru bækurnar og starfsfólkið! Þó sakna ég raunar enn þá Kristínar, Bóksalan er ekki söm án hennar, en allt starfsfólkið er einstaklega þægilegt og lipurt og veit um hvað það talar. Þá finnst mér ótrúlegt hvað það er hægt að koma miklu af merkilegum bókum fyrir á tiltölulega litlu plássi. Já, og svo er ekki kaffihús í Bóksölunni (þó að það sé raunar skammt undan), það er full þörf fyrir eina bókabúð án háværrar kaffivélar.“



Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði


„Ég vildi óska að Bóksalan hefði meira rými. Starfsmennirnir velja samt vel inn og það er skemmtilegt að skoða rit af öðrum fræðasviðum en mínu eigin. Þarna fann ég t.d. nýlega bók eftir Leonard Susskind, *The Black Hole War. My Battle with Stephen Hawking to Make the World Safe for Quantum Mechanics*, sem fjallar um grundvallarágreiðing sem kom upp meðal stjarnfræðinga á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Stærsta uppgötvinin við lestur bókarinnar (en ég hafði lesið ýmislegt um efnið áður) var kannski að sjá að Lárus Thorlacius, prófessor í eðlisfræði, var samstarfsmaður Susskinds á þessum tíma og í sigurliði svartholastríðsins. Þannig þurfti ég að lesa bók eftir mann í Kaliforníu til að vita hvað kollegi minn hinum megin við götuna var að gera. Þá fór ég á Netið og las nokkrar greinar eftir Lárus um svartholafræði. Því má heldur ekki gleyma að bókina kom úr næsta húsi við skrifstofu mína.“



Árni Bergmann, rithöfundur

„Ég kem oft í Bóksölu stúdenta vegna þess að hún stendur sig betur en aðrar bókaverslanir, einkum í því að hafa annað og fleira á boðstólum en alþjóðlegar metsölubækur, yfirleitt skáldsagnakyns. Þar er líka von til að sjá bækur á fleiri erlendum málum en ensku – en svokölluð samkeppni hefur útrýmt þeim úr öðrum bókabúðum. Það er þessi fjölbreytni sem ég met mest við Bóksölu stúdenta.“





Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands

Karlmennska og kvenleiki

Arnar Gíslason er jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands. Meðal verkefna hans er að skipuleggja árlega jafnréttisdaga háskólans sem haldnir eru á haustmisseri. Tímarit háskólans ræddi við Arnar um viðburðinn.

Hvað eru jafnréttisdagar?

„Jafnréttisdagar eru nokkurra daga „hátíð“ þar sem finna má viðburði eins og fyrirlestra, umræðufundi og listviðburði sem allir fjalla um jafnrétti. Við horfum á jafnrétti í víðu samhengi, sem þýðir að fjallað er um jafnrétti karla og kvenna, fötlun og fötlunarfræði, hinsegin fólk og hinseginfræði og margt fleira. Á jafnréttisdögum hefur t.d. verið fjallað um karla og karlmennsku, upplifun alþjóðlegra stúdenta, kynferðisofbeldi, aðstæður fólks með fötlun þegar kemur að háskólanámi, hið gagnkynhneigða „norm“ eða viðmið og táknmál

sem fyrsta mál svo að eitthvað sé nefnt. Jafnréttisdagar eru líka samstarfsverkefni starfsfólks og stúdenta og nokkurra aðila utan skólans og hefur þetta góða samstarf verið lykilorsenda þess hve vel hefur gengið.“

Hvernig var dagskráin á jafnréttisdögum 2011?

„Þá ákváðum við að beina sjónum okkar að „norminu“, því sem þykir jafnan eðlilegt og sjálf-sagt. Þungamiðjan í þeirri viðleitni var verkið „Svo eðlilegur náungi“ sem framandverkaflökkurinn Kviss búmm bang stóð fyrir. Hópurinn hefur fjallað mikið um hvað þykir eðlilegt og hvað ekki, m.a. út frá hugmyndum um karlmennsku og kvenleika, og notað til þess hugmyndir kynjafraeðum og hinseginfræðum.

Þá kom norski fræðimaðurinn Eva Magnus

til landsins og fjallaði um fötlun í háskólanámi, Þorgeður Einarsdóttir, prófessor í kynjafraeði, hélt erindi um feðravelðið og hrúnið og tímaritið Endemi stýrði hljóðverkasýningu á Háskólatorgi svo að eitthvað sé nefnt.“

Hvernig verða svo jafnréttisdagar 2012?

„Góð spurning! Við höfum yfirleitt tekið mið af því sem er efst á baugi hverju sinni en einnig höfum við leyft forminu að þróast töluvert, t.d. á síðasta ári með áherslu á listir. Fyrstu jafnréttisdagarnir, árið 2009, stóðu yfir í þrjú daga, en árið 2011 stóðu dagarnir yfir í tvær vikur. Ég held að það sé ágætt að leyfa svona verkefni að þróast og að við séum opin fyrir því að breyta til og læra af reynslunni. Kjarninn í jafnréttisdögum verður þó vafalítið sá sami – fræðileg umfjöllun um hið fjölbreytta svið jafnréttis.“

Fær geislabaug við að drekka Hámusafa

Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða og dósent í frumulíffræði og fósturfraeði, segist versla við Bóksöluna vegna þess að þar líði henni eins og heima hjá sér. „Bóksalan er notaleg og mátulega stór. Svo er hún á vinnustaðnum mínum, selur það sem mig vantar og líka margt sem mig vantar ekki en langar í – og þá er gott að Bóksalan er oft með freistandi tilboð sem gaman er að falla fyrir. Starfsfólkið dásamlega

er það besta við Bóksöluna,“ segir hún. Bókabúðin er þó ekki eina þjónustan sem Guðrún nýtir sér á Háskólatorgi þar sem hún er einnig dyggur viðskiptavinur Hámu. Aðspurð um uppáhaldsmat þar stendur ekki á svörum. „Græni hrikalega hollu drykkurinn með engiferi og appelsínusafa – og einhverju sem ég veit ekki hvað er. Hann er svo bragðgóður og svo fær maður geislabaug við að drekka hann.“



Guðný Gústafsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við Stjórn málafræðideild

GOÐSÖGNIN UM FEGURÐ ÍSLENSKRA KVENNA

Á níunda áratug síðustu aldar öðlaðist fegurð íslenskra kvenna alheimsviðurkenningu. Með aðeins nokkurra ára millibili hrepptu tvær íslenskar konur titil keppinnar Ungfrú Heimur, Hólmfríður Karlsdóttir og Linda Pétursdóttir. Goðsögnin um fegurð íslenskra kvenna varð að félagslega samþykktum sannleika," segir Guðný Gústafsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við Stjórn málafræðideild.

Hún flutti erindið „Hagfræði fegurðar“ á Þjóðarspeglinum í haust. Erindið var tengt doktorsverkefni hennar. Í því hyggst Guðný m.a. sýna hvaða hugmyndir samfélagsins um kvenleika mótuðust og var haldið á lofti á árunum 1980 til 2008.

Í erindinu benti Guðný á að ein meginímynd

hins íslenska kvenleika á síðari tímum hefði verið hin félagslega skilgreinda fegurð kvenna. Hin kvenlega fegurð hefði verið samofin hreinleika íslenskrar náttúru og menningarbundinni arfleifð þjóðarinnar. „Á sama tíma og fegurð íslenskra kvenna varð svo umtöluð leituðu ríkið og fyrirtæki landsins leiða til að markaðssetja íslenskar afurðir á alþjóðamarkaði. Það þótti liggja beint við að samnýta krafta fegurðardrottninga og kaupsýslumanna. Á árunum sem Hófi og Linda báru titilinn Ungfrú Heimur sinntu þær viðtæku markaðsstarfi fyrir Íslands hönd. Þær öfluðu þjóðarúinu gjaldeyristekna og fegruðu ímynd Íslands út á við. Laun þeirra sjálfra á árinu numu þó ekki nema meðallaunum íslenskra kvenna á almennum vinnumarkaði," bendir Guðný á.

Á vinningsári sínu hafi konurnar tvær nálgast sögulegt vald kóngafólksins og viðskiptavald síns tíma. „Skilgreind fegurð þeirra og hlutverk, sem komið var á framfæri sem valdeflandi fyrir konur, var þó í raun takmarkandi þegar betur er að gáð. Með öðrum orðum þá endurspeglaði ímynd kvenleikans valdleysi á sama tíma og það þjónaði hagsmunum samfélagsvaldsins sem jafnan er í höndum karla. Á þennan hátt gegnir skilgreind fegurð kvenna því hlutverki að undirbyggja þau kynjuðu valdatengsl sem liggja til grundvallar hverju samfélagi á hverjum stað og tíma," segir Guðný enn fremur.

Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild.

Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild

Eru munnlegar yfirlýsingar skuldbindandi?

„Rannsóknin snýst um það hvernig skuldbindingar ríkja geta mögulega stofnast á vettvangi þjóðaréttar án þess að þær verði beinlínis raktar til hefðbundinna réttarheimilda eins og þeim er lýst í fræðunum," segir Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild.

Einhver mikilvægasta réttarheimild þjóðaréttar eru þjóðréttarsamningar en tilvist þeirra er almennt bundin við tiltekið efni og form. Pétur fór þá leið að beina sjónum að fyrirbærum sem teljast stundum vera einhvers konar „samningsgildi“ en geta þó almennt ekki talist eiginlegir þjóðaréttarsamningar. Hér er einkum um að ræða svokallaðar sameiginlegar viljayfirlýsingar ríkja og munnlegar yfirlýsingar þar til bærra ráðamanna fyrir hönd ríkja. „Áhugi minn beindist að því að reyna að greina skilyrði þess hvort og þá hvenær slíkar yfir-

lýsingar gætu mögulega talist skuldbindandi fyrir ríki að þjóðarétti," segir Pétur.

Viðfangsefnið þótti honum áhugavert en þar að auki hefur það ekki verið mikið rannsakað. Margir kannast við hugleiðingar um hugsanlega þýðingu ummæla ráðamanna í tengslum við ICESAVE-málið og um þýðingu sameiginlegra viljayfirlýsinga þar að lútandi og í tengslum við varnarsamninginn við Bandaríkin. Pétur segist hafa viljað leggja sitt af mörkum til að beina slíkri umræðu í skýrara samhengi.

Helstu niðurstöður Péturs voru þær að sameiginlegar viljayfirlýsingar og munnlegar yfirlýsingar ráðamanna geti mögulega haft skuldbindingargildi fyrir ríki að þjóðarétti en þá aðeins að tilteknum skilyrðum uppfylltum. „Gildi rannsóknarinnar felst í því að settar eru fram



leiðbeiningar varðandi það til hvaða viðmiða þarf að líta við sambærilegt mat í öðrum tilvikum. Það mætti því segja að þetta sé fyrst og fremst hálfgerð sprotastarfsemi, eins og alvörusindamenn myndu vísast orða það," segir Pétur.



Hilda Kristjánsdóttir,
MA-nemi við Félags- og mannvísindadeild
Týnda samfélagið
við Kárahjúka

„Markmiðið er að ljá þöglum röddum þeirra sem störfuðu og bjuggu á Kárahjúkasvæðinu ákveðinn hljóm,” segir Hilda Kristjánsdóttir um meistararannsókn sína sem hún nefnir „Týnda samfélagið – Kárahjúkar” en Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti þetta verkefni Hildu.

Hún segir að áhuginn á verkefninu hafi vaknað í námi hennar í safnafræði; þar hafi hún fundið nauðsyn þess að safna munnlegum heimildum hjá fólkinu við Kárahjúka sem átti svo ríkan þátt í einstökum kafla í sögu Íslands á tæpum áratug.

„Ég vildi varðveita minningar þessa fólks um þennan merkilega atburð í sögu Íslands þegar heilt samfélag var byggt upp á hálendi Íslands. Ég vil líka opna fólki sýn á ýmsar hliðar á þessu samfélagi sem ekki hafa allar verið sýnilegar utan þess.”

Hilda segir að fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sýni hversu gríðarleg stéttaskipting hafi verið á svæðinu en of snemmt sé að spá fyrir um hverju rannsóknin skili í heild enda sé hún of skammt á veg komin.

„Þar sem þetta er rannsókn á einstökum þætti í sögu Íslands verða upplýsingarnar líka sérstakar. Það er mjög mikilvægt að mann- og félagslegir þættir séu hafðir að leiðarljósi í slíkum verkefnum enda leika þeir stórt hlutverk. Einnig er nauðsynlegt að horfa ekki bara til samfélagsins við



Kárahjúka í rannsókninni, heldur taka líka tillit til þess stóra samfélags sem er fyrir utan þetta litla við Kárahjúka. Það verður að horfa á heildina,” segir Hilda.

Hún vonast til þess að draga megi lærdóm af niðurstöðum rannsóknarinnar og hafa hann að leiðarljósi ef einhvern tímann verður aftur ráðist í mannvirkjagerð sem krefst sambærilegra umsvifa.

Leiðbeinendur: Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent við Félags- og mannvísindadeild, og Elfa Hlín Pétursdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands.



Hilda H. Cortez,
MS frá Hagfræðideild

Lyf fækka veikinda-
dögum þunglyndra

„Geðlyfjakostnaður hér á landi er mjög mikill og það er því ákveðið hagsmunamál að lyfin slái þannig á einkenni geðraskana að fólk verði vinnufært eða í það minnsta að veikindadögum fækki,” segir Hilda H. Cortez, MS í hagfræði, um rannsókn sem hún vann í fyrrasumar með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Hilda réðst í rannsóknina í framhaldi af meistararitgerð sinni í hagfræði þar sem hún gerði kostnaðarntýjagreiningu á hugrænni atferlismæðferð (HAM) við þunglyndi í samanburði við lyfjameðferð. „Kostnaðarntýjagreining er aðferð sem er notuð til þess að meta hagkvæmni ákveðinna ihlutana eins og þunglyndismæðferðar. Eftir að hafa legið yfir rannsóknnum á árangri slíkrar meðferðar langaði mig að skoða áhrif lyfjameðferðar enn frekar,” segir Hilda.

Í rannsókninni kannaði Hilda áhrif geðraskana og geðlyfjanotkunar á atvinnuþátttöku, tekjur og fjölda veikindadaga. Hún skoðaði hvort munur væri á milli þeirra einstaklinga sem greindir voru með þunglyndis- eða kvíðaraskanir og höfðu fengið geðlyf og þeirra sem hlotið höfðu sömu greiningu en aldrei fengið slík lyf.

„Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að lyfjameðferð dragi úr fjölda veikindadaga hjá þeim sem eru á vinnumarkaði og auki líkur á atvinnuþátttöku. Rannsóknin leiddi hins vegar einnig í ljós að ákveðnum hópi sem hefur verið greindur með þunglyndis- eða kvíðaröskun en aldrei verið meðhöndlaður með lyfjum vegnar betur en hinum hópnum þar sem lyfjameðferð var beitt,” segir Hilda enn fremur.

Hún bendir einnig á að rannsóknin gefi vísbendingar um hvar frekari rannsóknar er þörf „en það er nokkuð ljóst að það þarf að skoða nánar þann mun sem kemur fram á milli hópanna, sérstaklega til þess að rannsaka betur áhrif lyfjanotkunar á atvinnuþátttöku, tekjur og fjölda veikindadaga.”

Leiðbeinandi: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild.



Margrét Guðnadóttir heiðursdoktor við Háskóla Íslands

Margrét Guðnadóttir, prófessor emerita, var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Læknadeild Háskóla Íslands 10. nóvember síðastliðinn. Nafnbótina hlýtur hún fyrir vísindaframlag á sviði veirufræði og greiningu veirusýkinga. Með rannsóknum sínum hefur Margrét lagt af mörkum mikla þekkingu á fjölmörgum veirusýkingum, m.a. rauðum hundum, mislingum, hettusótt og cytomegalo-veirusýkingum. Þá hafa rannsóknir hennar á hæggengum veirusjúkdómum í sauðfé, eðli visnu-mænuveikisýkingar og gerð bóluæfnis við þeirri sýkingu skipað Margréti í röð fremstu vísindamanna og borið merki Háskóla Íslands

hátt í hinum alþjóðlega vísindaheimi.

Margrét lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands. Hún stundaði framhaldsnám í veirufræði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og hlaut frekari menntun og þjálfun við Central Public Health Laboratory í London á vegum Alþjóða-heilbrigðismálastofnunarinnar, á ýmsum veirurannsóknastofum í Bandaríkjunum og Kanada og loks í framhaldsnámi í veirufræði við veirufræðideild Yale-háskóla. Að námi loknu, árið 1960, tók Margrét við starfi sérfræðings við Tilraunastöðina á Keldum. Þar kom í hlut hennar og samstarfsmanna að halda uppi merki Björns Sigurðssonar, fyrrverandi

forstöðumanns tilraunastöðvarinnar, sem þá var nýlega fallinn frá.

Eftir níu ára starf á Keldum, vorið 1969, var Margrét skipuð prófessor í sýklafræði við Læknadeild Háskóla Íslands og var þar með fyrst kvenna til að gegna prófessorsembætti við háskólann. Hluti af starfi hennar fólst í að veita Rannsóknastofu háskólans í veirufræði forstöðu og þar með hafa yfirumsjón með rannsóknum í veirufræði og greiningu veirusýkinga í landinu um áratuga skeið. Margrét lét af störfum sem prófessor við Læknadeild sökum aldurs árið 1999.

Árni Kristmundsson, fisksjúkdómafræðingur við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum Hvað varð um hörpuskelina?

„Þetta er ekkert einfalt mál og því afskaplega mikil áskorun,“ segir Árni Kristmundsson, fisksjúkdómafræðingur og forystumaður rannsókna um hrun á stofni hörpuskeljar í Breiðafirði. Hann starfar við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

„Hörpuskelin er nytjastofn og gríðarlega mikilvæg tekjulind fyrir smærri byggðarlög á svæðinu, t.d. Stykkishólm. Þetta var bara áfall,“ segir Árni en frá árinu 2004 hafa allar veiðar verið lagðar af vegna hrunsins. Árið 2002 hófust umfangsmiklar sjúkdómsrannsóknir að Keldum sem var ætlað að kanna mögulegan þátt sjúkdóma í hruni stofnsins, sem fór niður í 10% af meðalstærð árunna á undan. Niðurstöðurnar hafa leitt í ljós tvær áður óþekktar tegundir einfruma sníkjudýra. Annað þessara sníkjudýra virðist eiga stóran þátt í hruni stofnsins og er, eins og Árni kallar það, „mjög sérstakt kvikindi sem er ekki líkt neinu öðru sníkjudýri sem finnst í

skeldýrum annars staðar í heiminum. Sníkjudýrið fer inn í vöðvafrumur og drepur þær og veldur vöðvaeyðingu. Mikið af dauðum skeljum fannst og menn tóku eftir að vöðvinn í skelinni var orðinn ljótur og rýr.“

Auk skelja við Ísland voru sýni rannsökuð úr náskyldum tegundum hörpuskelja við Skotland og Færeyjar. Sú viðbótarrannsókn sýndi fram á tilvist sama sníkjudýrs og eru þær upplýsingar mikilvæg viðbót um útbreiðslusvæði og áhrif sníkjudýrsins.

Nýverið voru birtar greinar í erlendu vísindatímariti þar sem þessum nýju tegundum sníkjudýra er lýst. Einnig hafa rannsóknirnar verið kynntar á ráðstefnum og fundum innanlands sem utan.

Sýkingarnar hafa verið á undanhaldi frá árunum 2007 og 2008. Eitthvað verður þó í að veiðar verði aftur leyfðar því að „þegar stofn fer svona ofsalega langt niður á hann gríðarlega effitt með að ná sér á



strik aftur,“ segir Árni. Við upphaf rannsóknarinnar var gerður samningur til tíu ára við sjávarútvegsráðuneytið sem tryggði fé til verkefnisins. Sá samningur er senn á enda en þar sem rannsókninni er ekki lokið er næsta skref að afla fjár til frekari rannsókna.



Ásbjörg Ósk Snorradóttir, doktorsnemi við Læknadeild, og **Ástríður Pálsdóttir**, sameindalíffræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

RANNSAKA SÉRÍSLENSKAN SJÚKDÓM

Ásbjörg Ósk Snorradóttir er ung vísindakona sem hefur brennandi áhuga á raunvísindum og leggur á sig að vera í krefjandi doktorsnámi með tvö ung börn. Áður en Ásbjörg hóf doktorsnám við Háskóla Íslands var hún í lífeindafræði í Tækniskólanum.

„Ásbjörg kom til okkar til að vinna við Nýsköpunarsjóðsverkefni og við sáum strax dugnaðinn í henni og fengum því styrk fyrir hana. Hún breytti því litla verkefni sínu í doktorsnám,“ segir Ástríður Pálsdóttir, sameindalíffræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, en hún er leiðbeinandi Ásbjargar í doktorsnáminu ásamt Birki Þór Bragasyoni, líffræðingi á Keldum.

„Núna er Ásbjörg að hala inn afar áhugaverðar niðurstöður og lýkur náminu á þessu ári.“

„ENDANLEGT MARKMIÐ RANNSÓKNARINNAR ER AUÐVITAÐ AÐ FINNA MÖGULEGA MEÐFERÐ FYRIR ARFBERANA“

Rannsóknin sem þau vinna saman að snýst um að uppgötva hvers vegna stökkbreytt prótein, sem kallað er cystatin C, veldur arfgengum ríkjandi sjúkdómi sem veldur síendurteknum heilablæðingum. Blæðingarnar valda að lokum dauða hjá ungu fólki sem hefur þessa stökkbreytingu. Ástríður segir að stökkbreytta próteinið myndi skallað amyloid í heilaslagæðum hjá arfberum en amyloid er óeðlileg og óæskileg útfelling próteína

í vefjum líkamans. „Þótt arfgeng heilablæðing sé mjög sjaldgæfur sjúkdómur þá er mikill skyldleiki þarna á ferðinni við aðra amyloidsjúkdóma, eins og Alzheimer og ýmsa bandvefssjúkdóma,“ segir Ástríður. Rannsóknir þeirra gætu því haft áhrif á meðhöndlun á fleiri sjúkdómum en arfgengri heilablæðingu.

„Rannsóknin snýst um að finna frumferla sem valda þessari útfellingu próteina og heilablæðingu. Við ræktuðum húðfrumur sem margir arfberar gáfu okkur og bárum saman virkni allra gena hjá arfberum og viðmiðunareinstaklingum. Niðurstöður lofa góðu þar sem við teljum okkur hafa fundið þá ferla sem útskýra sjúkdómsmyndina í heilanum hjá arfberunum,“ segir Ásbjörg en hún hefur unnið að ræktun frumna úr arfberunum og rakið sig í gegnum sjúkdómsferla í þeim. „Endanlegt markmið rannsóknarinnar er auðvitað að finna mögulega meðferð fyrir arfberana,“ segir Ásbjörg.

Rannsóknir þeirra Ásbjargar, Birkis og Ástríðar eru flóknar og kostnaðarsamar og Ástríður segir afar mikilvægt að fjármagn verði tryggt til áframhaldandi rannsókna. „Það bjargaði reyndar miklu að ung kona, sem er arfberi, safnaði nærri einn og hálfri milljón króna síðastliðið sumar og færði okkur að gjöf til að halda áfram rannsóknum.“

„Við vitum að stökkbreytingin varð fyrir 18 kynslóðum en arfberar fengu ekki sjúkdóms-



einkenni fyrir 200 árum og lifðu jafn lengi og aðrir. Á 19. öld bættust við einhver umhverfisáhrif, e.t.v. eitthvað í fæðunni sem kallaði fram sjúkdómseinkenni í öllum 16 ættunum sem bera sjúkdóminn. Við vitum að ævi arfberanna í öllum ættunum styttist þá niður í 30 ár, sem er sami lífaldur og er hjá fólki í þessum ættum í dag.“

Ástríður segir það merkilegt við þennan illvíga erfðasjúkdóm að umhverfisáhrif, hugsanlega mataræði, geti ákvarðað hvort hann komi fram eða ekki hjá arfberum. Vandinn sé hins vegar sá að ekki sé vitað hver þessi umhverfisáhrif séu. Hún segir að sykurneysla hafi til dæmis fimmtíufaldast á 19. öldinni „svo að sykurneysla er hugsanlega einn af umhverfisáhrifavöldunum.“

„Næstu rannsóknir okkar beinast að því að skoða áhrif ýmissa efna á frumur arfberanna og við byrjum á sykrunum og könnum áhrif hans á genavirkni í frumunum í leit okkar að umhverfisáhrifum á sjúkdómsmyndina.“



HÁSKÓLALESTIN BRUNAÐI UM ALLT LAND

Á hundrað ára afmæli Háskóla Íslands 2011 var tímamótunum fagnað við á land með svokallaðri Háskólalest sem ferðaðist um landið við miklar vinsældir. Rík áhersla var lögð á vísindamiðlun til ungs fólks í samstarfi Rannsóknasetra HÍ, Vísindavefsins, Háskóla unga fólksins og heimamanna. Viðtökur voru með eindæmum góðar og fjölmenntu Íslendingar á

öllum aldri á litrika dagskrá Háskólalestarinnar. Háskólalestin heimsótt alls tíu staði: Stykkishólm, Hvolsvöll, Höfn, Skagatrönd, Húsavík, Bolungarvík, Egilsstaði, Laugarvatn, Seltjarnarnes og Sandgerði. Þar bauðst nemendum grunnskólanna meðal annars að sækja fjölbreytt námskeið í Háskóla unga fólksins og vinna sitt eigið efni inn á Vísindavefinn. Slegið var upp fjörugum

og lifandi vísindaveislum fyrir alla aldurshópa með sýnilraunum, stjörnuveri og örfyrirlestur. Svokölluð RólóPendúla heillaði gesti og Sprengjuggengið lét til sín taka. Áhöfn Háskólalestarinnar þakkar landsmönnum ógleymanlegar móttökur og heldur áfram ferð sinni um landið núna í vor.



Vörður úr sögu háskólans á afmælis- og söguvef

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra opnaði afmælisvef Háskóla Íslands við upphaf aldarafmælisárs skólans þann 7. janúar í fyrra. Vefurinn var stöðugt uppfærður á afmælisárinu og var söguhluti hans, sem er mikill að umfangi, opnaður við sérstaka athöfn í anddyri Aðalbyggingar Háskóla Íslands 8. apríl.

Á afmælis- og söguvefnum er meðal annars hægt að skoða vörður úr sögu háskólans, lesa viðtöl við áhugavert fólk sem tengist skólanum og skoða myndbönd og ljósmyndir úr starfi hans. Myndirnar eru dýrmætur vitnisburður um starfsemi og þróun Háskóla Íslands.

Ása Baldursdóttir, verkefnisstjóri afmælis- og söguvefs Háskóla Íslands, bendir á að fyrir daga

Netsins hafi ekki verið eins auðvelt og hraðvirkt að miðla upplýsingum og nú er „en á afmælis- og söguvefnum var m.a. markmiðið að koma myndefni og upptökum frá fyrirlestur afmælisársins, ljósmyndum og rituðu máli á framfæri, eins og háskólasamfélög um allan heim hafa tekið að gera á stórafmælum sínum.“

Ása segir vinnuna við vefinn hafa verið einkar áhugaverða. „Það var einstaklega gaman að geta birt ljósmyndir og textabrot frá 100 ára starfi skólans á sérlegum söguhluta vefsins. Það er ótrúlegt hvað vefurinn getur miðlað yfirgrípsmiklu efni á aðgengilegan hátt,“ segir hún og bætir við: „Ég hvet alla sem áhuga hafa á starfi og sigrum skólans að skoða söguhluta vefsins sem prýddur



er stórkostlegum ljósmyndum sem lýsa aðstæðum, menningu og þróun íslenskra stúdenta í heila öld.”
www.hi.is/afmaeli



Með fróðleik í fararnesti – Gönguferðir Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands

FRÁBÆRT AÐ FRÆÐAST Í GÖNGUFERÐUM

Í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands tóku háskólinn og Ferðafélag Íslands höndum saman um reglulegar gönguferðir á afmælis-árinu. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna háskólans blönduðust saman í áhugaverðum gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Gönguferðirnar voru tólf talsins og tóku þær flestar um tvær klukkustundir.

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, segir félagið lengi hafa átt gott samstarf við Háskóla Íslands og að margir fararstjórar félagsins hafi verið kennarar við skólann. „Þar mætti til dæmis nefna Gísla Má Gíslason, Pétur Ármannsson og Þóru Ellen Þórhallsdóttur. Þá hafa margir fræðimenn innan skólans unnið við árbók félagsins með einhverjum hætti, annaðhvort sem höfundar, eins og Páll Sigurðsson lagaprófessor, sem einnig var um tíma forseti félagsins, eða setið í ritnefnd árbókarinnar, eins og Guðrún Kvaran og Eiríkur Þormóðsson,“ segir hann.

Páll segir að samstarfið um göngurnar hafi tekist

afar vel. Markmiðið hafi verið að færa almenningi afmælisgjöf sem fólst í fræðslu og hollri útvíst. Um leið var áhugi vakinn á fjölbreyttri starfsemi skólans og Ferðafélags Íslands. „Það var auðvitað stórskemmtilegt að geta veitt almenningi aðgang að öllum þeim fróðleik sem þessir góðu framsögumenn búa yfir en allar tólf ferðirnar hér í Reykjavík og nágrenni voru ókeypis,“ segir Páll.

Í ferðunum var m.a. gengið á Úlfarsfell, byggingar Guðjóns Samúelssonar skoðaðar, fjallað var um sögu matar frá landnámi til okkar daga í Reykjavík, gengið var um Árbæjarhverfið og fjallað um vöxt Reykjavíkur og myndun hennar sem borgar. Þá var gengið í kringum Tjörnina og lífríki hennar skoðað, farið með jarðfræðistræto þar sem fjallað var um jarðfræði Reykjaness og fugla þar, gengið var um fjöruna á Álftanesi, þar sem m.a. var hugað að fjörunytjum, farið um Þingholtin og sögur rifjaðar upp úr norrænni goðafræði, lagt í plöntuskoðunarferð á Esjuna upp með Mógilsá, farið í gönguferð um slóðir menntunar og fræðslu, gengið var um Heiðmörk og fjallað um gildi



náttúrunnar og að lokum var gengið um miðbæinn þar sem m.a. var fjallað um kráarmenningu og tugthús.



Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, BA-nemi í íslensku og þjóðfræði

RÖMM AÐ AFLI EINS OG SVEITUNGINN GRETTIR STERKI

Íslenskar fornsögur og þjóðsögur geyma fjölmargar frásagnir af heljarmönnum sem rífa upp heilu björgin þegar æði rennur á þau. Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, BA-nemi í íslensku og þjóðfræði, lætur sér ekki nægja að læra um þau í Háskóla Íslands, hún er sjálf nautsterk og stefnir hátt í kraftlyftingum.

Það vakti athygli þegar Guðrún Gróa, sem leikið hafði körfuknattleik með KR og landsliðinu, ákvað síðasta sumar að söðla um og fara að æfa kraftlyftingar. „Mér hefur lengi þótt gaman að lyfta og verið með smávegis kraftadellu. Núverandi þjálfari minn plataði mig á æfingu og í keppni og mér fannst þetta strax skemmtilegt,” segir Guðrún Gróa.

Hún vinnur að því að draga vinkonurnar með sér í kraftlyftingar og kveða niður lífseigar goðsagnir, eins

og að lærin á stelpum tútni út við hnébyggjur og að þær verði „jussur“ af því að stunda kraftlyftingar. „Lærin á mér hafa ekki stækkað um millimetra þótt ég hafi byrjað að æfa kraftlyftingar og eigi Íslandsmet í hnébyggju. Það eru konur í kraftlyftingum sem eru með þeim allra grennstu og flottustu sem ég þekki en eru alveg nautsterkar!” segir hún og hvetur allar stelpur sem hafa áhuga til að prófa.

Það verður nóg að gera hjá Guðrúnu Gróu á þessu ári því hún hefur sett stefnuna á Norðurlanda-, Evrópu- og heimsmeistaramót unglinga í kraftlyftingum sem fara fram í vor og sumar. „Ég er mjög sátt við að hafa yngst um mörg ár með skiptunum og vera aftur komin í unglingsflokk,” segir Guðrún Gróa og glottir.

Hún segir íþróttaiðkun sína hafa haft áhrif á val

hennar á námi við Háskóla Íslands. „Mig langaði til þess að geta stundað íþróttina 120% með fram náminu og það gefur auga leið að ef ég væri bundin heilu dagana í dæmatímum og verklegu uppi í skóla þá myndi það ekki ganga,” segir Guðrún Gróa, sem bætti þjóðfræði sem aukagrein við íslenskuna á seinni stigum.

Aðspurð hvort hún eigi sér einhverjar fyrirmyndir meðal heljarmenna í íslenskum fornsögum eða þjóðsögum neitar Guðrún Gróa því. „Þau eru helst til ofbeldishneigð fyrir minn smekk. Ef ég á að nefna einhvern sem er í uppáhaldi myndi ég nefna Gretti sterka þótt ekki væri fyrir annað en að við erum nánast sveitungar. Aldrei að vita nema við séum skyld líka,” segir Guðrún Gróa.

Móeiður Júníusdóttir, doktorsnemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Íslensk þjóðkirkja og trúarlíf Vestur-Íslendinga

„Íslensk þjóðkirkja og trúarlíf Vestur-Íslendinga“ er heiti á rannsóknarverkefni Móeiðar Júníusdóttur, doktorsnema við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. „Í forgrunni rannsóknarinnar eru tengsl gróskumikils trúarlífs hinna fjöldamörgu íslensku landnema sem settust að í Vesturheimi við þjóðkirkju Íslendinga á mótunartíma hennar og víxlverkan þar á milli. Rannsóknarverkefnið hverfist þannig um tvo menningarheima og það hvernig þeir, hvor um sig, skilgreina sig og samsamast því sem kalla mætti íslenska kristni,” segir Móeiður þegar hún er innt eftir meginviðfangsefni rannsóknarinnar.

„Ég ætla að beina sjónum mínum að þessu sjálfsskilgreiningarferli vesturfaranna en það var markað talsverðum átökum og leiddi meðal annars af sér harða gagnrýni á kirkjulíf í gamla heimalandinu. Einnig mun ég leitast við að greina hvaða

áhrif þessi gagnrýni hafði á mótun íslenskrar þjóðkirkju í lok 19. aldar en þáttur strauma og stefna frá Vesturheimi hefur lítið verið rannsakaður í þessu sambandi,” bætir hún við.

Rannsóknarverkefnið er samstarfs- og tengiverkefni milli Háskóla Íslands og íslenskudeildar Háskólans í Manitoba í Winnipeg. „Markmiðið er að sýna hvernig kristleg hugmyndafræði Íslendinga, í pólitískum sem guðfræðilegum skilningi, féll í ólíkan jarðveg á íslenskri grund annars vegar og í Vesturheimi hins vegar og hvaða afleiðingar það hafði í för með sér,” segir Móeiður.

Með því að skoða viðfangsefnið í ljósi tveggja menningarheima vonast Móeiður til þess að varpa nýju ljósi á mikilvægan mótunarbátt íslenskrar þjóðkirkju ásamt því sem kirkjusaga Íslendinga vestanhafs er dregin upp á nýstárlegan hátt. Hún vonast ekki síst til þess að í krafti slíks tvöfalds



sjónarhorns fáist skýrari mynd en ella af sérkennum íslenskrar kristni sem nýst geti sem gagnlegur „spegill“ í samtímanum.

Leiðbeinandi: Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.



Tim Bourns, meistaranemi við Íslensku- og menningardeild

Íslendingasögurnar eru listaverk

Þrátt fyrir að Tim Bourns sé frá Toronto í Kanada er hann að ljúka meistaraþráðu í íslenskum miðaldasögum við Háskóla Íslands. „Eins og stendur er ég að rannsaka sögur og goðsagnir íslenskra miðalda, sem eru afar sannfærandi að mínu mati. Meistararitgerðin mín fjallar um valdar persónur úr íslenskum miðaldasögum sem eru þeim kosti gæddar að geta skilið tungumál fugla,“ segir Tim.

Hann segist hafa fengið áhuga á miðaldasögum í grunnnámi sínu í McMaster-háskólanum í Kanada þar sem hann lagði stund á þverfræðilegt nám í listum og vísindum. „Ég sat mörg námskeið í bókmenntum og goðsögnum og hóf að sérhæfa mig í miðaldatextum frá norðurlöðum. Íslendingasögurnar eru hvorki nægilega rannsakaðar né nægilega hátt skrifaðar sem listaverk. Þær eru fagurlega skapaðar og veita óviðjafnanlega innsýn í aðstæður fólks,“ segir Tim.

Tim var einn af þeim sem hlaut verkefnastyrk Félagsstofnunar stúdenta á haustmisseri 2011, 150 þúsund króna inneign í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi. Hann segist hafa heyrt um styrkinn hjá leiðbeinanda sínum og ákvað samstundis að sækja um. „Í Bóksölu stúdenta er verulega gott úrval miðaldasagna en margar bókanna eru dýrar. Þetta var því kjörið tækifæri bæði fyrir núverandi rannsóknir mínar og framhaldsrannsóknir þannig að ég sótti um,“ bætir Tim við.

Þar sem Tim er að fíkra sig áfram við að læra að lesa íslensku, eins og hún birtist í aldagömlum textum, hyggst hann fjárfesta í íslenskum bókum. „Ég er mjög spenntur fyrir lestrinum,“ segir hann enn fremur.

Leiðbeinendur: Torfi Tulinius og Ármann Jakobsson, prófessorar við Íslensku- og menningardeild.



Ásta Svavarsdóttir, rannsóknadósent við Stofnun Árna Magnússonar

Aðkomuorð mun algengari í auglýsingum

Áhrif erlendra aðkomuorða á íslenska tungu eru meginviðfangsefni rannsóknar sem Ásta Svavarsdóttir, rannsóknadósent við Stofnun Árna Magnússonar, fæst við þessi misserin. Rannsóknin beinist að tveimur tímabilum, síðari hluta 19. aldar og síðari hluta 20. aldar og samburði milli þeirra.

Rannsóknin á rætur í norrænni rannsókn sem Ásta tók þátt í, „Moderne importord i språkene i Norden.“ Nýleg aðkomuorð eru leituð uppi í íslenskum blaðatextum frá áðurnefndum tveimur tímabilum og ýmis einkenni þeirra og aðlögun að íslensku málkerfi eru skoðuð. „Með nýlegum aðkomuorðum á ég við orð úr öðrum tungumálum, allt frá erlendum orðum sem notuð eru sem hluti af íslenskum texta til fullaþlagaðra tökuorða, sem farið var að nota í íslensku um eða eftir miðja 19. eða 20. öld,“ bendir hún á.

Í þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að síðari hluta 20. aldar lágu dagblaðatextar frá árunum 1975 og 2000 til grundvallar, alls um 300 þúsund orð. „Í textunum í heild reyndust 0,17% vera nýleg aðkomuorð og þar af voru tveir þriðju hlutar orðanna úr ensku. Aðkomuorðin eru misalgeng eftir textagerð og umfjöllunarefni, t.d. eru þau u.þ.b. sex sinnum algengari í auglýsingum en í ritstjórnarefni. Þá eru aðkomuorð helmingi algengari í textunum frá árinu 2000 en frá árinu 1975,“ bendir Ásta á og bætir við að flest aðkomuorðanna hafi verið löguð að íslenskum rithætti og beygingarkerfi.

Enn á eftir að ljúka rannsóknunum á blaðatextum frá fyrra tímabilinu, það er frá árunum 1875 og 1900, en Ásta segir rannsóknina m.a. mikilvæga til þess að skilja betur eðli málbreytinga. „Niðurstöðurnar geta orðið áhugaverðar bæði fyrir almenna umræðu um íslenskt mál þar sem erlend áhrif koma oft við sögu og fræðilega umræðu um þróun tungumála sem einskorðast ekki við íslensku sérstaklega,“ bætir Ásta við.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Helga Hermannsdóttir, BA-nemi í þroskaþjálfun

Aðallega vegna þess að ég hef gaman af því að vinna með fólki og þá sérstaklega börnum. Þessi starfsvettvangur getur verið mjög gefandi, sérstaklega ef maður getur aukið lífsgæði annarra og aðstoðað þá við að takast á við verkefni lífsins þannig að þeir geti notið sín.



Kristófer Kristófersson, Cand. med.-nemi í læknisfræði

Ég valdi læknisfræðina vegna þess að ég hef áhuga á vísindunum sjálfum og auðvitað starfinu. Námið býður einnig upp á fjölda möguleika í framtíðinni hvað varðar rannsóknir og sérfræðisvið.





Atli F. Magnússon, doktorsnemi við Menntavísindasvið

VILL DRAGA ÚR FÖTLUN BARNA

– Snemmtæk atferlisíhlutun fyrir börn í áhættu fyrir þroskahömlun

Pegar grunur vaknar um þroskafrávik, s.s. einhverfu eða þroskahömlun, hjá ungum börnum er mikilvægt að hefja snemmtæka atferlisíhlutun. Með snemmtækri atferlisíhlutun er átt við markvissar aðgerðir sem miða að því að ýta undir þroska barns til að draga úr fötlun þess,” segir Atli F. Magnússon en hann starfar sem atferlisfræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Hann vinnur að doktorsrannsókn undir handleiðslu Önnu-Lindar Pétursdóttur, dósents í sálfræði við Menntavísindasvið. Markmiðið með doktorsrannsókninni er að skoða áhrif heildstæðrar snemmtækrar atferlisíhlutunar

á þroska barna í áhættu fyrir þroskahömlun.

Atli segir að rannsóknir hafi ítrekað sýnt að snemmtæk heildstæð atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu gefi betri árangur en aðrar aðferðir og sé líklegust til að draga úr fötlun barna af völdum einhverfu.

„Þó svo að börn með þroskahömlun fái snemmtæka íhlutun hefur ekki tíðkast að nota heildstæða atferlisíhlutun með þeim. Fræðilega ætti snemmtæk heildstæð atferlisíhlutun ekki síður að gagnast börnum með þroskahömlun en börnum með einhverfu. Þær örfáu rannsóknir sem hafa verið gerðar á því sviði erlendis benda til að svo

sé,” segir Atli. Hann bætir við að hérlendis hafi aðeins verið athuguð áhrif kennslu sem byggð er á atferlisgreiningu á afmarkaða færni barna með þroskaseinkun og þær niðurstöður sýndu jákvæð áhrif.

Að sögn Atla lofa fyrstu niðurstöður góðu. „Ef heildarniðurstöðurnar verða eitthvað í líkingu við þann árangur sem rannsóknir hafa sýnt á árangri atferlisíhlutunar fyrir börn með einhverfu má vænta að atferlisíhlutunin dragi verulega úr fötlun barna sem greinast almennt seinþroska.”

Leiðbeinandi: Anna-Lind Pétursdóttir, dósent við Kennaradeild.

Jón Ingvar Kjara, doktorsnemi við Menntavísindasvið

Staða hinsegin nemenda í framhaldsskólum

„Víða erlendis hafa umfangsmiklar rannsóknir verið gerðar á stöðu hinsegin nemenda innan skólakerfisins og hafa þær haft það markmið að bæta stöðu þessa hóps og gera tilveru hans sýnilegri. Það má segja að það sé einnig eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar enda má ætla að sýnileiki og aukin vitneskja um hinsegin nemendur stuðli að betra skólaumhverfi fyrir þennan hóp.” Þetta segir Jón Ingvar Kjara, doktorsnemi við Menntavísindasvið, sem rannsakar stöðu hinsegin nemenda innan framhaldsskóla og hlaut til þess styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.

Sjálfur hefur hann lengi kennt í framhaldsskóla og fundist að þar og innan skólakerfisins sé almennt lítið tekið á málefnum hinsegin nemenda. Hann bendir á að gildandi námskrá, jafnt fyrir framhalds- og grunnskóla, hafi verið hljóð um málefni og stöðu þeirra. „Rannsókninni er fyrst og fremst ætlað að svara fjórum spurningum: Í fyrsta lagi verður spurt hver sé reynsla hinsegin nemenda af

framhaldsskólanum. Í öðru lagi er ætlunin af fá svör við því hvort umhverfi og menning framhaldsskólans einkennist af hinu gagnkynhneigða regluveldi/kvenfyrirlitningu og hvort enn séu til staðar innan hans fordómar í garð þessa hóps. Í þriðja lagi verður kannað hvernig hinsegin nemendur takast á við kynhneigð sína, hvernig þeim tekst að laga hana að umgjörð framhaldsskóla þar sem hið gagnkynhneigða er viðmið og hvaða fyrirmyndir auðveldi þeim eða hindri þá í að gera tilveru sína innan framhaldsskólans betri. Í fjórða lagi verður þáttur rýmisins skoðaður og hvaða áhrif það hefur á líðan hinsegin nemenda,” segir Jón Ingvar.

Frumniðurstöður Jóns Ingvars benda til þess að stofnanabundinn heterósexismi í íslenskum framhaldsskólum sé kerfislægur í formgerð og menningu skólanna. „Hinsegin ungumenni upplifa stofnanabundinn heterósexisma daglega í samskiptum sínum við starfsfólk og samnemendur og birtist hann m.a. í skilningsleysi, óþægilegum



spurningum og gagnkynhneigðri orðræðu.

Skýringa á þessu má einkum leita í því hve ósýnilegir hinsegin nemendur eru í skólanum, svo og í kerfisbundinni þöggun, hvort sem hún er meðvituð eða ómeðvituð, um málefni þeirra og hagsmuni,” bendir Jón Ingvar á.

Leiðbeinandi: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild.



Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

HVALAHLJÓÐ TIL ÚTFLUTNINGS

Vetrarsöngur hnúfubaksins vænleg söluvara

„Sífellt fleiri erlendir ferðamenn fara í hvalaskoðun á Íslandi á hverju sumri og því er tilvalið að auka hrifningu þeirra með upplýsingum um sönghæfileika þessara dýra. Með aukinni þekkingu á hljóðum hvalanna, og þar af leiðandi hegðun þeirra, vonast ég til að samfélagið okkar verði meðvitaðra um það hversu ótrúlega áhugaverðir og magnaðir hvalirnir eru og sjái verðmætið sem felst í þeim, ekki bara í formi hvalkjöts,” segir Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði, um rannsóknir sínar sem í sumar munu geta af sér söluvaru ætlaða ferðamönnum.

Edda hefur frá árinu 2008 rannsakað hvalahljóð á Skjálfaflóa með sérstökum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Upphaflega hugðist hún rannsaka viðveru og tegundasamsetningu hvala við Norðausturland með hljóðupptökum. „Ég komst hins vegar fljótt að því að fjöldi ólíkra hljóða var að finna á upptökunum og að hægt væri að gera margt spennandi við þær. Því fór ég einnig að rannsaka breytilega hljóðmyndunarhegðun og mynstur í hljóðmyndunum hvalanna,” segir Edda og bætir við að hljóðrannsóknirnar fylli upp í margar þær eyður sem enn finnast innan hvalafræði og sjávarlíffræði.

Edda á eftir að vinna úr töluverðum hluta gagnanna en meðal tegunda sem hún hefur heyrt í eru hnýðingur, búrhvalur, langgreyður og einnig

stærsta dýr jarðar, steypireyður. Þá er hnúfubakur viðloðandi Skjálfaflóa allan ársins hring og sönghegðun hans er mjög breytileg milli árstíða. „Á vorin og fram á haust má heyrja fjölbreytta hljóðmyndun frá hnúfubökum sem tengja má við fæðuöflun og félagshegðun. Þegar líður að áramótum breytist hljóðmyndun þeirra í skipulagðari tónasamsetningu sem hægt er að skilgreina sem lög eða söngva og þeir ágerast og verða fágaðri í febrúar og mars. Þessir vetrarsöngvar líkjast makaleitarsöngvum,” útskýrir Edda sem hyggst rannsaka þennan söngelska hval enn betur.

Fyrsta varan á markað í sumar

Rannsóknirnar og reynslu sína í hvalaskoðunargeiranum hefur Edda nýtt til þess að þróa verkefni sem nefnist „Tónar hafsins” og hlaut viðurkenningu þegar hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru veitt í fyrra. Verkefnið gengur út á að nýta hvalahljóðin í tónlist og búa til aðgengilegt margmiðlunarfræðsluefni um eiginleika og þýðingu hljóðanna. Það yrði síðan selt ferðamönnum í hvalaskoðun hér við land. Edda hefur m.a. átt samstarf við Norðursiglingu á Húsavík um verkefnið. „Íslenskir tónlistarmenn hafa jafnframt sýnt hljóðunum mikinn áhuga og höfum við hafið samstarf við nokkra úr þeirri stétt,” segir Edda.



Þróun fyrstu vörunnar er langt komin. „Við munum leggja kapp á að koma vörunni, sem er skemmtilegur fræðslupakki um hvalahljóð, á markað fyrir sumarið áður en ferðamannastráumurinn í hvalaskoðunarferðir nær hámarki. Til að ná tilsettum árangri með útgáfu á öðrum vörum þarf auðvitað að útvega fjármagn en að því er unnið þessa stundina með bjartsýni og gifurlegum vilja,” segir Edda.

Leiðbeinendur: Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík.



Helgi Björnsson,
jöklafræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands

Bráðnun jöklanna eykur eldvirkni

Helgi Björnsson jöklafræðingur hefur vakið landsathygli fyrir rannsóknir sínar á jöklum Íslands. Miðað við áframhaldandi þróun má rétt eins búast við að sú grein vísindarannsóknna sem hann sinnir heyrir sögunni til hérlendis innan tvö hundruð ára. Jöklarnir hopa nú hratt og nær söfnun vetrarins langt í frá að viðhalda jöklunum. Sökum hlýnunar og bráðunar yfir sumarið má gera ráð fyrir að jöklarnir verði flestir horfnir eftir tvær aldir. Þá gætu íslenskir jöklafræðingar lagt mikla reynslu sína og þekkingu, sem þeir hafa safnað um langan aldur, til alþjóðlegra rannsókna á heimskaútajöklum sem er talið að bráðni þá svo hratt að sjávarborð rísi ört og ógni byggð við strandsvæði jarðar.

„Við þekkjum afkomu jöklanna og tengsl við veðurfar og getum metið framtíð þeirra að gefnum forsendum um líklegar loftslagsbreytingar,“ segir Helgi sem óttast um afdrif jöklanna. „Hverfi þeir lyftist landið undir þeim og eldvirkni eykst þar sem farg þeirra fer af landinu og goskvika á greiðari leið út en áður.“

Verkefni hafa þróast ár frá ári frá því að Helgi hóf störf við Raunvísindastofnun fyrir 40 árum. „Eitt leiddi af öðru í gagnaöflun og túlkun. Úthaldið hefur reynst mikilvægara en kveikjan að þessari vinnu,“ segir Helgi og brosir.

Hann bendir á að fyrir hálfri öld hafi blasað við honum að Íslendingar vissu of lítið um jökla landsins. Óhætt er að segja að Helgi hafi unnið þarft verk við að upplýsa Íslendinga um jöklana sem þekja meira en tíu prósent landsins. „Jökulár dreifast yfir helming landsins og undir jöklunum eru virkustu eldstöðvarnar. Sambýli Íslendinga við jökla kallar því á rannsóknir vegna nýtingar jökul-



vatns, vegagerðar og almannavarna,“ segir Helgi sem skrifaði verðlaunabókina *Jöklar á Íslandi* sem kom út fyrir tveimur árum.

„Starf mitt beinist að rannsóknum á stærð jöklanna, lögum, afkomu, hreyfingu og afrennsli jökulvatns,“ segir Helgi um ævistarfið. „Unnið er að gerð korta af yfirborði og botni jöklanna, mælingum á ísflæði, afkomu og orkubúskap jökla, rennsli vatns um þá, vatnsforða sem bundinn er í þeim og mati á hættu sem stafar af þeim vegna jökulhlaupa frá jaðarlónum og lónum á jarðhitasvæðum undir jökli eða við eldgos undir ís.“

Helgi segir að einnig sé unnið að gerð reiknilíkana af afkomu, hreyfingu og viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum fyrr á tíð og á komandi áratugum.

Helgi er algjör frumkvöðull á Íslandi í rannsóknum á jöklum og vinna hans og samstarfsmanna hefur lagt mikinn skerf til alþjóðlegra jöklarannsóknna, einkum til skilnings á vatnsrennsli um þíðjökla, framhlaupum og jökulhlaupum, samspili jökla og eldvirkni, sögu loftslagsbreytinga og við mat á framtíð jökla á jörðinni við breytt veðurfar.



María J. Gunnarsdóttir,
doktorsnemi við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Mikilvægt að vatnsveitur sinni innra eftirliti vel

„Rannsóknin mín snýst um heilnæmi neysluvatns, hverjir helstu áhættuþættirnir eru og hvernig hægt er að tryggja að vatn mengist ekki,“ segir María J. Gunnarsdóttir, doktorsnemi í umhverfis- og byggingarverkfræði. Hún hefur rannsakað áhrif fyrirbyggjandi eftirlits á vatnsgæði og heilbrigði.

Starfsmenn heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga taka reglulega sýni af neysluvatni og mæla hvort þar sé nokkuð sem spillt getur gæðum þess. Þetta er gert í samræmi við neysluvatnsreglugerð og er mjög mikilvægt. María segir ekki síður mikilvægt að vatnsveitur sinni kerfisbundnu fyrirbyggjandi eftirliti, svonefndu innra eftirliti og aðgerðum til að tryggja að vatnið mengist ekki, eins og þeim hefur verið skylt að gera samkvæmt lögum síðan 1995.

Rannsókn Maríu er á lokastigi og hefur hluti niðurstaðna verið birtur í erlendum tímaritum. Margt áhugavert hefur komið í ljós, m.a. að innra eftirlit vatnsveitna hefur skilað umtalsverðum árangri á mörgum sviðum, m.a. betra neysluvatni og færri frávikum frá reglugerðinni. Þar kemur einnig fram hvað skiptir mestu máli til að vel takist til við innleiðingu innra eftirlits og hvaða fyrirstöður hafa verið þar í veginum.

„Niðurstöðurnar hafa gildi bæði hér á landi og erlendis þar sem kerfisbundið innra eftirlit, svonefnt „Water Safety Plan“, hefur mjög verið að ryðja sér til rúms en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með því síðan 2004. Til þessa hafa tiltölulega fáar rannsóknir verið gerðar þar sem árangur innra eftirlitsins er metinn. Gildi rannsókna felst í að kortleggja mælanlegan árangur og ekki síður í að læra af reynslunni til að ná sem bestum árangri í framtíðinni við að tryggja heilnæmi neysluvatns,“ segir María að lokum.

Leiðbeinandi: Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.



ÖNDVEGISERINDI

Virtir erlendir fyrirlesarar heimsóttu Háskóla Íslands á aldarafmælisárinu og fluttu öndvegisfyrirlestra. Hvert hinna fimm fræðasviða háskólans bauð einum eða tveimur fyrirlesurum til landsins og óhætt er að segja að erindi þeirra hafi mælst vel fyrir og verið fjölsótt.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Þurfum að bregðast við umhverfisvá

Dr. David Suzuki, prófessor í líffræði við University of British Columbia og annar tveggja öndvegisfyrirlesara Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, hélt fyrirlestur í Öskju 4. apríl. Fyrirlesturinn var fluttur með fjárfundabúnaði og bar yfyrskriftina „Afl náttúrunnar.“ Suzuki er náttúruverndarsinni og sjónvarpsmaður og þekktur fyrir að útskýra náttúruvísindin á einfaldan og heillandi hátt. Í erindi sínu fór hann í gegnum þau vandamál sem þjóðir heims glíma við í umhverfismálum og hvernig sífelld krafa um hagvöxt væri eyðandi fyrir umhverfið.

Lærum af mistökum

Dr. Henry Petroski, prófessor í byggingarverkfræði og sagnfræði við Duke-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, heimsótti Háskóla Íslands á aldarafmælisárinu. Hann kom á vegum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og flutti erindið „Success and Failure in Engineering: A Paradoxical Relationship“ hinn 29. október. Í erindi sínu lagði Petroski áherslu á mikilvægi þess að greina vel fyrri mistök þegar unnið væri að verkfræðilegri hönnun í stað þess að einblína á fyrri verkfræðileg

afrek. Hann fjallaði um hvernig læra mætti af þeim mistökum sem gerð eru í verkfræðilegri hönnun og sagði að forsendan fyrir velgengni væri að læra af þeim.

Heilbrigðisvísindasvið Hvers vegna eldumst við?

Dr. Elizabeth Blackburn, ástralsk-bandarískur Nóbelsverðlaunahafi og prófessor í líffræði og lífeðlisfræði við Kaliforníuháskóla, var annar tveggja öndvegisfyrirlesara Heilbrigðisvísindasviðs. Hún flutti erindi sem bar yfyrskriftina „Telomerar og Telomerasar: Hvernig hafa þeir áhrif á heilsu manna og sjúkdóma?“ þann 21. maí. Í erindinu kynnti Blackburn uppgötvanir sínar og samstarfsmanna sinna, en þær skipta miklu máli fyrir skilning manna á áhættuþáttum sem snúa að hjartasjúkdómum og krabbameini og einnig á áhrifum streitu á ævilengd fólks.

Uppgötvun HIV-veirunnar

Dr. Françoise Barré-Sinoussi, franskur Nóbelsverðlaunahafi og vísindamaður við Pasteur-stofnunina í París, var seinni öndvegisfyrirlesari Heilbrigðisvísindasviðs. Erindi sitt, „Uppgötvun HIV-veirunnar: Dæmi um hvernig grunnrannsóknir eru hagnýttar í baráttu gegn nýrri farsótt,“ flutti hún á málþingi sem haldið var til heiðurs Birni Sigurðssyni, fyrsta forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, þann 1. júní. Þar ræddi hún um rannsóknir sínar í veirufraði, meðal annars hvernig hún og samstarfsmenn hennar uppgötvuðu HIV-veiruna og að hún ylli alnæmi.

Menntavísindasvið Menntun kennara skiptir sköpum

Dr. Linda Darling-Hammond, öndvegisfyrirlesari Menntavísindasviðs, flutti erindið „Menntun og kennsla á 21. öld“ 1. september. Darling-Hammond er prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum. Í erindi sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að endurskipuleggja allt skólastarf í ljósi breyttra tíma og síbreytilegrar framtíðar. Taldi hún að helstu áskoranir 21. aldarinnar væru meiri þörf fyrir menntun í samfélaginu, fjölbreytilegri nemendahópar og meiri væntingar til skóla um að sýna árangur. Til þess að mæta þessum áskorunum skipti menntun kennara sköpum.

Félagsvísindasvið Hvað er félagsauður?

Dr. Robert David Putnam, bandarískur stjórnmálafræðingur og öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs, er prófessor við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla. Hann flutti erindið „Challenges to community in the contemporary world: Social capital, diversity, and inequality“ 3. október. Putnam fjallaði um hugtakið félagsauð sem hann notar í rannsóknum sínum og snýst um tengsl okkar við vini, fjölskyldu og samfélag. Fór hann m.a. yfir þróun félagsauðs síðustu hálfu öldina í Bandaríkjunum og benti á að félagsleg tengsl þar í landi hefðu flest verið á niðurleið á þeim tíma. Það birtist meðal annars í minni þátttöku fólks í hvers kyns félagsstarfi og við því þyrfti að bregðast.



Stiklað á stóru í aldarsögu háskólans

Sýningin „Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu“ var sett upp á Háskólatorgi á vordögum í tilefni af aldarafmæli skólans og var hún opin fram eftir ári.

Á sýningunni var tæpt á ýmsum viðburðum frá þeim tíu áratugum sem liðin eru í sögu skólans og þar voru tekin fyrir viðfangsefni á borð við félagslega umgjörð stúdenta, stofnun háskóla og sjálfstæðisbaráttuna, auk byggingar- og stofnana sögu háskólans. Þá var brugðið upp svipmyndum af tíu háskólastudentum, einum fyrir hvern áratug. Einnig var sett upp lítil stúdentaíbúð í hluta sýningarrýmisins en þar var hægt að horfa á myndskleið og hlusta á ýmsar hljóðupptökur úr sögu skólans.

Umsjón með sýningunni höfðu nemendur í námskeiðinu Menningarminjar, söfn og sýningar, sem

er liður í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun innan Sagnfræði- og heimspekideildar. Þeir nutu leiðsagnar Eggerts Þórs Bernharðssonar, prófessors í sagnfræði, og Önnu Hinriksdóttur menningar- miðlara.

„Það var mjög mikil áskorun að setja upp svona sýningu og við gerðum okkur grein fyrir því strax að það væri aldrei hægt að fjalla um allt. Við ákváðum mjög snemma í ferlinu að gengið yrði út frá sjónarhorni stúdenta og starfsmanna og megin- áherslan væri á háskólalífið fremur en stofnunina sem slíka,“ segir Margrét Sveinbjörnsdóttir, einn nemendanna sem komu að sýningunni.

Sýningin var sett upp á Háskólatorgi þar sem gríðarlegur fjöldi fólks fer um á hverjum degi. Fólk gat því bæði stoppað stutt við eða tekið sér



tíma í að skoða sýninguna í heild sinni og vakti hún mikla athygli háskólafélks og annarra gesta á Háskólatorgi.

Chomsky talaði fyrir fullu húsi

Málvísindamaðurinn og samfélagsrýnirinn Noam Chomsky, prófessor emeritus við MIT-háskólann í Bandaríkjunum, flutti erindi fyrir fullu húsi í orðsins fyllstu merkingu í Háskóla Íslands í tilefni af aldarafmæli skólans. Tveir salir Háskólabíós voru fullsetnir auk þess sem þyrping var í anddyri bíósins á meðan Chomsky talaði. Chomsky var öndvegis- fyrirlesari Hugvísindasviðs. Hann fjallaði í erindi sínu um stöðu heimsmálanna og var afar gagnrýnn á bandarísk stjórnvöld.

Chomsky flutti einnig erindi í tengslum við námskeið við Hugvísindasvið þar sem hann fór yfir hugmyndir sínar í málvísindum. Þar komust einnig færri að en vildu. Chomsky lagði grunninn að þeirri stefnu í málvísindum sem hefur verið nefnd málkunnáttufræði á íslensku. Sú stefna olli straum- hvörfum í málvísindum en eitt meginatriði hennar er að öll tungumál séu sama eðlis, maðurinn hafi meðfæddan hæfileika til að tileinka sér þau og það greini hann frá dýrum.





Helga Ólafsson, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild

ORÐRÆÐA FJÖLMIÐLA SKIPTIR MIKLU MÁLI

Innflytjendur eru raunverulegur minnihlutahópur í íslenskum fjölmiðlum, sér í lagi sem viðmælendur í sjónvarpi og útvarpi,” segir Helga Ólafsson, doktorsnemi í félagsfræði, sem rannsakar umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur.

Hugmyndin að rannsóknarverkefninu varð til í meistaranámi Helgu í blaða- og fréttamennsku þar sem hún ritstýrði samhliða náminu sérstöku fréttablaði fyrir innflytjendur á vegum Alþjóðahússins. „Þetta var á þeim tíma þegar fólksflutningar til landsins náðu hámarki og samfélagið var að fóta sig gagnvart hinum nýju íbúum.“

Helga segir framsetningu fréttu og orðræðu um innflytjendur geta skipt sköpum við aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. „Fjölmiðlaumræðan er skoðanamyndandi og mótar þannig viðhorf meirihlutans til hinna nýju íbúa og einnig sjálfs-

mynd innflytjendanna, t.d. eftir því hvort þeir hafa fyrirmyndir í miðlum þannig að þeir upplifi sig sem hluta af samfélaginu og hvernig umræða er um þá almennt. Enn fremur er áhugavert að skoða umræðuna í sögulegu ljósi og hvernig orðræðan hefur þróast. Um leið og fjölmiðlar búa til ímynd af minnihlutahópum eru þeir um leið að búa til ímynd af meirihlutunum.“

Rannsókn Helgu hefur m.a. leitt í ljós að innflytjendur sjálfir eru sjaldan viðmælendur fjölmiðla um málefni sín. Umfjöllun um innflytjendamál hefur minnkað töluvert eftir efnahagshrunið, sem og sýnileiki þessara íbúa landsins í miðlum. Þá hafa íslenskir fjölmiðlar almennt ekki sett sér neina stefnu um menningarlega fjölbreytni.

Helga tekur virkan þátt í norrænu tengslaneti um fjölmiðla- og innflytjendarannsóknir. Hún segir

tengslanetið mikilvægan vettvang til að fylgjast með því hvernig rannsóknir á sviðinu þróast og bera saman niðurstöður. Næsta verkefni Helgu er að koma á fót virku tengslaneti norræna doktorsnema á sviðinu.

Helga segir doktorsnámið hafa dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. „Ég tel orðræðu fjölmiðla afar mikilvæga fyrir innflytjendur en í raun snertir hún samfélagið í heild sinni. Það hefur einnig verið mjög þroskandi og gefandi að kynna ýmsum sérfræðingum um allan heim sem eru að rannsaka þetta ört vaxandi svið.“

Leiðbeinendur: Helgi Gunnlaugsson og Þorbjörn Broddason, prófessorar við Félags- og mannvísindadeild.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Kynjakvótar og stjórnun fyrirtækja

„Hvers vegna eru fáar konur við stjórn íslenskra fyrirtækja?“ spyr Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild, í rannsókn sem hún vinnur að þessi misserin.

Athygli vekur að Íslendingar tróna hæstir þjóða heims á svokölluðum kynjabilskvarða (e. Gender Gap Index) sem snýr að jafnrétti kynjanna, sem þýðir að hér sé jafnrétti mest. Þó eru konur sjaldséðar í hópi æðstu stjórnenda í atvinnulífinu og hefur ríkisstjórn Íslands því sett lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja til þess að fjölga konum þar.

Í rannsókn Guðbjargar, sem ber yfirskriftina „Vinnufyrirkomulag, vald og líðan æðstu stjórnenda og annarra starfshópa. Kynjasjónarhorn“ safnar hún upplýsingum meðal stjórnenda í atvinnulífinu um það hvort og þá hvernig bæta megi vinnuáætlun og líðan og hvort þörf sé

á því að endurskilgreina og endurbæta störf til að gera báðum kynjum auðveldara að gegna stjórnendastörfum.

„Fyrstu niðurstöður mínar benda til þess að meirihluti stjórnenda telji að fyrirkomulag vinnu, s.s. langur og óreglulegur vinnudagur og löng ferðalög, vinni gegn konum. Stór hluti kvenkyns stjórnenda bendir auk þess á staðalmyndir, hefðir og venjur sem orsakir,“ segir Guðbjörg. Athygli vekur einnig að þrír af hverjum fjórum kvenstjórnendum og þriðjungur karlstjórnenda telur að karlar hafi ekki áhuga á að velja konur til að sinna æðstu stjórnunarstörfum.

„Meirihluti almennings hér á landi er hins vegar sammála því að auka þurfi hlut kvenna við stjórnun fyrirtækja. Til þess að hægt sé að koma því við þurfum við að finna þær skipulagslegu og



félagslegu hindranir sem koma í veg fyrir að konur gegni þessum störfum og leiðir til þess að ryðja mögulegum hindrunum úr veginum. Þess vegna er þessi rannsókn mikilvæg,“ segir Guðbjörg enn fremur.



Kjartan Maack, meistaranemi við Viðskiptafræðideild

Hverjar verða bestar?

„Ég hef brennandi áhuga á árangursstjórnun og vildi því sjá hvað það er sem skilar fólki árangri og hvernig má styðja það við að ná árangri. Meistararannsóknin mín snerist um að greina einkenni sigursælla liða og var hún gerð með átta ítarlegum viðtölum við leiðtoga slíkra liða. Þar af voru fimm leiðtogar íþróttaliða og þrír úr fyrirtækjateyrum,“ segir Kjartan Maack, sem leitaði í meistaraverkefni sínu að ástæðu þess að sumir ná framúrskarandi árangri en aðrir ekki.

Kjartan bendir á að það hafi oft vakið athygli sína að sjá fótbolta-lið kaupa hverja stórstjörnuna á fætur annarri án þess að ná góðum árangri í kjölfarið. „Því hlýtur að vera eitthvað meira en hæfileikar og færni liðsmanna sem ræður því að sum lið ná góðum árangri en önnur ekki. Hugurfar liðsmanna og leiðtoga skapar undirstöður framúrskarandi árangurs liða,“ segir Kjartan. „Sigursæl lið bera flest einkenni uppbyggilegs andrúmslofts, uppbyggilegra sambanda, uppbyggilegra samskipta og uppbyggilegs tilgangs. Þau leggja mikla áherslu á undirbúning með skýrum tilgangi og sveigjanlegri stefnu. Markmið þeirra eru háleit og skýr og árangur þeirra er vandlega skilgreindur og mældur. Þekking og hugmyndir flæða frjálst innan liðanna og liðsmenn styðja hver annan. Liðsmenn sýna frumkvæði í liðsvinnu með árangursríkum hætti.“

Kjartan segir að niðurstöður rannsóknarinnar gefi vísbendingar um þær áherslur sem ríki hjá



leiðtogum sigursælla liða. „Liðsumhverfið einkennist af uppbyggilegri endurgjöf með áherslu á sérstöðu og styrkleika hvers liðsmanns. Rannsóknin sýnir að leiðtogar liða sem vilja ná árangri þurfa að ná fram því besta í hverjum og einum. Til þess þurfa þeir að einblína á sérstöðu einstaklinganna. Umhverfið þarf þannig að styðja við hæfileika einstaklinganna.“

Kjartan segir að rannsóknin sýni tengsl uppbyggilegra stjórnunaraðferða við framúrskarandi árangur og tengi þannig saman stjórnunarfræðin og fræði jákvæðrar sálfræði.

„Niðurstöðurnar hafa ótvírætt gildi fyrir samfélagið í heild því að hægt er að styðjast við niðurstöðurnar hvar sem hópar fólks koma saman til að ná góðum árangri.“

Leiðbeinandi: Árelía Guðmundsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild.



Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, diplómanemi við Félags- og mannvísindadeild

Uppistand er góð aðferð til að afhjúpa hindranir fatlaðs fólks

Fötlunarpólitik og fötlunarlist er gott tæki í baráttunni fyrir réttindum fatlaðs fólks, segir Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, diplómanemi í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild. Hún vakti verðskuldaða athygli á opnum degi Menntavísindasviðs í september síðastliðnum þar sem hún opnaði bæði ljósmyndasýningu og stóð fyrir uppistandi og gjörningi í lyftu.

Ljósmyndasýningin „Fullgild þátttaka“ og leikritið „The Normal Show“ var hluti af BA-verkefni Kolbrúnar í þroskaþjálfarafræðum. „Þessi verkefni voru unnin í samvinnu við fjöllistahóp sem ég hafði umsjón með sem hluta af vettvangsnámi mínu síðastliðna vorönn. Í fjöllistahópnum voru sjö nemendur sem stunda starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði,“ segir Kolbrún.

Kolbrún var listrænn stjórnandi ljósmyndasýningarinnar en Jónatan Grétarsson tók allar myndirnar. Ljósmyndasýningin og leikritið eru unnin í anda fötlunarlistar, að sögn Kolbrúnar. „Myndirnar sýna fatlað fólk á jákvæðan hátt sem fullgilda þátttakendur á almennum vinnumarkaði, í tengslum við listir og menningu, og við bregðum okkur í hlutverk þjóðþekkt fólks. Við erum að vekja upp spurningar: Hvað er fötlun? Getur maður með Downs-heilkenni ekki verið þekktur leikari eða alþingismaður?“ segir Kolbrún, sem þá sér í hlutverk Ernu Ómarsdóttur listdansara á einni af myndunum.

Uppistandið og gjörningurinn í lyftunni voru Kolbrúna ekki algerlega framandi þótt hún hafi verið að fremja þennan tiltekna gjörning í fyrsta sinn. „Ég hef verið virk í uppistandi frá árinu 2008 með Hjólástólasveitinni. Sveitina skipa fjórir hreyfihamlaðir uppistandarar á hjólum og einn uppistandandi. Ég fjalla um lífið og tilveruna í landi tækifæranna. Þetta er ákveðin ádeila í gegnum húnur sem afhjúpar meðal annars þær hindranir sem fatlað fólk mætir,“ segir Kolbrún, sem jafnframt beitir sér í gegnum nám sitt í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands.

Erla Björnsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild

ANDLEG LÍÐAN SJÚKLINGA MEÐ KÆFISVEFN

Markmið þessarar rannsóknar er að meta svefnleysi og andlega líðan hjá sjúklingum með kæfisvefn,” segir Erla Björnsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild, um rannsókn sína.

Ætlun hennar er að meta þessa tvo þætti fyrir og eftir sex mánaða meðferð með svefnöndunartæki, sem er algengasta og árangursríkasta meðferðin við kæfisvefni. Skoðað er hvernig andleg líðan og svefnleysi breytist þegar kæfisvefn er meðhöndlaður og áhrif þessara þátta á meðferðarhaldni, það er hversu vel sjúklingum gengur að nota svefnöndunartækið. Erla bendir á að lengi hafi einkum verið litið á kæfisvefn sem líkamlegan sjúkdóm. „Það er þó ljóst að sökum lítillar hvíldar líður sjúklingum oft illa og

komið hefur í ljós að þunglyndi og kvíði geta verið fylgifyskur sjúkdómsins. Meðferðarhaldni sjúklinga með kæfisvefn er ekki nægilega góð og það er mikilvægt að finna þá þætti sem geta haft áhrif á hana og bregðast við þeim. Það er talið líklegt að geðheilsa og svefnleysi skipti þar töluverðu máli,” segir Erla.

Búið er að vinna úr hluta niðurstaðna í rannsókninni sem lúta að svefnleysi. „Þær sýna að svefnleysi, einkum það að vakna oft á nóttunni, er mun algengara hjá sjúklingum með kæfisvefn en viðmiðunarhópum. Þessi einkenni lagast ef kæfisvefninn er vel meðhöndlaður. Það að eiga erfitt með að sofna og að vakna of snemma á morgnana hefur neikvæð áhrif á það hversu vel

sjúklingar fylgja meðferðarleiðbeiningum,” segir Erla.

Hún bendir á að kæfisvefn sé nokkuð algengur sjúkdómur í samfélaginu. Hann sé alvarlegur og hafi víðtæk áhrif á lífsgæði sjúklinga. „Ef sjúkdómurinn er ekki meðhöndlaður aukast líkur á háþrýstingi, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómum. Það er því áhyggjuefni að meðferðarhaldni skuli ekki vera betri en raunin er. Mikilvægt er að skilja betur áhrif sjúkdómsins á geðheilsu sjúklinga. Jafnframt þarf að bera kennsl á og bregðast við þáttum sem hafa áhrif á meðferðarhaldnina,” bætir Erla við.

Leiðbeinandi: Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor við Læknadeild.

Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild

Kynheilbrigðisþjónustu skortir fyrir ungt fólk

„Til þess að ná góðum árangri í kynheilbrigðismálum ungs fólks þurfum við samfélagslegt inn- og grip margra aðila á ýmsum stigum. Við þurfum að byggja unga fólk okkar upp, það byrjar ungt að stunda kynlíf og fær ekki nógu góða kynheilbrigðisþjónustu. Þróun slíkrar þjónustu þarf að taka mið af sjónarmiðum ungs fólks.”

Þetta segir Sóley S. Bender, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítalann. Sóley hefur í áratugi rannsakað kynheilbrigðismál ungs fólks á Íslandi.

„Landskönnun á viðhorfum ungs fólks til sérhæfðrar þjónustu á sviði kynlífs og barneigna var framkvæmd árið 1996 og var hún fyrsta könnun sinnar tegundar hér á landi. Í þeirri rannsókn kom fram að meðalaldur ungs fólks á Íslandi þegar það

byrjar að stunda kynlíf var 15,4 ár, sem er fremur ungt miðað við nágrannalönd. Niðurstöðurnar gáfu jafnframt til kynna að miklu skiptir fyrir ungt fólk að hafa aðgang að kynheilbrigðisþjónustu þar sem trúnaður og virðing ríkir.”

Sóley segir að niðurstöður þessarar fyrstu könnunar hafi verið nýttar við að þróa unglíngamóttökur í samræmi við óskir sem fram komu hjá unga fólkinu. Árið 2009 endurtók Sóley þessa rannsókn hjá svipuðum aldurshópi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að meðalaldur við fyrstu kynmök var kominn í 15,8 ár. Eindreginn samhljómur var við niðurstöðurnar frá 1996 um að mikil þörf væri fyrir svona þjónustu og að gæði hennar skiptu miklu máli.

„Niðurstöðurnar segja okkur skýrt að þegar þjónusta fyrir ungt fólk á þessu sviði er þróuð þurfum



við að huga að gæðum hennar. Það er mikilvægt að ungt fólk finni fyrir öryggi, virðingu og trausti við þessar aðstæður. Gæði og fagmennska þarf að fara saman því það eykur líkur á því að þau sem þurfa á þjónustunni að halda leiti í hana.”



Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild

Opnar lyfjum leið í líkamann með nýrri tækni

„Líkami okkar er að mestu vatn og til að lyf virki verða þau að vera leysanleg í vatni upp að ákveðnu marki. Lyfjasameindir mega heldur ekki vera of vatnssæknar því að þá komast þær ekki í gegnum fitusæknar lífrænar himnur.“ Þetta segir Þorsteinn Loftsson, prófessor í lyfjafræði, um eitt þeirra verkefna sem vísindamenn glíma við þegar nýrra lyfja er leitað. Þótt vatn og fita séu mikilvæg líkamanum eiga þessi efnaform ekki alltaf samleið og meginverkefni Þorsteins undanfarin ár hefur verið að sætta þessi tvö form efna, fitu og vatn. Markmiðið er að einfalda þeim að komast inn í líkamann.

Þorsteinn hefur árum saman unnið við rannsóknir á sýklódestrín-fáskyrum sem myndast þegar bakteríur melta sterkju. Það sem er merkilegt við þessar fáskykrur er að þær geta myndað vatnsleysanlegar efnafléttur með fitusæknum lyfjum. Venjulega leysast þessi fitusæknu lyf illa upp í vatni en með hjálp fáskykranna komast þau í gegnum meltingarveginn inn í líkamann. „Sýklódestrín hafa þann eiginleika að auka vatnsleysanleika lyfja án þess að breyta byggingu þeirra eða hæfni til að hafa áhrif í líkamanum,“ segir Þorsteinn.

„Kveikjan að rannsóknum mínum á sýklódestrínum og notkun þeirra í lyfjafræði er sú þróun sem hefur átt sér stað í lyfjaiðnaðinum á undanförunum árum. Með nýrri tækni við leit að lyfjum fást mjög oft lyfjasprotar sem við tilraunir í glösum tengjast lyfjaviðtækjum en sem síðan er nær ómögulegt að láta virka í fólki vegna torleysanleika þeirra í vatni,“ segir Þorsteinn.

Rannsóknir Þorsteins á sýklódestrínum hafa fætt af sér yfir 250 ritrýndar greinar í alþjóðlegum vísindaritum, um 15 einkaleyfi og einkaleyfa-

umsóknir og fjölmarga bókarkafla og minni greinar. „Í raun- og lífvísindum, sem og á öðrum fræðasviðum, er tækniþekking þjóða metin af ávöxtunum, þ.e. hér hjá okkur af fjölda þeirra fræðigreina sem íslenskir vísindamenn birta í alþjóðlegum vísindaritum og fjölda einkaleyfa frá íslenskum háskólum og fyrirtækjum,“ segir Þorsteinn.

Rannsóknir hans hafa einnig skilað tveimur íslenskum sprotafyrirtækjum, Cyclops ehf., sem rann inn í Íslenska erfðagreiningu, og svo seinna Oculis ehf., sem er eitt af srotafyrirtækjum Háskóla Íslands.

Þegar horft er til þessa er einfalt að fullyrða að rannsóknir Þorsteins hafi haft mikla þjóðfélagslega þýðingu. „Tækniþekkingin hefur áhrif á uppbyggingu iðnaðar, ásókn erlendra fjárfesta og velmegun þjóðarinnar,“ segir Þorsteinn og bætir við: „Vöxtur lyfjafyrirtækjanna Actavis og Invent Farma var t.d. byggður á lyfjafræðingum, einstaklingum sem luku meistaraþrófi í lyfjafræði frá Háskóla Íslands. Sumir þeirra unnu að rannsóknarverkefnum sem tengjast sýklódestrínum. Við höfum einnig tekið þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og unnið verkefni sem tengjast sýklódestrínum fyrir alþjóðleg lyfjafyrirtæki. Sýklódestrínrannsóknirnar hafa einnig leitt af sér rannsóknir og þróun sem ekki tengjast sýklódestrínum beint, svo sem rannsóknir á lýsi. Srotafyrirtækið Lipid pharmaceuticals ehf., sem er samstarf Lýsis hf., Háskóla Íslands og Landspítala, varð til út úr Oculis ehf. Lipid pharmaceuticals er með lyf í rannsókn sem hugsanlega verður markaðssett innan tveggja ára.“



Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild

Kannar áhrif ómega-3 fitusýra á bólgur

„Rannsóknin snýst um að finna hvort og þá með hvaða hætti ómega-3 fitusýrur geta dregið úr bólgu,“ segir Ingibjörg Harðardóttir, prófessor í lífefna- og sameindalíffræði, sem hefur unnið að rannsókninni „Áhrif ómega-3 fitusýra í fæði músa á hjöðnun bólgu“ í samstarfi við Jónu Freysdóttur, dósent við Læknadeild, og Arnór Víkingsson, klínískan lektor við sömu deild.

Eins og nafnið bendir til er notast við músa-módel fyrir langvinna bólgu til að skoða áhrif fitusýra á bólguferlið. „Undanfarin ár hafa fjölmargar rannsóknir sýnt að bólgur kemur við sögu í mörgum langvinnum sjúkdómum eins og lungnateppu, hjarta- og æðasjúkdómum og Alzheimers-sjúkdómum. Einnig benda rannsóknarniðurstöður til þess að lítil en viðvarandi bólgur geti aukið líkur á sjúkdómum sem þessum. Mögulegt er að smábólga geti orsakast af því að hjöðnun bólgu sé ekki nægilega virk,“ segir Ingibjörg.

Rannsóknarteymið hefur til margra ára rannsakað áhrif ómega-3 fitusýra á bólguþætti og þá sérstaklega í upphafi bólgu. „Þær niðurstöður benda til þess að ómega-3 fitusýrur minnki bólguþætti í heilbrigðum einstaklingum en að í þeim sem eru með sýkingu eða annað bólguáreiti effli þær ónæmissvarið. Þær niðurstöður leiddu til áhuga á að kanna hvort ómega-3 fitusýrur geti einnig flýtt fyrir því að bólgan hjaðni,“ segir hún.

Frumniðurstöður benda til þess að svo sé. „Niðurstöður sýna að þegar langvinn bólgur er framkölluð í músum leiðir ómega-3 fitusýrugjöf til þess að frumum sem gegna hlutverki við hjöðnun bólgu fjölga og að magn boðfna sem tengjast hjöðnunni eykst,“ segir Ingibjörg. Jafnframt segir hún að niðurstöðurnar geti varpað nýju ljósi á hlutverk ómega-3 fitusýra í því að draga úr hættu á langvarandi bólgum og aukið möguleika á að nýta þessar fitusýrur.

Særún Magnea Samúelsdóttir, doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild

Rannsakar miðlun Íslendingasagna til almennings og ferðamanna

Markmið verkefnisins er að rannsaka nýtingu og miðlun Íslendingasagna til almennings og ferðamanna á Íslandi og birtingarmynd þjóðernislegrar sjálfsmýndar Íslendinga í þessari miðlun. Ég ætla að kanna þá markhópa sem miðlun íslenskra miðaldabókmennta er beint að og þau minni sem lögd er áhersla á að miðla. Efnahagsleg áhrif þessarar miðlunar verða líka metin í þessu verkefni," segir Særún Magnea Samúelsdóttir, doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild. Hún vinnur þessi misserin að doktorsverkefni sínu sem ber yfirskriftina „Íslendingasögurnar sem menningararfur – Bókmenntir, minningar, miðlun og ferðaiðnaður.“

Særún segir kveikjuna að rannsókninni hafa verið meistaraverkefni í menningar- og menntastjórnun sem hún vann við Háskólann á Bifröst. „Þar kannaði ég viðhorf fagfólks í sögutengdri ferðabjónustu til Íslendingasagna og miðlunar þeirra. Mér fannst sú rannsókn kalla fram fleiri spurningar en svör og ákvað því að vinna áfram með viðfangsefnið," segir Særún enn fremur.

Særún segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á miðaldabókmenntum. „Ég er með BA-gráðu í íslensku og þegar kom að því að velja framhaldsnám ákvað ég að reyna að hagnýta þennan áhuga minn og fara í stjórnunarnám. Ég hugðist svo reyna fyrir mér á einum þeirra fjölmörgu staða sem miðla

Íslendingasögum hér á landi. Hins vegar voru niðurstöður meistaraverkefnisins þess eðlis að ég vildi rannsaka efnið betur," segir hún.

Særún segir að fræðilegt gildi rannsóknarinnar felist í að skapa nýja þekkingu sem hafi gildi á alþjóðavettvangi. „Rannsókn á efnahagslegum áhrifum hefur einnig samfélagslegt gildi þar sem ég mun leitast við að svara því hvort þjóðhagslega hagkvæmt sé að leggja almannafé í verkefni á þessu sviði," segir Særún.

Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason, dósent við Íslensku- og menningardeild.

Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Kirkjan viðkvæmara viðfangsefni

Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði, hefur rannsakað hvernig fjölmenning og ólík trúarbrögð hafa haft áhrif á íslenskt samfélag og stofnanir, með tilliti til krafna um frelsi og jafnrétti í trúmálum. Rannsóknin, sem nefnist „Hlutverk trúarbragða í íslensku samfélagi.“ Samanburður milli norrænu ríkjanna fimm, er hluti af norrænu verkefni en fyrir Íslands hönd taka þátt í því, auk Péturs, tveir doktorsnemar.

„Við höfum m.a. skoðað hvort grundvallar-breytingar hafi átt sér stað á starfsemi og hlutverki þjóðkirkjunnar og tengslum hennar við ríkisvaldið undanfarna þrjú áratugi og hvort þjóðkirkjan, sem hin ríkjandi meirihlutakirkja, hafi aðlagast breyttum tímum og nýju umhverfi. Í framhaldi af því spyrjum við um áhrif og mikilvægi trúarbragða í nútímaþjóðfélagi og hvort trúin sé fyrirbæri sem tilheyrir manneskjum eingöngu í einkalífi eða hvort

hún sé fyrirbæri sem hið opinbera verður að hafa afskipti af," útskýrir Pétur.

Um niðurstöðurnar segir Pétur að ljóst sé að trúin sé ekki að hverfa af sjónarsviðinu. „Það eru meiri átök um trú í dag, fólk er meðvitaðra um trúmál og tekur ákveðnari afstöðu en áður, með eða á móti," segir Pétur sem hefur einnig rannsakað tímabilið 1930-1980. „Í dag er sett stærra spurningarmerki við starfsemi þjóðkirkjunnar en áður og málefni kirkjunnar eru viðkvæmara viðfangsefni en áður. Þjóðkirkjan nýtur enn þá forréttinda og þrátt fyrir að hún hafi tekið breytingum er hún ekki alltaf vakandi fyrir eftirspurn eða þörfum ólíkra hópa innan samfélagsins. Það gerir það að verkum að margir fjarlægjast hana, segja sig úr henni eða hætta að láta hana skipta sig máli. Að mínu mati er uppbygging og starfsemi kirkjunnar of stíð og



bundin embættum til þess að tengjast nægilega lífi fólks," segir Pétur.

Pétur segir að rannsókn sem þessi geti eftir þekkingu á trúmálum almennt og umburðarlyndi fólks af ólíkum trúarbrögðum og trúflokum og mögulega átt þátt í því að koma trúmálum í það horf að sem flestir geti notið þeirra, tekið þátt í helgihaldi og safnaðarstarfi og fundið þar huggun og styrk.



Auður Ava Ólafsdóttir, lektor við Íslensku- og menningardeild og forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands

Safnstjóri, kennari og skáld með skrúfjárn í vasanum

Auður Ava Ólafsdóttir er kona eigi einhöm. Hún starfar sem lektor í listfræði við Íslensku- og menningardeild og gegnir þar að auki starfi safnstjóra Listasafns Háskóla Íslands. Flestum þætti það eflaust nóg en Auður er jafnframt rithöfundur og leikskáld sem hyggst senda frá sér sína fjórðu skáldsögu á árinu.

„Ég hef verið safnstjóri Listasafns Háskóla Íslands frá árinu 2000 í hálfu starfi. Safnstjóri er eini starfsmaður safnsins og gengur þess vegna í flest störf og sinnir því sem sinna þarf. Hann er því iðulega með skrúfjárn í vasanum. Safnstjóri hefur umsjón með tæplega 2000 verka safneign, uppsetningu verka víðs vegar um háskólasamfélagið, kemur að kaupum á nýjum verkum og stefnumótun ásamt safnstjórn, sér um skráningarvinnu, rannsóknir og sýningahald á vegum safnsins svo að nokkuð sé nefnt. Hið síðasttalda felur m.a. í sér samvinnu við önnur listasöfn,“ segir Auður þegar hún er spurð um starfið hjá Listasafni Háskóla Íslands.

Af hinum tæplega 2000 listaverkum í safninu eru um 1400 teikningar og hátt á annað hundrad málverk eftir Þorvald Skúlason. „Sérstaða listasafnsins felst einmitt í þessu stóra safni verka eftir Þorvald Skúlason. Safnið var stofnað árið 1980 með stórrí listaverkagjöf hjónanna Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur en þau voru persónulegir vinir Þorvalds Skúlasonar,“ útskýrir Auður en auk verka Þorvalds má finna málverk eftir fleiri af abstraktkynslóðinni svokölluðu, þar á meðal Guðmundu Andrésdóttur, Hörð Ágústsson, Karl Kvaran og Eyborgu Guðmundsdóttur. Úrval verkanna má sjá í nýrri bók um Listasafn háskólans sem Auður vann að og Háskólaútgáfan gefur út.

Sem fyrr segir gegnir Auður einnig lektorstöðu

í listfræði við Íslensku- og menningardeild. Það er einnig ærinn starfi enda stunda um 140 manns nám í greininni á BA-stigi og til stendur að hefja kennslu á meistarastigi næsta haust. „Ég á að heita sérfræðingur, einkum í íslenskri samtíma-myndlist, en á síðari árum hefur áhugasvið mitt einnig snúist um miðaldalist,“ segir Auður þegar hún er innt eftir sérþekkingu sinni í listfræði.

Vekur athygli erlendis fyrir skáldverk sín

Vegur Auðar sem rithöfundar og leikskálds hefur enn fremur farið hratt vaxandi á síðustu árum. Má þar nefna skáldsöguna Afleggjarann sem kom út árið 2007 og hefur hlotið fjöldamargar viðurkennningar bæði hér heima og ekki síst í Frakklandi og Kanada. Útgáfa bókarinnar í fjölmörgum löndum er á döfinni. Þá hefur leikverk hennar, Svartur hundur prestsins, sem sýnt hefur verið í bjóðleikhúsinu í vetur, fengið feikigóða dóma og hafa rússnesk leikhús sýnt áhuga á að taka það til sýninga.

Aðspurð hvernig hún nái að halda utan um öll þessi störf svarar Auður því til að hún nýti vinnutímamann utan Háskóla Íslands vel. „Ég er, eins og margir Íslendingar og sérstaklega margar konur, í fjölmörgum störfum. En það er líka lengra á milli bóka hjá mér en mörgum öðrum rithöfundum af því að ég er í fullri vinnu við annað en þessi ritstörf. Ég hef til að mynda í tvígang frestað útgáfu nýrrar skáldsögu sem mun koma út á þessu ári,“ segir Auður.

En eru fleiri leikrit á leiðinni? „Þegar ég lýk við nýju skáldsöguna ætla ég að skrifa fleiri leikrit. Mér finnst það spennandi form og er enn að þreifa mig þar áfram,“ segir Auður.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Linda Björk Pálmadóttir, diplómanemi í hagnýtri jafnréttisfræði

Ég hef nýlokið BA-prófi í félagsfræði og hef alltaf haft áhuga á ólíkri stöðu kynjanna innan samfélagsins þannig að mér finnst þetta nám tilvalið til þess að dýpka þekkingu mína á því sviði.



Guðrún Línberg Guðjónsdóttir, BA-nemi í íslensku

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á íslenskri málfræði og bókmenntum og mig langar til að starfa á þessu sviði í framtíðinni.



Kristbjörn Helgi Björnsson, MA-nemi í sagnfræði

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sagnfræði almennt og langaði að bæta við mig þekkingu í greininni.

Steinunn Gestsdóttir,
dósent við Uppeldis- og
menntunarfræðideild

Sjálfstjórn mikilvæg fyrir gengi í skóla

Ég vona að rannsóknir mínar auki skilning skólafólks á öllum skólastigum á mikilvægi sjálfstjórnar fyrir skólagöngu og stuðli þannig að velferð barna og ungmenna,” segir Steinunn Gestsdóttir, dósent í þroskasálfræði. Hún hefur unnið að langtímarannsókn ásamt samstarfsmönnum sínum við Menntavísindasvið, þeim Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor og Freyju Birgisdóttur lektor en rannsóknin snýst um sjálfstjórn, málþroska og læsi barna á aldrinum fjögurra til átta ára. Nýlega hóf Steinunn einnig rannsóknir á sjálfstjórn íslenskra ungmenna.

„Þessar rannsóknir mínar snúa að því hvernig unga fólkíð stjórnar, breytir eða heldur aftur af



tilfinningum sínum, hugsun og hegðun. Mér finnst mjög áriðandi að hefja rannsóknir á sjálfstjórn íslensku ungmennanna þar sem sjálfstjórn hefur sérstakt vægi á unglingsaldri, sem er jú tímabil sem sumum reynist erfiitt.”

Steinunn segir að strax í doktorsnámi sínu við Tufts University í Bandaríkjunum hafi hún viljað skoða sálfræðileg ferli sem tengdust æskilegri þroskaframvindu á unglingsárum, til dæmis sjálfs-trausti og velgengi í námi og lítilli þátttöku í áhættuhegðun.

„Sjálfstjórnin er áhugaverð því að með slíkrri færni mótar fólk sitt eigið þroskaferli. Þegar ég flutti til Íslands eftir doktorsnám komst ég að því

að sjálfstjórn hefur ekkert verið rannsökuð hér á landi, sem kom á óvart því að þetta er gífurlega vaxandi rannsóknarsvið erlendis.” Steinunn segist því hafa ráðist í rannsóknir á þessu viðfangsefni.

Í rannsókninni, sem Steinunn vinnur með þeim Hrafnhildi og Freyju, eru tengd saman þrjú lykilsvið þroska, sjálfstjórn, málþroski og læsi, sem eru undirstöðuþættir fyrir farsæla skólagöngu. Síðustu gagnasöfnun er nýlökíð í rannsókninni og úrvinnsla hafin.

„Fyrstu niðurstöður benda til að sjálfstjórn barna við lok leikskóla spái fyrir um námshenging þeirra í grunnskóla,” segir Steinunn.

Þórdís Þórðardóttir, lektor við Uppeldis- og menntunarfræðideild

Staðalmyndir í barnaefni hafa áhrif

Staðalmyndir í barnaefni virðast hafa áhrif á hugmyndir barna um stöðu kynjanna. Það birtist meðal annars í samræðum og leik barnanna þar sem þau endurskapa inntak barnaefnisins. Þetta er meðal þess sem fram kemur í rannsóknum sem Þórdís Þórðardóttir, lektor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, hefur unnið að undanfarin ár.

Rannsóknirnar eru hluti af doktorsverkefni Þórdísar í uppeldis- og menntunarfræði. „Kveikjan liggur í menningarlæsisrannsóknum Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, leiðbeinanda míns, og Sergios Morra en þau hafa rannsakað menningarlæsi grunnskólabarna, unglinga, ungmenna og full-orðinna á Íslandi frá því um 1990,” segir Þórdís. Þar sem engar rannsóknir höfðu verið gerðar hér á landi á menningarlæsi leikskólabarna taldi Þórdís mikilvægt að bæta úr því.

Í rannsókninni kannaði hún meðal annars hvernig

4 til 5 ára börn ræddu um barnabókmenntir og afþreyingarefni, hvers konar barnaefni væri notað á heimilum þessa aldurshóps ásamt því að kanna hvernig jafningjar 14 barna brugðust við tilvísunum þeirra í barnaefni.

Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum Þórdísar er að í samræðum um barnaefni flokkuðu börnin efnið til dæmis í stelpu- eða strákaefni eftir því hvort það innihélt hetjudáðir eða tengsl. „Þá tengdu börnin hetjudáðir við karlmennsku en þær nutu meiri virðingar beggja kynja en tengsl, sem börnin tengdu kvenleika. Þau virtust lifa í strangt aðskildum heimi sem ákvarðast af staðalmyndum í afþreyingarefni og flest þeirra byggðu upp kynjuð viðhorf til reglna og siða samfélagsins,” segir Þórdís.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom einnig fram að börn sem fengu tækifæri til að velta fyrir sér áreiðanleika staðalmyndanna höfðu fjölbreyttari



sjónarhorn í farteskínu en þau börn sem síður höfðu þann möguleika. „Leikskólakennarar þurfa að geta greint áhrif staðalmynda kynjanna í barnaefni á nám leikskólabarna. Þannig búa þeir börn undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi eins og boðið er í lögum um leikskóla og sinna þeirri jafnréttisfræðslu sem kveðið er á um í lögum um jafna stöðu kvenna og karla,” segir Þórdís.



Árni Guðmundsson, doktorsnemi við Menntavísindasvið

„Uppi á palli, inni í tjaldi“

Hátt í 50 ára gamlar skýrslur um útihátíðir ungmenna eru Árna Guðmundssyni innblástur í rannsóknarverkefni sem er hluti af doktorsnámi hans við Menntavísindasvið. Í rannsókninni fjallar hann aðallega um umdeildar útihátíðir, sem hann segir því miður vera alltof margar.

Þegar Árni vann að meistaraþrófsritgerð sinni, „Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992“, rak á fjörur hans skýrslur um útihátíðir ungmenna allt frá árinu 1963. Sjá má á skýrslunum að þá þegar hafi áhyggjur vaknað meðal forráðamanna Æskulýðsráðs Reykjavíkur og fleiri aðila af slíkum samkomum en þær voru oft óskipulagðar og haldnar án eftirlits. Árni kynnti sér einnig ítarlega umfjöllun dagblaða um útihátíðir. „Það sem vakti athygli mína var að flestar þessar hátíðir voru afar illa heppnaðar og blessuðum ungdómnum ávallt kennt um allt sem miður fór. Ýmislegt er hins vegar vel gert í þessum efnum, sérstaklega í seinni tíð, og má í þeim efnum nefna hátíð eins og unglingslandsmót UMFÍ,“ segir Árni.

„Þeir sem eldri eru ætlast til að unglingar á



útihátíðum setji sér mörk og hagi sér samkvæmt ákveðnum reglum, sem unglingsarnir vita ekki alltaf hverjar eru. Fullorðna fólk þó gagnrýnir æskuna fyrir agaleysi en gleymir því að sem uppalendur ætti það sjálf að setja útihátíðum viðeigandi umgjörð en gerir ekki. Þó að foreldrasamfélagið hafi sett sér ýmis göfug og sameiginleg uppeldismarkmið þá er enn langt í land hvað þennan kima unglingsamfélagsinnar varðar,“ segir Árni að lokum.

Leiðbeinandi: Gestur Guðmundsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.



Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor við Íþróttta-, tómsunda- og þroskajálfadeild

Vill auka lífsgæði barna með þroskahömlun

„Markmið rannsóknarinnar er að meta líkamsástand barna með þroskahömlun,“ segir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor í íþrótttafræðum. Hann á þar við rannsókn þar sem holdafar, þrek, hreyfing, blóðþrýstingur og áhættuþættir lífsstíllsjúkdóma í blóði verða metnir hjá börnum með þroskahömlun samkvæmt bestu mæliaðferðum.

„Tengslin á milli stigs þroskahömlunar og líkamsástandsins verða skoðuð og metið hvort jákvæð áhrif þreks og hreyfingar vegi upp á móti slæmum áhrifum mikillar líkamsfitu,“ segir Sigurbjörn en hann hefur komið að fjölmörgum rannsóknum á líkamssamsetningu. Greinar um niðurstöður úr þessum rannsóknum hafa margsinnis birst í viðurkenndum alþjóðlegum vísindatímaritum. Rannsóknir Sigurbjörns hafa því vakið mikla athygli en það sama á við um hæfileika hans til að lýsa kappleikjum. Á því sviði er Sigurbjörn einstakur, eins og unnendur frjálsra íþróttta hafa kynnst hjá honum í sjónvarpi. Sigurbjörn hefur sjálfur langan feril að baki í íþróttum, bæði sem keppnismaður og þjálfari.

„Frá 2002 höfum við gert mjög svipaðar rannsóknir á börnum, unglungum og öldruðum án þroskahömlunar en þessar þættir hafa verið lítt rannsakaðir meðal barna með þroskahömlun nema þá hjá einstaklingum með Down's heilkenni,“ segir Sigurbjörn.

„Nú eru hjá okkur í meistara- og doktorsnámi nemendur með mikla reynslu af því að vinna með börnum með þroskahömlun og því var ákveðið að safna sambærilegum gögnum hjá þessum börnum.“

Sigurbjörn segir að fyrstu niðurstöður bendi til þess að börn með meðalmikla þroskahömlun til mikillar þroskahömlunar séu feitari, þrekminni og hafi hærri blóðþrýsting en 9 og 15 ára börn án þroskahömlunar. „Hins vegar virðist ekki mikill munur á hreyfingu hópanna,“ segir Sigurbjörn.

Hann segir að rannsóknin geti orðið grunnur þess að bæta lífsgæði hjá börnum með þroskahömlun og kunni þannig að auka heilbrigði þeirra. „Rannsóknin sýnir að hægt er að framkvæma flóknar faraldsfræðilegar mælingar á stóru úrtaki barna með þroskahömlun en slíkt hefur verið dregið í efa. Rannsóknin verður sú fyrsta sem gerð er á börnum með þroskahömlun á grunnskólaaldri og skilar þekkingu um líkamsástand þeirra og gefur vísbendingar um hugsanlegar úrbætur, s.s. fjölgun íþróttatíma eða uppbyggingu íþróttastöðu.“

Hvað stendur upp úr í Háskóla Íslands?



Maja Vilstrup Roldsgaard, MA-nemi í dönskukennslu

Sem útlendingur tek ég eftir hvað Háskóla Íslands gengur vel að halda uppi öflugum námsframboði og góðri þjónustu, en það er ekki sjálfgefið í svona litlu landi. Mér finnst einnig standa upp úr hvað skólinn er framsækinn og metnaðarfullur.



Guðrún María Jóhannsdóttir, BS-nemi í iðnaðarverkfræði

Hjálpsamir og skemmtilegir samnemendur og félagslífið er það sem stendur upp úr. Námið er það krefjandi að ég held að ég kæmist aldrei í gegnum það nema í samvinnu við hjálpsama samnemendur.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Líf- og umhverfsvísindadeild

SJÁLFBÆRNI LEIÐARLJÓSIÐ Í FERÐAÞJÓNUSTU



Heiðarþúar! glöðum gesti greiðið för um eyðifjöll," orti Jónas Hallgrímsson í kvæðinu um fjallið Skjaldbreiði. Þar færði þjóðskáldið ferðalag inn á hálendi Íslands í bundið mál. Fólki, sem heldur inn á öræfin með líku lagi og Jónas gerði, hefur fjölgað gríðarlega frá því að hann tróð hraunið einn síns liðs með hundi og hesti fyrir nær tvö hundruð árum.

„Fólki sem ferðast um Ísland hefur fjölgað mjög undanfarna áratugi og eru náttúran og öræfin aðalaðráttarafi landsins," segir Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði, en hún vinnur að rannsókn á skipulagi ferðamennsku á Íslandi. Á röskum áratug hefur erlendum ferðamönnum fjölgað úr liðlega tvö hundruð þúsund í meira en hálfa milljón. Þessi mikla fjölgun gæti haft veruleg áhrif á íslenska náttúru.

„Aukinn fjöldi ferðamanna hefur áhrif á upplifun ferðamanna og það umhverfi sem ferðast

er um. Báðir þessir þættir eru mjög viðkvæmir á miðhálandi Íslands," segir Anna Dóra.

Jónasi Hallgrímssyni þótti mikið til um dýrðina til fjalla og þótt ár og öld hafi liðið frá því að hann tróð sína slóð er upplifun hans í einverrunni einmitt sú upplifun sem ferðamenn sækjast enn eftir nú á tímum.

„Ferðamenn ferðast inn á hálendið meðal annars til að upplifa einveru og óraskaða náttúru og því er sérlega mikilvægt að þeir verði ekki það margir að gengið sé um of á gæði auðlindarinnar," segir Anna Dóra.

Hún segir að markmiðið með rannsókninni sé að skipuleggja ferðamennsku á miðhálandi Íslands með hliðsjón af þörmörkum svæðisins. Í því felist að finna þurfi út hver sé fjöldi ferðamanna á helstu svæðum á hálendinu, að kanna hvernig ferðamenn upplifi þessi svæði og hvert ástand þeirra sé.



Anna Dóra segir að síðastliðið sumar hafi gögn um verið safnað og nú sé verið að vinna úr þeim. Niðurstöðurnar liggja væntanlega fyrir í haust og verði þá kynntar fyrir ferðaþjónustuaðilum.

„Í ljósi niðurstaðnanna munu aðilar í ferðaþjónustu mynda sér skoðun á því hvernig greinin vilji helst nýta hálendið og opinberir aðilar móta stefnu um hvernig æskilegt er að skipuleggja hálendið til framtíðar með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi," segir Anna Dóra.

Jakob Sigurðsson, doktorsnemi við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Læsilegri læknisfræðigögn

„Takmarkið er að þróa nýjar aðferðir og tölfraeðilíkin sem líkleg eru til þess að auka nákvæmni læknisfræðilegra gagna sem aflað er með aðstoð rafeindataekja. Það er til hagsbóta bæði fyrir lækna og sjúklinga," segir Jakob Sigurðsson, doktorsnemi við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, um doktorsrannsóknir sínar.

„Rannsóknirnar snúast um þróun tölfraeðilegra aðferða, einkum svokallaða óháða þáttgreiningu, sem m.a. nýta má til að greina læknisfræðileg gögn," segir Jakob, sem vonast til að honum og rannsóknarteyminu takist að þróa betri aðferðir á ákveðnum sviðum en þær sem fyrir eru í dag.

Jakob segir óháða þáttgreiningu ganga út á að


taka fjölvítt blandað merki, þ.e. merki upprunnið úr mörgum áttum sem upphaflega mælist sem eitt merki, og greina í sína upprunalegu þætti.

„Óháð þáttgreining gengur út á það að greina í sundur fjölvítt blandað merki og þannig fá sem mestar og bestar upplýsingar úr því. Óháða þáttgreiningu má t.d. nota á gögn frá starfrænni segulómmyndun (fMRI) til að einangra svæði í heilanum sem tengjast heyrn og sjón. Í slíkum tilfellum er einstaklingur örvaður með einhverju sjónrænu og síðan er beitt óháðri þáttgreiningu til að einangra þau svæði í heilanum sem best endurspeglar örvunarmerkið. Einnig má beita óháðri þáttgreiningu á heilalínurit. Í því tilfelli er



aðferðin nýtt til þess að fjarlægja suð og önnur óæskileg merki, t.d. frá augnhreyfingum, úr gögnunum," segir Jakob.

Leiðbeinandi: Magnús Örn Úlfarsson, lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild.



Olgeir Sigmarrson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Gosið í Eyjafjallajökli ólíkt fyrri gosum á Íslandi – Samsetning gosefna breyttist hratt

„Kveikjan að rannsókninni var sprengigosið sjálf í toppgíg Eyjafjallajökuls sem var mjög ólíkt flestum íslenskum gosum síðustu alda,“ segir Olgeir Sigmarrson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um rannsókn sína á blöndun kvikunnar í gosinu í Eyjafjallajökli vorið 2009.

Í rannsókninni er ætlunin að reyna að skilja betur þau eðlis- og efnafræðilegu ferli sem stjórnðu samsetningu gosefna úr Eyjafjallajökli og hvernig sú samsetning breyttist eftir því sem leið á gosið. Olgeir vonast til að niðurstöðurnar geti varpað nýju ljósi á hegðun eldfjalla sem gjósa súrri kviku.

„Með mikilli vinnu starfsmanna Raunvísindastofnunar og háskólans tókst að ná gjókusýnum úr gosinu á svo til hverjum einasta degi,“ bendir Olgeir á og bætir við: „Frumniðurstöður efna- greininga sýna að samsetning gosefnanna breyttist hratt. Það stafar af kvikublöndun „gamallar“ súrrar kviku sem ekki komst af sjálfsdáðum upp úr eldfjallinu heldur þurfti innskot af heitu basalti til að hræra upp í gömlu kvikunni og valda þar með sprengigosi.“

Olgeir segir að þetta ferli líkist mun meira því sem gerist í eldfjöllum á úthafseyjabogum þar sem



einn jarðskorpufleki gengur undir annan fremur en hér á landi þar sem flekarnir ganga í sundur. „Skilningur á kvikuferlum undir Eyjafjallajökli hjálpar því til við að skilja betur goshegðun stórra eldkeila annars staðar í veröldinni. Jafnframt má nýta betri þekkingu á kvikuferlunum til að meta hvaðan kvikan kemur og læra betur á mælanlega fyrirboða eldgosa, s.s. skjálfta og landbreytingar,“ segir Olgeir að lokum.



Lárus Þorvaldsson, doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Líkanagerð af háhitasvæðum með ofurtölvu

„Reiknilíkaninu er ætlað að segja til um flæði heits vatns og gufu í jörðinni á háhitasvæðum,“ segir Lárus Þorvaldsson, doktorsnemi í vélaverkfræði, um líkan sem hann vinnur að í doktorsrannsókn sinni. „Hægt verður að beita líkaninu á núverandi vinnslusvæði, eins og á Hellisheiði, eða svæði sem verið er að spá í að virkja með tilliti til sjálfbærnisjónarmiða og arðsemi.“

Meistaránám Lárusar gekk út á arðsemisgreiningu lághitasvæða með núvirðisgreiningu. „Ágeng vinnsla í byrjun er mikilvæg frá arðsemisjónarmiði. Hins vegar fara sjálfbærnisjónarmið og arðsemisjónarmið ekki alltaf saman,“ segir Lárus og bætir við að öllu flóknara sé að útbúa reiknilíkan fyrir háhitasvæði en lághitasvæði. „Á lághitasvæðum er fyrst og fremst heitt vatn en á háhitasvæðum kemur gufan líka inn í reikninginn. Samspil þessara tveggja þátta gerir alla útreikninga mun flóknari.“

Lárus er í samstarfi við Maríu Guðjónsdóttur doktorsnema sem hefur komið upp tilrauna- aðstöðu til að kanna hvernig vatn og gufa flæða gegnum gljúpan jarðveg. „Ég sé um líkanagerðina og hún sér um tilraunirnar,“ segir Lárus. „Líkanagerðin sem ég vinn að er í raun stærðfræðidæmi sem lýsir orkuflæðinu á háhitasvæðum. Líkanið inniheldur margar stærðfræðijöfnur og er svo viðamiklilegt að stundum þarf ég að nota tölvuþyrpingu, svokallaða ofurtölvu, til að reikna dæmið til enda.“

„Niðurstöður rannsóknarinnar gagnast fyrirtækjum sem nýta jarðvarma á einhvern hátt og rannsóknarfyrirtækjum sem kanna hvar er vænlegast að bora,“ segir Lárus enn fremur.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins, Landsvirkjun og Íslenskur jarðvísindaklasi (GEORG) styrkja rannsóknina.

Leiðbeinandi: Halldór Pálsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.



Bryndís Björgvinsdóttir,
stundakennari í þjóðfræði og handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna 2011

TÓMLEGT OG KVÍÐVÆNLEGT AÐ STARA Á HVÍTT, AUTT WORD-SKJAL

Ég veit að það er búið að þýða tvo kafla bókarinnar á ensku og ég held að verið sé að vinna í þýðingum yfir á portúgölsku og norsku," segir Bryndís Björgvinsdóttir, stundakennari í þjóðfræði við Háskóla Íslands, um gengi bókar sinnar „Flugan sem stöðvaði stríðið“ sem færði höfundinum Íslensku barnabókaverðlaunin 2011.

Bókin fjallar um húsflugur sem gætu búið í hvaða húsi sem er en ákveða einn daginn að flytja til Nepals. „Mig langaði til að börn hvar sem er í heiminum gætu lesið og skilið söguna. Í þjóðfræði er m.a. fjallað um ævintýri og hvernig þau breiðast út og virða engin landamæri, þau gerast um leið alls staðar og hvergi,“ segir Bryndís sem vann að sögunni í þrjú ár. „Upphaflega langaði mig að skrifa fyrir börn um stríð. Ég býst við því að það sé eitt af því sem þau undra sig á að skuli vera til. Um leið og þeim er sagt að treysta og hlýða fullorðnu fólki, drepur það hvert annað í stríðum.

Það er hins vegar ekki hægt að bjóða börnum upp á bók um stríð í sinni raunverulegustu mynd og á móti er ekki heldur í boði að fegra stríð og draga úr óhugnaðinum. Þess vegna ákvað ég að aðalpersónurnar skyldu vera flugur og þannig nýtti ég sjónarhorn þeirra – sem er talsvert einfaldara en okkar. Kannski má segja að þær hafi sjónarhorn barnsins,“ segir Bryndís.

Bryndís vildi spyrða saman andstæður – áhrifalítlar húsflugur og áhrifamikil stríð. „Flugur eru einna aumingjalegustu lífverurnar í kringum okkur og okkur finnst t.d. sjálfsagt að drepa þær. Stríð fara hins vegar ekki fram hjá neinum og eru ein okkar versta martröð. Mig langaði að beina athygli að því litla, að ómerkilegum húsflugum á stærð við krumpaða rúsínu, og láta þær binda enda á hörmungarnar. Í bókinni er gert svoltið út á virðingu fyrir lífinu og góðmennsku í garð þeirra sem við gætum, í krafti yfirburða okkar, valdið skaða.“

Bryndís játar því að hafa brostið í grát við skrifin. „Það er fáránleg tilfinning að geta grætt sjálfan sig með einhverju sem maður sjálfur skrifar,“ segir hún hlæjandi og segist hafa barist við að koma sögunni saman. „Hvernig skrifar maður bók? Mér finnst tómlegt og kvíðvænlegt að stara á hvítt autt Word-skjal og hugsa: „Nú ætla ég að skrifa bók. Og hvað geri ég nú?“ Ég var oft við það að gefast upp, hætta þessu rugli og gera eitthvað annað. Það sem hélt mér gangandi var að ég vissi að hugmyndin væri góð. Ég efaðist um allt nema það,“ segir hún.

Fram undan bíða önnur verkefni. „Ég kenni tvö námskeið í þjóðfræði við háskólann, annað um menningararf og hitt um þjóðfræði samtímans. Ég hef sérstakan áhuga á bröndurum, flökkusögnum og kjaftasögnum. Fólk finnst þetta efni stundum ekkert sérstaklega menningarlegt eða áhugavert. Það segir þó svo margt um okkur sjálf og hvernig við hugsum,“ segir hún að endingu.

Edda Katrín Rögnvaldsdóttir hjá Háskóladansinum

Dansinn tengir saman fólk úr ólíkum deildum

Hópur vaskra dansara hefur á undanförmum mánuðum vakið mikla athygli á viðburðum á vegum Háskóla Íslands. Hann sló í gegn á afmælishátíð háskólans í Hörpu í haust og sömuleiðis fyrir sýningu tveggja kvikmynda í mánudagsbíói Háskóla Íslands og Háskólabíós á síðasta ári.

Þarna voru á ferðinni félagar úr Háskóladansinum sem starfað hefur frá árinu 2007. Edda Katrín Rögnvaldsdóttir hefur dansað með frá upphafi. Hún segir að Háskóladansinn hafi vaxið mikið og nú eru 200-300 manns skráðir til þátttöku á hverju misseri. „Alls eru kenndar sjö danstegundir, allt frá Boogie Woogie og Lindy Hop til Contemporary. Dansarnir eru nokkuð ólíkir og því ættu allir að geta fundið dans við sitt hæfi,“ segir Edda Katrín.

Kennslan og starfið miðast við misserin í háskólanum. „Háskóladansinn býður upp á ódýra danskennslu og byrjar hvort misseri á tveimur fríum prufuvikum. Þá er kjörið tækifæri fyrir áhugasama að koma og prófa dansana,“ ítrekar Edda Katrín.

Hún segir Háskóladansinn ungt félag sem hafi nú þegar skapað sér stórt nafn. Það sé ekki síst að þakka óeigingjörnun sjálfbodastarfi kennara og aðstoðarfólks. „Það er skemmtilegt að sjá hvað Háskóladansinn tengir marga ólíka einstaklinga saman, fólk sem er í mismunandi námi og kemur úr ólíkum deildum og jafnvel mismunandi skólum og hefði ef til vill ekki umgengist ef ekki væri fyrir Háskóladansinn,“ segir Edda Katrín að lokum.

www.haskoladansinn.is





Sigríður Geirsdóttir, meistaranemi í Uppeldis- og menntunarfræðideild og íbúi á Stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta

Fjörugt barnasamfélag og stuð á Stúdentagörðum

Sigríður Geirsdóttir, meistaranemi í uppeldis- og menntunarfræði, er ein af þeim mörg þúsund nemendum Háskóla Íslands sem nýta sér fjölbreytta þjónustu Félagsstofnunar stúdenta (FS). FS rekur Hámu og kaffistofur í háskólabýggingunum, Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi, Stúdentagarða og þrjá leikskóla ásamt því að styrkja stúdenta með margvíslegum hætti.

Sigríður kláraði grunnám í sálfræði við skólann og hefur nýhafið meistaranám í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á farsæld, sjálfsmyndir og lífsleikni. „Ég hef búið í stúdentaíbúð á vegum Félagsstofnunar stúdenta á Eggertsgötu frá árinu 2009. Ég bý með krökkunum mínum í rúmgóðri íbúð með fallegu útsýni yfir borgina og hef kynnst fólki hér sem er með nánari vinum mínum í dag. Krakkarnir blómstra enda er hér mikið barnasamfélag og stuð. Einn helsti kostur

Stúdentagarðanna er án efa skólarútan sem kemur og sækir skólakrakkana og skilar þeim í skólann. Mjög þægilegt og sjarmerandi,” segir Sigríður.

Sigríður hefur einnig nýtt sér leikskóla FS þar sem drengurinn hennar var á Leikgarði, einum af þremur leikskólum stofnunarinnar, áður en hann hóf nám í Melaskóla síðasta haust.

FS býður stúdentum við Háskóla Íslands upp á margs konar húsnæði á stúdentagörðum nálægt háskólasvæðinu. Í náninni framtíð verður úrval íbúða á háskólasvæðinu enn meira þar sem stofnunin er að byggja nýja stúdentagarða við Oddagötu. Gert er ráð fyrir að hinir nýju Stúdentagarðar verði tilbúnir í árslok 2013. Þeir koma til með að rúma 320–350 námsmenn til viðbótar við þá 1.500 stúdenta sem þegar leigja á Stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta.



Hreinn Pálsson,
prófstjóri Háskóla Íslands

Blöð og skriffæri í prófum ótrúlega lífseig

Próftímabilin í lok haust- og vormisseris eru jafnan mikill álagstími fyrir nemendur Háskóla Íslands. Þetta er ekki síður annasamur tími hjá Hreini Pálsyni, prófstjóra háskólans, og samstarfsfólki hans enda mikið verk að skipuleggja próf í 14 þúsund manna skóla.

„Heildarfjöldi prófa breytist ekki mikið á milli ára, þau eru vel á fimmta hundrað. Hins vegar hefur prófúrlausnum fjölgað umtalsvert á síðustu árum,” segir Hreinn en það má meðal annars rekja til sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskólans og almennrar fjölgunar nemenda við skólann. Fyrir jólin 2007 voru úrlausnir um 15 þúsund en þær voru um 22 þúsund í síðustu jólaprófum.

Til þess að prófahald gangi vel þarf mikinn mannskap í prófvörslu. „Alls komu 75 prófverðir við sögu í prófum haustmisseris og mér reiknast til að þeir hafi skilað samanlagt um 7.000 vinnustundum á rúmlega tveggja vikna próftímabili,” segir Hreinn.

Aðspurður hverjar séu mestu breytingarnar sem orðið hafi á prófahaldi frá því að hann hóf störf fyrir 14 árum nefnir Hreinn viðbrigðin þegar þriggja daga úrsagnarfrestur úr prófum var aflagður. „Sá stutti frestur varð til þess að margvíslegur undirbúningur var í gangi fram á síðustu stund fyrir próf. Lengri úrsagnarfrestur hefur leitt til aukinnar og bættrar þjónustu við stúdenta og jafnframt hefur öryggið aukist við framkvæmd prófanna,” segir Hreinn.

Hann sér fram á ýmsar breytingar á prófahaldi á næstu árum. „Þegar ég hóf störf hélt ég að ég væri að ná síðustu prófunum þar sem blöð og skriffæri væru aðalprófgögnin. Vissulega hefur tölvuversprófum fjölgað, sem og heimaprófum, en það kemur mér enn á óvart hversu lífseig blöð og skriffæri eru. Ég á þó von á því að próftökur á eigin fartölvur nemenda ryðji sér til rúms á næstu árum,” segir Hreinn.



Stúdentaforingjar á stóra sviðinu

Stúdentaforingjarnir Lilja Dögg Jónsdóttir og Stefán Þór Helgason vöktu mikla athygli á aldarafmælishátíð Háskóla Íslands síðastliðið haust en bæði tóku þau virkan þátt í hátíðinni. Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs, var í aðalhlutverki í innslagi þar sem hún leiddi gesti á afmælishátíðinni um háskólasvæðið auk þess sem hún gerði viðreisit og heimsótti tvö fræðasetur skólans á landsbyggðinni. Lilja Dögg birtist við lok innslagsins í eigin persónu á sviðinu í Hörpu innan um dansandi stúdenta en afmælishátíðin var jafnframt sýnd í Sjóvarpinu.

„Á því ári sem ég hef starfað sem formaður Stúdentaráðs hef ég lent í ýmsum óvæntum aðstæðum og verkefnum. Störf tengd aldarafmæli Háskóla Íslands voru án efa með þeim minnisstæðari og það var virkilega óvænt og skemmtilegt að fá að spreyta sig á sjónvarpsskjánum,“ segir Lilja Dögg.

Stefán Þór Helgason, sem er varaformaður Stúdentaráðs, átti afar lífligt spjall við Svandís Svavarsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á sviðinu í Hörpu frammi fyrir fullu húsi.

„Það var virkilega skemmtilegt að fá að taka þátt í þessari athöfn. Ég var að koma í Hörpu í fyrsta skipti og því var þetta jafnvel enn þá meiri upplifun. Ofan á það bættist að við frú Svandís náðum ekki að æfa atriðið áður en við stigum á svið þó að við vissum nokkurn veginn hvað hvort okkar ætlaði að segja. Við þurftum því að spinna þetta á staðnum, sem gerði innleggjið vonandi enn þá skemmtilegra,“ segir Stefán Þór.

Hann segir að Stúdentaráð sinni fjölbreyttu hlutverki, aðspurður um sitt daglega amstur. „Fyrst og fremst erum við í hagsmunagæslu og rekum í



þeim tilgangi réttindaskrifstofu auk þess sem við tölum máli stúdenta. Við erum líka í útgáfustarfsemi, gefum út Stúdentablaðið, Akademiuna og höldum úti vefsíðu. Svo erum við einn allsherjar sameiginlegur skemmtanastjóri stúdenta sem sést best á októberfest, próflokafögnuðum, 1. desember, sumar dögum og þannig mætti lengi telja.“

Aðspurður um samstarfið við formanninn svarar Stefán Þór því til að hann og Lilja Dögg vinni vel saman og vegi hvort annað upp að vissu leyti. „Hún er duglegur og flottur skipherra sem er með allt á hreinu og með slíku fólki er alltaf gott að vinna. Okkar samstarf gengur því að mestu út á að ég reyni

að halda í við hana. Ég get því ekki verið annað en sáttur við samstarfið.“

„Við erum nú fimm sem störfum á skrifstofu Stúdentaráðs,“ segir Lilja Dögg brosandí, „og ég hef enga trú á að árið hefði orðið eins árangursríkt og skemmtilegt og raun ber vitni án þessa vinnusama og skemmtilega hóps. Ég hef alltaf haft gaman af félagsstörfum og það er ómetanleg reynsla að starfa í Stúdentaráði með öllu því ólíka fólki sem þar kemur saman. Það sem helst réð því að ég réðst í þetta verkefni held ég þó að hafi verið áhugi og metnaður til þess að hafa áhrif á háskólasamfélagið og leggja mitt af mörkum til að reyna að breyta og bæta það.“



Gunnhildur Vala Valsdóttir, raddformaður sópranradda í Háskólakórnum Gáfu út geisladisk með nýju íslensku efni

„Mér finnst mjög mikilvægt að Háskóli Íslands bjóði upp á gott félagslíf með fram vísindalegu námi. Fyrir fólk eins og mig, þar sem að tónlistin er stórt áhugamál, er mjög mikilvægt að hafa kórstarfið að hverfa til þegar stressið er orðið mikið í náminu,“ segir Gunnhildur Vala Valsdóttir, félagi í Háskólakórnum.

Um 70 manns eru í kórnum um þessar mundir og flestir þeirra eru í Háskóla Íslands. „Til þess að komast inn í kórinn þarf fólk að mæta í léttar raddprufur sem eru yfirleitt haldnar í upphafi hvors misseris. Allir eru hjartanlega velkomnir og

engar sérstakar kröfur eru gerðar um söngkunna- áttu,“ segir Gunnhildur.

Kórinn hefur haft í nógu að snúast á síðastliðnu ári. Hann flutti til að mynda Carmina Burana eftir Carl Orf ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins í þriggung í Langholtskirkju í mars á síðasta ári. Þá var haustið annasamt og meðal hápunkta þá var flutningur kórsins á frumsömdu lagi Gunnsteins Ólafssonar kórstjóra við texta Snorra Hjartarsonar „Land, þjóð og tunga“ á aldarafmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu. Einnig gaf kórinn út geisladisk undir lok síðasta árs en

þar er að finna úrval íslenskra laga, þar á meðal áður óútgefið efni. Í ár stendur einnig mikið til enda fagnar Háskólakórinn 40 ára starfsafmæli.

„Það er ótrúlega mikil dýnamík sem myndast við það að vinna að sameiginlegu markmiði, eins og að fullkomna flutning á tónverki. Þetta þjálfar mann í raun í mannlegum samskiptum, að þurfa að koma saman, eins ólíkir einstaklingar og við erum öll, og takast á við mismunandi skoðanir hvert annars og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þegar þetta tekst er það mjög góð tilfinning,“ segir Gunnhildur enn fremur.

Vísindin í háskerpu Þáttaröðin Fjárjóður framtíðar vakti mikla athygli

Sjónvarpsþáttaröðin Fjárjóður framtíðar vakti mikla athygli á aldarafmæli Háskóla Íslands en röðin var sýnd í Ríkissjónvarpinu síðla hausts. Þættirnir, sem voru þrír talsins, fengu afar jákvæða dóma hjá áhorfendum en þeir voru gerðir í tilefni af aldarafmæli háskólans.

Fjölbreyttar vísindarannsóknir, sem fara fram innan og utan veggja skólans, voru í háskerpu í þessum þáttum en þeim var ætlað að veita fólki sýn á hið fjölbreytta rannsóknastarf sem vísindamenn háskólans sinna við afar ólíkar aðstæður. Þættirnir náðu yfir vísindarannsóknir á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands.

Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a.

á Skjálfandaflóa, í Grímsvötnum, á Eyjafjallajökli meðan á eldsumbrotum stóð og í framhaldi af þeim, á Langjökli, undir Snæfellsjökli, í Fljótshlíð, við Hekalurætur, á Skriðuklaustri, í Reykjavík, í Hvalfirði og víðar.

Framleiðandi þáttaraðarinnar var Kukl, kvikmyndatökumaður var Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sá Konráð Gylfason en Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands, stýrði upptökum og sá um dagskrárgerð. Verkefnið var stutt af Happpdrætti Háskóla Íslands og er hægt að skoða þættina á vef Háskóla Íslands.





Ásdís Ýr Arnardóttir, MA frá Félags- og mannvísindadeild

„ÓHREINU BÖRNIN HENNAR EVU“

Foreldrar barna og ungmenna með ADHD eru valdalitlir þegar kemur að menntun barna þeirra og réttur þessara barna er að einhverju leyti bundinn því að þau sýni það sem við getum kallað rétta hegðun í skóla,” segir Ásdís Ýr Arnardóttir. Í meistaraverkefni sínu rannsakaði hún hvernig nemendum með ADHD reiðir af í skólakerfi þar sem unnið er eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Nú er hún stundakennari við Háskóla Íslands.

Ásdís Ýr bætir því við að fyrir nokkrum áratugum hefði greind verið forsenda þess að fá tækifæri til menntunar, nú sé réttur til menntunar bundinn réttir hegðun.

„Í stuttu máli má segja að rannsóknin hafi leitt það í ljós að hugmyndafræðin eigi aðeins við um þá hópa sem passa við ríkjandi hefðir í skólastarfi og þar sem boðið er upp á viðunandi þjónustustig þar

sem ólíkir sérfræðingar og nægjanlegt fjármagn eru til staðar.“

„Ég kys að tala um skóla án aðgreiningar sem sérstaka hugmyndafræði fremur en að skilgreina þetta sem sjálfstætt hugtak. Í upphaflegu hugmyndafræðinni að baki skóla án aðgreiningar er gert ráð fyrir því að menntun allra barna og ungmenna fari fram í heimaskóla þar sem hann sé best til þess fallinn að vinna bug á fordómum og þekkingarleysi,” segir Ásdís Ýr. Hún vísar þar til svokallaðrar Salamanca-yfirlýsingar frá árinu 1994 þar sem ríki lögðust á eitt um að búa til samfélag án aðgreiningar með sameiginlega yfirlýsingu að vopni. Hún bendir á að skólastefna samkvæmt Salamanca-yfirlýsingu hafi verið lögfest meginstefna hér á landi árið 2008.

Ásdís Ýr segir að margir skólar vinni gott starf og vandi sumra barna með ADHD sé flókinn og

„Í heild getum við sagt að þetta gangi þokkalega en við erum líka með skóla sem vilja þvinga nemendur í þröngan ramma sem aðeins hentar hinum týpíska nemanda sem ekkert þarf aukalega. Ef til vill stýrist þetta að einhverju leyti af fjármagni innan hvers skóla en líka af viðhorfum,” segir Ásdís.

Hún segir að einn viðmælenda sinna hafi gengið svo langt í vangaveltum um þennan hóp að segja að nemendur með ADHD stæðu helst skóla án aðgreiningar fyrir þrifum því að sumir vildu einfaldlega ekki hafa þennan hóp innan almenna skólakerfisins.

„Kennari innan sérskólakerfisins sagði að þessi börn væru einfaldlega eins og óhreinu börnin hennar Evu, falin þar sem enginn sér til,” segir Ásdís Ýr.

Leiðbeinandi: Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild

Sögu og sýn innflytjenda vantar

„Íslendingar hafa frá miðri 19. öld flust búferlum til annarra landa og í dag, í kjölfar kreppunnar, hafa margir Íslendingar tekið sig upp og flutt búferlum. Hið sama má segja um flutninga fólks af erlendum uppruna hingað til lands, þeir hafa færst mjög í vöxt á síðustu 30 árum. Þessi hreyfanleiki vekur upp spurningar um þá stöðu sem þessir hópar hafa í íslenskum söfnum sem auglýsa sig gjarnan sem vettvang sögulegrar og samtímalegrar sýnar á þjóð og land,” segir Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild.

Hann vinnur að rannsókn, ásamt Tinnu Grétarsdóttur mannfræðingi, á sambandinu milli erlendra þjóðarbrotá á Íslandi og þjóðarbrotá Íslendinga erlendis í tengslum við söfn á Íslandi.

Sigurjón bendir á að erlend söfn og rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda, sem sinnt hafa hreyfanleika fólks, hafi á undanförunum áratugum tekið til endurskoðunar framsetningu og kenningar sínar um þátt innflytjenda í fortíð og samtíð. „Það hefur þýtt að áhugi almennings á söfnum og rannsóknum fræðimanna hefur aukist og bæði menntun og lífsgæði fólks batnað,” bætir hann við.

Sigurjón segir hins vegar að innflytjendur eigi sér takmarkaða, ef þá nokkra, stöðu innan íslenskra safna. Í rannsókninni ræddi hann þá staðreynd við fjöldann allan af fulltrúum þjóðarbrotá sem búa hér á landi og við starfsmenn safna. „Þar kemur fram að ríkur vilji er meðal innflytjenda að söfn greini frá reynslu þeirra á sýningum eða



í öðrum verkefnum á þeirra vegum. Söfnin hafa einnig vilja til frekari þátttöku innflytjenda í starfsemi en telja að fjármagn og stuðning skorti til þess að sinna þeim þætti betur,” segir Sigurjón.



Guðmundur Reynir Gunnarsson,
BS-nemi við Hagfræðideild

Knattspyrnukappi í skiptinámi í Harvard

Guðmundur Reynir Gunnarsson er flestum knattspyrnuáhugamönnum að góðu kunnur enda hefur hann staðið sig vel á undanförunum árum bæði sem atvinnumaður, með uppeldisfélagi sínu, KR, og með landsliði Íslands í knattspyrnu. Hann fagnaði til að mynda bæði Íslands- og bikarmeistaratitli með KR síðasta sumar og var í hópi bestu leikmanna síns liðs.

Færri vita hins vegar að Mummi, eins og hann er gjarnan kallaður, er hörkunámsmaður í hagfræði og er langt kominn með BS-nám sitt í greininni við Háskóla Íslands. Hann dvelur sem skiptinemi við einn virtasta háskóla í heimi, Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, nú á vormisseri.

„Ég var með það í fótboltasamningnum mínum við KR að ég mætti fara út í skiptinámi ef það hefði sem minnst áhrif á Íslandsmótið. Ég var samt ekkert endilega að pæla í að fara en svo fékk ég einn góðan veðurdag þá hugdettu að það væri gaman að taka eina önn í Harvard. Þá sló ég bara til og sótti um,“ segir Mummi. Námið úti fær hann metið inn í nám sitt í hagfræði við Háskóla Íslands.

Aðspurður hvers vegna hagfræðin hafi orðið

fyrir valinu á sínum tíma segir Mummi að áhugi á stærðfræði og því hvernig viðskipti og heimurinn virkar hafi dregið hann þangað. „Mér fannst hagfræðin sameina þetta tvennt en ég hefði eins getað endað í stærðfræði eða viðskiptafræði. Síðan hafði kreppan líka áhrif á þetta, mig langaði til þess að skilja hvað hefði gerst,“ segir hann.

Mummi stefnir að því að ljúka BS-prófi í hagfræði á árinu en segir óljóst hvað taki við eftir það. Grennir hafa borist af því að erlend knattspyrnufélög hafi hugsanlega áhuga á að nýta krafta hans. Mummi lék sem atvinnumaður í Svíþjóð um tíma og segist vel geta hugsað sér að prófa það aftur enda einungis á 23. aldursári. „Það er samt nokkuð sem verður bara að koma í ljós, það fer eftir því hvort tækifæri á því eða einhverju öðru býðst,“ segir Mummi.

Hann segir það hafa gengið vel hingað til að samræma hagfræðinámið og miklar æfingar. „Ég held að það sé ekkert verra fyrir námið að vera í íþróttum þótt það taki svolitinn tíma. Þá er maður bara ferskari þegar kemur að því að læra,“ bendir hann réttilega á.



Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild Samráð og samningar við ESB

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði, hefur frá ársbyrjun 2010 unnið að rannsókn sem tengist aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins. Í henni er skoðað hvort samráð eigi sér stað í undirbúningsferlinu milli stjórnsýslunnar og ólíkra hagsmunasamtaka og hvort smæð stjórnsýslunnar hafi áhrif á undirbúningsferlið.

Í rannsókninni er skoðað hvernig íslensk stjórnvöld standa að mótun samningsmarkmiða í þremur málaflokkum: sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum og byggðamálum. „Við skoðum að hvaða marki stjórnsýslan starfar með hagsmunasamtökum í þessum málaflokkum,“ segir Baldur en þrjár vinnuhópar eru að störfum hjá utanríkisráðuneytinu. Í þeim eru m.a. aðilar frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. „Þetta eru þeir málaflokkar sem einna mestum breytingum taka ef Ísland gengur í Evrópusambandið. Í rannsókninni er skoðað, ef um samráð er að ræða, hvort það sé greinabundið eða hvort það sé viðtækara og nái til neytenda og annarra hópa í samfélaginu sem láta sig greinarnar varða,“ segir Baldur.

„Með rannsókninni er horft til smæðar íslenskrar stjórnsýslu og reynt að svara því hvort hún hafi burði til að sinna verkefni. Við könnum hvort næg sérfræðipækking sé til staðar í stjórnsýslunni ásamt mannafla til að sinna stefnumótun. Í rannsókninni er þannig leitað svara við því hvort stjórnsýslan þurfi að leita til utanaðkomandi sérfræðinga og starfsfólks til að sinna verkefni.“

Rannsóknin styðst við gögn frá stjórnvöldum og hagsmunasamtökum og er byggð á viðtölum við einstaklinga innan áðurgreindra vinnuhópa. Baldur segir að góð viðbrögð hafi fengist frá stjórnsýslunni og frá hagsmunasamtökunum í verkefni.

Rannsóknin stendur enn yfir og ekki er búist við niðurstöðum fyrr en samningsmarkmið og jafnvel aðildarsamningur liggja fyrir. „Það skiptir engu máli fyrir rannsóknina hvort Íslendingar verða aðilar að ESB eða ekki, við höfum í raun engan áhuga á því. Við viljum bara sjá hvort og þá að hvaða marki samráð hefur verið við stefnumótunina, við gerð samningsmarkmiðanna og svo í gerð hugsanlegs aðildarsamnings við ESB,“ segir Baldur að lokum.

Hvað stendur upp úr í Háskóla Íslands?



Tryggvi Örn Gunnarsson,
BS-nemi í rafmagnsverkfræði

Mér finnst helst standa upp úr að það eru gerðar miklar kröfur til nemenda og einnig er mikið álag sem hlýtur að vera gott fyrir framhaldsnám. Maður hefur líka heyrt að skólar erlendis beri virðingu fyrir grunnnáminu í Háskóla Íslands. Annars finnst mér félagslífið líka mjög skemmtilegt, alla vega í minni deild.



Sigríður Regína Sigurbórsdóttir,
BA-nemi í kvikmyndfræði

Námið í sjálfu sér. Tilfinningin að ég sé að öðlast einhverja nýja vitneskju sem ég gæti jafnvel breytt og bætt með mínum eigin hugmyndum í framtíðinni. Það er líka frábært að mæta í Hámu snemma og fá sér kaffibolla (í postulíni!) og setjast inni á lesstofu og lesa.

Bjarni Elvar Pjetursson, prófessor við Tannlæknadeild

TANNPLANTI EÐA BRÚARSMÍÐI?

Pótt sú kunna setning „Hreinar tennur skemmast ekki“ eigi fullkomlega við rök að styðjast er það nú svo að ekki endast allar tennur út heila mannsævi. Þegar við fæðumst erum við flest tannlaus. Á fyrstu tveimur æviárunum spretta tuttugu barnatennur upp úr tanngarðinum. Á bilinu sex til tólf ára koma síðan þrjátíu og tvær fullorðinstennur í stað barnatannanna. Á árum áður var algengt að fullorðinstennur töpuðust og fólk væri orðið tannlaust aftur, jafnvel á unga aldri.

Bjarni Elvar Pjetursson, prófessor við Tannlæknadeild, segir að fyrir rökum fjórum áratugum hafi komið fram sú nýjung að setja títan-skrúfur í tannlaust kjálkabein og nota þær sem nokkurs konar akkeri fyrir „þriðja“ tannsettið. Þetta kallist að koma fyrir tannplanta. „Aðferðin hefur verið í stöðugri þróun en hún gerir kleift að græða þriðja tannsettið í flesta þá sem þess óska,“ segir Bjarni Elvar.

Í byggingarfræðum er öllum ljóst að hús sem reist eru á sandi eru ekki líkleg til að endast. Það

sama á við um uppbyggingu í munnholinu. Tannlæknar standa þannig daglega frammi fyrir því að taka ákvarðanir um meðferð sjúklinga. Þegar tekin er ákvörðun um smíði tanngervis í tannlaust bil er algengast að tönnin sé annaðhvort smíðuð á stakan tannplanta eða sem brú með tvær stoðtennur til hvorrar hliðar. „Þegar meðferð er áætluð þarf að skoða áhættuþætti nánar. Tanngervi, smíðuð á tannplanta eða stoðtennur, eru undir miklu álagi í munnum og geta gefið sig við notkun. Upp geta komið minniháttar vandamál sem hægt er að lagfæra á einfaldan hátt en einnig geta komið upp erfiðari og flóknari vandamál sem geta í versta falli valdið því að endurgera þarf tanngervið. Þrátt fyrir að meirihluti tanngerva standi sig vel undir þessu mikla álagi eru líffræðileg og tæknileg vandamál ekki óalgeng,“ segir Bjarni Elvar.

„Þegar tennur og tannplantar eru borin saman hefur það sýnt sig að vandamál hjá tann-

studdum tanngervum eru frekar líffræðilegs eðlis en vandamál hjá tannplantastuddum tanngervum eru frekar tæknilegs eðlis,“ segir Bjarni.

Þar sem engar slembirannsóknir hafa verið gerðar í munn- og tanngervalækningum, þar sem brýr á stoðtennur eru bornar saman við stakar krónur á einn tannplanta, hefur verið reynt að draga saman á kerfisbundinn hátt þær rannsóknir sem til eru.

Bjarni Elvar segir að þetta sé gert í þeirri viðleitni að bera saman hefðbundnar brýr á stoðtennur við stakar tennur á tannplanta. Einnig sé tilgangurinn að meta umfang líffræðilegra og tæknilegra vandamála sem upp kunna að koma við hvora aðferð fyrir sig. Niðurstöðurnar hafa sýnt að um 90% tanngerva, bæði á tennur og tannplanta, endast lengur en tíu ár og að koma má í veg fyrir flest líffræðileg og tæknileg vandamál með góðri munnhirðu, reglulegu eftirliti, rétttri meðferð og vönduðum vinnubrögðum.

Vigdís Valsdóttir, verkefnisstjóri við Tannlæknadeild

Tannsmíði – vísindi og vettvangsnám

Kennsla í tannsmíðum hófst við Tannlæknadeild Háskóla Íslands haustið 2009 en áður var greinin kennd í ein tuttugu ár á framhaldsskólastigi. Nú tekur námið þrjú ár og lýkur með BS-prófi.

Námið hefur breyst með auknum kröfum um vísindalega þekkingu innan fagsins. Breytingar sem fylgdu upplýsingatækni, nýjum tækjum og notkun tannplanta hafa aukið kröfur um tölvukunnáttu og meðferð á flóknum tækjabúnaði. Til að verða við þeim kröfum hefur bóklegt nám í tannsmíði verið eftt til muna.

„Inntökuskilyrði eru stúdentspróf af bóknámsbraut og frá því að kennsla hófst hér hafa árlega um tuttugu namar skráð sig til náms. Samkeppnispróf eru síðan haldin í desember og komast fimm efstu

nemarnir yfir á annað misseri. Á öðru og þriðja námsári eru nú þrír karlar og sjö konur,“ segir Vigdís Valsdóttir, verkefnisstjóri námsbrautar í tannsmíði.

Fagfólk innan tannheilsuteymis á sérvöldum tannlækna- og tannsmíðastofum hefur umsjón með skipulögðu vettvangsnámi námsbrautar í tannsmíði.

„Vettvangsnám er mikilvægt vegna þess að með því gefst nemunum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með heildrænni meðferð skjólstaðinga hjá tannheilsuteymi og fá handleiðslu fagfólks í tann- og munnheilsuvísindum. Í framtíðinni vonumst við til að namar okkar geti einnig farið í vettvangsnám til annarra Evrópulanda á vegum Erasmus-samstarfsins,“ segir Vigdís að lokum.





Erla Kolbrún Svavarsdóttir,
prófessor við Hjúkrunarfræðideild

Að ná til kvenkyns þolenda ofbeldis í nánnum samböndum

„Tilgangurinn með rannsókninni var að kanna með hvaða hætti heilbrigðisstarfsmenn ná best til kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum og sérstaklega hvort mismunandi aðferðir við að ná til þeirra skipta máli. Við könnuðum hvort viðtalsformið, það að biðja konurnar að fylla út spurningalista með blað- og blýantsaðferðinni, eða það að biðja þær að svara spurningum á tölvutæku formi, skipti máli þegar þær tjá sig um reynslu sína af ofbeldi,“ segir Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Rannsókn hennar, „Hvernig ná heilbrigðisstarfsmenn best til kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum?“, er framhald af röð rannsókna sem varða ofbeldi gegn konum. „Við höfum kannað ofbeldi í nánnum samböndum með landskönnun og ofbeldi meðal kvenna sem leita eftir heilbrigðisþjónustu. Eins höfum við kannað ofbeldi á áhættumeðgöngudeild og meðal líkamlegra fatlaðra kvenna hérlendis. Meginniðurstöður þessara rannsókna eru kynntar í bókinni „Ofbeldi: Margbreytileg birtingarmynd“,“ segir Erla Kolbrún.

Samkvæmt niðurstöðunum er lítið vitað í alþjóðasamfélaginu hvaða aðferðir skila bestum árangri við að greina ofbeldi. Því ákvað Erla Kolbrún að ráðast í framangreinda rannsókn. „Ofbeldi getur haft alvarleiðingar afleiðingar í för með sér fyrir heilsu kvenna. Því er mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn kunni að greina ofbeldi og bjóði upp á viðeigandi fyrstu viðbrögð,“ segir Erla Kolbrún.

Rannsóknin náði til 306 íslenskra kvenna. „Athyglisvert er að það var enginn marktækur munur á hvaða aðferð virkaði við að ná til þeirra. Það gefur okkur vísbendingu um að hægt sé að ná til kvenna með margvíslegum hætti,“ segir hún.

Í ljósi þess hversu algengt ofbeldi er í samfélaginu segir Erla Kolbrún að miklu skipti hvernig heilbrigðisstarfsfólk ná til þolenda. „Þar sem afleiðingar ofbeldis eru miklar á heilsufar þolenda getum við með faglegum og gagnreyndum starfsháttum aðstoðað konur við að vinna sig úr þessari erfiðu lífsreynslu þannig að þær eigi bjartari framtíð en ella,“ segir hún að endingu.



Natalia Magdalena Pich,
doktorsnemi við Lyfjafræðideild

Leit að lyfjasprotum gegn Alzheimer

„Markmið verkefnisins er að leita virkra náttúruafna úr íslenskum lágplöntum og fléttum sem mögulega gætu gagnast sem lyf við Alzheimers-sjúkdómnum,“ segir Natalia Magdalena Pich, doktorsnemi við Lyfjafræðideild.

Mikil þörf er á betri lyfjum með öflugri verkun og minni aukaverkunum en þau lyf hafa sem til eru í dag. „Mér þykir þessi rannsókn sérlega áhugaverð vegna þess að hún snýst um að leita náttúruafna sem gætu orðið fyrirmyndir að nýjum lyfjum. Í sögulegu samhengi hefur notkun náttúrulegra efnasambanda í lyfjagerð skilað góðum árangri og heldur án efa áfram að leika stórt hlutverk í þróun nýrra lyfja í framtíðinni,“ segir Natalia en hún er frá Póllandi.

Lífvirk efnasambönd sem fengin eru úr náttúrunni gegna lykilhlutverki í meðferð margra erfiðra og algengra sjúkdóma þ.á m. Alzheimers-sjúkdómsins. Enn fremur varpa lífvirk efnasambönd oft betra ljósi á líffræðina á bak við sjúkdómna en hefðbundin lyf. Lyf sem nú eru notuð við Alzheimers-sjúkdómnum eru flest svokallaðir kólínesterasa-hindrar og þótt þau hægi á framgangi sjúkdómsins er notagildi þeirra takmarkað. Mikil þörf er á betri lyfjum en nú eru á markaðnum með öflugri verkun og minni aukaverkanir. Nýlega hefur verið sýnt fram á að efni sem hafa áhrif á svokallaða nikotín-asetýlkólínviðtaka gætu reynst gagnleg Alzheimers-lyf ásamt áðurnefndum kólínesterasa-hindrum.

„Aðferðin sem ég nota til að finna virkustu náttúruafnir og hanna afleiður af þeim nefnist á ensku „in silico molecular modelling“,“ segir Natalia og bætir við að aðferðin gangi út á leit og hermílikanamátun í tölvu við próteinakristalbyggingar af kólínesterasaensímínu og nikotín-asetýlkólínviðtökum. Vænleg efni verða síðan prófuð í svokölluðum „in vitro“ lífvirkniprófum. Sameinda-hermílikanagerð er ný nálgun á sviði rannsókna á lífvirkum náttúruafnum á Íslandi og mun geta gagnast öðrum rannsóknum á nýjum lyfjasprotum þar sem virkni byggist á bindingu við þekkt prótein, s.s. ensím og viðtaka.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við rannsóknarteymi um sameindahermílikön við Lyfjafræðideild Kaupmannahafnarháskóla og William Kem, prófessor við Flórída háskóla í Bandaríkjunum, sem er sérfræðingur í nikotín-asetýlkólínviðtökum og lífvirkniprófum á þeim. Natalia mun verja hluta af námstíma sínum við þessar tvær rannsóknastofur beggja vegna Atlantsþafsins.

Leiðbeinandi: Elín Soffía Ólafsdóttir,
prófessor við Lyfjafræðideild.

Anna Hulda Ólafsdóttir,
doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

ÁHRIF GÆÐASTJÓRNUNAR Á MANNVIRKJAGERÐ

Leiðing gæðastjórnarkerfis fyrir verklegar framkvæmdir er líkleg til þess að auka ánægju verktaka og viðskiptavina þeirra," segir Anna Hulda Ólafsdóttir, doktorsnemi í iðnaðarverkfræði, en hún rannsakar kosti og galla gæðastjórnarkerfis fyrir verktaka og verkkaupa. Anna segir margt í framkvæmdaferli mannvirkja geta farið úrskeiðis á framkvæmdatíma, ekki síst þegar margir aðilar eiga í hlut. Þegar slíkt gerist stendur framkvæmdin ekki undir væntingum. „Gæði framkvæmdarinnar felast í því að hún sé eins og stofnað var til í upphafi og þá skiptir höfuðmáli að verkefnið hafi verið vel skilgreint í upphafi.“

MA-verkefni Önnu snerist um notkun gæðastjórnarkerfis og ánægju verkkaupa. „Það er marktækur munur og sterk fylgni milli

ánægju verkkaupa með framkvæmd verks sem verktaki vann og hvort verktaki starfar eftir gæðastjórnarkerfi eða ekki.“ Einnig sýna niðurstöður að vinnubrögð þeirra verktaka sem kveðast starfa eftir gæðastjórnarkerfi eru mun markvissari og skilvirkari en þeirra sem starfa ekki eftir slíku kerfi. Að lokum leiddi rannsóknin í ljós að staða gæðastjórnunar í mannvirkjagerð á Íslandi er sérlega slök meðal smárra verktakafyrirtækja.

Doktorsverkefni Önnu snýst hins vegar um ávinning verktakans af notkun gæðastjórnarkerfis. Til þess notar hún kvik kerfislíkön. „Þau eru öflugt tæki sem auðveldar mat á flóknum viðfangsefnum, t.d. mat á verklegum framkvæmdum þar sem ófyrirsjáanleg seinkun á einum framkvæmdalið getur í framhaldinu haft áhrif á

alla framkvæmdina," segir Anna sem vonast til að með þessu fáist betri yfirsýn en hingað til á þau heildaráhrif sem notkun gæðastjórnunar hefur fyrir verktaka. „Sumir iðnaðarmenn og verktakar telja að gæðastjórnarkerfi sé íþyngjandi, einkum fyrir smærri fyrirtæki. Þetta ætla ég að rannsaka og kannski sýna niðurstöðurnar fram á hið gagnstæða.“

Leiðbeinendur: Gunnar Stefánsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, og Helgi Þór Ingason, dósent við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Fékk Grímsvatnagos í afmælisgjöf

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, er einn kunnasti eldfjallasérfræðingur landsins. Fullyrða má að Magnús Tumi hafi verið í eldflínunni í tveimur gosum með stuttu millibili, fyrst í gosinu á Eyjafjallajökli árið 2010 og svo aftur í Grímsvötnum í fyrravor. Svo furðulega vildi til að daginn sem gosið hófst í Grímsvötnum hafði Magnús Tumi boðið vinum og skyldfólki til fimmtugsafmælis. Það má því segja að hann hafi fengið gosið í afmælisgjöf. Í afmælinu voru fjölmargir samstarfsmenn Magnúsar og þynntist hópurinn því nokkuð snemma þar sem sérfræðingarnir þurftu að sinna kallinu og hverfa

til rannsóknastarfa. Magnús sat hins vegar á sér og fór hvergi: „Það hefði nú ekki verið gott að skrópa í sínu eigin afmæli," sagði Magnús Tumi brosandí við fréttamenn en hann er vinsæll viðmælandi hjá fjölmiðlum landsins. Hann neitaði sér því um að fara á gosstöðvarnar þennan daginn en var kominn að eldstöðvunum morguninn eftir. „Ég held nú ekki upp á fimmtugsafmæli nema einu sinni en þetta var fjórða gosið í Grímsvötnum sem ég hef fylgst með. Ég lét því afmælið hafa forgang.“





Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði

Afstaðan til vetrarferða

„Rannsókn okkar hér á Höfn snýst um að kanna viðhorf erlendra ferðamanna til vetrarferðalaga um Ísland, sérstaklega þá um suðausturhluta landsins, Hornafjörð og Skaftárhrepp,“ segir Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði. Rannsóknasetrið þar er eitt sjö slíkra á landsbyggðinni. Markmið þeirra er að skapa aðstöðu til rannsókna úti á landi, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf.

Á Höfn hafa um hríð farið fram rannsóknir sem tengjast ferðamennsku og er markmiðið með þeim að stuðla að eflingu greinarinnar, ekki síst á landsbyggðinni.

Þorvarður segir að nú sé nýhafið markaðsátak hér á landi um eflingu vetrarferðapjónustu undir heitinu Ísland – allt árið. „Það er afar mikilvægt fyrir alla slíka viðleitni að geta byggt á rannsóknnum á borð við þær sem við stundum, annars er hætt við að markaðsstarfið verði ómarkvisst.“

Að sögn Þorvarðar er ferðapjónustan ekki einungis ein helsta atvinnugrein þjóðarinnar, hún sé líka ákveðinn og vaxandi hluti tilverunnar, ekki síst úti á landsbyggðinni. „Það skiptir því miklu máli, bæði fyrir vísindin og samfélagið, að efla skilning okkar á ferðapjónustunni.“

Þorvarður segir að ferðapjónustan á Íslandi glími við mikla árstíðasveiflu og því hafi lengi verið rætt um að reyna að fjölga ferðamönnum utan háannarinnar á sumrin. Lítið hafi þó verið vitað um það hvaða augum ferðamenn líti Ísland á öðrum árstímum eða hvort þeir vildu yfirhöfuð koma til Íslands að vetrarlagi.

„Verkefnið er tvíþætt; fyrst voru tekin viðtöl



við um 40 ferðamenn sumarið 2010 og síðan var útbúinn spurningalisti sem var lagður fyrir stærri hóp, eða um 1300 manns síðastliðið sumar,“ segir Þorvarður, sem er spenntur að vinna með gögnin til að leiða fram niðurstöður.

Hann segir að rannsóknin sé á lítt könnuðu sviði innan ferðamálafræða hér á landi og því spennandi fræðilega séð, „en jafnframt gætu niðurstöðurnar haft heilmikla hagnýta þýðingu fyrir ferðapjónustuna í heild, ekki þó síst á Suðausturlandi þar sem hún blómstrar á sumrin en leggst síðan nánast algerlega í dvala á veturna.“



Pavla Dagsson Waldhauserová, doktorsnemi við Rauvísindadeild

Ljosi varpað á loftmengun

„Íslendingar anda að sér menguðu lofti frá útlöndum en líka menguðu lofti sem er upprunnið hér á landi,“ segir Pavla Dagsson Waldhauserová, doktorsnemi í lofteðlisfræði, en hún hlaut styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands vegna doktorsverkefnis síns í haust. „Mengað loft berst stundum til landsins frá Ameríku og iðnhéruðum Evrópu. Loftmengun sem upprunnin er á Íslandi er frá söndunum, jökulárfarvegum og eldgosum.“

Pavla er í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins og Veðurstofu Íslands. „Veðurstofan á gríðarlega mikið af upplýsingum um staðbundið veðurfar, sandrok og moldrok, sem ná aftur til fyrri hluta 20. aldar. Þaðan fékk ég líka einstakar mæliniðurstöður um ósónlagið í heiðhvolfinu frá 1957. Eldfjöll eins og Hekla (2000), Grímsvötn (2004 og 2011) og Eyjafjallajökull (2010) framleiða mikið af gosösku sem berst upp í heiðhvolfið og hefur neikvæð áhrif á ósónlagið,“ útskýrir Pavla.

„Loftmengun á suðvesturhluta landsins var sérstaklega sýnileg í september síðastliðnum. Vindur feykti jarðvegi og gosösku frá hálendinu og suðurströndinni upp í loft,“ segir Pavla. „Þaðan barst mengunin til Reykjavíkur þar sem hún mældist tífalt meiri en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir en það þýðir að loftmengunin var beinlínis hættuleg fólki.“

Að sögn Pövlur er hugsanlegt að Ísland verði í náninni framtíð þátttakandi í samvinnuverkefni 17 landa um loftmengun. Tilgangur samvinnuverkefnisins er að fylgjast með loftmengun sem berst langa leið, m.a. yfir landamæri. „Ég vinn að líkani um loftmengun sem hefur forspárgildi fyrir dreifingu hennar. Almennur fær aðgang að þessu líkani á vefsíðu sem sýnir dreifingu hennar í rauntíma. Þetta þýðir að fólk fær upplýsingar sem það hafði ekki áður um loftmengun og getur í framhaldi af því tekið ákvarðanir sem hafa bein áhrif á heilsu þess,“ segir Pavla.

Leiðbeinandi: Haraldur Ólafsson, prófessor við Rauvísindadeild.



Nýtt blóðstorkupróf fékk hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

Verkefnið „Fiix-prothrombin-tími; nýtt blóðstorkupróf til stýringar á blóðþyngningu“ hlaut hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands árið 2011. Verðlaunin voru afhent í 14. sinn á Nýsköpunarmessu Háskóla Íslands sem fram fór í nóvember á síðasta ári. Alls bárust 16 hugmyndir í samkeppnina og voru þær af ýmsum fagsviðum háskólans.

Fjögur verkefni hlutu viðurkenningu dómnefndar. Verkefni Páls Torfa Öndursonar, prófessors við Læknadeild, og Brynju R. Guðmundsdóttur, klínísk lektors á Landspítalanum, hlaut fyrstu verðlaun. Með tilraunum sínum hafa þau fundið upp nýtt hagnýtanlegt blóðstorkupróf, svokallaðan fiix-prothrombin-tíma (Fiix-PT), til að stýra betur gjöf blóðþyngningarlyfsins Kóvar. Lyfið tekur fólk til þess að koma í veg fyrir blóðtappa. Sótt hefur verið um einkaleyfi á hugmyndinni.

Önnur verðlaun hlaut Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félagss- og mannvísindadeild, fyrir verkefnið „Seinfærir foreldrar – stuðningur og fræðsla.“ Um er að ræða forvarnarverkefni

þar sem markmiðið er að meta árangur alíslensks námskeiðs fyrir seinfæra foreldra um samskipti í fjölskyldum. Forvarnarverkefnið felst einnig í námskeiðum fyrir fagfólk og stuðningsaðila og uppsetningu heimasíðu um verkefnið á vef Rannsóknaseturs í fótunarfræði við Háskóla Íslands.

Tvö verkefni deila með sér þriðju verðlaunum, „Hönnun rauntíma frumu“ og „Tónar hafnsins.“ Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild, og Loic Letertre lífeindafræðingur standa á bak við fyrrnefndu hugmyndina. Þar er á ferðinni tölvuforrit sem sýnir í smáatriðum á myndrænan hátt hvernig fruma vinnur og er byggð upp. Notandi getur ferðast inn í frumuna og sjálfur stjórnað ferðalagi sínu þar. Frumútgáfa af forritinu hefur þegar verið hönnuð en stefnt er að því að þróa það í nokkrum útgáfum þannig að það nýtist á öllum skólastigum og jafnvel til endurmenntunar heilbrigðisstétta.

Höfundar verkefnisins „Tónar hafnsins“ eru þær Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði, og Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík. Edda



Elísabet hefur safnað og rannsakað hljóð hvala í Skjálfandaflóa. Hugmyndin er að nýta þau í tónlist og búa til aðgengilegt margmiðunarfræðsluefni um eiginleika og þýðingu hljóðanna. Þar yrði jafnframt að finna ljósmyndir og kvikmyndir af hvöllum við Ísland. Ætlunin er að bjóða þetta efni til sölu þeim fjölmörgu ferðamönnum sem fara í hvalaskoðun við Íslandsstrendur á hverju ári.

Rektor kenndi í Vatnsendaskóla

Hann leyndi sér ekki, áhuginn hjá nemendum í 7. bekk Vatnsendaskóla í Kópavogi, þegar Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, heimsótti skólann og tók þátt í kennslustund í náttúrufræði í upphafi skólaárs.

Með Kristínu í för var Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, en heimsókn þeirra og fleiri fulltrúa Menntavísindasviðs markaði upphaf heimsókna kennara við sviðið í skóla og stofnanir tengdar sviðinu í september síðastliðnum. Sá mánudur var helgaður menntavísindum á aldarafmæli Háskóla Íslands. Markmiðið með heimsóknum háskólakennaranna var að auka enn frekar tengsl Menntavísindasviðs við vettvanginn, bæði með því að miðla rannsóknnum á sviði menntavísinda og


einnig með því að kynna starfinu sem fram fer í skólum og á þeim vettvangi sem sviðið tekur til.

Í heimsókn sinni í 7. bekk hafði rektor meðferðis þara af öllum stærðum og gerðum sem hún hafði safnað niðri í fjöru. Sagði hún nemendum frá einu af mörgum nytjaefnum sem unnið er úr þara, efninu algínati. Það er notað í margvíslegum iðnaði, til að mynda til framleiðslu á matvælum, lyfjum, sælgæti og snyrtivörum. Hún benti þeim einnig á að efnið algínat væri meðal annars að finna í ís og súkkulaði.

Nemendur voru mjög áhugasamir og spurðu fjölmargra spurninga. Þetta er í fyrsta sinn sem rektor kennir í grunnskóla og þótti henni reynslan mjög skemmtileg. Mjög mikil ánægja var á báða



bóga með heimsóknina og buðu rektor og forseti Menntavísindasviðs nemendum bekkjarins í heimsókn til þeirra í Háskóla Íslands.



Susan Asio, nemi við Alþjóðlegan jafnréttisskóla Lærdómsríkar samræður ólíkra menningarheima

„Stríðsátök hafa ólík áhrif á karla og konur og segja má að þær konur sem sæta kynbundnu ofbeldi á átakatímum verði oft út undan þegar kemur að uppbyggingu samfélagsins,“ segir Susan Asio frá Úganda. Hún var einn sjö nemenda sem luku 20 vikna námskeiði við Alþjóðlegan jafnréttisskóla eða Gender Equality Studies and Training (GEST) Programme um áramótin. Skólinn er hugsaður fyrir nemendur frá þróunarríkjum og átakasvæðum. Um er að ræða þverfaglegt nám sem er rekið við Hugvísindasvið Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Susan, sem er menntuð í félagsráðgjöf og stjórnvísulfræðum, hefur unnið í heimalandi sínu fyrir alþjóðlegu samtökin Isis-Women's International Cross Cultural Exchange sem berjast fyrir réttindum kvenna á átaka- og uppbyggingarsvæðum. Í gegnum starfið bauðst henni að koma til náms við GEST.

Susan fjallaði í lokaverkefni sínu um það hvernig konur sem lifað hafa af kynbundið ofbeldi í stríðsátökum í Norður-Úganda geta komið að friðar- og samfélagsuppbyggingu. Rúmlega tveggja áratuga stríðsátökum í landinu lauk árið 2008. Eftir standa fjölmargar konur, sem m.a. var rænt til að stunda hermennsku eða sem var nauðgað, og glíma bæði við andlega og líkamlega kvilla, svo sem HIV-smit og sálræn áföll. Þessu hlutskipti þeirra hefur verið líttill gaumur gefinn, segir Susan, sem leggur til ýmsar leiðir í lokaverkefninu til þess að rétta hlut kvennanna og auka áhrif kvenna almennt á öllum stigum þjóðfélagsins í Úganda.

Susan segir að það hafi verið mikil upplifun að koma til Íslands og nema við GEST. „Ég lærði mikið af þeim samræðum sem ég átti við kennara og fólk frá ólíkum heimshornum og menningarheimum. Við nemarnir kynntumst ýmsum nýjum leiðum til þess að knýja á um aukið jafnrétti kynjanna í heimalöndum okkar,“ segir Susan, sem er ekki í vafa um að hún geti nýtt sér námið í störfum sínum í Úganda.

„Margir segja að Íþróttahúsið sé best geymda leyndarmálið á háskólasvæðinu,“ segir Rannveig Höskuldsdóttir, umsjónarmaður í Íþróttahúsi Háskóla Íslands við Sæmundargötu. Íþróttahúsið er opið öllum nemendum og starfsfólki sem greitt hafa árgjald.

Auk Rannveigar vinna þar tveir aðrir starfsmenn í fullu starfi. Þrjú stundakennarar hafa síðan umsjón með æfingátímum í húsinu og hefur einn þeirra sinnt því starfi í 17 ár.

Sama árgjald og fyrir hrun

Árgjaldið hefur ekki verið hækkað síðan fyrir hrun. Það er 7000 kr. fyrir heilsárskort en einnig er hægt að kaupa hálfárskort eftir áramót sem kostar þá 3500 kr. ef fólk er að hefja nám á vor-misseri.

„Aðsóknin hefur aukist mikið eftir hrun og árið 2010 varð algjör sprenging. Í ár er hún svipuð og í fyrra en hún þolir þó alveg að verða meiri og þá sérstaklega fyrri part dagsins. Traffíkin byrjar yfirleitt upp úr hádegi og er fram að lokun,“ segir Rannveig.

Margir hafa stundað líkamsrækt í Íþróttahúsi háskólans um árabíl. Það er því mikil hefð ríkjandi í húsinu og sumir vilja alltaf komast í sama skápinn. „Hér er haldið fast í gamlar hefðir en fólki finnst það fljótt vera eins og heima hjá sér,“ útskýrir Rannveig og bætir því við að hefðin sé stundum



svo sterk að það hafi á köflum reynst erfitt að færa starfsemi hússins til nútímans.

„Yngsti viðskiptavinurinn sem hingað kemur er þriggja ára og sá elsti 84 ára, enda er fjölbreytt þjónusta í boði. Hér er vel búinn tækjasalur, ýmiss konar opnir tímar, gufubað, Háskóladansinn er hér og leikjaskóli er starfræktur á laugardögum fyrir börn nemenda og starfsmanna. Hér er líka hlaupahópur sem stöðugt stækkar og við bjóðum upp á þjónustu fyrir þá sem koma á hjólum í skólann svo að eitthvað sé nefnt,“ segir Rannveig.

Íþróttahúsið er opið frá kl. 7 til 21 virka daga og á laugardögum frá kl. 8 til 18.



Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari SP og Nóbelsverðlaunahafi, á hátíðarmálþingi HÍ

HVATTI UNGT FÓLK TIL AÐGERÐA

Á annað þúsund manns sóttu hátíðarmálþing Háskóla Íslands sem haldið var í tilefni af aldar-afmæli skólans þann 7. október í Háskólabíói. Yfirskrift málþingsins var „Áskoranir 21. aldar“ og þar veltu heimsþekktir fyrirlesarar, fræðimenn og stjórnendur háskóla fyrir sér þeim stóru áskorunum sem bíða mannkyns á nýhafinni öld. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti málþingið. Aðalfyrirlesari þess var Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, en erindi hans bar titilinn „Restoring Confidence in our Shared Future.“

Auk Annans tóku þau Carol Carmichael frá Linde Center for Global Environmental Science við California Institute of Technology (Caltech), Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og Ole Petter Ottersen, rektor Óslóarháskóla, til máls á þinginu. Þau fjölluðu m.a. um áskoranir tengdar umhverfismálum og náttúruvá auk þess sem þau ræddu hlutverk háskólanna í því hvernig ætti að bregðast við þeim.

Í erindi sínu ræddi Kofi Annan fjölmargar áskoranir mannkyns á okkar öld.

„Við munum ekki bæta hagkerfi heimsins og koma á jafnvægi á nýjan leik nema okkur takist að setja okkur sameiginleg markmið og gildi. Þannig sköpum við gagnkvæmt traust,“ sagði Annan meðal annars í ræðu sinni en hann vék að stöðu Íslands í hinni alþjóðlegu fjármálakreppu sem gengið hefði yfir. „Þið voruð fyrst til að reyna



þá eyðileggingu sem skeytingarleysi einstaklinga og taumlausir fjármagnsflutningar geta valdið. Við höfum nú séð áhrif rangs mats og mistaka um allan heim. Græðgi einstaklinga og áhættusækni olli fyrst hruni banka og síðan niðursveiflu heilla hagkerfa. Afleiðingin er alvarlegasta hagræna og félagslega kreppa sem orðið hefur í marga áratugi,“ sagði Annan.

Annan ræddi jafnframt áskoranir tengdar hnatt-rænni hlýnun og hrósaði þá Íslendingum fyrir að þróa nýja og sjálfbæra tækni við orkuöflun og að deila þekkingu sinni með öðrum.

Hann sagði mikilvægt að þjóðir heims settu sér sameiginleg markmið og gildi. „Þannig sköpum við gagnkvæmt traust og forsendur til að ná settum markmiðum. Án slíks samkomulags öðlumst við hvorki framtíðarsýn né hugrekki til að



taka þær erfiðu ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að takast á við vá loftslagsbreytinga.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók í lokin saman helstu niðurstöður málþingsins.



Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild

UMÖNNUN BARNNA OG JAFNRÉTTI Á NORÐURLÖNDUM

Pegar Ísland fór með formennsku í norrænu ráðherranefndinni var lögð áhersla á jafnréttismál og m.a. var norrænum fræðimönnum veittur styrkur til að rannsaka samspil umönnunarstefnu og kynjajafnréttis á Norðurlöndum.

Rannsókninni var stýrt af íslenskum fræðimönnum við Háskóla Íslands, þeim Guðnýju Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild, og Ingólfi V. Gíslasyni, dósent í félagsfræði. Niðurstöður birtust m.a. í bókinni Parental leave, childcare

and gender equality in the Nordic countries sem Ingólfur og Guðný ritstýrðu.

„Rannsóknin leiðir í ljós að það er talsverður munur á umönnunarstefnu Norðurlandanna, t.d. eru Ísland og Noregur einu löndin sem veita feðrum sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs,” segir Guðný Björk um niðurstöðurnar. „Í heild er opinber stuðningur vegna umönnunar barna minni hérlendis og því þurfa foreldrar að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í Danmörku fá börn leikskólaláss mun

fyrir en hér gerist og í Svíþjóð er fæðingarorlofið lengra. Í Finnlandi og Noregi eru greiddar sérstakar umönnunargreiðslur sem foreldrar geta notað til að vera heima með börn sín eða greitt öðrum fyrir að gæta þeirra. Slíkar greiðslur hafa verið mjög umdeildar og á það hefur verið bent að þær getið unnið gegn jafnrétti kynjanna og haft neikvæð áhrif á þau börn sem hafi sérstaka þörf fyrir leikskólavist”

Bókin er gefin út prentuð og er einnig aðgengileg á veraldarvefnum.

Bára Jóhannesdóttir, MA-nemi við Félags- og mannvísindadeild

Útlit kvenna í Nýju lífi

„Markmiðið með rannsókninni var að skoða birtingarmyndir kvenna í tímaritinu Nýju lífi á árunum 1979 til 2008,” segir Bára Jóhannesdóttir um lokaritgerð sína til MA-gráðu í félagsfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að það séu ákveðnar væntingar í samfélaginu um útlit kvenna og að þær séu að mestu ómeðvitaðar og ekki ræddar.

„Ég hafði mikinn áhuga á að skoða hvaðan útlitsstaðlarnir sem við höfum koma og ég vildi vita hvaða áhrif þessar hugmyndir hafa á ungar stelpur sem eru að vaxa úr grasi,” segir Bára.

Hún segir að flest okkar séu með fyrir fram ákveðnar hugmyndir um kvenlegt útlit. „Konur gera sér ekki grein fyrir því hve miklum áhrifum þær verða fyrir vegna væntinga samfélagsins en í raun stýra þessar væntingar því hvernig þær

líta á sjálfar sig,” segir Bára en markmiðið með rannsókninni er að stuðla að vitundarvakningu og umræðu um þær kröfur sem gerðar eru til kvenna um útlit.

Við gerð rannsóknarinnar einblíndi Bára fyrst og fremst á forsiðu tímaritsins Nýs lífs, auglýsingar og tískuþætti og skoðaði hvernig konurnar litu út á myndunum. „Það sem hefur helst breyst við blaðið í árána rás er að nú er mun meira sýnt af beru holdi í blaðinu en áður. Í eldri blöðunum voru konurnar frekar í víðum og þægilegum fötum.”

Bára segir að ilmvatns-, hrukkukrems- og snyrtivöruauglýsingar hafi verið mikill meirihluti af auglýsingum tímaritsins. „Þau skilaboð sem konur fá úr tímaritinu virðast vera að þær séu hrukkóttar, illa lyktandi og ljótar.” Hún bendir þó á að auglýsingum á snyrtivörum ætluðum körlum hafi



einnig fjölgað en þær hafi ekki tíðkast áður fyrir.

„Auglýsingaiðnaðurinn er að átta sig á því að karlar eru óplægðir akur þegar kemur að snyrtivörum,” segir Bára en bendir á að karlar verði ekki fyrir sama þrýstingi og konur um að líta út á ákveðinn hátt.

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félags- og mannvísindadeild.



Thomas Brorsen Smidt,
meistaraneini við Stjórn málafræðideild

Tekist á við klámvæðingu í vinnuumhverfinu

„Rannsóknin mín kollvarpar hinu hefðbundna skilningi á kynferðislegri áreitni sem kynferðislegu þvingunartilboði (e. sexual coercive offer). Þessi í stað sýnir hún að kynferðisleg áreitni snýst um að viðhalda ákveðinni menningu í starfs- og námsumhverfi okkar þar sem ímyndaðri undirskiptun kvenna gagnvart körlum er viðhaldið með klámvæddri orðanotkun, myndum og gjörðum.“ Þetta segir Daninn Thomas Brorsen Smidt, meistaraneini í kynjafræði, sem hlaut í sumar styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsóknar á áhrifum klámvæðingar á vinnuumhverfi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Verkefnið hefur verið tilnefnt til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár.

Thomas segir hugmyndina að rannsókninni hafa kviknað annars vegar í kjölfar tilrauna ýmissa jafnréttisnefnda til þess að vekja athygli á klámvæðingu og klámmenningu innan Háskóla Íslands og hins vegar út frá doktorsritgerð Gyða Margrétar Pétursdóttur, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, um kyn og vinnumenningu.

„Þar sem ekki var vilji til að takast á við klámvæðingu á uppbyggilegan hátt og eftir ýmsar athuganir, sem bentu til þess að hér væri á ferðinni

viðtækur vandi, taldi ég að tími væri kominn til að rannsaka fyrirbrigðið,“ segir Thomas.

Rannsókn Thomasar leiddi í ljós að fjölmörg dæmi eru um það hvernig klámmenning laumast inn í náms- og starfsumhverfið. „Þar má nefna auglýsingar frá nemendafélögum, sem ætlaðar eru nýjum stúdentum, þar sem konur eru hlutgerðar og þannig ýtt undir aðgreiningu kynjanna í æðri menntun. Rannsóknin sýndi einnig að klámvæðing á vinnustöðum stuðlar að vinnuumhverfi þar sem skörp skil eru á milli kynjanna og ýtir undir valdamisræmi kynjanna,“ útskýrir Thomas.

Hann segir rannsóknina staðfesta það samband sem er á milli klámmenningar og valdamisræmis kynjanna. „Vonandi mun þessi nýja þekking efla umræðu um klámvæðingu og breyta vinnu- og námsumhverfi með tilliti til þess, þannig að aðstæður bæði kvenna og karla á vinnustað batni,“ segir Thomas að lokum.

Leiðbeinendur: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild, Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, og Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg.



Kristín Loftsdóttir, prófessor
við Félags- og mannvísindadeild

Samspil kynþátta- hyggju og þjóðernis- legrar sjálfsmyndar

Kynþáttafordómar eru alvarlegt fyrirbæri í samtímanum og það hefur sýnt sig að þeir eiga margslungnar birtingarmyndir. Það er mikilvægt að draga athygli að því hversu alvarlegir þeir eru en jafnframt að reyna að skilja þá á dýpri hátt í staðbundnu samhengi,“ segir Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

Í rannsókn sinni skoðar hún merkingu og birtingarmyndir kynþáttahyggju í íslensku samfélagi. „Mér finnst mikilvægt að skilja alþjóðlegar viddir kynþáttahyggju en jafnframt hvernig hún birtist á stöðum eins og á Íslandi í samspili við ákveðnar sögulegar aðstæður og þjóðernislega sjálfsmynd. Mér finnst fémínískar kenningar um skörun áhugaverðar til að skilja efnið betur. Í þeim kenningum er lögð áhersla á að við höfum ekki bara ákveðið kyn heldur skipti einnig máli að skoða samspil þess við aðra þætti sjálfsmyndar okkar eins og litarhátt eða aldur. Þannig er lögð áhersla á að skoða ekki eingöngu einn þátt sjálfsmyndarinnar heldur hvernig ólíkir þættir skarast,“ segir Kristín.

Hún rekur hugmyndina að rannsókninni til þess er hún kom til Íslands eftir tveggja ára rannsóknarvinnu í Níger. „Þá fékk ég áhuga á að skoða hvernig Afrika birtist í íslensku samfélagi. Sú rannsókn leiddi mig inn á að skoða mótun íslenskrar sjálfsmyndar og hvernig hugmyndir um fólk sem væri ólíkt okkur voru hluti af mótun þjóðernislegrar sjálfsmyndar,“ útskýrir Kristín.

Í Níger fannst Kristínu sláandi að sjá hversu miklu máli söguleg arfleifð kynþáttahyggju skiptir í samskiptum milli innfæddra og Vesturlandabúa sem voru í flestum tilfellum hvítir ferðamenn eða starfsfólk þróunarsamvinnustofnana. „Það opnaði augu mín betur fyrir mikilvægi þess að skoða einnig mitt eigið samfélag og það umhverfi sem ég er sprottin úr með gagnrýnum augum,“ segir Kristín.



Pórarinn Gíslasson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og lungnadeild Landspítala

Líkur á vaxandi dánartíðni vegna langvinnrar lungnateppu

Líkur eru á vaxandi dánartíðni, sjúkleika og lyfjakostnaði vegna langvinnrar lungnateppu á næstu árum og hefur verið áætlað að langvinn lungnateppa verði í þriðja sæti í heiminum árið 2020 sem dánarorsök og þá dánarorsök sex milljóna karla og kvenna,” segir Pórarinn Gíslasson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á lungnadeild Landspítala. Pórarinn hefur unnið að fjölþjóðalangtímarannsókn á faraldsfræði astma og ofnæmis frá árinu 1990 en í íslenska rannsóknahópnum voru upphaflega 3.600 manns, þá á aldrinum frá 20 til 44 ára. Hluta þeirra hefur verið fylgt eftir með endurteknum sértækum mælingum, m.a. á öndunargetu, húðþrófum og mælingum á ofnæmisvökum á heimilum, t.d. af völdum svokallaðra rykmaura. Núverandi rannsókn felst í 20 ára eftirfylgd með sama hópi, með sömu stöðluðu aðferðunum.

Pórarinn segir að þrátt fyrir áratugarannsóknir á astma og ofnæmi, og þeim þáttum sem hafa áhrif á öndunarfærastjórnun, séu orsakir þeirra enn að miklu leyti ókunnar. Munur sé á tíðni þeirra eftir landsvæðum, sem ekki verði skýrður með reykingum einum sér eða annarri umhverfismengun. Hann segir að þessi stóra rannsókn muni veita mikilvæga vitneskju um hvernig ofnæmi þróast og hvað valdi því að astmi og langvinn lungnateppa komi fram hjá sumum einstaklingum.

„Aukin þekking á þessu sviði er því mikilvæg fyrir forvarnir og markvissari meðferð en nú er hægt að veita,” segir Pórarinn.

„Enda þótt reykingar séu stærsti áhættuþáttur langvinnrar lungnateppu er ljóst að margt fleira skiptir máli varðandi líkur á að fá sjúkdóminn, til dæmis ofnæmi og sýkingar í bernsku, holdafar og jafnvel umhverfismengun,” segir Pórarinn, sem valinn var heiðursvísindamaður Landspítala árið 2010.

„Við höfum tekið þátt í að mæla ýmis bólgubodæfni og meta áhrif þeirra á öndunargetu. Ekki er lengur litið á langvinna lungnateppu sem einangraðan lungnasjúkdóm heldur sem fjölkerfasjúkdóm. Sjúklingar með langvinna lungnateppu eru oftast en aðrir með hjartasjúkdóma og sykursýki en við þær aðstæður eru lífslíkur þeirra hvað lakastar,” segir Pórarinn og bætir við að langvinn lungnateppa sé samheiti teppusjúkdóma í lungum: langvinnrar berkjubólgu, lungnaþembu og lokastigsastma.

Árið 2001 hófst alþjóðasamvinna um langvinna lungnateppu og í kjölfar þeirrar vinnu hefur hún verið skilgreind sem sjúkdómur sem einkennist af teppu í lungum sem ekki er að fullu afturkræf eftir að gefin hafa verið berkjuvikkandi lyf.

„Astmi meðal fullorðinna, einkum ef hann er tengdur ofnæmi, hefur í fyrri rannsóknum reynst

fátíðari á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum. Þegar slíkur astmi er til staðar er hann þó oft í fjölskyldum. Rannsóknir á fjölskyldutengslum íslenskra sjúklinga með langvinna lungnateppu hafa einnig sýnt auknar líkur á ættlægni og ef til vill er að finna í erfðaeftirfarum skýringar þess að lungu sumra þola illa áreiti og endast stutt,” segir Pórarinn.

Hann segir að fyrri alþjóðlegar rannsóknir á því hversu langvinn lungnateppa er algeng hafi einnig sýnt mjög mismunandi niðurstöður enda hefur ólíkum aðferðum verið beitt við þær. Árin 2005 til 2006 tók Ísland þátt í fjölþjóðarannsókn (Burden of Obstructive Lung Disease, BOLD). Langvinn lungnateppa reyndist þá vera álika algeng á Íslandi og hjá viðmiðunarbjóðum, að sögn Pórarins, þ.e. 18% einstaklinga 40 ára og eldri greindust með hana. BOLD-rannsóknin sýndi einnig, að sögn Pórarins, að meðferð við langvinnri lungnateppu á Íslandi var ekki í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar. „Bæði voru fjölmargir sjúklingar með langvinna lungnateppu ógreindir og sjúkdómurinn því ómeðhöndlaður en einnig notaði umtalsverður fjöldi fólks innöndunarlyf án þess að hafa farið í blásturspróf,” segir Pórarinn.

Vel á annað hundrað vísindagreina hafa birst á grunni fjölþjóðlegu rannsóknanna þar sem íslenskum niðurstöðum eru gerð skil, einum sér eða í alþjóðlegum samanburði.



Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

ÞRÓAR MEÐFERÐARÚRRÆÐI FYRIR ÞOLENDUR KYNFERÐISOFBELDIS

Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, vinnur að því að þróa þverfagleg meðferðarúrræði fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku. Þar er unnið heildrænt með hverjum og einum einstaklingi, með líkama, huga, sál, tilfinningar og félagslegt umhverfi og innbyrðis tengsl alls þessa.

Nýleg könnun, sem gerð var í framhaldsskólum á Íslandi, sýnir að um 35% stúlkna og 17% drengja hafa orðið fyrir einhvers konar kynferðislegri misnotkun.

Konur, sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, beina tilfinningunum frekar inn á við og það leiðir af sér kvíða, þunglyndi og ýmis flókin líkamleg einkenni. Þær reyna líka að láta lítið fyrir sér fara.

Karlar beina tilfinningunum hins vegar frekar út á við og það kemur fram í óvirkni, afbrotum, slagsmálum og áfengis- og vímuefnaneyslu. „Þó eru afleiðingarnar alltaf einstaklingsbundnar,“ segir Sigrún.

Bæði karlar og konur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í æsku eru með brotna sjálfmynd og hafa mörg verið fórnarlömb eineltis. Oft reyna þau að skaða sig og mörg hafa reynt að stytta sér aldur. Sjálfsvíg er ein algengasta dánarorsök íslenskra karlmanna á aldrinum 17 til 26 ára. „Á þessum aldri segja þeir hvorki frá ofbeldi né leita sér hjálpar. Þess vegna má velta fyrir sér tengslum þar á milli,“ segir Sigrún.

Hún vonast til að rannsóknin auki þekkingu

fagfólks og samfélagsins í heild á því hversu gífurlega alvarlegar og viðtækar afleiðingar kynferðislegt ofbeldi í æsku getur haft. Jafnframt vonast hún til að rannsóknin leiði í ljós hvað hægt er að gera fyrir þá sem verða fyrir slíku ofbeldi. „Það er afar mikilvægt að ungt fólk sé upplýst um þessi mál svo að það geti leitað sér hjálpar áður en í óefni er komið. Því lengur sem fólk burðast með svo sársaukafulla reynslu, þeim mun meiri skaða verður það fyrir,“ segir Sigrún að lokum.

Leiðbeinandi: Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri. Meðleiðbeinandi: Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Einar Stefán Björnsson, prófessor við Læknadeild

Lifrarskaði af völdum lyfja tíður hér

„Það sem hefur vantað í upplýsingar erlendis er hvers vegna sumir verða fyrir lifrarskaða af völdum lyfja en aðrir ekki. Til þess að fá upplýsingar um sem flest tilfelli þurfa allir að vinna saman og nú erum við byrjuð að rannsaka erfðafni, eða DNA, í samvinnu við erlenda aðila. Við erum að kanna hvað veldur því að sumir verða fyrir þessum skaða af völdum lyfja og aðrir ekki.“

Þetta segir Einar Stefán Björnsson, prófessor í meltingarsjúkdómafræðum við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við meltingarlækningadeild Landspítala. Einar er einn rannsakenda í framsýnni rannsókn þar sem lifrarskaði af völdum lyfja og náttúruafna hér á landi á ákveðnu tímabili, frá byrjun mars 2010 til loka febrúar 2012, er mældur.

Áhugi Einars á þessu efni kviknaði þegar hann fékkst við rannsóknir á lifrarskaða af völdum lyfja í

Svíþjóð og Bandaríkjunum. „Lærifaðir minn erlendis var sérfræðingur á þessu sviði og kveikti áhuga minn á efninu. Síðar fór ég að vinna einn og hef einnig unnið töluvert í alþjóðlegu samstarfi að viðfangsefninu.“

„Meginmarkmið rannsóknarinnar er að mæla nýgengi lifrarskaða af völdum lyfja og náttúruafna og að sjá hvaða lyf það eru sem valda lifrarskaða og hversu algengt það er. Einnig er vitneskju aflað um meinmynd og horfur þessara sjúklinga.“

Einar segir að niðurstöður sem ná yfir fyrsta ár rannsóknarinnar liggi fyrir. „Þær gefa til kynna að nýgengi lifrarskaða af völdum lyfja og náttúruafna á Íslandi sé meira en fram kemur í öðrum löndum,“ segir hann.

Upplýsingaöflun var á þann veg að öllum læknum á Íslandi var sent bréf um rannsóknina og



þeir beðnir um að tilkynna öll tilfelli. Tilkynnt var 51 tilfelli og var nýgengi sjúkdómsins samkvæmt því u.þ.b. 20 tilfelli á hverja 100.000 íbúa á ári (eldri en 15 ára). Konur voru í meirihluta. Tvær algengustu orsakir voru annars vegar sýklalyf, sem innihalda amoxisillín með klavúlansýru, og náttúruafni hins vegar.



UNESCO vottar tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Alþjóðleg tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands hefur fengið samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til að starfa undir formerkjum hennar. Í vottun UNESCO felst mikil viðurkenning á störfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðningur við framtíðaráform hennar.

Undanfarin ár hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdís sjálf unnið ötulllega að því að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð hér á landi. Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og íslensku UNESCO-nefndina var unnið kappsamlega að því að

væntanleg miðstöð hlyti þessa viðurkenningu sem UNESCO-stofnun og varð það að veruleika í byrjun nóvember í fyrra.

Alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni er ætlað mikilvægt hlutverk og er viðurkenning UNESCO því kærkomin. Standa vonir til að hún auðveldi stofnun Vigdísar að eflast enn frekar og rækja alþjóðlegt hlutverk sitt en það er öðru fremur að stuðla að fjölbýngi og skilningi á ólíkri menningu þjóða og varðveislu tungumála.

Í tengslum við stórafmæli Vigdísar í apríl 2010 var efnt til fjáröflunarátaks til að hrinda áformum um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina í framkvæmd. Fjöldi innlendra og erlenda stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga hefur

þegar lagt verkefninu lið en húsið mun rísa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskeytastöðinni. Efnt hefur verið til opinnar samkeppni um hönnun hússins og er stefnt að því að verklegar framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2013 og að byggingin verði tekin í notkun á árinu 2014.

Alþjóðlega tungumálamiðstöðin verður opin gestum og gangandi en áhersla verður lögð á að glæða áhuga barna og unglinga á tungumálum og framandi menningarheimum. Þá mun viðurkenning UNESCO verða lyftistöng fyrir alla þá starfsemi sem fram fer í hinni nýju byggingu. Gera má ráð fyrir að með henni skapist tækifæri til nýsköpunar, ekki síst í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Lára Magnúsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra Gamlar hljóðupptökur gerðar aðgengilegar

Nýjasta rannsóknasetur Háskóla Íslands var opnað í apríl 2010 á Skagaströnd. Setrið er kennt við sagnfræði og þetta er eina rannsóknasetrið í íslensku háskólalífi sem er á því sviði. Þar fást menn m.a. við rannsóknir á sviði munnlegrar sögu og setrið stendur fyrir námskeiðahaldi og móttöku gestafræðimanna.

„Í setrinu er unnið að því að setja upp bókasafn sem kennt er við Halldór Bjarnason sagnfræðing,“ segir Lára Magnúsdóttir, forstöðumaður setursins. Gert er ráð fyrir að bókasafnið verði tilbúið síðar á þessu ári en þar er vinnuástaða og rými til þess að taka á móti nemendahópum og halda ráðstefnur.

Auk þeirra fræðistarfa sem Lára stundar í réttarsögu fóru tvö verkefni af stað á síðasta ári á vegum rannsóknasetursins. „Annað varðar menn-

ingu og ferðaþjónustu og er enn í startholumum. Hitt er tilraun til að skrá gamlar hljóðupptökur úr fórum Fræðafélags Vestur-Húnavetninga í gagnagrunninn Ísmús. Þetta er samvinnuverkefni Tónlistarsafns Íslands og þjóðdeildar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkið er unnið með heima- mönnum og Miðstöð munnlegrar sögu, en markmið þess er að gera hljóðupptökur aðgengilegar á Netinu sem rafræn skjöl,“ segir Lára.

Hún bendir á að víða liggja gamlar hljóðupptökur undir skemmdum. Áhugi á þeim sé mikill en erfitt sé að vita hvað er til af þeim því að skráningu sé ábótavant. „Flestir heimasíður sem veita aðgang að hljóðupptökum klippa efnið og veita aðeins aðgang að völdum bútum. Hugmyndin er sú að koma til móts við fræðimenn og almenning sem



hafa áhuga á að nýta hljóðupptökur á þann hátt sem þeim hugnast með því að skrá slíkar heimildir í gagnagrunn og veita rafrænan aðgang að þeim,“ segir Lára.



Hvaða máli skiptir Háskóli Íslands fyrir íslenskt samfélag?



Helen Halldórsdóttir,
BS-nemi í tannsmíði

Háskóli Íslands sér um að efla og mennta þegna landsins og allir eiga jafnan aðgang að skólanum óháð efnahag. Það er svo undir hverjum og einum komið að nýta þekkinguna sem honum er veitt og sanna sig.

VEL HEPPNUÐ VÍSINDAVAKA

Þúsundir manna lögðu leið sína í Háskólabíó á árlega Vísindavöku Rannís sem haldin var 23. september 2011. Vakan var haldin samtímis um alla Evrópu á degi evrópska vísindamannsins.

Háskóli Íslands tók þátt á Vísindavökunni sem fyrr. Þar kynntu fjölmargir vísindamenn og nemendur við skólann áhugaverðar rannsóknir og gáfu gestum kost á að komast í návígi við ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir. Fjölmargir fulltrúar ungu kynslóðarinnar sóttu vökuna en af nógu var að taka fyrir þá á staðnum. Þannig gátu krakkarnir kynnt sér framandi stafróf rússnesku, kínversku og japönsku og ófáir fengu nafn sitt ritað með þeim. Þá mældu margir gestir styrk sinn með svokölluðum gripstyrksmæli sem nemendur og kennarar í sjúkrahjálfun sýndu og enn fremur reyndu margir krakkar þrek sitt á sérstöku þrek-hjóli sem íþróttfræðingar við háskólann höfðu til sýnis.

Kappakstursbill nemenda í verkfræði, sem hlaut alþjóðleg verðlaun í sumar, vakti einnig óskipta athygli gesta og margir notuðu tækifærið og settust í hann. Þá var hið landsfræga Sprengjugengi

með tvær sýningar á Vísindavökunni og var hús-fyllir á þeim báðum.

Markmiðið með Vísindavökunni er að færa vísindin nær almenningi, kynna manneskjurnar á bak við vísindin og vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi rannsókn- og vísindastarfs í nútíma-samfélagi.



Tinna Björg Guðmundsdóttir,
Cand. Odont.-nemi í tannlækningum

Hann skiptir miklu máli því hann býður upp á miklu meira úrval af námi en hinir skólarnir gera og eykur möguleikana á að allir geti stundað nám.



Jóhanna Laufey Óskarsdóttir,
MA-nemi í grunnskólakennaranámi

Hann skiptir rosalega miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf og uppbyggingu samfélagsins til þess að við náum að rétta bátinn við. Því fleiri háskólamenntaðir því betra. Mennt er máttur!



Tómas Grétar Gunnarsson,
forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi

STÆRRI JAÐRAKANAKARLAR PARAST SÍÐUR

Menn hafa lengi verið að leita lausna til að skilja betur stofnbreytingar farfugla því að þeir lifa tvöföldu lífi, eru háðir atburðum sem verka á þá bæði á varp- og vetrarstöðvum. Þessir atburðir spila saman og valda því að mældir þættir á einni árstíð geta átt sér orsakir í öðrum heimshluta,” segir Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi. Grein, sem byggð er á rannsóknum Tómasar og samstarfsmanna hans við tvo breska háskóla á íslenska jaðrakana-stofninum, birtist í tímariti hinnar konunglegu bresku vísindaakademíu, einu virtasta líffræði-tímariti heims, í fyrrasumar. Rannsóknir hópsins sýna að stærð karlfugla tengist útbreiðslusögu fuglategundarinnar um landið.

Samstarfsverkefni Tómasar og hinna erlendu samstarfsmanna hefur þróast á um áratug.

„Í árdaga verkefnisins kom í ljós að íslenskir jaðrakana henta mjög vel til að skoða stofnþætti farfugla. Það er einkum vegna þess að fuglar sem eru einstaklingsmerktir hér á landi sjást gjarnan bæði á Íslandi og á vetrarstöðvunum, en þær ná frá Bretlandseyjum til Portúgals,” segir Tómas.

Hann bendir á að yfir 90 prósent þeirra fugla sem merktir eru á Íslandi sjáist utan landsins innan þriggja ára. „Við njótum þess að hundruð fugla-skoðara á vetrarstöðvum jaðrakana og á Íslandi senda okkur álestra af merktum fuglum sem við söfnum í gagnagrunna og getum notað til að svara mörgum sérhæfðum spurningum,” bættir Tómas við.

Rannsóknin leiddi í ljós að byggingareiginleikar jaðrakana, einkum stærð karlfugla, tengjast útbreiðslusögu fuglsins. „Það er ekki tilviljun hvaða fuglar nema ný og verri svæði. Það eru fuglar sem



hafa verri samkeppnisstöðu, í þessu tilfelli stærri karlfuglar, sem ganga síður út. Það þýðir að varpið gengur þar oft illa þótt þeir nemi ný lönd. Það eru enn gömlu kjarnasvæðin sem standa undir mestri veltu í stofninum,” segir Tómas, sem hyggst áfram vinna að rannsóknum á þessum raddmikla og glæsilega fugli.

Virgile Collin-Lange, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild

Rúntað í Reykjavík

„Rúnturinn er mikilvægur hluti af lífi ungs fólks á Íslandi. Sem doktorsnemi í landfræði, sem er að rannsaka hugtakið hreyfanleiki og byrjendur í umferðinni, fór ég fljótt að velta fyrir mér hvernig ungir öikumenn nota rúntinn sem leið til þess að komast inn í umferðarmeninguna á staðnum,” segir Virgile Collin-Lange. Hann flutti erindi á ráðstefnunni Þjóðarspeglinum í haust og kynnti rannsóknir sínar á hinum íslenska rúnti.

Virgile stóð frammi fyrir nokkrum vanda þegar kom að því að rannsaka fyrirbrigðið. „Það var áskorun að þróa rannsóknaraðferð sem myndi duga til að grípa unga öikumenn glóðvolga ef svo má segja, á meðan þeir væru á rúntinum. Ég notaði svokallaða „on the move“ aðferðafræði þar sem rannsakendur upplifa sjálfir hreyfanleika

rannsóknarviðfangsins,” segir hann enn fremur.


Virgile fékk að sitja í bíl hjá 14 ungmenum á rúntinum og ræða við þau. „Niðurstöður viðtalanna fóru langt fram úr mínum væntingum. Ég komst að því að með því að rúnta geta ungir íslenskir öikumenn upplifað sig ungt fullorðið fólk; verið frjálsir, skemmt sér eins og þeir væru inni á krám sem þeir aka fram hjá,” segir Virgile.

„Út frá sjónarhorni hreyfanleikarannsóknar sýndi athuginin fram á mikilvægi rúntsins á Íslandi sem liðs í að ganga inn í umferðarmeninguna á staðnum og almennt mikilvægi þess konar athafna þegar kemur að notkun bíla. Rannsóknin kenndi mér einnig að maður á ekki að vera hræddur við að hugsa út fyrir rammann og sýna hugvitssemi þegar kemur að rannsóknar-



aðferðum. Það borgar sig og er líka skemmtilegt,” segir Virgile að lokum.

Leiðbeinendur: Karl Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Edward Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála á Akureyri, og Tim Richardson, prófessor við Álaborgarháskóla.



Rannveig Ólafsdóttir,
dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild

Kortleggur víðerni á Íslandi

Íslensk víðerni þykja ægífögur og sífellt fleiri kjósa að njóta þeirra. Færri vita hins vegar hvert gildi þeirra er fyrir þjóðina. Rannveig Ólafsdóttir, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, hefur bætt úr því með því að þróa aðferð til að meta og kortleggja íslensk víðerni í tíma og rúmi.

„Með breyttri og fjölþættari landnýtingu hálandisins síðastliðna áratugi og auknum kröfum um auknið aðgengi ökutækja hefur jafnt og þétt verið gengið á íslensk víðerni. Engar rannsóknir voru til sem sýna þessar breytingar á nýtingu hálandisins. Víðernishugtakið er auk þess mjög umdeilt og skilgreiningar þess margar. Kveikjan að rannsókninni var því þessi knýjandi þörf á þekkingu og skilningi á breytingum á svo mikilvægri auðlind sem íslensk víðerni eru,“ segir Rannveig um rannsóknina.

Í rannsókninni sameinaði Rannveig áhuga sinn og sérþekkingu í landfræði og ferðamálafræði.

„Til að meta og greina íslensk víðerni nýtti ég landfræðileg upplýsingakerfi til að reikna mælibreytur á borð við fjarlægð frá mannvirkjum, ásýnd og ástand náttúrunnar og áhrif landslags,“ segir hún.

Auk fjarlægðargreiningar studdist Rannveig við útsýnisgreiningu þar sem metið var hversu stór hluti landsins er laus við sjónræn áhrif mannvirkja. Niðurstöðurnar sýna að um 30% landsins eru laus við sjónræn áhrif mannvirkja miðað við þær forsendur og gögn sem líkanið styðst við. Þá má geta þess að rannsóknin hefur alið af sér framhaldsverkefni þar sem sjónum er m.a. beint að því að

þróa aðferðir til að kortleggja viðhorf og upplifun ferðamanna til víðerna.

„Fyrir íslenskt samfélag liggur gildi rannsóknarinnar ekki síst í gögnum sem unnt er að nýta til skipulagningar ferðamennsku og annarrar landnýtingar. Þá er það von mín að niðurstöður verkefnisins vekji upp umræður um gildi víðerna og hvernig þjóðin vilji sjá íslensk víðerni um ókomna framtíð,“ segir Rannveig að lokum.



Þorbjörg Sævarsdóttir,
doktorsnemi við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Hámarka arðsemi vega

„Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni sem ber titilinn „Þolhönnun vega á norðurslóðum.“ Í rannsókninni er ný aflfræðileg hönnunaraðferð þróuð og henni síðan beitt með áherslu á norðlægar aðstæður, þar með talið íslenskar, hvað varðar efnisframboð, veðurfar og annað álag,“ segir Þorbjörg Sævarsdóttir, doktorsnemi í byggingarverkfræði, um verkefni sitt sem hún hlaut í fyrra 3,5 milljóna króna styrk úr Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr til að vinna.

„Aðferðir við burðarþolshönnun vega hafa til langs tíma verið byggðar á reynslu. Þær eru einfaldar en takmarkaðar og niðurstöðurnar einhæfar. Nýjar og hagkvæmar aflfræðilegar hönnunaraðferðir hafa verið í þróun. Helsti veikleiki þeirra er takmörkuð þekking á áhrifum ýmissa umhverfisþátta eins og hitastigs, frosts/þíðu og raka á efniseiginleika vegarins og tengsl niðurbrots við umhverfisþættina. Þessir þættir skipta miklu máli á norðurslóðum,“ bendir Þorbjörg á.

Aðferðin sem Þorbjörg þróaði ásamt leiðbeinanda sínum á að sýna niðurbrot einstakra laga vegbyggingarinnar með tímanum, meta ávinning og kostnað við notkun nagladekkja, hámarksþyngd öxulþunga og tegund vegagerðarefnis ásamt áhrifum breytts veðurfars. „Með aðferðinni er því hægt að hámarka arðsemi vegbygginga,“ segir Þorbjörg.

„Með þessari nýju hönnunaraðferð vegsniða geta hönnuðir valið mismunandi gerðir vegsniða og skoðað hvernig þau standast álag til langs tíma lítið. Hönnuðir geta þá t.d. valið um að nota betra efni í veginn og haldið veglögum þynnri eða notað veikari efni og þá haft lög þykkari og þannig bestað valið á efnunum og lagþykktum. Aðferðin auðveldar einnig gerð áætlaða um viðhald og endurbýggingu og með henni eru áhrif breytts veðurfars á hrörnun vega metin. Með þessu verður því hægt að skoða heildarkostnað veghaldara við gerð, viðhald og rekstur vega (LCA),“ segir Þorbjörg.

Leiðbeinandi: Sigurður Erlingsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.



Hápunktur aldarafmælis Háskóla Íslands

Vegleg afmælishátíð í Hörpu

Afmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu var hápunktur afmælisdagskrár skólans og var yfirskrift hennar „Fjárjóður framtíðar.“ Boðið var upp á fjölbreytta og lifandi dagskrá. Starfsfólk, stúdentar, samstarfsaðilar og velunnarar Háskóla Íslands sóttu hátíðina og voru gestir vel á annað þúsund. Dagskrá hátíðarinnar fór fram á sviði Eldborgar og þar gerðu nemendur, starfsmenn og ýmsir listamenn starfi og sögu skólans skil í máli, myndum, leik og tónum.

Háskólaakórinn, Háskóladansinn, Stúdentaleikhúsið, Táknmálakórinn og Kvinnakór Háskóla Íslands voru meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum til þess að gera dagskrána skemmtilega og þá frömdu tónlistarmennirnir Pétur Grétarsson og Sigurður Flosason gjörning með sönghópnum Voces

Thules þar sem íslensk menning og handritin voru í forgrunni. Síðan ræddu Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, og Stefán Þór Helgason, fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands, um gildi menntunar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti á afmælishátíðinni að stjórnvöld hyggðust leggja 1,5 milljarða króna í Aldarafmælisjóð Háskóla Íslands á fjórum árum, fram til ársins 2014. Jafnframt var það markmið sett að árið 2016 yrðu tekjur háskólans í samræmi við meðaltal tekna á hvern stúdent í háskólum í OECD-ríkjunum. Loks var markmið sett um að árið 2020 yrðu heildartekjur Háskóla Íslands orðnar þær sömu og að meðaltali í háskólum annars staðar á Norðurlöndum.



Nýdoktorar fengu gulmerki háskólans

Háskóli Íslands efndi í fyrsta sinn til hátíðar brautskráðra doktora á fullveldisdaginn, 1. desember, að viðstöddum Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra. Á hátíðinni fengu þeir nýdoktorar sem vörðu ritgerðir sínar við Háskóla Íslands frá 1. desember 2010 til 1. desember 2011 afhent gullmerki háskólans. Doktorar sem brautskrást frá Háskóla Íslands fá framvegis slíkt merki afhent á árvissri hátíð sem þessari.

Á ofangreindu tímabili brautskráðust 47 doktorar frá Háskóla Íslands, 27 karlar og 20 konur. Í hópnum eru nemendur frá níu þjóðlöndum og þremur heimsálfum, en rúm 60 prósent doktoranna eru Íslendingar.



Á síðustu 20 árum hefur doktorsnám færst í vöxt við Háskóla Íslands, ekki síst í kjölfar stefnumörkunar skólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á að efla rannsóknir og doktorsnám. Doktorsnemum hefur fjölgað ört undanfarin ár og

eru þeir um 500 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Á þessum tíma hefur árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar sömuleiðis stórauðist og er það ekki síst að þakka framlagi doktorsnema.

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, sagði á hátíðinni að efling doktorsnáms við Háskóla Íslands styrkti stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og gerði honum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. „Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun innan þekkingarsamfélags þjóðanna,“ sagði Jón Atli enn fremur.

HÁSKÓLALÍFIÐ Í GEGNUM LINSUNA

Eft var til ljósmyndasamkeppni meðal nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands á aldarafmælisári skólans. Þema samkeppinnar var háskólalíf í víðustu merkingu þess orðs en myndefnið varð að tengjast Háskóla Íslands á einhvern hátt.

Í keppnina bárust 147 myndir og valdi forvals-

nefnd 50 þeirra til þátttöku í rafrænni kosningu meðal stúdenta og starfsmanna háskólans. Forvalsnafnd skipuðu Kristinn Ingvarsson, ljósmyndari á Morgunblaðinu, Finnur Þorgeirsson, kerfisfræðingur hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands, og Anna Berglind Finnsdóttir, nemandi við Háskóla Íslands.

Góð þátttaka var í rafrænu kosningunni og samkeppnin hörð. Veitt voru glæsileg verðlaun fyrir þrjár myndir sem hlutu flest atkvæði en þær tíu myndir sem fengu bestu kosninguna voru til sýnis á Háskólatorgi, í húsnæði Menntavísindasviðs á Laugarvatni og í Öskju á afmælisárinu. www.hi.is/ljosmyndakeppni



1. sæti RITGERÐARSMÍÐ

Ljósmynd: Davíð Eldur Baldursson.

„Myndin er af ævafornni ritvél sem er til sýnis í setustofu Bíós Paradísar, ásamt öðrum munum. Þegar ég tók myndina fór ég að spá í hversu erfitt það var fyrir fólk fyrr á tímum að koma frá sér einhvers konar ritverki. Á vélinni er enginn copy/paste-takki og línubil og spássía eru ekki breytileg eftir á og svo framvegis.“

Davíð Eldur Baldursson er nemandi á öðru ári í hagfræði við Háskóla Íslands.



2. sæti DRAUMUR UM HÁSKÓLA

Ljósmynd: Stefán Ólafsson.

„Myndin er spegilmynd af Aðalbyggingu Háskóla Íslands í órólegu vatni, tekin í friðlandinu í Vatnsmýri. Ég vil þó ekki segja að þetta sé mýrarljós. Myndin stendur fyrir þann draum um háskóla sem bjó með þjóðinni fyrir hundrað árum og hefur ræst. En draumurinn lifir enn og nú sem von um að bæta háskólann, koma honum í hóp hundrað bestu háskóla heims.“ Myndin er tekin árið 2010.

Stefán Ólafsson er prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.



3. sæti ÁN TITILS

Ljósmynd: Arnar Lárusson, Daði Bjarnason, Darri Kristmundsson, Hagalín Ásgrímur Guðmundsson og Þórir Guðlaugsson.

„Myndin var tekin í 30 til 35 km hæð yfir Íslandi 19. september 2010. Við erum fimm nemendur við Háskóla Íslands sem höfðum það verkefni í sumar að smíða háloftabelg með það að markmiði að athuga með mælingum og myndum heiðhvolf jarðar. Hér er um að ræða tæki sem er útbúið GPS-staðsetningar-tæki, örtölvu, myndavél, radiósendi, loftnetum, gagnaskrifara, einangrandi kassa, GPRS-módúl og hita-, raka- og geislunarnemum. Allir höfðum við vinnu við þetta í sumar og því unnum við að þessu verkefni í fristundum okkar en fjármagn fengum við frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.“



Arna Hauksdóttir, lektor í lýðheilsuvísindum, og **Guðrún Pétursdóttir**, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða og dósent við Hjúkrunarfræðideild

VANLÍÐAN HÁLFU ÁRI EFTIR ELDGOSIÐ

Ný rannsókn á heilsufarslegum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli var kynnt á málþingi um afleiðingar náttúruhamfara hér á landi í haust. Málþingið var haldið í tengslum við aldarafmæli Háskóla Íslands.

Sex mánuðum eftir eldgosið voru spurningalistar um heilsufarseinkenni, andlega líðan, upplifun af gosinu og ýmsa aðra þætti, lagðir fyrir alla, 18 til 80 ára, sem í þjóðskrá voru skráðir íbúar frá Örfæfum í austri vestur fyrir Hvolsvöll. Til samambuðar við íbúa á gossvæðinu var hópur Skagfirðinga á sama aldri fenginn til þátttöku. Svör bárust frá meira en 70% þýðisins, sem þykir mjög góð þátttaka. Arna Hauksdóttir, lektor í lýðheilsuvísindum, kynnti fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar, sem gefa sterkar vísbendingar um líkamleg og andleg áhrif eldgossins hálfu ári eftir að því lauk.

Hjá íbúum á gossvæðinu komu fram greinileg og marktæk líkamleg einkenni, einkum í öndunarferum, eins og andþyngsli, brjóstverkur, hósti og uppgangur, og einnig særindi í augum og slímhúð. Einnig voru þeir greinilega í aukinni hættu á að líða illa andlega, einkum aldurshópurinn 41 árs til 50 ára. Tæp 30% íbúa á gossvæðinu á þessum aldri upplifðu einhvers konar andlega vanlíðan en einungis 16% íbúa á sama aldri í Skagafirði. Foreldrar svöruðu spurningum um líðan barna sinna. Þar komu fram merki bæði um líkamleg einkenni og andlegt álag, eins og svefntruflanir



og hegðunarvanda, sem virðist tengjast því hversu nálægt eldstöðinni börnin búa.

Endurreisnin mikilvæg

Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða og dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, sem stýrir rannsókninni, sagði reynsluna sýna að þörf væri á markvissu skipulagi til að endurreisa samfélög í kjölfar náttúruhamfara og annarra áfalla. Hún greindi frá verkefni sem unnið var árin 2006 til 2008 um langtímaáhrif náttúruhamfara. Verkefnið fólst í að smíða ramma og almennar leiðbeiningar um endurreisn samfélaga á grunni þekkingar



og reynslu sem skapast hefur. Hugmyndin er að sveitarfélög, hvert fyrir sig, geti lagað rammann og leiðbeiningarnar að sínum þörfum og búið sig þannig undir fumlaus viðbrögð ef og þegar náttúruhamfarir skella á.

Leiðbeiningar, sem settar voru fram í þessu verkefni, voru nýttar á Suðurlandi eftir jarðskjálftana vorið 2008 og hafa ýmis sveitarfélög tekið þær upp síðan. „Það er ekki nóg að koma fólki í skjól eftir náttúruhamfarir, heldur þarf líka að koma samfélaginu í samt lag aftur. Með góðum undirbúningi má flýta endurreisn eftir slík áföll,“ segir Guðrún.

Markvissar rannsóknir á áhættuþáttum sjúkdóma



Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild og forstöðulæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar

Pað er hluti af markvissri rannsóknarstefnu okkar að skilja hvað ákvarðar áhættu á sjúkdómum eins og heilablóðfalli, kransæðastíflu, beinbroti og langvinnum lungnasjúkdómum,” segir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor við Háskóla Íslands. Vilmundur og samstarfsfólk hans hjá Hjartavernd, Háskóla Íslands og utan landsteinanna hafa vakið mikla athygli fyrir rannsóknir sínar sem birst hafa í mörgum af virtustu vísindatímaritum heims.

„Hjá Hjartavernd notum við tvenns konar nálganir, annars vegar hefðbundna faraldsfræði og hins vegar erfðafaraldsfræði. Hin hefðbundna faraldsfræði er úrvinnsla úr gögnum sem safnað hefur verið á síðustu 45 árum og er í raun enn þá verið að safna, þar sem fólk er fylgt eftir. Þessi gögn eru m.a. notuð til að meta áhættuþætti ýmissa sjúkdóma en þó aðallega hjarta- og æðasjúkdóma,” segir Vilmundur og vísar til hinnar þekktu Reykjavíkurrannsóknar sem unnin hefur verið frá árinu 1967.

„Í erfðafaraldsfræðinni vinna vísindamenn Hjartaverndar að því að kortleggja líffærakerfi mannsins með tilliti til þáttar gena og þar sem við höfum mjög ítarlegar upplýsingar sem fást með myndgreiningu erum við í talsverðri sérstöðu að geta skoðað hluti sem flestir aðrir vísindamenn geta ekki,” bendir Vilmundur á.

Víðtækt erlent samstarf

Hjartavernd á í víðtæku alþjóðlegu samstarfi og þangað sækja m.a. doktorsnemar frá virtustu háskólum heims til rannsókna, auk þess sem doktorsnemar frá Háskóla Íslands hafa notið leiðsagnar Vilmundar. „Hjartavernd hefur átt virkan þátt í myndun alþjóðlegra vinnuhópa til að varpa fram spurningum sem annars hefði ekki verið hægt að fá svar við á sviði hefðbundinna faraldsfræði og erfðafaraldsfræði,” segir Vilmundur. Með samstarfinu geta ólíkir rannsóknarhópar sannreynt niðurstöður sínar á fleiri en einu rannsóknarþýði.

Meðal þess sem rannsóknir Vilmundar og samstarfsfólks hafa leitt í ljós er að fyrirbyggjandi lyfjameðferð gegn kransæðastíflu gagnast vel hjá eldra fólki. Við höfum einnig skoðað samband fullorðinsskýrni við dauðsföll almennt og niðurstöðurnar munu nýtast til að ákveða markvissar en ella væri unnt meðferð við sykursýki á öllum stigum. Í erfðafaraldsfræðinni höfum við átt þátt í að finna gen og genasvæði í ýmsum krónískum sjúkdómum eins og hjarta- og æðasjúkdómum. Til að mynda höfum við nú fundið gen sem eiga þátt í æðakölkun í hálsæðum. Uppgötvánirnar eru m.a. nýttar til þess að skilja enn betur hvernig gen virka, ein eða í heild, í mismunandi líffærakerfum mannlíkamans.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa birst í yfir hundrað greinum í mörgum af virtustu vísinda-

tímaritum heims á síðustu þremur árum, þ.á m. Nature, Nature Genetics og The Lancet. „Rannsóknirnar eru þá ýmist byggðar á okkar eigin gögnum eða sem hluti af því alþjóðlega vinnuumhverfi eða vinnuhópum sem við höfum tekið þátt í að mynda,” segir Vilmundur.

Kortleggja þróun langvinnra sjúkdóma

Áfram verður haldið á sömu braut að sögn Vilmundar. Við erum t.d. byrjuð á að kanna sjúkdómsmyndir sem ekki eru orðnar að greinanglegum sjúkdómi í líffærakerfum, eins og heila, hjarta og stoðkerfi, með myndgreiningu. Þetta mun gera okkur kleift að kortleggja þróun krónískra langvinnra sjúkdóma, m.a. með rannsókn á afkomendum þeirra sem þegar hafa fengið sjúkdóminn,” segir Vilmundur.

„Við megum aldrei missa sjónar á því að stór hluti fólks lifir af áföll sem hafa í för með sér óþarfa þjáningar og kalla á dýra meðferð í heilbrigðiskerfinu. Ekki er ólíklegt að í framtíðinni verði dýr sjúkrahúsmeðferð ekki í boði fyrir alla – en það samrýmist vitanlega ekki lífsviðhorfum okkar – og því er áriðandi að menn stemmi stigu við því að þörfin á henni aukist. Þess vegna skipta rannsóknir sem þessar svo miklu máli,” segir Vilmundur að lokum.

Fullkominn tækjabúnaður til rannsókna

Hjartavernd hefur yfir mörgum af fullkomnustu rannsóknartækjum landsins að ráða á sviði lífvísinda og hafa þau m.a. verið nýtt í fjölmörgum rannsóknarverkefnum innan Háskóla Íslands. Þar má nefna rannsóknina „Atgervi ungra Íslendinga” þar sem heilsufar, hreyfing og líkamlegt atgervi barna og unglunga er til rannsóknar hjá vísindamönnum við Menntavísindasvið og Háskólann á Akureyri.

„Við erum með segulómtæki sem hefur gert okkur kleift að rannsaka heilann mjög ítarlega þar sem við höfum þróað aðferðir til

að mæla rúmmál vefja í ýmsum hlutum heilans. Nú stendur yfir uppfærsla á því tæki þar sem við erum komin á það stig, vegna okkar eigin uppgötvana, að við þurfum að mæla starfrænt heilastarfsemina,” segir Vilmundur.

„Einnig erum við með tölvusneiðmyndaþæki sem gerir okkur m.a. kleift að meta kalk í kransæðum og mæla þrívíddargerð beina og beinþéttni. Við höfum einnig tvö ómskoðunar-tæki til að mæla æðasjúkdóm í hálsæðum en hann er forveri heila- og hjartaáfalla.”



Auður Hauksdóttir, dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

HVERNIG TALA ÍSLENDINGAR DÖNSKU VIÐ DANI?

Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, stundar rannsóknir á tengslum Íslendinga við danska tungu og menningu. Í einni af stærri rannsóknum Auðar hefur hún kannað hvernig íslenskum námsmönnum í Danmörku gengur að nota dönskuna sem þeir hafa lært hér heima áður en haldið er til náms ytra. „Ég er að kanna hvernig námsmönnum gengur að nota dönskuna í náminu og í öðrum samskiptum við Dani. Tæplega 300 námsmenn tóku þátt í rannsókninni, sem samanstendur af tveimur spurningalistarannsóknum og viðtalsrannsókn við lítinn hóp námsmanna. Spurningalistarannsóknin var lögð fyrir með þriggja ára millibili,” segir Auður.

Auður segir að Íslendingar eigi mikið undir kunnáttu í Norðurlandamálum og því þurfi

kennslan hér heima að vera skilvirk og árangursrík. „Í náminu ytra reynir mjög á dönskukunnáttuna og því búa námsmennirnir yfir reynslu og þekkingu sem getur varpað ljósi á hvað tekst vel í dönskukennslunni og hvað mætti betur fara,” segir Auður.

Að sögn Auðar er Danmörk það land þar sem flestir Íslendingar stundi nám og þeir sækja nám í ólíkum greinum. „Mig langaði til að fá innsýn í á hvaða þætti máls og málnotkunar reynir mest hjá þessum námsmönnum.”

Niðurstöður liggja nú fyrir og þær eru um margt forvitnilegar. Hún segir að rannsóknin varpi ljósi á þær miklu kröfur um tungumálakunnáttu sem háskólanám útheimtir og hvernig íslenskir námsmenn séu í stakk búnir til að mæta þeim, hvað dönskuna varðar. „Þótt rannsóknin snúist um

dönsku geta niðurstöðurnar einnig gagnast öðrum tungumálagreinum bæði hér heima og erlendis. Miklum tíma og fjármunum er varið til tungumálanáms og oftar en ekki ráðast hagsmunir af tungumálakunnáttu. Rannsóknin er innlegg í umræðu um sérhæfða tungumálakunnáttu, tungumálanám og árangur af skólasterfi.”

Auður segir að íslensku námsmennirnir hafi mjög sterkar skoðanir á því hvernig bæta megi tungumálakennsluna. „Ég hef kynnt niðurstöðurnar á ráðstefnum erlendis, nú síðast á ráðstefnu í Kaupmannahafnarháskóla, og ég er að leggja lokahönd á bók um rannsóknina og stefnt er að því að gefa hana út bæði hér og í Danmörku,” segir Auður.

Gauti Kristmannsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild

Rannsakar sögu og stöðu túlkunar á Íslandi

Vaxandi eftirspurn er eftir háskólamenntuðum túlkum á Íslandi samfara auknum samskiptum Íslendinga við erlendar þjóðir, bæði á milliríkja-grundvelli og innan alþjóðlegra stofnana.

Háskóla Íslands hefur verið falið það verkefni að sinna kennslu í túlkun á meistarastigi og býður Íslensku- og menningardeild nú upp á tveggja ára MA-nám í ráðstefnutúlkun. Gauti Kristmannsson, prófessor og þrautreyndur túlkur og þýðandi, undirbjó stofnun námsleiðarinnar og hefur nú ráðist í rannsókn á sögu og stöðu túlkunar á Íslandi.

„Verkefnið felst í að vinna nýtt land á þessu fræðasviði, sem er mjög aðkallandi vegna breytinga sem orðnar eru af völdum hnattvæðingar og ört vaxandi þvermenningarlegra samskipta. Að frátöldu námi í táknaáttúlkun hefur lítið sem ekkert

túlkanaám verið fyrir hendi hér á landi og rannsóknir á túlkun verið lítið sinnt. Brýn þörf er á að bæta úr því þar sem nú er kallað eftir auknum fjölda sérfræðinga sem sinnt geta þessu flókna og erfiða viðfangsefni,” segir Gauti.

Hann bendir á að mikilvægt sé að kortleggja sem fyrst hvernig unnið er að samfélags-, dóm- og ráðstefnutúlkun hér á landi. „Á öllum þessum sviðum er víða pottur brotinn og það getur t.d. haft áhrif á félagslegt og heilsufarslegt öryggi innflytjenda, réttaröryggi þegnanna og getu þjóðarinnar til að standa að fjölþjóðlegri samvinnu, opinberri sem einkarekinni,” segir Gauti enn fremur.

Gauti hyggst rannsaka þær túlkunaradferðir sem henta í tengslum við íslenskt mál, þá tækni sem nauðsynleg er við túlkun og leiðir til að mennta



og endurmennta túlka. „Markmiðið með þessum rannsóknum er meðal annars að útbúa námsefni sem hentar íslenskum aðstæðum og íslenskum kennurum og nemendum,” segir Gauti að lokum.



Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ Siðferðislegar spurningar vakna ekki af sjálfu sér

Umræða um siðferði og siðfræðilegar spurningar hefur verið nokkuð áberandi í kjölfar efnahags- hrunsins. Meðal þeirra sem látið hafa að sér kveða í þeirri umræðu er Salvör Nordal sem stýrir hinu fjölbreytta starfi sem unnið er innan Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

„Siðfræðistofnun hefur verið með ýmis rannsóknarverkefni á síðustu árum og þá er útgáfa bóka snar þáttur í starfinu. Það er mikið rætt um að auka kennslu í siðfræði á öllum skólastigum og maður finnur fyrir áhuga víða. Því er mjög mikilvægt að til sé efni á íslensku. Siðfræðistofnun hefur gefið


**„ÞAÐ ER VAXANDI SKILNINGUR
Á ÞVÍ AÐ HEIMSPEKILEGUR OG
SIÐFRÆÐILEGUR GRUNNUR ER
NAUÐSYNLEGUR Í ÖLLU NÁMI“**

út fjölmargar bækur um siðfræði í gegnum árin, m.a. ritröðina „Siðfræði og samtími,“ en í þeim bókum er fjallað um efni sem brenna á okkur í samtímanum,“ segir Salvör og nefnir tvær nýútkomnar bækur, „Siðfræði og samfélag“ og „Velferð barna: Gildismat og ábyrgð samfélags.“

Ýmsir hópar í samfélaginu hafa leitað til Siðfræðistofnunar um ráðgjöf og rannsóknir. „Fyrsta

rannsóknarverkefni Siðfræðistofnunar snerist um siðareglur starfsstétta. Í framhaldi af því varð ákveðin sprenging og margar stéttir hafa sett sér siðareglur á síðustu 20 árum. Hópurinn sem leitar til okkar hefur svo breikkað á síðustu misserum, ekki síst út af hruninu og Rannsóknarskýrslunni,“ segir Salvör, en hún sat ásamt Vilhjálmi Árnasyni, prófessor í heimspeki og stjórnarformanni Siðfræðistofnunar, í starfshópi sem vann að siðferðiskafli Rannsóknarskýrslu Alþingis. „Við Vilhjálmur höfum farið víða og haldið fyrirlestra um þessa vinnu okkar. Þá hefur stofnunin verið fyrirtækjum og opinberum stofnunum innan handar um gerð siðareglna.“

Salvör hefur einnig kennt siðfræði við Háskóla Íslands og bendir á að aukin áhersla verði lögð á greinina innan háskólans á næstu misserum. „Það er vaxandi skilningur á því að heimspekilegur og siðfræðilegur grunnur er nauðsynlegur í öllu námi. Fólk heldur að í tilteknum greinum hljóti maður að spyrja sig siðfræðilegra spurninga en það er ekki þannig. Það verður að vekja þær,“ bendir hún á og segir spennandi verkefni fram undan enda glími samtíminn við margar stórar siðfræðilegar spurningar.



Henry Alexander Henrysson,
verkefnisstjóri hjá
Heimspekistofnun

Efling kennslu í gagnrýninni hugsun

Efling kennslu í gagnrýnni hugsun og siðfræði er samvinnuverkefni milli Rannsóknastofnu um háskólana, Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar. Páll Skúlason er upphafsmaður verkefnisins en hann hefur lengi bent á mikilvægi þess að kennsla í gagnrýninni hugsun verði hluti af skólagöngu hér á landi. Henry Alexander Henrysson leiðir verkefnið en hann er verkefnisstjóri og starfar á Heimspekistofnun.

Kveikjan að verkefninu er umræðan um að efla þurfi kennslu í gagnrýninni hugsun hér á landi sem skapaðist eftir efnahagshrunið árið 2008. Að sögn Henrys er verkefnið í raun svar við þeirri gagnrýni sem beindist að skólakerfinu um að kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum landsins væri ábótavart. „Krafan kom meðal annars fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis,“ bætti Henry við.

Það má segja að verkefnið skiptist í þrjú meginþætti. Fyrst og fremst snýst það um að koma siðfræði og gagnrýninni hugsun inn í aðalnámsskrá á öllum skólastigum. Henry segir að fyrir utan að kenna siðfræði og gagnrýna hugsun sem sérstakt fag sé ekki síður mikilvægt að gagnrýnin hugsun sé fléttuð inn í allar námsgreinar. Annar þáttur verkefnisins er að setja á fót nám fyrir kennara sem vilja efla hæfni sína í gagnrýninni hugsun til að nota í kennslu, nokkurs konar endurmenntun. Þriðji þáttur verkefnisins felst í að útbúa kennsluefni í siðfræði og gagnrýninni hugsun fyrir öll stig skólakerfisins.

„Hugmyndin að verkefninu er sú að nemendur hafi raunverulega hæfni til að beita gagnrýninni hugsun og geti myndað sér sjálfstæðar og heildstæðar skoðanir þegar þeir koma í háskóla,“ sagði Henry þegar hann var spurður út í hugmyndina á bak við verkefnið.

Að sögn Henrys er verkefnið komið ágætlega á veg, til að mynda er vinna hafin við að koma siðfræði og gagnrýninni hugsun að í aðalnámsskrá og taka Henry og Páll þátt í því að skrifa þann kafli í aðalnámsskrá grunnskóla sem fjallar um samfélagsgreinar.



Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, og Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus

DÍLASKARFURINN Í SÓKN

Pegar rölt er með fram sjó hér við land, þar sem klappir eða klettur ná upp úr honum næri ströndinni, má ósjaldan sjá dökka og tignarlega fugla standa á efstu snösinni og þenja út vængina sem mest þeir mega. Þarna messa þeir líkt og prestur í stól sem breiðir út armana frammi fyrir söfnuðinum. Þetta er dílaskarfur sem svona lætur en talið er að með þessu þurrki hann vængina eftir kafsund sem oftast er á grunnsævi. Dílaskarfurinn, sem hefur lengi verið til rannsókna hjá Háskóla Íslands, er duglegur fugl og fengsæll enda býsna slyngur kafari. Hann er afar algengur við strendur landsins og raunar víða um heim. Íslenski stofninn er hins vegar einangraður og hefur því nokkra sérstöðu.

„Dílaskarfur sést vel og talningarnar eru því einfaldar, þá er líka auðvelt að telja hreiðrin,“ segir Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus, sem unnið hefur að rannsóknum á þessum fugli í áraradír, nú síðast ásamt Jóni Einari Jónssyni, fræðimanni hjá Háskóla Íslands. Arnþór taldi dílaskarf með jöfnu millibili frá árinu 1975 allt til ársins 1993.

„Það ár varð hrun sem leiddi til þess að talið var árlega eftir það,“ segir Arnþór.

Jón Einar Jónsson kom inn í verkefnið með Arnþóri haustið 2008 en hann starfar á Rannsókn-



setri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Þar með má segja að rannsóknin hafi farið heim til skarfanna, sem eru áberandi í umhverfinu þar, auk þess sem þeir hafa oft ratað á diskinn hjá íbúum á nesinu.

Eftir hrun stofnsins árið 1993 hefur dílaskarfur verið í vexti á nýjan leik en einfalt er að meta stofnferli þessa grunnsjávarfugls. Í því efni er átt við stofnstærð og aldursdreifingu og breytingar á henni. Þetta er gert með talningum á fugli og einnig með talningu á hreiðrum. Jón Einar segir að við talningu að hausti sé tekið mið af hlutfallinu á milli fjölda unga og eldri fugla og að vori sé metinn fjöldi árgamalla ungfugla, geldfugla og fullorðinna varpfugla.

„Á rannsóknartímanum hefur hreiðrum fjölgað úr tvö þúsund árin 1994 til 1995 yfir í fimm þúsund



hreiður árið 2010,“ segir Jón Einar og bætir því við að umhverfisáhrif eins og veður, búsvæði og fæðuframboð hafi veruleg áhrif á stofninn.

Það er því ljóst að dílaskarfurinn á ekki í sömu kreppu og sjófuglar á borð við lunda og krú. Vísindamennirnir sem kanna lýðfræðina í heildarstofni dílaskarfsins bera hana þannig saman við fæðuframboð og fyrir liggur að dílaskarfurinn hefur aðgang að tryggari fæðu á grunnsævi en áður-nefndir sjófuglar. „Stofnferli dílaskarfs og afdrif hans eru þannig trúlega góður áviti á lífríki grunnsævis hér við landið,“ segir Jón Einar.



Hrefna Marín Gunnarsdóttir,
lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Vill hindra slys á hafi úti


Eitt frægasta sjóslys sögunnar varð fyrir réttum hundrað árum í jómfrúarferð farþegaskipsins Titanic yfir Atlantsála. Skipið, sem var stærsta eimskip síns tíma, hélt úr höfn í Southampton á Englandi á mildum vordegi og stefndi til New York borgar í sinni fyrstu og hinstu för. Skipið sökk hinn 15. apríl árið 1912 eftir að hafa rekist á borgarísjaka.

Þótt öld sé liðin frá því að Titanic fórst er hafisinn enn hættulegur skipum á fjölförnum siglingaleiðum við Grænland. Hrefna Marín Gunnarsdóttir, lektor í rafmagns- og tölvuverkfræði, skoðar núna leiðir til að fylgjast með ferðum hafsisins við austurströnd Grænlands án þess þó að komast nokkru sinni í návígi við hann. Við þessa vinnu styðst hún við gervihnattarmyndir af hafisnum og er markmiðið að greina og túlka myndirnar á sem sjálfvirkastan hátt.

„Ég hef alltaf haft gaman af myndvinnslu og ratsjár- og gervihnattarmyndir bjóða upp á mikið af gögnum sem greina þarf myndrænt og helst sjálfvirk,“ segir Hrefna. Hún segir það afar mikilvægt að hafa hugmynd um ferðir hafsisins.

„Hafisinn austan við Grænland hreyfist hraðar en gengur og gerist og því er erfiðara að fylgjast með honum en ís á öðrum hafsvæðum. Því er afar mikilvægt að upplýsingarnar séu réttar. Það tryggir sjófarendum aukið öryggi.“

Hrefna hóf kennslu við Háskóla Íslands fyrir stuttu en hún lauk bæði meistara- og doktorsnámi í rafmagnsverkfræði frá Stanford, einum virtasta háskóla heims. Samhliða kennslunni við háskólann sinnir hún rannsóknum á hrauni, auk þeirra



rannsókna sem áður voru nefndar. Þótt hraunið og hafisinn eigi lítið sameiginlegt er svipuðum aðferðum beitt við rannsóknir á hvoru tveggja. „Ég er einnig að skoða sjálfvirkar leiðir til að flokka hraun á gervihnattarmyndum,“ segir Hrefna.

Þegar hún er spurð um notagildi þeirrar rannsóknar er hún fljót að ferðast út í himingeiminn. „Þetta má t.d. nota á svæðum sem erfitt er að komast til, t.d. á Mars,“ segir hún brosandí eins og ekkert sé eðlilegra. Hrefna er sérfræðingur í ýmsu sem snertir reikistjörnurnar en við Stanford vann hún að rannsókn sem fólst í að túlka ratsjárbergmál af yfirborði Mars. Hlutverk hennar var að gefa hugmynd af eðli yfirborðsins út frá gögnunum sem bárust frá bergmálstækjunum.

„Ég hafði alltaf áhuga á geimvísindum sem krakki og þegar mér bauðst að taka þátt í rannsókn á reikistjörnunni Mars við Stanford þá greip ég tækifærið,“ segir Hrefna að lokum.



Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Innbyggð sýklalyf gegn skæðri bakteríu

Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor í frumulíffræði, hefur rannsakað bakteríudrepandi peptíð, sem eru lítil prótein sem laðast að bakteríum og drepa þær. „Þessi peptíð má kalla okkar innbyggðu sýklalyf, þ.e. einföld efni og fljótvirk sem eyða sýklum og halda bakteríum í hæfilegri fjarlægð frá okkar viðkvæmu vefjum,“ segir Guðmundur. Peptíðið finnst í öllum fjölfruma lífverum.

Guðmundur fann eitt þessara peptíða ásamt samstarfsaðilum í rannsóknarverkefni við háskólann í Stokkhólmi en það reyndist í miklu magni á öllu yfirborði vefja í þekjufrumum og átfrumum. „Þessar tvær frumugerðir eru einmitt lykilmurur í upphafsvörnum okkar, þær eru í fremstu víglínu gegn ýmsum sýklum,“ bendir Guðmundur á.

Rannsókn Guðmundar snýst um að greina ferla í frumum sem stýra kerfi peptíða, yfirborðsvarnerkerfinu svokallaða, þ.e. hvenær genið sem skráir fyrir peptíðið er í gangi, tjáð, og hvenær er slökkt á því. „Virk tjáning er grunnur öflugra yfirborðsvarna og til að hindra sýkingar. Við höfum sýnt nú þegar að með því að auka tjáningu bakteríudrepandi peptíða má hindra og lækna sýkingar,“ segir hann og bendir á að mjög lítið sé vitað um stjórnum kerfisins.

Eftir að hafa fengið vísbendingar um mikilvægi peptíða beindist athygli Guðmundar fljótt að skæðri bakteríu sem virtist slökkva á tjáningu peptíða. „Við spáðum því að þetta gerði bakteríunni kleift að ráðast inn í vefi og valda sýkingu. Bakterían byrjar í raun á því að gata varnarvegg, sem gerður er úr bakteríudrepandi peptíðum. Þetta hefur verið staðfest af öðrum rannsóknahópum. Þarna opnaðist ný spurning: hvað gerðist ef við kæmum í veg fyrir að bakterían slökkvi á kerfinu? Það kom í ljós að þannig mátti hindra sýkingar,“ útskýrir Guðmundur.

Með þekkingu á efninu verður hugsanlega hægt að koma í veg fyrir sýkingu með því að efla meðfæddar varnir. Það myndi stuðla að betri heilsu, minnka líkur á að ónæmi þróist hjá örverustofnum og draga úr notkun fúkkalyfja.



Háskóli unga fólksins hefur verið starfræktur árlega frá árinu 2004 og nýtur mikilla vinsælda. Fjöldmargir nemendur tilkynntu forráðamönnum skólans að þeir myndu koma aftur að ári.

HÁSKÓLI UNGA FÓLK

Um 300 krakkar á aldrinum 12–16 ára settust á skólabekk í viku í júní á aldarafmælisári skólans. Kennslan fór fram víða á háskólasvæðinu og að henni komu fjöldmargir vísindamenn og nemendur við Háskóla Íslands. Óhætt er að segja að áhuginn hafi skinið úr hverju andliti, hvort sem setið var í tíma eða tekið þátt í leikjum í hádeginu.



Á uppskeruhátíð Háskóla unga fólksins mætti óvæntur gestur, tónlistarmaðurinn Ingólfur Þórarinnsson, eða Ingó Veðurguð eins og margir þekkja hann. Hann tók nokkur af sínum þekktustu lögum við góðar undirtektir viðstaddra.

Segja má að tölvan sé orðin þarfasti þjónn nútímamansins og hún nýttist nemendum Háskóla unga fólksins vel.

Ungir og efnilegir skákmenn reyndu sig við stórmeistarann Róbert Lagerman og gáfu ekkert eftir.





Guðrún Bachmann, skólastjóri Háskóla unga fólksins, setti skólann að viðstöddum friðum hópi nemenda. Hún sagði Háskóla unga fólksins vera árvissan sumarboða í starfi Háskóla Íslands og alltaf væri mikil eftirvænting í lofti á þeim tíma.



Nemendur Háskóla unga fólksins kynntu hinu fjölbreytta rannsóknastarfi sem fram fer innan Háskóla Íslands og fengu sjálfir að reyna sig.



Nemendur í Háskóla unga fólksins kunna að þakka fyrir sig. Þeir færðu Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, blómvönd í þakklætisskyni fyrir áhugaverða og fræðandi viku í háskólanum.

KSINS Í FULLU FJÖRI



Á síðasta ári var táknmáli tryggð lagaleg staða í íslensku samfélagi en táknmál hefur reglulega verið kennt í Háskóla unga fólksins.



Nemendur í Háskóla unga fólksins gátu valið á milli 36 námskeiða, þar á meðal í stjörnufræði, sjúkrþjálfun, japönsku, sálfræði og jarðfræði en síðastnefnda fagið var mjög vinsælt.



Hádegishléin voru vel nýtt til leikja og þar var einbeitingin engu síðri en í skólastofunum.



Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild, fyrir miðju ásamt starfsmönnum Norræna sakfræðiráðsins, Halldóru Þorlákssdóttur (t.v.) og Ástu Stefánsdóttur (t.h.).

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild og formaður Norræna sakfræðiráðsins

FRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR Á AFBROTUM OG SPILLINGU

Efnahagsbrot, skipulögð brotastarfsemi, spilling og áhrif kreppu á afbrot í þjóðfélaginu er meðal fjölmargra rannsóknarefna sem Norræna sakfræðiráðið, samnorræn rannsóknastofnun í afbrotamállum sem hefur aðsetur í Háskóla Íslands, fæst við.

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, gegnir formennsku í ráðinu um þessar mundir en ráðið á sér nokkuð langa sögu. „Norræna sakfræðiráðið var stofnað árið 1962 og markmið þess er að efla norrænar rannsóknir á sviði afbrotafræði, refsiréttar og skyldra greina og veita stjórnvöldum á Norðurlöndum

upplýsingar til að byggja á stefnu í löggjöf og afbrotavörnum,” segir Ragnheiður. Hún segir að ráðið veiti styrki, standi fyrir rannsóknum og ráðstefnum og gefi út skýrslur og tímarit á sviði áður nefndra fræðigreina.

Hvert hinna fimm norrænu ríkja á þrjá fulltrúa í ráðinu. Auk Ragnheiðar sitja Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, og Krístrún Kristinsdóttir, fulltrúi frá innanríkisráðuneytinu, í ráðinu fyrir Íslands hönd. Ragnheiður segir starfið í ráðinu umfangsmikið, fjölbreytt og lifandi, enda felist í því mikil

og góð samvinna við fræðimenn annars staðar á Norðurlöndunum.

Nýlega stóð ráðið fyrir samnorrænni rannsókn á afstöðu almennings til refsinga á Norðurlöndum. Í niðurstöðum hennar kom meðal annars fram að almenningur hefur ríka tilhneingingu til að vanmeta refsipýngd dómstóla og velur sjálfur refsingu sem er yfirleitt vægari en sú refsing sem dómamar ákveða.

Skrifstofa Norræna sakfræðiráðsins er á 3. hæð í Lögbergi. Ráðið heldur einnig úti öflugri heimasíðu um rannsóknir sínar, www.nsfk.org.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, MA frá Félagsráðgjafardeild

Mörg andlit sjálfsvanrækslu

„Hugmyndin varð til þegar ég varð vitni að alvarlegu sjálfsvanrækslumáli í starfsþjálfun minni hjá Landspítalanum. Þar reyndi á ýmis álitamál þegar velja átti heppileg úrræði,” segir Rannveig S. Ragnarsdóttir, um meistaraverkefni sitt en hún lauk meistaraprófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands í fyrrasumar.

Engar rannsóknir höfðu verið gerðar hérlendis á sjálfsvanrækslu eftir því sem hún vissi best og því taldi Rannveig þetta kjörið tækifæri til að auka og dýpka þekkingu á viðfangsefninu. Enga einhlíta skilgreiningu á sjálfsvanrækslu er að finna en birtingarmyndin er margþætt. Hún felst oftast í vanhvirðu á líkama og umhverfi, vangetu til að sinna eigin grunnþörfum, félagslegri hlédrægni, söfnunaráráttu og synjun aðstoðar. „Ég vildi skoða þekkingu félagsráðgjafa, m.a. á einkennum og áhættuþáttum sjálfsvanrækslu og hvernig best

væri að mæta einstaklingum sem vanrækja sig,” segir Rannveig.

Niðurstöður sýndu að fáir viðmælendur voru kunnugir hugtakinu sjálfsvanræksla. Allir höfðu skoðun á því og höfðu orðið vitni að slíkum málum þótt þeir hefðu misjafna þekkingu á einkennum og áhættuþáttum. Einnig sýndu niðurstöðurnar fram á mikilvægi þess að horfa heildrænt á félagslega og læknisfræðilega þætti sjálfsvanrækslu en vegna þess hversu sterkt sjálfræði og sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga er töldu viðmælendur sig lítið getað aðhafst í sjálfsvanrækslumálum. Þeim bar saman um rétt fólks til að hafna aðstoð svo framarlega sem því eða öðrum stæði ekki hætta af, en að mikilvægt væri að ræða við það um ástæður synjunar og afstöðu þess til þjónustunnar.

„Rannsóknin veitir innsýn í stöðu sjálfsvanrækslumála hér á landi, frá sjónarhorni



félagsráðgjafa, auk mögulegrar íhlutunar. Jafnframt eykur hún vitund um slík mál og getur auðveldað skilning á aðstæðum þeirra sem vanrækja sig. Þörf er á aukinni fræðslu um sjálfsvanrækslu þar sem einkenni hennar geta verið mörg og afleiðingar alvarlegar,” segir Rannveig enn fremur.

Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og dósent við Félagsráðgjafardeild.



Þórhildur Líndal,
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumál

Einelti kemur öllum við

„Það var kominn tími til að rannsaka einelti, bæði út frá lögfræðilegu og þverfræðilegu sjónarhorni,“ segir Þórhildur Líndal hjá Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumál um nýja rannsókn á einelti sem kynnt var á málþingi á vegum stofnunarinnar í desember síðastliðnum.

„Viðurkennt hefur verið að einelti er alvarlegur hlutur en þrátt fyrir það er einelti enn raunverulegt vandamál í íslensku samfélagi. Einelti meðal barna snertir ekki einungis börnin sjálf heldur ekki síður fjölskyldur þeirra og alla þá er starfa með börnum. Einelti kemur öllum við – þess vegna er mikilvægt að sporna við því með öllum tiltækum ráðum,“ segir Þórhildur enn fremur.

Rannsóknin er byggð á þremur meistarritgerðum á sviði lögfræði, félagsráðgjafar og menntavísinda. „Markmiðið með því að nálgast viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhornum er að fá sem heildstæðasta mynd af því sem er vitað um einelti í samfélaginu þannig að mögulegt sé að greina hvar þarf að afla frekari þekkingar og um leið að kanna hvort þörf er fyrir markvissari úrræði, þ.m.t. lagaleg úrræði,“ segir Þórhildur.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna m.a. að lögfesta þarf Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í framhaldinu kynna efni hans skipulega öllum þeim sem að málefnum barna koma. Þá skortir lagalega skilgreiningu á einelti og þörf er á sérhæfðri kennslu um eineltismál í kennaranáminu. Einnig þarf að bæta til muna allt sem viðkemur einelti í í frístunda- og íþróttastarfi barna, s.s. löggjöf og fræðslu fyrir þjálfara og starfsfólk. Þá er talið mikilvægt að samræma þá vinnu sem fram fer í skólum og annarri velferðarþjónustu til að sporna gegn einelti með hliðsjón af aðstæðum í hverju sveitarfélagi.

„Það er von okkar allra sem staðið höfum að þessari rannsókn að hún leiði til upplýsandi umræðu um það hversu einelti er alvarlegt. Vonandi gera niðurstöðurnar löggjafanum og stjórnvöldum betur kleift að samræma þekkingu sína á einelti og það leiðir vonandi aftur til bættrar löggjafar og markvissari þjónustu til að tryggja velferð barna í íslensku samfélagi,“ segir Þórhildur.



Stefán Ólafsson, prófessor við
Félags- og mannvísindadeild

Menning og hugarfar skipta máli

„Verkefnið snýst um að komast að því hvað skilar norrænum þjóðum miklum lífsgæðum samanborið við aðrar þjóðir, hvar þær eru sterkar og hvar veikar. Þá verður auðveldara að hafa uppi á leiðum til að ná enn betri árangri,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði. Hann hefur unnið að viðamikilli rannsókn þar sem borin eru saman lífsgæði 29 nútímaþjóða. Byggður hefur verið upp viðamikill gagnabanki til að ná fjölþættari mælingum á lífsgæðum en áður hefur þekkt. Stefán segir rannsóknina byggða á svipaðri aðferðafræði og í árlegri lífskjaramælingu Sameinuðu þjóðanna, nema þar séu mældir fjórir þættir en 69 í rannsókn hans.

Stefán segir að með rannsókninni aukist skilningur á því hver lífskjör þjóða séu og hvernig saman fari góð eða slæm lífskjör á einu og öðru sviði. Hvað hafi stuðlað að góðum árangri og hvað haldi aftur af þjóðum, eins og t.d. í Suður-Evrópu. Upplýsingarnar séu hagnýtar og stuðli vonandi að því að bæta lífskjör fólks.

Stefán hefur lengi fengist við velferðarmál og honum finnst of mikið einblínt á það sem í þau er lagt, s.s. velferðarútgjöld. Hann segir að heldur eigi að horfa á útkomu í formi árangurs, óháð því hvað sett er í málaflokkinn. Einnig mætti athuga skipulag þjóðanna, menningu og hugarfar. „Í því samhengi er hægt að velta fyrir sér hvernig skammtímaáföll meðal þjóða breyta varanlegum grunnildum, sem eru hluti af þeirri menningararfleifið sem hefur mótað samfélagið til lengri tíma. „Skammtímasjónarmið koma og fara en velta ekki grunnbyggingunni svo glatt,“ bætir Stefán við.

Hann segir það ekki hafa komið á óvart að norrænu þjóðirnar séu efstar á listanum í almennri lífskjaramælingu en Bandaríkin hafi t.a.m. ekki komið vel út. Þótt þau séu í efstu sætum hvað varðar efnahagsstyrk sé dreifing lífskjara þar ójöfn og menntastig lágt. Slíku geti fylgt ýmis félagsleg vandamál.



Árni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓHUGNAÐI OG MEÐFERÐ KVÍÐASJÚKDÓMA

Pað er vel þekkt að ýmiss konar ósjálfráð viðbrögð virkjast þegar fólk eða dýr upplifa eitthvað sem vekur sterkar tilfinningar. Adrenalín flæðir um heila og líkama sem hefur sterk áhrif á líkamsástand og taugaviðbrögð. Minna er hins vegar vitað um hver áhrifin eru á hugarstarf, athygli og sjónskynjun,” segir Árni Kristjánsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands.

„Til að athuga áhrif áreita sem vekja tilfinninga- viðbrögð á athygli könnuðum við hvaða áhrif birting mynda hefur á frammistöðu á einföldum sjónverkefnum.“

Árni og samstarfsmenn hans sýndu þátttakendum í rannsókn myndir, sem voru annars vegar hlutlausar og sýndu t.d. landslag eða börn að leik og hins vegar myndir sem sýndu atburði sem vöktu sterk tilfinningaviðbrögð, svo sem myndir af sundurskotnum líkum eða myndir af vettvangi alvarlegra slysa. Þessar myndir voru birtar milli þess sem þátttakendur framkvæmdu einföld verkefni á tölvuskjá, t.d. að finna tiltekið áreiti innan um önnur.

„Leit sem gerð var eftir að óhugnanlegar myndir höfðu verið birtar var erfiðari, bæði ónákvæmari og hægari, en eftir að hlutlausar myndir höfðu verið birtar þátttakendum.“

Niðurstöðurnar sýndu líka að þátttakendur eru fljótari að vinna við verkefni sem þeir eru vanir að fást við en verkefni sem eru þeim ókunnug eftir að hafa skoðað óhugnanlegu myndirnar. Fólk beinir ósjálfrátt athyglinni að því sem það fékkst við áður en það skoðaði myndirnar. Þetta er í raun sjónræna útgáfan af því að við hlaupum hraðar þegar við erum hrædd en alla jafna.“

Árni segir að samstarfsmaður sinn, Steven Most við háskólann í Delaware í Bandaríkjunum, hafi sýnt fram á að birting óhugnanlegra mynda hafi mikil áhrif á viljastýrða athygli. „Athyglin festist við slíkar myndir og þátttakendur eiga í erfiðleikum með að slíta athyglina frá þeim. Spurningin sem vaknaði var sú hvort slíkar myndir hefðu svipuð áhrif á ósjálfráða athygli, þegar eitthvað fangar athygli okkar ósjálfrátt.“

Árni segir að það sé vaxandi áhugi innan

taugavísinda á því hvernig tilfinningar hafi áhrif á skynjun og hvernig við veitum umhverfinu athygli. „Löngum var talið að við sæjum einfaldlega það sem ber fyrir augu okkar þegar við opnum þau en rannsóknir hafa í auknum mæli sýnt fram á áhrif hugarástands, langana og markmiða á það hvernig við skynjum heiminn.“

Árni segir að það megi nýta sér það á ýmsan hátt ef rétt reynist að tilfinningaviðbrögð hafi mikil áhrif á það hvernig við skynjum umhverfið. „Nýlegar rannsóknir okkar sýna t.d. fram á að fólk sem þjáist af félagsfælni er líklegra til þess að veita reiðilegum andlitum athygli en andlitum með hlutlausan svip. Rannsóknir okkar sýna jafnframt að hægt er að þjálfa fólk til þess að hætta að beina athyglinni að slíkum neikvæðum áreitum, og það sem meira er, þá minnka einkenni félagsfælni í kjölfarið. Ef unnt er að draga úr kvíða með svona einföldum og ódýrum aðferðum getur það reynst afar stórt skref fram á við í meðferð kvíðasjúkdóma.“

Brynja Ingadóttir, klínískur lektor við Hjúkrunarfræðideild

Sjúklingafræðsla til að efla sjálfsumönnun

„Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar sem nýta má við þróun og skipulag sjúklingafræðslu innan sjúkrahúsa,” segir Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðasjúklinga og klínískur lektor við Hjúkrunarfræðideild, en hún fjallar í doktorsrannsókn sinni um sjúklingafræðslu sem leið til að styðja skurðsjúklinga við að annast um sig sjálfir.

Sjúklingafræðsla verður æ mikilvægari og eiga sjúklingar lögbundinn rétt á henni. Fræðslan verður brýnni því að sjúklingum með langvinna sjúkdóma fer fjölgandi og framfarir í tækni og heilbrigðisvísindum hafa orðið miklar á liðnum árum. Sjúkrahúslega hefur styst og þess er vænst að sjúklingar annist sig sjálfir í ríkara mæli en áður. Sjúklingafræðsla er því ein forsenda þess að sjúklingum takist vel upp í því hlutverki.

„Fyrstu niðurstöður benda til þess að

væntingum sjúklinga til fræðslu sé ekki nægilega mætt. Fræðslu um lífeðlisfræðilega þætti, eins og sjúkdóminn og meðferð hans og svo færni, þ.e. um hreyfingu og daglegar athafnir, er best sinnt,” segir Brynja. Hins vegar mætti bæta fræðslu um áhrif meðferðar og sjúkrahússdvalar á andlega líðan, félagslega þætti, réttindi sjúklinga og kostnað vegna aðgerða.

„Sjúklingafræðsla hefur heillað mig í þau 25 ár sem ég hef starfað sem hjúkrunarfræðingur. Ég hef tekið þátt í mörgum verkefnum á Landspítala og komist að raun um að okkur skortir meiri þekkingu á undirstöðum sjúklingafræðslu. Það þarf að byggja á ákveðinni hugmyndafræði og kanna möguleika á fjölbreyttari kennsluaðferðum,” segir Brynja enn fremur.

„Þróun árangursríkari kennslu er talin vera eitt af mörgum óunnum verkefnum hjúkrunar-



fræðinnar. Framfarir í upplýsingatækni hafa skapað nýja möguleika í sjúklingafræðslu. Hins vegar er brýnt að rannsaka betur þarfir sjúklinga fyrir fræðslu, áhrif heilbrigðisstarfsmanna á fræðsluna og hvernig ný tækni getur jafnt sinnt þörfum sjúklinga sem heilbrigðisþjónustunnar,” segir Brynja að lokum.



Ásta María Einarsdóttir,
BS í matvælafræði og lífefnafræði

Verðmæti í fjörunni

„Rannsóknarverkefnið miðar að því að þróa aðferðir til að vinna lífvirk fjölfenól úr íslensku bóluþangi, mæla virkni efnanna og prófa að blanda þeim í húðvörur,” segir Ásta María Einarsdóttir, matvæla- og lífefnafræðingur frá Háskóla Íslands. Ásta María hefur mikla trú á bóluþanginu, enda sé það gjöful uppspretta fjölfenóls, sem er náttúrulegt andoxunarefni.

Rannsóknin sem Ásta María tók þátt í var studd af Nýsköpunarsjóði námsmanna og ber hún yfirskriftina „Lífvirk fjölfenól úr bóluþangi í húðvörur og hönnun.“ Rannsóknina vann Ásta María í samvinnu við vísindamenn hjá þekkingar- og rannsóknafyrirtækinu Matís, sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði. Matís er samstarfsaðili Háskóla Íslands. Ásta María gekk til liðs við Matís sumarið 2011 og sinnti rannsóknarvinnunni undir handleiðslu vísindamanna sem höfðu hafði rannsókn á lífvirkni íslensks bóluþangs bæði fyrir matvæli og í snyrtivörur. Rannsóknir Matís sýndu fram á að bóluþangið innihéldi mikið magn fjölfenóla sem hafa mikla andoxunarvirgni.

„Íslenskt þang, ekki síst bóluþang, hefur lengi verið talið vannýtt auðlind. Andoxunarefni eru mikilvæg til viðhalds og verndar húðfruma. Fjölfenólin reynast hafa góða eiginleika til að bindast frjálsum hvarfeindum sem valda skemmdum á húðfrumum,” segir Ásta María og bætir við að komnar séu skýrar vísbendingar um jákvæða virkni fjölfenóla í bóluþanginu.

„Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að nýta megi íslenska þangið til framleiðslu á lífvirkum



efnum á hagkvæman hátt,” segir Ásta María enn fremur. „Því gæti skapast hér á landi nýr og sjálfbær iðnaður tengdur framleiðslu á lífvirkum fjölfenólum unnum úr íslensku bóluþangi, með mikilli verðmætasköpun, nýjum atvinnutækifærum og auknum möguleikum á sviði rannsókna og þekkingar, enda hefur verið mikil eftirspurn eftir húðvörum sem innihalda náttúruleg efni og sem styðjast við ítarlega vísindavinnu.“ Fyrirheit er því skýr um sjálfbærni og gjöfulan iðnað.

Leiðbeinendur: Hörður G. Kristinnsson, rannsóknastjóri Matís, og Rósa Jónsdóttir, fagstjóri hjá Matís.



Kristberg Kristbergsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Lífvirk efni flutt með örferjum

„Aukning á fæðutengdum sjúkdómum, eins og offitu og hjarta- og æðasjúkdómum, hefur valdið því að áhugi hefur aukist á að þróa matvæli sem innihalda lífvirk efni, t.d. ómega-3 fitusýrur í lýsi, lýkópen í tómtöum og ýmis andoxunarefni, sem geta gagnast við að halda þessum sjúkdómum í skefjum,” segir Kristberg Kristbergsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Hann segir rannsóknir hafa sýnt að draga megi verulega úr fæðutengdum sjúkdómum með því að gera ákveðin lífvirk efni hluta af daglegri fæðu. Til þess þarf að einangra þau úr sínu upphaflega umhverfi og bæta þeim í nýjar fæðutegundir. „Mörg lífvirk efni eru mjög óstöðug og þola illa venjulega vinnslu og geymslu. Auk þess geta þau valdið vondri lykt og bragði. Þessi vandamál gera það að verkum að mun minna er notað af efnunum en æskilegt væri í almenn matvæli,” bendir Kristberg á.

Hann hefur, í samstarfi við vísindamenn við erlenda háskóla, unnið að því að þróa aðferð til að verja lífvirku efnin og flytja þau á staði í líkamnum þar sem þau virka best. „Þetta er gert með því að þróa svokallaðar örferjur sem geta verið eins og litlir hnettir eða örkaftáttar sem umlykja lífvirku efnin, flytja og verja,” útskýrir Kristberg.

Örferjur með lífvirkum efnunum má, að sögn Kristbergs, nota í tilbúin matvæli og markfæði, þ.e. fæðutegundir sem veita almenna næringu ásamt því að geta veitt vörn gegn ákveðnum sjúkdómum eins og hjarta- og æðasjúkdómum og offitu. „Örferjurnar eru gerðar úr efnunum sem eru náttúruleg í fæðunni, til dæmis fitu. Örferjur með lífvirkum efnunum verða prófaðar í mismunandi matvælum en einnig verða áhrif mismunandi vinnslu á öragnir og lífvirk efni könnuð og geymsluþol matvæla metið. Að lokum verður lífvirkni efnanna metin hjá neytendum,” segir Kristberg um rannsóknirnar.

Morgane Priet-Mahéo, doktorsnemi við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Rannsakar straumfræði Lagarfljóts

Lagarfljót á Austurlandi hefur löngum verið hjúpað leyndardómsfullum blæ, ekki síst vegna sagna af kynjaskepnu sem á að synda þar um, Lagarfljótsorminum. Ólíklegt er þó að hann standi á bak við sérstaka strauma sem Morgane Priet-Mahéo rannsakar í doktorsnámi sínu.

Morgane bendir á að fylgst hafi verið með Lagarfljóti í um áratug, meðal annars með það fyrir augum að kanna áhrif framkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun á stöðuvatnið. Hún nýtur leiðsagnar Hrundar Ólafar Andradóttur, dósents við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, sem hefur rannsakað straumfræði Lagarfljóts allt frá árinu


2008 og komist að því að innri bylgjur ganga um stöðuvatnið á 3 til 6 daga fresti.

„Mælingar í Lagarfljóti hafa sýnt að innri hreyfilögmál stöðuvatnsins eru flókin. Í rannsókninni ætla ég að búa til príviddarstraumfræðillíkan af stöðuvatninu og kanna hvort það virkar vel gagnvart þessum hreyfilögmálum. Ef líkanið heppnast vel öðlumst við nýja sýn inn í þau ferli sem einkenna stöðuvötn rétt sunnan við norðurheimskautsbaug og það gerir okkur hugsanlega kleift að spá fyrir um hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á slík stöðuvötn,“ segir Morgane.

Morgane hefur þegar lagst í ýmiss konar rann-

sóknir á stöðuvatninu með sérstökum búnaði, þar á meðal hitastigi vatnsins, gruggdreifingu og straumhraða. „Það má reikna með því að hnattræn hlýnun hafi mikil áhrif á umhverfið rétt sunnan við norðurheimskautsbaug og þá sérstaklega stöðuvötn í því beltí, ekki síst af völdum hækkandi lofthita og bráðnunar jökla sem sjá stöðuvötnunum fyrir vatni. Það er mikilvægt að öðlast betri skilning á innri straumfræði stöðuvatnanna, sem ræður miklu um gæði vatnsins og vistkerfisins, til þess að ná betur utan um þau áhrif sem loftslagsbreytingar munu hafa í framtíðinni,“ segir Morgane.





Magnús Valgeir Gíslason og Sæmundur Elíasson,
MS-nemar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Auka verðmætasköpun í sjávarútvegi

Magnús Valgeir Gíslason og Sæmundur Elíasson, meistaranemar í vélaverkfræði, vinna að þróun sprautunála fyrir matvælaíðnaðinn í samvinnu við Matís ohf., sem er þekkingarfyrtæki í nýsköpun í matvælaíðnaði og líftækni.

Magnús Valgeir segir hugmyndina að rannsókninni hafa kviknað í heimsókn þeirra í fiskvinnslu HB-Granda á Akranesi. Þar skoðuðu þeir allt ferlið við fiskvinnsluna og komu auga á leið til að gera hana samfelldari með því að bæta sprautubúnað sem er notaður til að sprauta saltþækli í fiskhold. „Þegar við skoðuðum allt vinnsluferlið var þetta það fyrsta sem við sáum að mætti bæta til að nýta hráefnið betur,” segir Magnús Valgeir. Þeir báru hugmyndina undir Sigurjón Arason, dósent í Háskóla Íslands, sem er mikilsvirtur tengiliður

atvinnulífsins og vísindasamfélagsins, „og þar sem honum leist vel á hugmyndina hófumst við handa,” segir Sæmundur.

Rannsóknin snýst um að ákvarða mótstöðukraft fiskholds mismunandi fisktegunda gagnvart nálu. „Við erum komnir með niðurstöður úr skerkráfröfunum, hvert mótstöðuaflið er, og næsta skref er að fullhanna sprautunálarnar,” segir Sæmundur. Hann segir frumhönnun nálanna lofa góðu en að erfitt sé að áætla hvenær þeim takist að ljúka hönnuninni að fullu. „Ef vel gengur vonumst við til að nálarnar verði tilbúnar í janúar eða febrúar 2012 og þær koma þá væntanlega á markað næsta sumar en þetta veltur allt á styrkjum til rannsóknarinnar,” segir Magnús Valgeir. „Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti okkur styrk til að

mæla skerkráftinn og nú erum við að sækja um styrk til Tækniþróunarsjóðs til að geta lokið rannsókninni.”

Þeir eru ánægðir með rannsóknina. „Ávinningurinn af henni felst í betri nýtingu á afurðinni sem aftur eykur verðmætasköpun í sjávarútvegi. Í vísindasamfélaginu er rannsóknin okkar því mikilvægur liður í samfelldri þróun á tæknilausnum fyrir matvælaíðnað og stuðlar að öflugri þróunarstarfi á Íslandi,” segir Sæmundur. „Góður árangur af rannsókninni er öðrum háskólanemum hvatning til að stíga fram með eigin hugmyndir og framkvæma þær,” bætir Magnús Valgeir við að lokum.

Leiðbeinandi: Sigurjón Arason, dósent við Matvæla- og næringarfræðideild.

Áslog Geirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild

Setlög veita nákvæmar upplýsingar

„Rannsóknir okkar benda til þess að jöklar á Íslandi hafi að mestu horfið vegna hlýs loftslags fyrir 7 til 8 þúsund árum,” segir Áslog Geirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild, en hún hefur í hart nær áratug rannsakað setlög í botni Hvítárvatns.

Setlögin geyma bæði upplýsingar um loftslag á Íslandi og stærð jökuls á svæðinu þúsundir ára aftur í tímann. „Hvítárvatn myndaðist fyrir um 10.500 árum þegar ísaldarjökullinn hörfaði af hálandinu. Niðurstöður rannsókna okkar á Hvítárvatni benda til þess að það svæði hafi orðið jökullaust fyrir um 8.000 árum og Langjökull ekki byrjað að myndast fyrr en fyrir um 5.500 árum. Þetta þýðir að landið undir Langjökli var íslaust í um það bil 2.500 ár en eftir að jökullinn náði að

myndast gekk hann lengst fram í kringum 1840 til 1890 og náði þá langt út í Hvítárvatn,” segir Áslog. „Allt þetta sjáum við í lagbýnum eða árlögum í setlögum sem veita óhemju nákvæmar upplýsingar um sögu Langjökuls.”

Áslog segir niðurstöður rannsóknarinnar eiga við um önnur vötn á Íslandi sem hún og samstarfsmenn hennar hafa rannsakað og setlögin endurspeglir loftslagsbreytingar síðustu þúsundir ára á Norður-Atlantshafssvæðinu. „Með því að rannsaka nákvæmlega veðurvísa í setlögum stöðuvatna, sem gefa sams konar tímaupplausn og Hvítárvatn, er boðið upp á framlengingu gagna um náttúrulegt veðurfar sem er nauðsynlegt viðmið fyrir þá sem vinna að hermun á loftslagi framtíðar,” segir hún enn fremur.



Darri Eypórsson, BS frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og stjórnarformaður fyrirtækisins Úr sveitinni

BERJAST GEGN SÓUN Á ÍSLENSKUM MATVÆLAMARKAÐI

Rannsóknin snýst um að kanna hagkvæmni og fýsileika þess að nýta affalls-tómata úr íslenskri garðyrkju í fyrsta flokks unnin matvæli eins og tómatósú,“ segir Darri Eypórsson, sem lauk BS-námi í efnaverkfræði í haust. Hann hlaut í fyrri sumari styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess að vinna að verkefninu „Betri nýting á affallsafurðum í grænmetisrækt.“

Honum og Einari Margeiri Kristinssyni matreiðslumanni hefur orðið tíðrætt um sóun á matvælamarkaði en þar hafa þeir lengi starfað. Nú starfa þeir hjá eigin fyrirtæki, Úr sveitinni. „Við ákváðum að láta til skara skriða til þess að stemma stigu við sóun í matvælaframleiðslu,“ segir Darri en markmið verkefnisins var einnig að auka úrval af unnum matvælum úr íslensku hráefni.

„Niðurstöðurnar benda í stuttu máli til þess að það sé verulegur efnahagslegur grunnur fyrir innlenda matvælavinnslu sem nýtir uppskerustofna sem ellegar fara til spillis. Með þessum hætti má draga úr þeirri mengun sem verður til við förgun, minnka viðskiptahalla með framleiðslu og sölu á mætvælum sem eru í beinni samkeppni við innfluttar vörur og skapa störf á landsbyggðinni,“ segir Darri.

Þó að Darri segi lítið nýtt við það að búa til tómatósú úr tómtum hafi slíkt aldrei verið gert til endursölu á Íslandi. „Markaðsrannsóknir sýna að eftirspurn er að aukast eftir innlendum matvælum úr íslensku hráefni. Einnig er þjóðhagslega hagkvæmt og í raun nauðsyn að nýta til fulls alla þá uppskerustofna sem ræktaðir eru hér á landi,“ segir Darri að lokum en verkefnið var eitt þeirra sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár.

Leiðbeinandi: Guðjón Þorkelsson, dósent við Matvæla- og næringarfræðideild.



Sigurður Helgi Helgason, starfsmaður Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum

BÚMAÐUR Í BORGinni

Í nnan Háskóla Íslands og undirstofnana hans eru unnin einkar fjölbreytt störf. Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum starfa til að mynda tveir búmenn sem hafa meðal annars það hlutverk að gæta þeirra dýra sem notuð eru í rannsóknum við tilraunastöðina. Slíkri vinnu lýkur aldrei og því býr annar þeirra, Sigurður Helgi Helgason, að Keldum.

„Við erum hér með 30 hross, 30 til 50 kindur og ýmis smádyr, þ.e. naggrísi, kanínur, rottur, mýs og fleira. Þau höldum við í dýrahúsum,“ útskýrir Sigurður sem hefur unnið að Keldum í 12 ár. Búmennskan er honum í blóð borin. „Ég er

fæddur og uppalinn í sveit og lauk búfræðinámi frá Hvanneyri 1969. Svo starfaði ég sem sjálfstæður bóndi í 20 ár,“ segir hann.

Starfið er afar fjölbreytt að sögn Sigurðar. „Dagurinn byrjar á því að fóðra dýrin og hirða. Svo er vinnan mjög fjölbreytt yfir daginn, eins konar húsvarsla og landvarsla, létt viðhald og eftirlit með húsum og girðingum og umhirða lands. Mikill tími fer í aðstoð við tilraunir á dýrunum og undirbúningur fyrir það. Deginum lýkur svo á fóðrun, eftirliti og umhirðu dýranna,“ segir Sigurður sem er alltaf á bakvakt vegna þeirra.

Keldnalandið er stórt, um 40 hektarar, og þar á meðal eru tún sem Sigurður hefur heyjað og nýtt fyrir skepnurnar. „Við höfum reyndar keypt hey síðustu tvö ár vegna þess að það var hagstæðara. Sömuleiðis hefur hrossunum hér fjölgað undanfarið ár og við því þurft að nýta túnin til beitar,“ segir Sigurður sem vonast þó til að hægt verði að heyja næsta sumar.

Aðspurður hvað hann kunni best að meta við starfið stendur ekki á svari: „Það er fjölbreytnin í starfinu og útiveran ásamt félagsskap við menn og dýr.“

Brautryðjenda minnst á hátíðarsamkomu 17. júní

Háskólinn hóf starfsemina í Alþingishúsinu

Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu 17. júní í fyrra í tilefni þess að þá voru liðin hundrað ár frá stofnun Háskóla Íslands í þinghúsinu. Þar var þeirra sem ruddu braut háskólans minnst. „Við byggjum okkar starf í dag á þeim grunni sem þetta fólk hefur lagt. Starf þessa fólks vitnar um hugsjónir, stórhug og framkvæmdavilja. Við upphaf nýrrar aldar í starfi Háskóla Íslands skulum við láta þessar hugsjónir blása okkur nýjum anda í brjóst, við skulum læra af stórhug þessa fólks og ganga til framkvæmda af sömu einuð með það fyrir augum að láta Háskóla Íslands vaxa áfram með þjóðinni og fyrir þjóðina,“ sagði Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, meðal annars í ávarpi sínu af þessu tilefni.

Auk hennar fluttu þær Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, og Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, ávarp við athöfnina.

Í framhaldi af hátíðarsamkomunni var afhjúpaður minnisvarði um stofnun Háskóla Íslands og veru hans í tæpa þrjú áratugi í Alþingishúsinu en hönnuðir hans eru Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins.

Að lokinni athöfninni var opnuð sýning um þingstörf Jóns Sigurðssonar forseta og starfsemi háskólans í Alþingishúsinu og lögðu um þrjú þúsund manns leið sína á sýninguna þennan þjóðhátíðardag.





Pórhildur Ólafsdóttir, doktorsnemi við Hagfræðideild

SKAÐLEG ÁHRIF UPPSVEIFLU Á HEILSU

Markmiðið er að rannsaka með hvaða hætti efnahagssveiflur hafa áhrif á heilsu fólks. Erlendis hefur komið í ljós að líkamleg heilsa fólks batnar á margan hátt í efnahagslögðum. Hins vegar er óljóst hvort þessi áhrif eru tilkomin vegna breyttrar hegðunar fólks eða hvort um beina orsök af breyttum ytri aðstæðum er að ræða,” segir Pórhildur Ólafsdóttir, hagfræðinemi um doktorsrannsókn sína.

Rannsóknin er beint framhald af verkefni sem hún vann með leiðbeinanda sínum eftir meistaranám í heilsuhagfræði en við verkefnið naut Pórhildur styrks frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Doktorsrannsóknin er tvíþætt. „Annars vegar er

hún fólgin í að kanna hvort tímabundin aukning á vinnuframboði hefur áhrif á líkur á kransæðatilfellum. Í þeim tilgangi er nýtt sú náttúrulega „tilraun“ sem átti sér stað hérlendis árið 1987, en það ár þurfti fólk ekki að greiða tekjuskatt vegna breytinga á skattkerfi landsmanna. Hins vegar hyggst ég kanna hvort breytingar á tekjum og vinnustundum í kjölfar efnahagskreppunnar 2008 hefur haft áhrif á heilsuhegðun einstaklinga, þ.e. reykingar og áfengisneyslu,” segir Pórhildur.

Hún bendir á að meirihluti erlendra rannsókna á samlegðargögnum sýni að í efnahagsuppsveiflu aukist dánartíðni af völdum hjartasjúkdóma. „Niðurstöður rannsóknarinnar munu gefa vís-

bendingar um hvaða þættir liggja að baki því sambandi. Rannsóknin veitir m.a. möguleika á að greina milli þess hvort um aukna áhættuhegðun er að ræða í uppsveiflu eða hvort fólk fjárfesti síður í heilsu sinni þegar næga vinnu er að hafa,” segir Pórhildur enn fremur.

Niðurstöður rannsóknarinnar koma til með að auka þekkingu á rannsóknarsviðinu. „Þær verður hægt að hagnýta á vinnumarkaði og í heilbrigðisþjónustu, einkum ef þörf reynist á að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum af efnahagsuppsveiflum á heilsu,” bendir Pórhildur á.

Leiðbeinandi: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild.

Pórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild Að verðleggja loftið í bólunni

Í framhaldi af bankahruninu hefur verið gagnrýnt hvernig rekstraraðilar mátu óefnislegar eignir í ársreikningum sínum á þenslutímanum. Sumir hafa fullyrt að þar hafi fyrirtæki einfaldlega verið að setja verðmiða á loftið í bólunni. Til óefnislegra eigna teljast þættir á borð við viðskiptavild og eignfærðar veiðiheimildir.

Pórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, hefur sérhæft sig í hagfræði fiskveiðistjórnunar sem er án vafa einn umdeildasti málaflokkurinn á Íslandi í dag. Hann stýrir nú nýrri rannsókn sem snýst um að skoða þróun efnahags íslensku þjóðarinnar á árunum í kringum hrúnið. Í því sambandi þarf sérstaklega að huga að umfangi framtalinna óefnislegra eigna samkvæmt skattframtölum íslenskra fyrirtækja á árabílinu 2003 til 2009.

„Norræna skatttrannsóknaráðið ákvað árið 2009 að fjalla um skattalega meðhöndlun óefnislegra eigna á Norðurlöndum. Hugmyndin um að fjalla um þetta atriði kom frá tveimur af fulltrúum Íslands í skatttrannsóknaráðinu, m.a. með hliðsjón af þeim sviptingum sem höfðu orðið á hlutabréfmarkaði á Íslandi í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálakerfisins 2008,” segir Pórólfur.

Hann bendir á að hrun fjármálakerfisins á Íslandi sé eitt umfangsmesta fjármálahrún sem orðið hefur í veröldinni til þessa. „Það hefur vissulega mikla þýðingu að skilja gangvirki slíkra atburða. Það er sjálfsgagt veik von að hægt sé að koma í veg fyrir bólumyndun á fjármálamörkuðum í framtíðinni. Meiri og betri þekking og skilningur á þessu getur hjálpað stjórnámálönnum að sníða agnúa af reglum þannig að þær takmarki þann



skaða sem almenningur verður fyrir vegna uppblásins fjármálamarkaðar,” segir Pórólfur.

Hann bætir því við að rannsóknin sé í fullum gangi og því sé of fljótt að draga víðtækar ályktanir. „Þótt vissulega séu væntingar um að hægt verði að skilja betur en áður gangvirki hlutabréfabólu og þenslu.”



Guðrún Jónsdóttir, MA frá Félagsráðgjafardeild

Nauðsynlegt að rödd barnsins heyrast

„Niðurstöðurnar gefa til kynna að sjónarmið barna séu ekki sýnileg þrátt fyrir að oftast sé töluverð áhersla lögð á hagsmuni þeirra og réttindi,“ segir Guðrún Jónsdóttir sem útskrifaðist með MA-gráðu í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands haustið 2010. Í meistara verkefni sínu rannsakaði hún hvernig vísað er til hagsmuna og sjónarmiða barna í textum dómskjala. Tilvikin sem Guðrún kannaði voru kröfur barnaverndarnefndar um tímabundna vistun utan heimilis eða forsjárviptingu sem teknar voru fyrir í dómskerfinu á árunum 2002 til 2009.

„Samkvæmt barnaverndarlögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á að ræða við börn um málefni sem þau varðar og fá fram sjónarmið þeirra með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Þrátt fyrir þetta var einungis rætt við u.þ.b. helming barnanna og virtist sem stundum væri einungis rætt við þau til málamynda án þess að sjónarmið þeirra væru tekin til raunverulegrar umfjöllunar,“ segir Guðrún.

Guðrún starfar hjá Fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyja. Hún segir að þar og víðast hvar annars staðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga sé barnavernd fyrirferðarmikill hluti starfsins. Út frá því hafi áhugi hennar á að rannsaka málefni á sviði barnaverndar vaknað. Þó að einungis lítill hluti barnaverndarmála fari fyrir dómstóla eru þau mál um margt einkennandi fyrir barnaverndarstarf en þar eru á ferðinni mál sem hafa oft verið lengi í vinnslu hjá barnaverndaryfirvöldum. „Þegar um jafn íþyngjandi ákvörðun er að ræða og að fara fram á vistun barns án samþykkis foreldra eða barns reynir sérstaklega á það að gæta að sjónarmiðum og hagsmunum barnsins,“ segir Guðrún.

Hún segir rannsóknina sýna fram á nauðsyn þess að taka meira tillit til sjónarmiða barna í málefnum þeirra, s.s. í barnaverndarstarfi, og finna leiðir til að stuðla að valdeflingu þeirra.

Leiðbeinandi: Anni Haugen, lektor við Félagsráðgjafardeild.

VERTU MEÐ

Viltu syngja?

Við Háskóla Íslands eru tveir glæsilegir kórar, Háskólakórinn og Kvinnakór háskólans. Háskólakórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Kvinnakór háskólans vex ört og hefur frá upphafi vakið verðskuldaða athygli fyrir fagrar raddir og fágaðan flutning. Kórinn heldur m.a. jólatónleika og hádegistónleika í háskólanum.

Viltu leika?

Studentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina.

Viltu dansa?

Háskóladansinn nefnist dansfélag fyrir háskólana, fótrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

Viltu skemmta þér?

Fjöldmörg nemendafélög eru starfandi innan skólans. Nemendur standa fyrir árshátíðum, partíum, kvikmyndakvöldum, fyrirlesturum, upplestrarkvöldum og ljóðakvöldum, svo að fátt eitt sé nefnt. Nemendafélögin taka sérstaklega vel á móti nýnemum og halda mörg hver sérstök nýnemakvöld þar sem nýtt fólk er boðið velkomið í hópinn.

Viltu hreyfa þig?

Íþróttahús Háskóla Íslands er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi – svo sem þolfimi, jóga og herþjálfun og margt fleira – og síðan er hægt að slappa af í gufu eftir öll átökin. Að auki geta nemendur pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Þennan kost nýta sér margir til að spila fótbolta, blak, badminton eða annað.

Viltu lesa og skrifa?

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er opin miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru þeir hvattir til að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum.

Viltu koma?

Allt árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og viðburðir af margvíslegum toga við Háskóla Íslands sem eru opnir almenningi. Tugir þúsunda gesta sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur sérstaklega velkomnir. Allir viðburðir eru auglýstir á forsiðu hi.is og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem er í boði hverju sinni.



Sesselja Ómarsdóttir, dósent við Lyfjafraeðideild, og **Eydís Einarsdóttir**, doktorsnemi við Lyfjafraeðideild

Lyfja leitað á hafsbotni

Athygli hefur vakið í sumar og haust í hvert sinn sem tvær ungar konur hafa komið upp úr hafdjúpunum nærri Dalvík í Eyjafirði með ótrúlega litskrúðugar sjávarlífverur í farteskinu. Vegna jarðhita á sjávarbotni á svæðinu hafa myndast miklar hverastrýtur sem gera allt líf mun fjölskrúðugra á svæðinu en þekktist víðast hvar annars staðar við landið.

„Við erum að leita að lyfjavirkum efnasamböndum úr sjónum og einbeitem okkur að hryggleysingjum,“ segir Sesselja Ómarsdóttir, dósent í lyfjafraeði við Háskóla Íslands, sem kann bara vel við sig í blautbúningi innan um möttuldýr, svampa og mosadýr. „Þessi dýr þurfa að verja sig og vegna þess að ytri varnir þeirra eru litlar þá beita þær öðrum aðferðum, eins konar efnahernaði, og þessir eiginleikar lífveranna geta hugsanlega nýst í lyf ef tekst að finna og einangra efnið í lífverunni.“

Sesselja hefur numið köfun með fram starfi sínu sem vísindamaður og kennari við háskólann og það hefur Eydís Einarsdóttir doktorsnemi líka gert en hún vinnur að þessu verkefni með Sesselju. Þetta hafa þær báðar gert til að einfalda sér leitina að lyfjum á hafsbotni.

„Hafið þekur um 70% af flatarmáli jarðar og



einkennist af fjölbreyttu dýralífi. Sérstakt umhverfi í hafinu í kringum Ísland eykur líkurnar á því að hér sé að finna áhugaverð efnasambönd, auk þess sem rannsóknir á efnaauðlegð hafnsins hafa færst mikið í aukana síðastliðin 20 ár,“ segir Sesselja.

Hún segist hafa mikinn áhuga á náttúru-efnafræði og sjávarhryggleysingjar framleiði afar fjölbreytt lyfjavirk efnasambönd. Eydís Einarsdóttir tekur í svipaðan streng og segir að þær séu með margar áhugaverðar niðurstöður úr þessari rannsókn nú þegar: „Við höfum fundið lífverur sem framleiða efni sem hemja vöxt krabbameinsfruma í rækt og vonandi mun það leiða til þess að við



finnum ný efnasambönd sem geta e.t.v. orðið að áhugaverðum lyfjasprotum.“

Þær segja að stöðugar rannsóknir, uppgötvun og þróun nýrra lyfjavirkra efna séu mikilvægur þáttur í baráttu okkar við margvíslega sjúkdóma. „Nú þegar eru þrjú lyf á markaði sem eiga rætur sínar að rekja til sjávarhryggleysingja, tvö krabbameinslyf og eitt verkjastillandi lyf. Framtíðin verður síðan að leiða í ljós hvort nýir lyfjasprotar leynist í fjársjóðskistu okkar Íslendinga á hafsbotni,“ segir Sesselja.



Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild

MIKILVÆGT AÐ GREINA EINKENNI KRABBAMEINSÆXLA

– Hyggur á rannsóknasamstarf við Nóbelsverðlaunahafa

Briðsta- og blöðruhálskrabbamein eru algeng hér og alvarlegt heilbrigðisvandamál. Þrátt fyrir að árangur krabbameinsmeðferðar hafi batnað mjög á síðustu árum eru enn undirhópar sem hafa slæmar horfur, þar á meðal krabbamein tengd svokölluðum BRCA-genum. Því er aðkallandi að rannsaka þessi meinánar,” segir Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild.

Hún hefur í mörg ár sinnt rannsóknum á BRCA-genum, öðru nafni brjóstakrabbameinsgenum. Afurðir BRCA1- og BRCA2-gena gegna mikilvægu hlutverki við að viðhalda stöðugleika erfðafnisins og gera við skemmdir á erfðafni. Jórunn beinir nú sjónum sínum að arfgengum stökkbreytingum í þessum genum sem tengjast ættlægu brjóst-

krabbameini og einnig aukinni áhættu á fleiri krabbameinum, svo sem í eggjastokkum, blöðruhálskirtli og brisi. „Rannsóknin beinist að því að skilgreina krabbamein sem myndast í arfberum BRCA-stökkbreytinga, greina þá ferla sem hafa farið úrskaiðis og í framhaldi af því kanna mögulegt sértækt lyfjanæmi,” útskýrir Jórunn. Þannig megi hugsanlega velja lyf til krabbameinsmeðferðar sem hafi áhrif á æxlisfrumurnar en ekki, eða síður, eðlilegar líkamsfrumur.

Jórunn bendir á að örflögugreining á brjóstæxlissýnum hafi sýnt að flokka megi æxlin í undirflokka með tilliti til erfðamynstur. Ólík mynstur tengist mismunandi sjúkdómsframvindu. Rannsóknir Jórunnar og samstarfsmanna sýna m.a. að æxlismynstur sem svipar til BRCA-stökkbreytinga

greinast í mun stærri hópi sjúklinga en þeim sem erft hafa stökkbreytingar í BRCA1- og BRCA2-genum. „Þetta hefur mikla þýðingu vegna þess að nýlega hafa komið fram sértæk lyf sem beinast gegn göllum í BRCA-tengdum ferlum. Þessi nýju lyf gætu því einnig gagnast þessum hópi sjúklinga,” segir Jórunn.

Jórunn kynntist Elizabeth Blackburn, Nóbelsverðlaunahafa í læknisfræði, á ráðstefnu vorið 2010 og taldi hana á að heimsækja Háskóla Íslands á aldarafmælisári skólans og halda fyrirlestur um rannsóknir sínar. Rannsóknasvið Blackburn og Jórunnar skarast og því stefna þær á rannsóknasamstarf sem, að sögn Jórunnar, verður mjög spennandi.

Vilhjálmur Steingrímsson, nemi við Læknadeild

Hjartaáfall tafið um nokkur ár

„Með rannsókninni er lagður grunnur að líkani sem reiknar út hættu á kransæðasjúkdómi hjá fólki á aldrinum 65 til 85 ára út frá gefnum áhættuþáttum,” segir Vilhjálmur Steingrímsson, nemi í læknisfræði, um verkefni sem hann vann að í sumar fyrir tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Verkefnið var tilnefnt til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Í áhættureikni sem Vilhjálmur hefur hannað er notast við gögn úr öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Vilhjálmur bendir á að áhættureiknar fyrir fólk yngra en 65 ára hafi þegar verið notaðir. „Hins vegar hafa birst greinar um að niðurstöður þeirra hafi takmarkað spádómsgildi þegar þær eru færðar yfir á eldra þýði. Þó það sé flóknara að vinna áhættureikni fyrir eldri hóp býr Hjartavernd yfir göðum og nákvæmum gögnum sem hægt var að vinna úr,” segir hann.

Að mati Vilhjálms er viðfangsefnið krefjandi. „Mér fannst þörf á því að vinna einnig áhættumat fyrir þennan aldurshóp. Markviss áhættureiknir gæti gagnast við að grípa inn í þróun kransæðasjúkdóms með fyrirbyggjandi meðferðum,” bendir hann á.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar voru settar fram í haust. „Þar kemur í ljós að margir hefðbundnir áhættuþættir, eins og aldur, reykingar, blóðþrýstingur og sykursýki, eru mismarkætkir eftir aldri. Einnig voru óhefðbundnir áhættuþættir notaðir við gerð áhættureiknisins. Næsta skref er að vinna að birtingu í ritrýndu tímariti og jafnvel að gagnreyna spágetu reiknisins á erlendu þýði,” segir hann.

Spurður um þýðingu rannsóknarinnar fyrir vísindi og samfélagið segir Vilhjálmur að áhættureiknir fyrir þennan aldurshóp sé öflugt tól til að gera greiningu og meðferð á kransæðasjúkdómi markvissari en



áður. „Með því að tefja hjartaáfall um nokkur ár mætti auka lífsgæði aldraðra og létta byrði af heilbrigðiskerfinu. Kransæðasjúkdómur eru ein helsta orsök heilsubrestra hjá öldruðum og kostnaður við lyf og þjónustu sem þeim fylgja er mikill,” segir Vilhjálmur.

Leiðbeinendur: Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild og forstöðulæknir Hjartaverndar, og Thor Aspelund, dósent við Læknadeild.



Hrönn Egilsdóttir, doktorsnemi við Jarðvísindadeild

HLJÓÐLÁT ÓGN Í SÚRNUN SJÁVAR

Fyrr Ísland, sem byggir afkomu sína á sjávarfangi, gæti súrnun sjávar verið mun alvarlegra vandamál en hlýnun jarðar," segir Hrönn Egilsdóttir, doktorsnemi í sjávarlíffræði. Talað er um að sjór súrni þegar styrkur koldíoxíðs í honum eykst og sýrustig hans (pH-gildi) lækkar. „Fyrir 250 milljónum ára dóu 95% sjávarlífvera út, líklega í kjölfar þess að koldíoxíð jókst mjög í andrúmslofti og sjó, ekki ósvipað því sem nú á sér stað af manna völdum.

Hrönn segir óumdeilt að sjórin taki við um 30 prósentum af því koldíoxíði sem til fellur vegna bruna jarðefnaeldsneytis. „Jón Ólafsson, prófessor

í haffræði, og hans teymi hafa safnað gögnum í sjónum umhverfis Ísland frá 1984. Þetta eru einstök gögn vegna þess að fáir vísindamenn stunduðu mælingar á koldíoxíði í sjó á þessum tíma. Þau sýna svart á hvítu hversu hraðar breytingarnar hafa verið. Samanburður þessara gagna við gögn frá öðrum stöðum á jörðinni sýnir að sjórin norðan við Ísland súrnar talsvert hraðar en sunnar í heiminum," segir Hrönn.

„Því er spáð að skelfiski, t.d. samlokum eins og kræklingi, hörpuskel og ígulkerum, standi veruleg ógn af súrnun sjávar á næstu öldum," segir Hrönn. Þetta á líka við um rauðþörungum, snigla, lindýr

og kóralrifin sunnan við Ísland. „Kóralarnir eru í raunverulegri hættu vegna súrnunar sjávar. Þetta er auðvitað stórmál fyrir íslenskan efnahag vegna þess að kóralrifin eru talin vera uppeldisstöðvar fyrir fisk sem við treystum á til manneldis og útflutnings. Vegna þess að Ísland hefur mikilla hagsmuna að gæta eigum við að bregðast við strax og ganga á undan öðrum þjóðum með góðu fordæmi enda ættum við auðvelt með að verða umhverfisvænasta land í heimi," segir Hrönn enn fremur.

Leiðbeinandi: Jón Ólafsson, prófessor við Jarðvísindadeild.

Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild

Krossaspurningar á Netinu hjálpa í námi

„Verkefnið Vefstudd kennsla fjallar um aðferðir til að bæta kennslu með hjálp tóla sem eru gerð aðgengileg og öllum opin á vefnum," segir Gunnar Stefánsson, prófessor í tölfærði, um verkefni sem hann vinnur að um þessar mundir.

Úrræðið byrjaði hann að þróa vegna slæmra skila hjá nemendum í ýmsum námskeiðum háskólans. „Stærsti liður verkefnisins fjallar um gerð og úthlutun krossaspurninga á vef. Fyrstu niðurstöður mælinga eru þær að úthlutun slíkra krossaspurninga geti komið að einhverju leyti í stað heimaverkefna án þess að rýra gæði kennslunnar eða áhuga nemenda, en þeir vilja langflestir helst blöndu af vefefni og skiladæmum. Þar sem verkefnið er öllum opið geta nemendur úr öðrum landshlutum og jafnvel heimsálfum

nálgast efnið og notað t.d. krossaspurningar til að æfa sig. Verkefnið kemur ekki í stað fjarnáms og er einungis hugsað sem vefstutt nám," bendir Gunnar á.

Gunnar segir að efnið sé flokkað eftir fyrirlesturum og biðja megi ítrekað um krossaspurningar úr tilteknum fyrirlestri, til dæmis þar til ákveðinni einkunn er náð. „Úthlutun spurninganna fer eftir kunnáttu nemandans og því verður þetta einstaklingsmiðað nám," segir Gunnar.

Verkefnið er liður í stærra framhaldsverkefni en þar verður reynt að setja upp allt efni til BS-prófs í stærðfræði og meistaraþrófs í hagnýttri tölfærði á vefnum. Tilraunir verða gerðar á notkun kerfisins í þróunarlöndum, m.a. í Kenýa, að sögn Gunnars. Hann segir að nokkrar spurningar séu samdar úr



námsefninu á hverju ári og þannig bættist sífellt í spurningasafnið þegar fram líða stundir.



Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild

ÞORSKUR ER EKKI BARA ÞORSKUR

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram allt saltfiskur en ekki draumaríngl,“ segir Nóbelskáldið Halldór Laxness í skáldsögunni um Sölku Völku. Þorskurinn, flattur og verkaður í salti, verður að þeirri mikilvægu afurð sem einkennir lífið með því lagi sem Halldór Laxness lýsir. Þorskurinn er líka svo frægur að hafa komist í skjaldarmerki Íslendinga á kostnað annarra merkilegra lífvera; og enn nýtur hann hylli: „Af öllum okkar nytjategundum þá er þorskurinn verðmætastur. Því er ákaflega mikilvægt að þekkja og skilja allan hans fjölbreytileika og í raun

„ÞÓTT FLESTUM OKKAR FINNIST ÞORSKUR BARA VERA ÞORSKUR ÞÁ HAFNA RANNSÓKNIR UNDAFARINNA ÁRA GEFIÐ STERKAR VÍSBENDINGAR UM AÐ STOFNGERÐ ÞORSKS VIÐ ÍSLAND SÉ FLÓKIN“

er það forsenda fyrir sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar,“ segir Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiski- og fiskavistfræði. Hún hefur í áráðar unnið að rannsóknum á þessum mikilvæga bolfiski sem hefur í raun mótað sögu landsins um aldir.

Þótt flestum okkar finnist þorskur bara vera þorskur þá hafa rannsóknir undanfarinna ára gefið sterkar vísbendingar um að stofngerð þorsks við Ísland sé flókin. Þetta styðja niðurstöður úr

merkingaverkefnum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem Vilhjálmur Þorsteinson stýrði, og stóru Evrópuverkefni sem Guðrún stýrði fyrr á öldinni.

„Þorskur við Ísland er samsettur úr nokkrum undirstofnum sem hver um sig hefur ákveðið atferlis- og lífsmynstur,“ segir Guðrún, til að skýra þetta nánar. „Þannig eru mest áberandi svokallaðir djúp- og grunnfarsþorskar. Djúpfarsþorskarir halda sig á fæðuslóðum vestur og austur af landinu, yfirleitt í hitaskilum þar sem norðlægir og suðlægir straumar mætast. Atferli þeirra við leit að fæðu er mjög sérstakt en þeir stunda stöðugt

lóðrétt far frá yfirborði niður á mörg hundruð metra dýpi,“ segir Guðrún.

Hún segir að grunnfarsfiskarnir haldi sig hins vegar á grunnslóð allt árið um kring og sýni enga tilhneigingu

til lóðréttis fars. „Báðir þessir hópar koma inn til hrygningar á sömu hrygningarsvæðin allt í kringum landið. Þó er sá munur á að djúpfarsfiskarnir virðast staðsetja sig heldur dýpra í vatnssúlunni á meðan hrygning á sér stað.“

Guðrún segir að niðurstöður úr rannsóknum bendi til þess að djúpfarsfiskar einkennist af öðru vaxtarlagi, þ.e. lengri búk og lengra bili á milli ugga, en grunnfarsfiskarnir. „Þeir vaxa líka



almennt hægar og verða seinna kynþroska en hinir,“ segir hún.

Að sögn Guðrúnar benda genarannsóknir til þess að þorskum með arfgerðina sem algeng er á meðal djúpfarsfiskanna fækki jafnt og þétt af völdum veiða. Þetta sé talið tengjast stækkun landhelginnar sem og aukinni þróun veiðarfæra og sókn togara á dýpri mið.

„Næstu skref í þessum rannsóknum miða að því að þróa svokallaðan svipgerðarlykil til að greina á milli mismunandi undirstofna þorsks. Lykillinn byggist á útliti fiskanna, sem og lögum kvarnanna í þeim. Mikilvægt er að aðferðin við greininguna verði ódýr og helst þyrfti að vera hægt að greina fiskana úti á sjó svo unnt sé að flokka afla án þess að taka sýni til greiningar í landi.“

Þetta verkefni hófst síðastliðið haust en Háskóli Íslands vinnur að því í samstarfi við MARICE, Hafrannsóknastofnunina og Matís.



Íris Ellenberger, doktorsnemi við Sagnfræði- og heimspekideild

ENDURMAT Á ÍSLENSKRI SÖGU

Rannsóknin mín fjallar um Dani, fyrsta þjóðernisminnihlutahópinn á Íslandi og jafnframt þann langstærsta fram eftir 20. öld," segir Íris Ellenberger, doktorsnemi í sagnfræði. „Danir áttu mjög auðvelt með að taka fullan þátt í nærsamfélögum sínum á Íslandi vegna þess að þeir höfðu full borgaraleg réttindi og gátu talað sitt eigið tungumál án vandræða. Afraksturinn var sá að þeir urðu virkir á flestum sviðum, í atvinnulífi, menningarlífi, félagslífi og stjórnárum á fyrstu áratugum 20. aldar. Því var íslenskt bæjarsamfélag að mörgu leyti danskt-íslenskt og þannig fjölmenningslegra en á fyrstu áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld," segir Íris.

Ætlun Írisar er að greina félags- og efnahagslega stöðu danskra innflytjenda á Íslandi og meta hlut-

skipti og áhrif þeirra sem minnihlutahóps. Jafnframt hyggst Íris varpa ljósi á áhrif opinna landamæra og gagnkvæmra borgaralegra réttinda á stöðu hópsins og möguleika hans til að gera sig gildandi innan íslensks samfélags. Markmiðið er þannig að varpa ljósi á stöðu Dana, völd þeirra og áhrif á íslenskt samfélag.

Íris segir nokkuð áhugavert hversu Ísland var fjölmenningslegt við upphaf tuttugustu aldar, ekki síst í ljósi þess að í umræðu um innflytjendur í samtímanum sé því gjarnan haldið fram að Ísland hafi alltaf verið einsleitt land með fáa sem enga innflytjendur. „Auðvitað er talsverður munur á þeim sem fluttust til landsins við upphaf 20. aldar og þeim sem komu við lok hennar. Sú staðreynd að við upphaf síðustu aldar voru ákveðnir kimar íslensks samfélags jafnvel

opnari gagnvart útlendingum en þeir eru í dag hlýtur að hafa áhrif á forsendur umræðunnar.“

Íris segist alltaf hafa haft áhuga á sögu þjóðernisminnihlutahópa á Íslandi en hún á erlenda föður og var sjálf með erlenda ríkisborgararétt fram á unglingsár.

Íris segir að í rannsókninni sé lögð áhersla á að draga fram hið þverþjóðlega í sögu Íslands sem dragi í efa einsleitni þjóðarinnar. „Rannsóknin felur í sér vissu endurmat á íslenskrari sögu og sýnir hvernig samfélag og menning liggja í alþjóðlegri jarðvegi en almennt hefur verið viðurkennt," segir Íris Ellenberger.

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Hjalti Hugason, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Ríkið og þjóðkirkjan


Umræður um hvert samband ríkis og kirkju eigi að vera hafa stöðugt orðið fyrirferðarmeiri í samfélaginu síðustu misseri, ekki síst í tengslum við endurskoðun stjórnlagaráðs á stjórnarskrá Íslands. Þessar umræður urðu kveikjan að rannsókn Hjalta Hugasonar, prófessors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, á sambandi ríkis og kirkju á 20. öld.

Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá er hin evangelíska lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi en jafnframt ríkir trúfrelsi í landinu. „Í rannsókninni kannaði ég það hvernig trúfrelsi og þjóðkirkjuskipan komst á hér á landi í kjölfar þess að stjórnarskráin 1874 gekk í gildi. Fram að því hafði ríkisvaldið verið skilgreint sem evangelískt lúterskt og þess því krafist af þjóðinni að hún tilheyrði þeirri trú," bendir Hjalti á.

„Á 20. öld greindist þjóðkirkjan stöðugt meira frá ríkinu í stofnunarlegu tilliti og öðlaðist aukin sjálfstæði. Nú er hún skilgreind sem sjálfstætt trúfélag í stjórnarskrárbundnum tengslum við ríkisvaldið," bætir hann við.

Hjalti segir að niðurstöður rannsóknar hans sýni að ákvæði stjórnarskrárinnar byggist ekki á trúarpólitík heldur sé það yfirlýsing um að ríkisvaldið skuli styðja sérstaklega þá trúarhefð sem meirihluti þjóðarinnar tilheyrir. „Rannsóknin sýnir einnig að trúfrelsið hér á landi einkennist af víðtæku frelsi til að iðka og tjá trú. Þetta helst í hendur við almenna þróun lýðræðis og mannréttinda," segir Hjalti enn fremur.

Hann segir rannsóknina varpa ljósi á það hvernig íslenskt samfélag steig inn í nútímann í trúarsögulegum efnunum. „Rannsóknin hefur því



gildi fyrir rannsóknir á nútímavæðingu. Þá nýstast niðurstöðurnar einnig við þá endurskoðun á stjórnarskránni sem nú stendur yfir ef vilji er til þess að nýta þær," segir Hjalti að lokum.



Bryndís Hrafnkelsdóttir,
forstjóri Happprættis Háskóla Íslands

Stolt af því að vinna fyrir háskólann

„Það hefur komið mörgum á óvart að 25 manns starfa hjá Happprætti Háskóla Íslands. Líklegasta skýringin er sú að margir hugsa aðeins um miða-happprættið, sem er elsta „varan“ okkar, en það er orðið 77 ára. Það er þó aldeilis ekki það eina sem er í boði,“ segir Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happprættis Háskóla Íslands.

Happprættið starfrækir einnig skafmiða-happprætti undir merkjum Happaþrennunnar og skjávélar sem reknar eru undir nafninu Gullnámán. „Nýjasta afurðin okkar fór í loftið í

Íslands. Síðan Happprætti háskólans var stofnað hafa yfir 20 nauðsynlegar háskólabyggingar verið reistar fyrir happprættisfé. Það hefur verið mikil lyftistöng fyrir háskólann og æðri menntun í landinu. Við erum stolt af því að vinna fyrir háskólann og leggjum okkur fram við að reka happprættið með ábyrgum og arðsömum hætti til að geta stuðlað að því að vegur skólans verði sem mestur,“ segir Bryndís.

Landslagið á happprættismarkaði hefur breyst mikið hér heima og erlendis og samkeppnin

„SÍÐAN HAPPPRÆTTI HÁSKÓLANS VAR STOFNAÐ HAFU YFIR 20 NAUÐSYNLEGAR HÁSKÓLABYGGINGAR VERIÐ REISTAR FYRIR HAPPPRÆTTISFÉ“

harðnað. Í dag hafa Íslendingar óhindraðan aðgang að erlendum netspilum en íslensk fyrirtæki, eins og Happprætti Háskóla Íslands, hafa ekki leyfi til þess að þróa happprættisafurðir á netsíðum. „Það finnst mér óheppilegt. Vonandi sjá stjórnvöld að það er allra hagur að breyta því. Það þarf að beina þeim fjármunum sem Íslendingar eyða í netspilun inn í íslenskt samfélag til áframhaldandi stuðnings við mikilvæg verkefni. Því er rökrétt að þeir sem hafa leyfi fyrir skjávélum á íslenskum markaði fái tilskilin leyfi til að bjóða einnig þessa þjónustu sína með ábyrgum hætti á Netinu. Í því samhengi má benda á að það er hægara um vik að stuðla að ábyrgri spilun á Netinu en í skjávélunum, t.d. með því að bjóða þátttakendum að setja sín eigin mörk um hvað þeir vilja eyða miklum tíma og fjárhæðum í spilun,“ segir Bryndís enn fremur.

nóvember en það er afþreyingar- og fjölspilunarvefurinn Spilaeyjan.is sem er án fjárhagslegs ávinnings. Það sem gerir Spilaeyjuna frábrugðna öðrum spilavefjum er að þar er opið samfélag spillara þar sem hægt er að spila við aðra, heima og erlendis.“ Þegar Happprætti Háskóla Íslands var stofnað árið 1933 í þeim tilgangi að fjármagna Aðalbyggingu háskólans var það eina happprættið í landinu. Þó var það ekki að öllu leyti nýjung í samfélaginu því að Íslendingar spiluðu á þeim tíma mikið í danska happprættinu. „Menn sáu sér leik á borði að starfrækja íslenskt happprætti og beina fjármunum inn í íslenskt samfélag og styðja hið mikilvæga starf sem unnið er í Háskóla



Fjölmargir kynntu sér skiptinám

Mikill áhugi virðist meðal nemenda við Háskóla Íslands á skiptinámi og öðru námi í erlendum háskólum ef marka má þátttöku á alþjóðadegi Háskóla Íslands á Háskólatorgi í október.

Alþjóðadagurinn er árlegur viðburður þar sem kynntir eru fjölbreyttir möguleikar á skiptinámi og öðru námi erlendis sem stendur nemendum Háskóla Íslands til boða. Meðal þeirra sem kynntu nám í útlöndum voru fulltrúar erlendra sendiráða á Íslandi ásamt fulltrúum Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, LÍN, SÍNE og Fulbright-stofnunarinnar.

Nokkur hundruð manns lögðu leið sína á Háskólatorg á alþjóðadeginum og forvitnuðust um skiptinámi og annað nám í erlendum háskólum en þess má geta að á síðasta skólaári lögðu 260 nemendur við Háskóla Íslands land undir fót og tóku hluta af námi sínu við erlendan háskóla.

Á kynningunni tóku um 200 manns þátt í happprætti þar sem tveir heppnir gestir unnu ferð til Evrópu með Icelandair. Hver veit nema þeir nýti miðana á leið sinni í og úr skiptinámi?



Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari og MS í lyfjafræði

AFREKSKONA Á MÖRGUM SVIÐUM

Fékk 10 fyrir lokaverkefni í lyfjafræði

Árið 2011 var viðburðaríkt hjá Ásdísi Hjálmsdóttur, afrekskonu í spjótkastrí. Hún var ekki aðeins fyrst íslenskra íþróttamanna til þess að tryggja sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar og önnur í kjöri um íþróttamann ársins heldur lauk hún einnig meistaraþrófi í lyfjafræði frá Háskóla Íslands. Ásdís hlaut 10 fyrir lokaverkefni sitt en slíkt er afar sjaldgæft.

Ásdís lauk meistaraþrófi í lyfjafræði á tveimur og hálfu ári samhliða stífum æfingum og keppni í spjótkastrí og segir aðspurð að furðuvel hafi gengið að samræma nám og íþróttaiðkunina. Hún eigi reyndar eftir að ljúka vinnuskyldu í náminu til þess að fá réttindi sem lyfjafræðingur „en ég ætla að reyna að fá einhverja smávegis vinnu í apóteki

samhliða æfingum fyrir Ólympíuleikana til þess að safna upp í þá tíma sem upp á vantar.“

Í meistaraþrófinni sínu rannsakaði Ásdís áhrif lyfsins mísóprostóls. „Lyfið er notað til að stöðva blæðingar úr legi kvenna eftir fæðingu en slíkar blæðingar eru algengasta dánarorsök kvenna í kjölfar fæðinga. Gallinn er sá að lyfið var ekki þróað og framleitt við þessu og ekki er búið að rannsaka áhrif þess á legið nægilega vel. Það var í raun það sem ég var að gera. Ég komst að því að mísóprostól hefur ekki einungis örvandi áhrif á samdrætti í legi heldur hefur það fyrst slakandi áhrif í minni skömmtum og svo örvandi í stærri skömmtum. Einnig hefur lyfið áhrif á blóðþrýsting,“ útskýrir Ásdís sem prófaði lyfið á þunguðum og óþunguðum rottum í rannsókninni.

Ásdís hefur ekki sagt skilið við lyfjarannsóknir því að hún stefnir á doktorsnám. „Það er þó ekki fyrr en næsta haust í fyrsta lagi og ég mun þá halda áfram með verkefnið mitt. Næsta skref væri að reyna að þróa bráðalyfjaform með mísóprostóli sem hægt er að nota í meðferð við blæðingar eftir fæðingu í vanþróuðum löndum. Ég og leiðbeinandinn minn erum þegar byrjuð að sækja um styrki vegna þess,“ segir Ásdís sem hefur augljóslega skýr markmið til framtíðar.

Leiðbeinendur: Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild, Jón Ólafur Skarphéðinsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Sighvatur S. Árnason, dósent við Læknadeild, og Þór Eysteins-son, prófessor við Læknadeild.

Þórarinn Guðjónsson og Magnús Karl Magnússon, Lífvísindasetri Háskóla Íslands

Samspil æða og brjóstakrabbameins

Vísindamenn á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum við Lífvísindasetur Háskóla Íslands og Landspítalann, undir forystu Magnúsar Karls Magnússonar prófessors og Þórarins Guðjónssonar dósents, birtu á síðasta ári grein í lífvísindaritinu PLoS ONE þar sem þeir sýna fram á hvernig svokallaðar æðabælsfrumur (æðabæll er innsta lagið í vegg æða) geta umbreytt stofnfrumum í brjóstakirtli í svokallaðar bandvefslíkar frumur. Slíkar bandvefslíkar frumur hafa þann eiginleika að skríða þaðan sem þær voru í upphafi yfir í nærliggjandi vefi og eru taldar gegna hlutverki í meinvörpum brjóstakrabbameina.

Rannsóknin snerist um að þróa þrívítt

frumuræktunarlíkan þar sem æðabælsfrumur voru ræktaðar með stofnfrumum úr brjóstakirtli. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að æðabælsfrumurnar stuðluðu að frumufjölgun og sérhæfingu stofnfrumnanna auk þess sem þær ýttu undir bandvefsumbreytingar þeirra. Bandvefsumbreyting æxlisfrumna er algeng í undirflokki brjóstakrabbameina (í svokölluðum basallíkum æxlum) þar sem batahorfur eru verri en í öðrum tegundum brjóstakrabbameina.

Rannsóknin varpar ljósi á samspil æða og brjóstakrabbameinsfrumna og eykur þannig líkur á að hægt verði að þróa ný meðferðarúrræði sem beinast að þessu samspili. Mikill áhugi er á



því að þróa krabbameinsmeðferðir sem hindra meinvarpamyndun enda eru meinvörp helsta dánarorsök krabbameinssjúklinga.



Ólöf Guðný Geirsdóttir, doktor frá Matvæla- og næringarfræðideild

Styrktaræfingar vinna gegn vöðvarýrnun aldraðra

„Markmið rannsóknarinnar var að auka þekkingu á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn vöðvarýrnun aldraðra. Ég vildi komast að því hvort styrktaræfingar ásamt viðbót af hágæðaprótínum gætu aukið vöðvastyrk og hreyfigetu,“ segir Ólöf Guðný Geirsdóttir, doktor í næringarfræði, sem rannsakað hefur áhrif nýrra næringardrykkja á næringarástand aldraðra.

Vöðvarýrnun er algeng meðal aldraðra. Hún getur dregið úr styrk og hreyfifærni og dregur verulega úr lífsgæðum þeirra. Hægt er að vinna gegn henni með næringarríku fæði og hreyfingu. Þar að auki hefur verið sýnt fram á að mysuprótín innihalda allar þær lífsnauðsynlegu aminosýrur, en það eru byggingareiningar próteina, sem líkaminn þarf til vöðvauppbyggingar og viðhalds vefja líkamans. Mysuprótín eru sérstaklega auðmeltanleg og það gerir þau að vænlegum kosti til að bæta næringarástand hjá öldruðum. „Því var ákveðið að fara út í vöðvauppbyggingu og viðhalds vefja líkamans. Mysuprótín eru sérstaklega auðmeltanleg og það gerir þau að vænlegum kosti til að bæta næringarástand hjá öldruðum. „Því var ákveðið að fara út í vöðvauppbyggingu og viðhalds vefja líkamans. Mysuprótín eru sérstaklega auðmeltanleg og það gerir þau að vænlegum kosti til að bæta næringarástand hjá öldruðum.“ segir Ólöf.

Fyrstu niðurstöður rannsóknanna sýna að styrktaræfingar ásamt næringarviðbót auka vöðvamassa og vöðvastyrk og það eykur hreyfifærni þátttakenda. „Því má draga þá ályktun að styrktaræfingar, ásamt næringarviðbót, hafi áhrif gegn vöðvarýrnun og auki hreyfifærni hjá eldra fólki,“ segir Ólöf.

Hún bendir á að hærrí lífaldur og betri heilbrigðisþjónusta hafi gert það að verkum að fólki eldra en 65 ára hafi fjölgað. Mikilvægt sé að auka lífsgæði aldraðra samhliða hærrí lífaldri.

Ólöf segir að niðurstöður rannsóknarinnar verði notaðar til að móta ráðleggingar til forvarna gegn tiltölulega algengu heilbrigðisvandamáli aldraðra. Þær ráðleggingar muni varða fæðu og hreyfingu aldraðra til að auka heilbrigði og lífsgæði þeirra.

Leiðbeinendur: Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forstöðumaður Næringarstofu og Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands, og Alfons Ramel, fræðimaður við Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands.



Hrönn Smáradóttir, doktorsnemi við Sálfræðideild

Hópmeðferð fyrir bráðlynd börn

„Ég mun prófa árangur af sex vikna hópmeðferð fyrir bráðlynd börn á aldrinum 7 til 11 ára með margvísleg undirliggjandi vandamál. Meðferðin byggist á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er kennd innan veggja skólans,“ segir Hrönn Smáradóttir um doktorsverkefni sitt í sálfræði.

Hugmyndin að rannsókninni kviknaði strax í BS-námi Hrannar undir leiðsögn Urðar Njarðvík, lektors við Sálfræðideild. „Urður bauð mér að ljúka meistara verkefni hjá sér og skoða árangur námskeiðsins „Að stilla skapið sitt,“ sem hún hefur þróað síðastliðin tólf ár. Ég hef alltaf haft áhuga á börnum með ólík vandamál og því vakti þetta strax áhuga minn,“ rifjar Hrönn upp.

Hrönn og Urður hafa í vetur þróað meðferðina betur fyrir eldri börnin og á næsta ári fer hópmeðferð fram. „Fleiri þættir verða skoðaðir, eins og hvort betri árangur fæst með lengri útgáfu meðferðarinnar, átta vikna meðferð í stað sex vikna,“ segir Hrönn. Þá verður kannað hvort meiri árangur næst ef foreldrar sækja fræðslunámskeið samhliða meðferð barnanna.

Að mati Hrannar er einn stærsti kostur meðferðarúrræðisins sá að tekið er snemma á vandamálum tengdum skapi barna. „Einnig er þetta tilvalið úrræði fyrir börn sem eru að biða eftir greiningu en biðin eftir henni getur oft verið löng,“ segir Hrönn.

Niðurstöður liggja ekki fyrir, að sögn Hrannar, „en niðurstöður úr MS-náminu, þegar námskeiðið var haldið þá, komu vel út. Þær sýndu að þetta stutta inngrip getur verið árangursrík leið til að bæta hegðun barna sem eiga erfitt með að stjórna skapi sínu. Að mati kennara minnkaði hegðunarvandi þeirra, mótþrói og skapofsi umtalsvert í skólanum eftir meðferðina.“ Áhrifin hafi komið skýrar fram í skólanum en inni á heimilum þar sem meðferðin beinist fyrst og fremst að samskiptum við jafnaldra og viðbrögðum við stríðni og mótlæti í skólanum.

Leiðbeinandi: Urður Njarðvík, lektor við Sálfræðideild.



Sigrún Dögg Eddudóttir, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild

Skoðar gróðurfarspróun á Norðurlandi

„Rannsóknin snýst um að tímasetja upphaf gróðurmyndunar og þróun gróðurs á fyrstu stigum gróðurframvindu eftir að jöklar ísaldar hörfuðu. Ég hyggst reyna að meta áhrif loftslags og eldvirkni á gróðurfarspróun á nútíma, sem er tímabilið frá lokum síðasta jökulskeiðs, fyrir um það bil 11.000 árum, til okkar daga. Þá ætla ég að kanna hvort hægt sé að greina á milli umhverfisþátta og áhrifa mannvistar eftir landnám á gróðurfarspróun,“ segir Sigrún Dögg Eddudóttir, doktorsnemi í landfræði. Sigrún Dögg fékk í haust styrk úr Háskóla-sjóði Eimskipafélags Íslands til þess að vinna að doktorsverkefni sínu þar sem hún rannsakar þróun

jarðvegs og gróðurs í Húnavatnssýslum, frá Skaga í norðri til Blöndulóns í suðri.

Tildrög þess að Sigrún Dögg ákvað að velja þetta verkefni eru áhugaverð. „Ég var í meistaranámi í Svíþjóð og verkefnið mitt þar fjallaði um gróðurfarspróun í Norður-Tansaníu. Mér fannst það mjög spennandi viðfangsefni en langaði einnig að gera rannsóknir á Íslandi. Frjógreining, það er greining á frjókornum mismunandi plantna, er einstakt tæki til þess að skoða gróðurfarr fyr á tímum. Út frá niðurstöðum um gróðurfarr og gróðurfarsbreytingar er síðan hægt að lesa mikilvægar upplýsingar um umhverfi og umhverfisbreyt-

ingar,“ segir hún enn fremur.

Sigrún Dögg bendir á að fáar rannsóknir hafi verið gerðar á gróðurfarsbreytingum á Íslandi sem ná yfir allt tímabilið frá lokum síðasta jökulskeiðs til okkar daga. „Verkefnið mun þannig stuðla að betri þekkingu á því hvernig vistkerfi á landi bregðast við loftslagsbreytingum, gjóskufalli frá eldfjöllum og landnotkun. Þessir drifkraftar eru enn í fullum gangi og verða að líkindum virkir áfram og verkefnið hefur því einnig beina skírskotun til nútíðar og framtíðar,“ segir Sigrún Dögg.

Leiðbeinandi: Guðrún Gísladóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Sigrún Hreinsdóttir, dósent við Jarðvísindadeild

GPS-mælingar og yfirvofandi eldgos

„Ný mælitækni gefur betri vísbendingar en áður um hvort eldgos er í aðsigi og hversu stórt það verður,“ segir Sigrún Hreinsdóttir, dósent í jarðeðlisfræði. „Síðustu tíu ár hafa vísindamönnum borist mælingar frá mörgum samfelldum stöðvum nánast á rauntíma. Það þýðir að mælingarnar berast næstum um leið og jarðskorpan hreyfist. Þetta gerir okkur kleift að uppgötva hluti sem við gátum ekki séð með gömlu netmælingunum.“

„Í gosinu í Grímsvötnum 2011 færðist GPS-mælistöð á Grímsfjalli um 57 sentimetra á innan við þremur dögum þegar kvikuhólfíð fyrir neðan tæmdist. Færslurnar hófust klukkustund áður en gosið hófst. Mælingarnar við Grímsvötn 2011 gáfu

því upplýsingar um stærð gossins áður en það hófst,“ segir Sigrún.

Að sögn Sigrúnar veita mælingar frá samfelldum stöðvum ómetanlegar upplýsingar um flekahreyfingar, eðli eldfjalla og hvernig kvika safnast fyrir. „Yfirborðsmælingar benda til þess að kvikuhólfíð í Grímsvötnum sé á tveggja kílómetra dýpi. Kvikuhólfíð þenst út eins og blaðra þegar kvika safnast upp. GPS-mælistöðin á Grímsfjalli hækkar því smám saman vegna kvikusöfnunar eða þar til þrýstingurinn hefur náð ákveðnu marki og eldgos brýst út. Við eldgos dregst blaðran aftur saman og við það sígur GPS-mælistöðin. Með því að fylgjast með risi og sigi GPS-stöðva getum við



farið að segja til um ástand eldstöðvarinnar og hversu líklegt sé að hún gjósi á næstunni,“ útskýrir Sigrún.



Hafsteinn Einarsson, BS-nemi við Raunvísindadeild

HAMINGJA OG HAGKVÆMNI Í HLEÐSLU RAFBÍLA

Pað er mjög gefandi að hrinda eigin hugmynd í framkvæmd," segir Hafsteinn Einarsson sem stundaði nám í stærðfræði við Háskóla Íslands með áherslu á tölvunarfræði þegar hann réðst í rannsóknarverkefni sitt, „Bestun á staðsetningu hleðslustaura.“ Hugmyndin kviknaði með þátttöku í Gullegginu, frumkvöðlakeppni íslenskra háskólanema, árið 2011. Í framhaldinu fékk hann styrk hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að halda áfram með verkefnið og var það m.a. tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár.

„RANNSÓKNIN HEFUR SAMFÉLAGSLEGT GILDI SEM EYKUR HAMINGJU ÞEIRRA SEM NOTAST VIÐ RAFBÍLA“

Rannsóknin gengur út á bestun og snýst um að finna bestu lausn á tilteknu verkefni. Hafsteinn vann að því að finna út hvar best væri að staðsetja hleðslustaura fyrir rafbíla á höfuðborgarsvæðinu svo að staurarnir yrðu sem næst rafbílantöndum. „Það reyndist erfitt að finna bestu lausn á verkefninu svo að ég notaðist við nálgunaraðferð. Besta lausn krefst oft gifurlegra útreikninga og eru nálgunaraðferðir flokkur aðferða sem gefa lausn sem er nálæg þeirri bestu. Verða útreikningar mun ódýrari fyrir vikið," segir Hafsteinn.

Rannsóknin var gerð með því að mæla eftirspurn, forrita, greina gögn og setja upp líkan svo að eitt-hvað sé nefnt. Þátttakendur staðsettu pinna á korti sem sýndu heimili þeirra, vinnustað og vettvang tómsunda. „Þá notaðist ég við klasagreiningaraðferðir en klasar eru þeir punktar þátttakenda sem liggja þétt saman og sýna eftirspurnina eftir hleðslustaurunum," segir Hafsteinn.

Niðurstöður sýna helstu álagspunkta, þ.e. þá staði þar sem mesta eftirspurnin er eftir rafhleðslustaurum í Reykjavík en alls hafa 975 manns tekið þátt í könnuninni hingað til. Könnunin er enn opin á vefsíðunni hledslustaurar.org/ og uppfærast niðurstöður í hvert sinn sem einhver tekur þátt í henni.

„Rannsóknin hefur samfélagslegt gildi sem eykur hamingju þeirra sem notast við rafbíla," segir Hafsteinn en rannsóknin eykur auðvitað einnig hagkvæmni við rekstur rafbíla. „Nokkur verkfræðifyrirtæki hafa sýnt gögnunum áhuga og skoða í kjölfarið svipuð verkefni." Hann bendir á að verkefnið sé ekki einskorðað við hleðslustaura, „það mætti t.d. gera svipaða greiningu fyrir strætisvagnaferðir í Reykjavík," segir Hafsteinn að lokum.

Leiðbeinandi: Steinn Guðmundsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.



Prashanth Marpu, nýdكتور við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Kortleggur útbreiðslu lúpínu

„Við höfum þróað nýjar aðferðir til úrvinnslu stafrænna fjarkönnunarmynda sem við beitum við raunveruleg verkefni á Íslandi, eins og til dæmis til að kortleggja útbreiðslu lúpínu," segir Prashanth Marpu, nýdكتور við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Hann hefur unnið með Jóni Atla Benediktssyni, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði og aðstoðarrekktor vísinda og kennslu, að því að fylgjast með breytingum á yfirborði lands með fjarkönnun, þ.e. samanburði á gervitunglamyndum sem teknar eru á mismunandi tímum. Prashanth vinnur að þróun aðferða til að fylgjast með breytingum á íslensku landslagi sem eru bæði náttúrulegar og af mannanna völdum.

Prashanth segir draum sinn hafa orðið að veruleika þegar hann fékk að vinna með Jóni Atla við Háskóla Íslands. Hann segir Jón Atla vera fremstan meðal jafningja á sviði úrvinnslu gagna sem aflað er með fjarkönnunarbúnaði. „Eftir að ég kom til Íslands varð mér ljóst að hér á landi getur fjarkönnun nýst mjög vel, til dæmis við að kortleggja landfræðilega dreifingu lúpínu en kortlagningin er unnin í samvinnu við Landmælingar Íslands."

„Lúpínuverkefnið kemur til vegna ákvörðunar umhverfisráðuneytisins um að hefta útbreiðslu plöntunnar og fjarlægja hana af svæðum þar sem hún er ágeng og getur hugsanlega haft skaðleg áhrif á náttúrulegan gróður. Fyrsta skrefið í þessari vegferð er að kortleggja dreifingu lúpíunnar með fjarkönnun sem er eins og sniðin fyrir þetta verkefni. Á grundvelli upplýsinga úr fjarkönnuninni geta opinberir aðilar lagt til atlögu við lúpínuna á sem áhrifaríkastan hátt," segir Prashanth.



GRUNNNÁM OG FRAMHALDSNÁM 2012–2013

Helstu námsleiðir:

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Grunnnám

Atvinnulífsfræði
Bókasafns- og upplýsingafræði
Félagsfræði
Félagsráðgjöf
Fjármál
Fjölmíðlafræði
Hagfræði
Kynjafræði
Líffræðileg mannfræði
Lögfræði
Mannfræði
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
Reikningshald
Safnafræði
Stjórn málafræði
Stjórnun og forysta
Viðskiptafræði
Þjóðfræði

Framhaldsnám

Alþjóðasamskipti
Blaða- og fréttamennska
Bókasafns- og upplýsingafræði MLIS
Bókasafns- og upplýsingafræði
Evrópufræði
Félagsfræði
Félagsráðgjöf
Fjármál fyrirtækja
Fjármálhagfræði
Fötlunarfræði
Hagfræði
Hagnýt jafnréttisfræði
Hagnýt þjóðfræði
Heilsuhagfræði
Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningsfræði
Kynjafræði
LL.M. Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur
Lögfræði
Mannauðsstjórnun
Mannfræði
Margbreytileiki

Framhaldsnám (frh.)

Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
MBA í viðskiptafræði
Náms- og starfsráðgjöf
Norræn trú
Opinber stjórnsýsla MPA
Reikningskil og endurskoðun
Safnafræði
Skattaréttur og reikningskil
Skipulag þekkingar
Smárikjafræði
Stjórn málafræði
Stjórnun og stefnumótun
Viðskiptafræði
Öldrunarfræði
Öldrunarfræði NordMaG, samnorrænt meistaranám
Öldrunarþjónusta
Þjóðfræði
Þróunarfræði

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Grunnnám

Geislafræði
Hjúkrunarfræði
Lyfjafræði
Lífeindafræði
Læknisfræði
Matvælafræði
Næringarfræði
Sálfræði
Sjúkraþjálfun
Tannlæknisfræði
Tannsmíði

Framhaldsnám

Geislafræði
Heilbrigðisvísindi
Hjúkrunarfræði
Líf- og læknisvísindi
Lífeindafræði
Ljósmeðurfræði
Lyfjafræði
Lyfjavísindi
Lýðheilsuvísindi
Læknisvísindi
Matvælafræði
Næringarfræði
Sálfræði
Sálfræði, Cand. psych.
Sérsvið hjúkrunar
Talmeinafræði
Tannlæknisfræði

HUGVÍSINDASVIÐ

Grunnnám

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Austur-Asíufræði
Danska
Enska
Fornleifafræði
Frönsk fræði
Gríska
Guðfræði
Guðfræði – Djáknánám
Heimspeki
Íslenska
Íslenska sem annað mál
Ítalska
Japanskt mál og menning
Kínversk fræði
Klassísk fræði
Kvikmyndafræði
Latína
Listfræði
Norska
Rússneska
Sagnfræði

Grunnnám (frh.)

Skjalfræði
Spænska
Sænska
Táknmálsfræði
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun
Þýðingafraði
Þýska

Framhaldsnám

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Danska / Dönskukennsla
Bókmenntir, menning og miðlun
Djáknanám
Enska / Enskukennsla
Evrópsk tungumál, saga og menning
Fornleifafræði
Frönsk fræði / Frönskukennsla
Guðfræði
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Hagnýt siðfræði
Hagnýtt nám í þýðingum
Heimspæki
Íslensk fræði
Íslensk málfræði
Íslenska / Íslenskukennsla
Íslenskar bókmenntir
Listfræði
Máltækni
Menningarfræði
Miðaldafræði
Norðurlandafræði
Nytjapýðingar
Ráðstefnutúlkun
Ritlist
Sagnfræði
Spænska / Spænskukennsla
Trúarbragðafræði
Þýðingafraði
Þýska / Þýskukennsla
Þýska í ferðaþjónustu og miðlun

MENNTASVÍSINDASVIÐ

Grunnnám

Faggreinakennsla í grunnskóla
Grunnskólakennsla
Íþrótt- og heilsufræði
Kennsla ungra barna í grunnskóla
Kennslufræði fyrir iðnmeistara
Leikskólakennarafræði
Tómstunda- og félagsmálafræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Proskapjálfafræði

Framhaldsnám

Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn
Grunnskólakennarafræði
Íþrótt- og heilsufræði
Kennslufræði framhaldsskóla
Kennslufræði grunnskóla
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun
Leikskólakennarafræði
Lífsleikni, sjálfmyndir og farsæld
Lýðræði, jafnrétti og fjölmening
Matsfræði
Menntunar- og kennslufræði yngri barna
Nám fullorðinna
Náms- og kennslufræði
Sérkennslufræði
Stjórnunarfræði menntastofnana
Tómstunda- og félagsmálafræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Proskapjálfafræði
Þroski, mál og læsi

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Grunnnám

Eðlisfræði
Efnafræði
Ferðamálafræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Landfræði
Lífefna- og sameindalíffræði
Líffræði
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Sjávar- og vatnalíffræði
Stærðfræði
Tölvunarfræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Vélaverkfræði

Framhaldsnám

Byggingarverkfræði
Eðlisfræði
Efnafræði
Ferðamálafræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Landfræði
Lífefnafræði
Líffræði
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikniverkfræði
Stærðfræði
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfis- og auðlindafræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Umhverfisverkfræði
Vélaverkfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tímarit Háskóla Íslands – Háskólafréttir

1. tölublað, 34. árgangur, febrúar 2012.

Útgefandi:

Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands.

Ritstjórn:

Jón Örn Guðbjartsson og Björn Gíslason.

Aðstoðarritstjóri:

Björg Magnúsdóttir.

Höfundar efnis:

Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson, Björg Magnúsdóttir, Stefán Helgi Valsson, Björg Sæmundsdóttir, Ása Baldursdóttir, Helga Brá Árnadóttir, Árný Nanna Snorradóttir, Benedikt Grétarsson, Þórey Mjallhvít Heiðardóttir Ómarsdóttir, Þóður Atli Þórðarson, Hugrún Björnsdóttir, Þórunn Elva Bjarkadóttir, Olga Björt Þórðardóttir, Margrét Svava Jónsdóttir, Sunna Stefánsdóttir, Dagný Hulda Erlendsdóttir, Katrín Mixa, Guðný Sigurðardóttir, Sunna Þrastardóttir og fleiri nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Lestur prófarka:

Heiðrún Kristjánsdóttir, Áslaug J. Marinósdóttir, Pétur Ástvaldsson, Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson, Ásdís Ýr Arnadóttir, Guðrún Bachmann, Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, Magnús Diðrik Baldursson og Sæunn Stefánsdóttir.

Ljósmyndir:

Kristinn Ingvarsson, Stefán Helgi Valsson, Gunnar Sverrisson, Jón Örn Guðbjartsson, Daniel Bergmann, Ragnar Axelsson, Eggert Jóhannesson, Þorvarður Arnason, Erlendur Bogason, Brynjar Gauti Sveinsson, Curver Thoroddsen, Páll Kjartansson, Snævarr Guðmundsson, Arnaldur Halldórsson, Ómar Óskarsson, Emir Eyjólfsson, Árni Torfason, Ásdís Ásgeirsdóttir o.fl.

Hönnun og umbrot:

Tryggvi Ólafsson, tryggvio@gmail.com.

Hönnun og umbrot á forsiðu:

Pipar/TBWA.

Ljósmyndir á forsiðu:

Kristinn Ingvarsson og Eggert Jóhannesson.

Upplag:

9.000 eintök.

Prentun:

Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja.

Prentað á vistvænan pappír. Ef ritid er ekki varðveitt vinsamlegast skilið því til endurvinnslu að loknum lestri.

ISSN: 1670-2778

www.hi.is

Hverjir vinna Tímarit Háskóla Íslands?

Tímarit Háskóla Íslands er að mestu leyti unnið af starfsfólki markaðs- og samskiptasviðs Háskólans. Nemendur í MA-námi í blaða- og fréttamennsku við háskólann lögðu einnig til fjölda greina. Þessir nemar eru: Árný Nanna Snorradóttir, Benedikt Grétarsson, Þórey Mjallhvít Heiðardóttir Ómarsdóttir, Þóður Atli Þórðarson, Hugrún Björnsdóttir, Þórunn Elva Bjarkadóttir, Olga Björt Þórðardóttir, Margrét Svava Jónsdóttir, Sunna Stefánsdóttir, Dagný Hulda Erlendsdóttir, Katrín Mixa, Guðný Sigurðardóttir og Sunna Þrastardóttir. Fáeinar greinar eru einnig byggðar á efni frá student.is sem er vettvangur nema í blaða- og fréttamennsku til að birta greinar og fréttir. MA-nám í blaða- og fréttamennsku er hagnýtt og fræðilegt nám sem býr fólk undir fjölbreytt störf á margs konar fjölmíðlum. Með því að rita greinar í Tímarit háskólans fengu nemendur tækifæri til að vinna efni til almennrar birtingar þar sem áhersla var lögð á vísindamiðlun.



Allt um námið á hi.is

Mikil áhersla er lögð á að allir geti nýtt sér vefsvæði Háskóla Íslands til að nálgast upplýsingar um fjölbreytt námsframboð við skólann. Vefsvæði Háskóla Íslands er eitt það fjölsóttasta á landinu og býður upp á gríðarlega möguleika. Vefsvæðið skiptist í raun í tvo hluta: innri vef, sem gengur undir nafninu Uglan, og ytri vef, sem blasir við öllum. Notendur ytri vefsins eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar og er vefurinn í stöðugri mótnun. Vefurinn tekur mið af uppbyggingu Háskóla

Íslands í fimm fræðasvið og 25 deildir sem falla undir fræðasviðin. Aðgengi er einfalt að öllum upplýsingum um á fjórða hundrað námsleiðir og er þar að finna lýsingu á hverju námskeiði með tengingu við kennsluskrá. Þá er einnig sótt um nám á vefnum, bæði grunn- og framhaldsnám. Í Uglunni geta nemendur nálgast ýmsar innri upplýsingar en í því sambandi má nefna glærur og efni sem tengist ákveðnum námskeiðum en þar geta nemendur líka séð námsferil sinn eins og hann leggur sig.

Sæktu um í HÍ

Umsóknir um nám við Háskóla Íslands eru að mestu rafrænar og fara fram á vef háskólans: hi.is. Umsóknarrestur í grunnám fyrir háskólaárið 2012–2013 er til 5. júní 2012. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum vegna grunnnáms.

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið, inntöskukilyrði og fleira eru á hi.is.

Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands, starfsfólk þjónustuborðs, Nemendaskrár, fræðasviða og deilda veita einnig upplýsingar og aðstoð.

Frestur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl en til 15. október ef sótt er um nám sem hefst á vörmisseri.

Engin skólagjöld eru í Háskóla Íslands en árlegt skrásetningargjald er kr. 60.000.

Sérreglur deilda gilda um umsóknir í doktorsnám.



Sjá nánar á hi.is.

Velkomin í Háskóla Íslands!


Námseiningar og prófgráður

Nám við Háskóla Íslands er metið í einingum (e). Hefðbundið ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25–30 vinnustunda í námi.

Við háskólann eru þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráða kallast grunnám, þ.e. BA-, BS- eða B.Ed.-próf. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar leiðir eru lengri og geta tekið 4–6 ár. Önnur háskólagráða er svokallað meistara-

próf, t.d. MA-, MS- eða M.Ed.-próf, en að baki því er yfirleitt tveggja ára nám. Þriðja háskólagráðan er síðan doktorspróf.

Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám. Því til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnám.



Elisa Ósk Mynd / Daníel Geir Sagna



Elisa Ósk Mynd / Daníel Geir Sagna



Elisa Ósk Mynd / Daníel Geir Sagna

BÓKSALA STÚDENTA KAFFISTOFUR STÚDENTA LEIKSKÓLAR STÚDENTA STÚDENTAGARÐAR STÚDENTAMIDLUN HÁMA

Þjónusta fyrir stúdenta við HÍ



Félagsstofnun
stúdenta

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4 Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is


HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

eflir menntun - og allir vinna




Hapdrættið er ein meginstoðin í uppbyggingu Háskóla Íslands.

FARA AFTUR Í VINNINGA
sem gleða miðaeigendur.



840 MILLJÓNIR
voru greiddar út árið 2011
til 34.000 Íslendinga.



YFIR 20

háskólabyggingar hafa
risið fyrir hapdrættisfé.

TÆKI

til rannsókn- og
vísindastarfs eru
einnig fjámögnuð.



FJÁRFESTING

í menntun og rannsóknum er
forsenda þróttmikils samfélags ...



... öflugs atvinnulífs
og velferðar.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGA



PANNIG VINNUM VIÐ ÖLL